



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN

Skýrsla um starfsemi
Samvinnutrygginga g.t.,
eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga
og dótturfélaga

Október 2009

EFNISYFIRLIT

1. UM SKÝRSLUNA	5
2. UPPHAF SAMVINNUTRGGYGGINGA OG SÍÐARI ÞRÓUN	6
2.1 Samvinnutryggingar gagnkvæm tryggingastofnun í upphafi 1946	6
2.2 Helstu breytingar frá 1946 til 1989	10
2.3 Helstu breytingar frá 1989 til 1994, stofnun Vátryggingafélags Íslands (BÍST)	12
2.4 Aðalfundur 1994, lok vátryggingastarfsemi og stofnun eignarhaldsfélags	16
2.4.1 Breytingar á rekstarforsendum	16
2.4.2 Samvinnutryggingasjóðurinn	19
2.4.3 Fulltrúaráðsfundur 16. desember 1994	19
2.5 Um afgreiðslu Vátryggingaeftirlitsins 1994	20
2.6 Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar (EST) 1995-2007	21
2.6.1 Breytingar á fulltrúaráði	21
2.6.2 Breytingar sem snerta tilgang félagsins	22
3. ÝMSAR RÁÐSTAFANIR OG GERNINGAR 1999-2007	23
3.1 Ráðstafanir og gerningar árin 1999-2003	23
3.2 Ráðstafanir og gerningar árin 2004-2005	32
3.3 Ráðstafanir og gerningar árið 2006	38
3.3.1 Viðskipti Exista og EST	38
3.3.2 Kaup EST á hlutafé í Landsbankanum og Kaupþingi banka	39
3.3.3 Kaup EST (Langflugs ehf.) á hlutum í Icelandair Group	39
3.3.4 Sala EST í Langflugi ehf. til ýmissa aðila	40
3.3.5 Kaup EST (Lönguskerja ehf.) á hlutum í Straumi- Burðaráss hf.	42
3.3.6 Kaup EST á hlutafé í Glitni hf. o.fl.	42
3.3.7 Hesteyri og fjárfestingarfélagið EST ehf. (FEST)	43
3.4 Ýmsar ráðstafanir og gerningar á árinu 2007.....	43
3.4.1 Lántaka vegna Lönguskerja ehf. og sala á hlut í Langflugi ehf.	43
3.4.2 Kaup Lönguskerja ehf. á hlutum í Straumi- Burðarás hf. og tryggingar EST	44
3.4.3 Sala hlutafjár í Langflugi ehf.	45
3.4.4 Samþykkt hlutafjárviðskipti á stjórnarfundum EST 13. apríl 2007	45
4. LOK EST 2007 – STOFNUN FJÁRFESTINGAFÉLAGSINS EST EHF. OG GIFTAR FJÁRFESTINGAFÉLAGS EHF.	45
5. SKILANEFND EIGNARHALDSFÉLAGSINS SAMVINNUTRYGGINGA	46
6. GIFT FJÁRFESTINGAFÉLAG EHF.	48
7. RÉTTUR NÁGRANNARÍKJA UM GAGNKVÆM VÁTRYGGINGA-FÉLÖG	60
7.1 Þýskur réttur	60
7.2 Danskur réttur	61
8. LÖGGJÖF UM GAGNKVÆM FÉLÖG	62

8.1	Skilgreining og sérkenni	62
8.2	Löggjöf um váttryggingarstarfsemi	64
8.2.1	Eldri löggjöf	64
8.2.2	Núgildandi löggjöf um váttryggingastarfsemi	65
8.3	Lög um Brunabótafélag Íslands	66
8.4	Samábyrgðin	70
8.5	Bátaábyrgðarfélögin	72
8.6	Löggjöf um samvinnufélög	74
8.7	Samantekt	76
9.	SAMVINNUTRYGGINGAR G.T. Í LJÓSI GILDANDI LAGA	77
9.1	Stofnendur, stjórnun, tryggingartakar	77
9.2	Tilkynningar og skráningar	79
9.2.1	Firmaskrá (fyrirtækjaskrá)	79
9.2.2	Váttryggingafélagaskrá	80
9.3	Heimildir til skipulagsbreytinga	80
9.4	Reglur um slit	81
9.5	Breytingar árið 1989	81
9.6	Breytingar árið 1994	84
9.7	Félagsslit, samruni og yfirfærsla tryggingastofna	85
9.7.1	Heimildir í lögum um váttryggingastarfsemi	85
9.7.1.1	Yfirfærsla váttryggingastofna	86
9.7.1.2	Um samruna	86
9.7.1.3	Um slit	87
9.7.2	Lög um samvinnufélög	88
9.7.3	Niðurstöður	89
9.8	Áhrif þess að félagsslit fóru ekki fram	89
10.	UM HUGSANLEGA BÓTASKYLDU	91
10.1	Um bótaskyldu fyrirvarsmanna Samvinnutrygginga g.t.	91
10.2	Um bótaábyrgð fulltrúaráðsmanna og umbjóðenda þeirra	94
10.3	Um bótaábyrgð þriðja manns	94
10.4	Bótaábyrgð eftirlitsstofnana	95
10.5	Aðgerðarleysi sameigenda	95
10.6	Lækkun bótafjárhæðar	95
10.7	Samanteknar niðurstöður	96
11.	UM FYRNINGU HUGSANLEGRA SKAÐABÓTAKRAFNA	97
12.	ALMENN SJÓNARMÍÐ UM STJÓRN FÉLAGA	99
12.1	Skyldur stjórnarmanna í hlutafélögum	99
12.2	Skyldur hluthafa í hlutafélögum	100
12.3	Ótilhlýðilegar ákvarðanir stjórnenda og vanhæfi við ákvarðanatöku	101
12.4	Ótilhlýðilegar ákvarðanir hluthafafundar/félagsfundar	102

13. NOKKRAR ATHUGASEMDIR UM FJÁRFESTINGAR OG SKYLD EFNI	103
13.1 Kaupþing og sala eigna	104
13.2 Skuldir meiri en gert var ráð fyrir	104
13.3 Fjárfestingastefna og sala bréfa í Exista	104
13.4 Langflug ehf. og gerningar tengdir því	105
14. SAMANEKT OG LOKAORÐ	107
Fylgiskjal I – Ýmis hugtök	112
Fylgiskjal II – Samþykktir Samvinnuþrygginga g.t. 1946 ásamt reglugerð frá 1953	115
Fylgiskjal III – Samkomulag um stofnun hlutafélags um váttryggingarekstur milli Brunabótafélags Íslands og Samvinnuþrygginga g.t., samþykkt 2. febrúar 1989	119
Fylgiskjal IV – Samþykktir Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga 1994	124
Fylgiskjal V – Lög nr. 46/1937 um samvinnufélög	
Fylgiskjal VI – Lög nr. 26/1973 um váttryggingafélög	

1. UM SKÝRSLUNA

Á fulltrúaráðsfundi Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga þann 18. desember 2008 var samþykkt tillaga þar sem nýkjörinni stjórn félagsins var falið að kalla til sérfróðan og óháðan aðila með sérþekkingu á sviði félagaréttar, t.d. Lagastofnun Háskóla Íslands, til að fara yfir öll málefni Samvinnutrygginga gt. allt frá stofnun þess 1946 og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga frá árinu 1989, þ.m.t. dótturfélagsins Giftar fjárfestingarfélags ehf. frá stofnun þess, til dagsins í dag að telja. Að úttekt lokinni skal skýrsla samin á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og lögð fyrir fulltrúaráðsfund Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga, þar sem hinn sérfróði óháði úttektaraðili gerir grein fyrir niðurstöðum sínum og þeim ályktunum sem hann dregur af þeim.

Úttektaraðilanum skal heimilt að kalla til liðs við sig fleiri sérhæfða óháða aðstoðarmenn, t.d. á sviði reikningsskila, ef hann telur þess þörf, til að athuga einstaka þætti í málefnum félagsins eða dótturfélaga þess. Skýrsla úttektaraðilans skal bregða ljósi á skipulag og starfsemi Samvinnutrygginga gt. frá stofnun þess til loka svo og Eignarhaldsfélagsins Samvinnutryggingar undanfarin nítján ár, og dótturfélaga þess. Skal einkum leitt í ljós hvort stjórn félaganna eða starfsemi hafi verið áfátt að einhverju leyti og hverju það geti varðað. Ekkert skal dregið undan sem nauðsynlegt er talið til að upplýsa og fá sem gleggsta heildarmynd af málinu. Ekki er gerð krafa um að teknar verði munnlegar skýrslur. Úttektaraðilinn skal skila skýrslu sinni sem fyrst.

Öll gögn sem varða Samvinnutryggingar g.t., Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga og dótturfélaga hafa legið fyrir. Að auki hefur verið aflað gagna frá fyrirtækjaskrá og váttryggingafélagaskrá. Þann 3. júní var hluti skýrslu þessarar í frumdrögum sendar til lögmanns beiðanda álitsgerðarinnar og óskað eftir athugasemdum. Þann 21. ágúst 2009 bárust athugasemdir og skýringar frá einum stjórnarmannanna. Að auki hafa ýmsar umbeðnar upplýsingar borist með tölvupóstum í september 2009. Þann 19. október 2009 var haldinn fundur með Kristni Hallgrímssyni hrl. sem veitti ýmsar skýringar og ábendingar. Ekki hafa verið teknar munnlegar skýrslur af þeim aðilum sem hér koma við sögu.

2. UPPHAF SAMVINNUTRYGGINGA OG SÍÐARI ÞRÓUN

Í þessum kafla er gerð grein fyrir upphafi Samvinnutrygginga g.t. og síðari þróun félagsins. Slík greinargerð felur að mestu í sér staðreyndalýsingu sem telst nauðsynleg til þess að unnt sé að taka á þeim lögfræðilegu, einkum félagaréttarlegu, álitamálum sem við er glíma og nánar verður fjallað um í síðari köflum þessarar skýrslu.

2.1 Samvinnutryggingar gagnkvæm tryggingastofnun í upphafi 1946

Samvinnutryggingar hófu starfsemi sína 1946. Stjórnarfundur var haldinn 24. ágúst sama ár þar sem samþykkt voru lög félagsins, þ.e. samþykktir þess, og hlaut félagið nafnið „Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingastofnun“.¹ Samkvæmt samþykktum félagsins var það stofnað af Sambandi íslenskra samvinnufélaga (hér eftir SÍS) og þeim sambandsfélögum sem hjá stofnuninni tryggðu, þ.e. kaupfélagi Eyfirðinga, kaupfélagi Borgfirðinga og kaupfélagi Héraðsbúa. SÍS lagði til stofnfé samkvæmt orðalagi samþykktanna en óljóst er hvort það hafi einhvern tímann verið lagt fram í raun.²

Samkvæmt skjali dagsett þann 24. ágúst 1946 virðist hugur stofnenda hafa staðið til þess að stofna svokallað *samvinnusamband*. Í tilkynningu frá þeim degi sem fylgdi samþykktum segir:

Eftirtalin félög hafa komið sér saman um að stofna samvinnusambandið “Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun”:

*Samband íslenskra Samvinnufélaga
Kaupfélag Eyfirðinga
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Héraðsbúa*

¹ Til að forðast misskilning verður hér eftir notað hugtakið Samvinnutryggingar g.t. hvort sem verið er að tala um félagið í nútíð eða þátíð.

² Í minnisblaði Vátryggingaæftirlitsins, dags. 23. júní 1994, segir m.a.: „Ekki verður annað séð en að tryggingafé Sambandsins hafi aldrei verið greitt Samvinnutryggingum g.t., það hafi einungis verið ábyrgð sem aldrei þurfti að grípa til.“ Í erindi Vátryggingaæftirlitsins til Samvinnutrygginga g.t., dags. 25. júlí 1994, segir: „Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að stofnfé (tryggingafé) Sambandsins hafi endanlega verið fært úr bókum Samvinnutrygginga 1. janúar 1985. Sambandið á samkvæmt því ekki skýlaust tilkall til eignarhlutar í Samvinnutryggingum sem stofnfjáreigandi nú og við breytingu á félaginu í eignarhaldsfélag, en það á eignarhlut sem vátryggingartaki. Ekki verður fundin önnur skýring á færslunni meðal langtímaskulda 1975 og færslunni frá 1. janúar 1985 en að um mistök hafi verið að ræða, sennilega vegna þess að menn hjá hvorugum aðilanum hafi gert sér grein fyrir þýðingu þessara færslna. Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu má álykta að sanngjarnt sé, með tilliti til þess hvernig að þessu máli hefur verið staðið, að teknu tilliti til þeirrar ábyrgðar sem Sambandið bar á uppbyggingarárum Samvinnutrygginga, þegar haft er í huga það fordæmi sem skapaðist þegar Andvöku var breytt, og að því gefnu að öll gögn hafi komið fram sem málinu tengjast, að framreikna stofnframlag Sambandsins, takist um það samkomulag milli aðila og fundin og fundin verði leið í þeim efnum til sanngjarntar niðurstöðu.“ Eiríkur Tómasson hrl. var fenginn til að vinna álitserð um endurgreiðslu stofnfjárins, sem þó var einkum ætlað að svara því hvort endurgreiðsla á tryggingafé Sambandsins, sem fram fór 1. janúar 1985, hafi falið í sér endanlegt uppgjör á stofnframlagi Sambandsins, þannig að niður sé fallin eignarhlutdeild þess sem stofnanda Samvinnutrygginga. Í álitserð sinni, dags. 14. október 1994, kemst Eiríkur að þeirri niðurstöðu að Sambandið eigi ekki lengur neinn eignarhluta í Samvinnutryggingum og eigi heldur ekki neina lögvarða kröfu á hendur félaginu vegna umrædds stofnframlags.

Undir þetta skjal rituðu forsvarsmenn framangreindra félaga. Rétt þykir að tilgreina þau ákvæði sem mest er fjallað um en samþykktir félagsins í heild sinni er að finna aftast í skýrslunni í fylgiskjali II.

I. KAFLI HEITI – TILGANGUR

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er: “Samvinnuþryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun.“
Heimili hennar og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að taka að sér sjóváttryggingar, þar á meðal stríðsváttryggingar, brunaváttryggingar og bifreiðaváttryggingar.
Stofnunin tekur síðar að sér aðrar tegundir trygginga eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.
Stofnunin er gagnkvæm tryggingarstofnun, og tekur að sér tryggingar þessar, bæði beinlínis og sem endurtryggjandi, hér á landi og erlendis.
Eigendur stofnunarinnar eru þeir, sem á hverjum tíma tryggja hjá henni.

3.gr.

Stofnunin er mynduð af S.Í.S. og sambandsfélögum þeim, sem hjá stofnuninni tryggja, til þess að annast þau verkefni, sem nefnd eru í annarri grein þessarar samþykktar.

II. KAFLI ÁBYRGÐ

4. gr.

Samband Ísl. Samvinnufélaga leggur stofnuninni til kr. 500.000- tryggingarfé.
Verði halli á rekstri tryggingarstarfseminnar skal hann bættur úr varasjóðum tilsvarendi tryggingardeilda. Hrökkvi þeir sjóðir ekki til skal tekið af tryggingarfé stofnunarinnar. Verði um að ræða meiri halla en svo, að hann verði á þennan hátt bættur, skal leggja aukaiðgjald á tryggingartaka stofnunarinnar, þó eigi hærra en svo að nemi árlega hærri upphæð, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er á tryggingarskírteinum.
Í varasjóð leggist minnst 1% af iðgjaldaupphæð á ári og auk þess arður af viðskiptum við utanfélagsmenn.

III. KAFLI FULLTRÚARÁÐ – FUNDIR – STJÓRN

5. gr.

Fulltrúaráð skal kosið af aðalfundi S.Í.S. og eru 15 fulltrúar en 7 varafulltrúar. Fulltrúar og varafulltrúar geta þeir einir orðið, sem eru meðeigendur í stofnuninni.
Fulltrúaráðið heldur aðalfund einu sinni á ári og aukafundi þegar þurfa þykir.
Fulltrúar og varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn, en 8 fulltrúar og 4 varamenn fara frá annað árið en 7 fulltrúar og 3 varamenn hitt árið. Við fyrstu kosningu er ákveðið með hlutkesti hverjir 8 fulltrúar og 4 varamenn fari frá eftir eitt ár.
Varamenn koma í stað fulltrúa í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til.

7. gr.

Tryggingarþegum stofnunarinnar er heimilt að leggja tillögur fyrir aðalfund. Þær skulu vera skriflegar og komnar til stjórnarinnar eigi síðar en 4 vikur fyrir fund.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og eru þeir kosnir af stjórn S.Í.S. til þriggja ára. Kosning fer fram að afloknum aðalfundi S.Í.S. ár hvert. Formaður stjórnarinnar skal kosinn sér, og fer hann frá eftir fyrsta ár, en hlutkesti ræður síðan hverjir tveir víkja úr stjórninni eftir tvö ár.

V. KAFLI BREYTINGAR – FÉLAGSSLIT

17. gr.

Um félagsslit skal fara eftir ákvæðum VII. kafla laga nr. 46/1937, eftir því sem við verður komið.

18. gr.

Tillögur til breytinga á samþykktunum skulu hafa borist stjórninni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund.

Til þess að breytingar á samþykktum þessum nái fram að ganga, þarf 2/3 hluta atkvæða kjörinna fulltrúa.

19. gr.

Um atriði sem ekki eru ákvæði í samþykktum þessum fer eftir ákvæðum samvinnulaganna, eftir því sem við á.

Upphaflegt markmið félagsins var að taka að sér sjóváttryggingar, þ.á m. stríðsváttryggingar, brunaváttryggingar og bifreiðaváttryggingar, og síðar fleiri tryggingar eftir nánari ákvörðun stjórnar félagsins. Eigendur félagsins voru þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá því, sbr. 4. mgr. 2. gr. samþykktu félagsins frá 1946. Eigendur félagsins báru ábyrgð á skuldbindingum þess að því marki sem iðgjald þeirra nam, en auk þess var stjórninni heimilt að hækka iðgjaldið afturvirktt um allt að helming til að mæta halla á rekstri félagsins. Fyrst yrði þó halli tryggingastarfseminnar bættur úr varasjóðum og ef þeir sjóðir myndu ekki duga þá af tryggingafé stofnunarinnar.

Í samþykktum Samvinnutrygginga g.t. sem upphaflega voru samþykktar 1946 kom meðal annars fram að þau atriði sem ekki væri sérstaklega kveðið á um í samþykktunum sjálfum skyldu fara eftir ákvæðum laga nr. 46/1937 um samvinnufélög eftir því sem við ætti. Sérstaklega var vísað til þess að við slit félagsins skyldi fara eftir VII. kafla laganna, eftir því sem við yrði komið. Í 34. gr. laganna var kveðið á um að samvinnufélagi skuli slitið, ef ályktun um það er samþykkt af tveimur lögsmætum félagsfundum í röð og henni eru fylgjandi eigi færri en 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi ályktunin í félagi, sem skiptist í deildir verið borin undir deildarfundi, milli félagsfunda, og samþykkt af þeim með meiri hluta atkvæða. Þegar félagsslit voru ákveðin af félagsfundi, var annað hvort unnt að afhenda félagsbúið skiptarétti til meðferðar eða kjósa skilanevnd til að fara með slit félagsins, sbr. 35. gr. laganna. Í 38. gr. var kveðið á um að stjórn samvinnufélags væri bæði rétt og skylt að

framselja bú félagsins til gjaldþrotaskipta á sama hátt, sem einstakur maður getur gert eða er skyldur að gera um bú sitt.

Í samþykktunum voru ákvæði um stjórn og stjórnskipulag, þ.m.t. kosningu stjórnar og fulltrúaráðs. Samkvæmt 11. gr. samþykktanna var stjórn félagsins skipuð fimm mönnum og skyldu þeir kosnir af stjórn SÍS til þriggja ára. Það var síðan stjórn Samvinnutrygginga sem réð framkvæmdastjóra að félaginu, sbr. 14. gr. samþykktanna. Í lögum nr. 46/1937 voru einnig ákvæði um félagsstjórn. Í 18. gr. var kveðið á um að félagsfundur (fulltrúaráðsfundur) hefði æðsta vald í málefnum félagsins, með þeim hætti sem lög ákveða og samþykktir þess. Í ákvæðinu kom jafnframt fram að aðalfundur skyldi halda árlega og að allir félagsmenn hefðu atkvæðisrétt, sbr. 19. gr.³ Samkvæmt 21. gr. laganna fór síðan stjórn samvinnufélaga með málefni félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Í samþykktum samvinnufélags skyldi vera ákvæði um breytingar á samþykktum félagsins, sbr. 5. gr. laganna, og skal þess getið að samkvæmt 18. gr. áður nefndra samþykktu Samvinnutrygginga var unnt að breyta samþykktum félagsins á aðalfundi með minnst 2/3 hluta atkvæða kjörinna fulltrúa.

Samkvæmt 5. gr. samþykktanna skyldi fulltrúaráð Samvinnutrygginga kosið af aðalfundi SÍS og voru aðalmenn ráðsins alls fimmtán, en sjö til vara. Aðalfundur Samvinnutrygginga kaus félaginu endurskoðendur, sbr. 16. gr. samþykktanna. Í 9. gr. var síðan kveðið á um að einfaldur meirihluti atkvæða réð úrslitum mála nema annað væri tekið fram í lögum.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að stjórnskipulag félagsins var með nokkuð öðrum hætti en í almennum samvinnufélögum eða hlutafélögum. Er það skipulag væntanlega helst að rekja til þess að félagið var myndað af SÍS og sambandsfélögum þess og voru samþykktirnar þannig úr garði gerðar að eigendur félagsins, þ.e. tryggingartakar á hverjum tíma, höfðu ekkert að segja um stjórnskipulag og ákvarðanatöku félagsins. Tryggingartökum⁴ var engu að síður heimilt að leggja tillögur fyrir aðalfund, sbr. 7. gr. samþykktanna, en á aðalfundi var ekki kosið í stjórn félagsins eða fulltrúaráð þess, sbr. 8. gr. og það sem áður hefur verið rakið varðandi stjórn og stjórnskipulag. Með árunum jókst sjálfstæði Samvinnutrygginga og rekstrarlegur aðskilnaður varð á milli SÍS og Samvinnutrygginga, þótt áfram væri náið samstarf þarna á milli.

Áður var gerð grein fyrir því að í upphafi hafi verið miðað við að félagið yrði stofnað sem samvinnusamband. Í kafla 8.6. er stuttlega getið þeirra lagareglna sem gilda um samvinnusambönd sérstaklega. Þær reglur koma aðeins til álita þegar eingöngu samvinnufélög eru félagsaðilar en sú skipan virðist hafa átt við í upphafi varðandi Samvinnutryggingar. Fljótlega virðast þó fleiri hafa öðlast aðild að Samvinnutryggingum en upphaflegir stofnendur þess. Þetta leiddi til þess að Samvinnutryggingar voru ekki

³ Í ákvæði 19. gr. var þó gerður greinarmunur á því hvort félagið væri óskipt heild eða skiptist í deildir.

⁴ Orðið „tryggingarþegi“ er notað í þessari grein samþykktanna en telja verður það sömu merkingar og orðið tryggingartaki.

samvinnusamband og áttu því ekki við lengur þau sérstöku ákvæði laga um samvinnufélög sem taka til samvinnusambanda. Eftir sem áður var félagið hins vegar gagnkvæmt váttryggingafélag með sterk tengsl við lögin um samvinnufélög. Stofnendur nutu þó áfram sérstöðu. Þar má til dæmis nefna að með breytingum á samþykktum Samvinnutrygginga árið 1973 var tekið upp ákvæði þess efnis að heimilt væri að greiða stofnendum arð af framlögðu stofnfé, yrði hagnaður af rekstri, þó aldrei meira en 10% af framlögu stofnfé, sbr. nánar kafla 2.2.

2.2 Helstu breytingar frá 1946 til 1989

Á aðalfundi Samvinnutrygginga 1953 var samþykktum félagsins breytt með því að stofnaður var sérstakur tryggingarsjóður.⁵ Sá sjóður nefndist „Stofnsjóður Samvinnutrygginga g.t.“ Byrjunarframlag hans var kr. 300.000,- sem var uppsafnaður rekstrarafgangur fyrstu sex starfsára félagsins. Skyldu tekjur sjóðsins framvegis vera tekjuafgangur félagsins eftir að fært hefði verið í varasjóð samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Einnig var fært inn í samþykktirnar ákvæði þess efnis að SÍS ábyrgðist að lágmarks innstæða eða skuldbindingargeta þessa tryggingarsjóðs væri ávallt kr. 1.000.000,-. Tekjuafgangurinn skyldi greiðast í stofnsjóðinn sem séreign tryggingataka og reiknast í hlutfalli við iðgjaldagreiðslu hvers tryggingataka á rekstrarárinu, sbr. 4. gr. samþykktu félagsins. Sjóðinn skyldi svo nota sem veltufé í þarfir Samvinnutrygginga.

Reglugerð um sjóðinn var samþykkt sem hluti af samþykktum félagsins á fyrrnefndum aðalfundi 1953 og kom hún því til sem nokkurs konar viðbót við gildandi samþykktir. Umrædd reglugerð er í heild sinni í fylgiskjali II.

Samþykktum Samvinnutrygginga var næst breytt árið 1963. Var stjórnskipulagi félagsins þá breytt í nokkrum aðalatriðum. Meginbreytingin var sú að fulltrúaráðsmönnum var fjölgað í 21 og 11 til vara og sett ákvæði um að þeir skyldu kosnir úr ákveðnum kjördæmum og kæmu hvaðanæva að af landinu. Mikilvægast var þó væntanlega að kjör stjórnar Samvinnutrygginga g.t. var fært frá stjórn SÍS til aðalfundar Samvinnutrygginga g.t., sbr. 11. gr., en aðalfundinn gátu þeir einir setið sem voru í fulltrúaráði félagsins, sbr. 6. mgr. 5. gr. þar sem kveðið var á um að fulltrúaráð skyldi halda aðalfund einu sinni á ári og að sá fundir væri aðalfundur Samvinnutrygginga g.t. Aðrar breytingar á samþykktum félagsins voru helstar þær að annarri grein þeirra var breytt á þann veg að við markmið með rekstri félagsins bættist lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Þá var bætt inn í samþykktirnar ákvæði þess efnis að ávallt skyldi lagt í varasjóð eins mikið og rekstrarafgangur og skattalög heimiluðu á hverjum tíma.

⁵ Eftirfarandi breytingar urðu á samþykktum félagsins, sbr. II kafla, 4. gr.: „Stofna skal tryggingarsjóð, að upphæð eina milljón króna. Byrjunarframlag í sjóðinn er kr. 300 þúsund sem safnast hefir saman með tekjuafgangi 6 fyrstu starfsáranna. Tekjur sjóðsins framvegis eru tekjuafgangur stofnunarinnar eftir að fært hefir verið til varasjóðs, samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Samband ísl. samvinnufélaga leggur stofnuninni til tryggingarfé, svo sem þarf til þess að samhlöð innstæða tryggingarsjóðs og tryggingarfjár sé á hverjum tíma ein milljón króna. Verði halli á rekstri tryggingarstarfseminnar skal hann bættur úr varasjóðnum tilsvarendi tryggingardeilda. Hrökkvi þeir sjóðir ekki til skal tekið af tryggingarvarasjóði og af tryggingarfé.“

Á aðalfundi Samvinnuþrygginga g.t.1963 var tekin ákvörðun þess efnis að til þess að breytingar á samþykktum næðu fram að ganga þyrfti 2/3 hluta greiddra atkvæða þeirra fulltrúa sem mættu á aðalfund, sbr. 18. gr., en ekki 2/3 hluta atkvæða kjörinna fulltrúa, þá óháð því hvort þeir mættu á aðalfund eða ekki, líkt og upphaflega var kveðið á um í samþykktum félagsins frá 1946.

Á aðalfundi Samvinnuþrygginga g.t. þann 19. nóvember 1970 var markmiði félagsins breytt og hljóðaði hin nýja málsgrein 2. gr. samþykkt félagsins þannig: „Markmið stofnunarinnar er að taka að sér hvers konar váttryggingar, aðrar en líftryggingar, svo og lánastarfsemi og rekstur fasteigna.“

Talsverðar breytingar urðu á samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. á aðalfundi félagsins árið 1973 og jafnframt var samþykkt að breyta nafni félagsins úr „Samvinnuþryggingar, gagnkvæm tryggingastofnun“ í „Samvinnuþryggingar gagnkvæmt váttryggingafélag“.

Í samþykktir félagsins frá 1973 var tekið upp ákvæði um að stofnaður skyldi sérstakur áhættusjóður félagsins, en í þann sjóð átti að leggja hluta árlegs hagnaðar félagsins, ef honum var til að dreifa, minnst 10% en mest 25%, sbr. 3. mgr. 4. gr. samþykktanna. Um greiðslu úr áhættusjóðnum skyldi fara að gildandi lögum á hverjum tíma, sbr. 4. gr., en ekkert var frekar kveðið á um það atriði í samþykktunum. Þannig var í raun arður félagsmanna færður á viðskiptareikning og félagið fékk hann að láni í 20 ár gegn mjög lágum vöxtum.

Í samþykktir félagsins var einnig tekið upp ákvæði þess efnis að heimilt væri að greiða stofnendum félagsins arð af framlögðu stofnfé, yrði hagnaður af rekstri félagsins, þó aldrei meira en 10% af framlögðu stofnfé, sbr. 8. mgr. 4. gr. Í ákvæðinu var jafnframt kveðið á um að stjórn félagsins væri heimilt, að frádreginni greiðslu skv. 8. mgr. 4. gr., að greiða tryggingatökum félagsins tekjuafgang í hlutfalli við iðgjöld þeirra eins og afkoma hvernar tryggingagreinar gaf tilefni til. Í greinargerð skilanefndar segir að þannig hafi arður félagsins sem ekki var nýttur sem veltufé í þágu þess sjálfs með framlagi í stofnsjóð, í raun verið greiddur SÍS sem stofnanda félagsins, en ekki tryggingartökum sem þó voru eigendur félagsins.⁶ Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og þá hve mikið SÍS hafi verið greitt samkvæmt þessari aðferð.

Þá var enn bætt við fulltrúaráð félagsins. Nú skyldu, auk þeirra 21 fulltrúa sem aðalfundur SÍS kysi, 2 fulltrúar starfsmanna Samvinnuþrygginga g.t. og Andvöku eiga sæti í fulltrúaráðinu, sbr. 5. gr. samþykktanna.

Reglur um hvernig skyldi fara með slit félagsins voru teknar upp í samþykktir þess. Í 17. gr. var kveðið á um að yrði ákveðið að slíta félaginu skyldi hrein eign þess, þegar skuldbindingar

⁶ Greinargerð skilanefndar, dags. 1. október 2008.

Þess hefðu verið inntar af hendi eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra og stofnfé endurgreitt til stofnfjáreigenda, skiptast milli tryggingartakanna (meðeigendanna), sem síðustu tvö almanaksár fyrir skiptin tryggðu hjá því í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra þau ár. Hér kemur því fram ákveðin þregning eða skilgreining á því hverjir geti talist tryggingartakar (meðeigendur). Áður töldust að öllum líkindum allir þeir tryggingartakar (meðeigendur) sem höfðu átt í viðskiptum við félagið en árið 1973 var ákveðið að skilgreina tryggingartaka (meðeigendur) svo að það væri aðeins þeir sem hefðu tryggt hjá félaginu síðustu tvö árin. Í kafla 9.3 er gerð grein fyrir því að hvaða marki þetta taldist heimilt.

Í ákvæðinu sagði loks að um slit félagsins skyldi fara eftir ákvæðum VII. kafla laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, eftir því sem við ætti, og ákvæðum laga um váttryggingarstarfsemi. Vikið var að ákvæðum VII. kafla laganna um samvinnufélög hér að framan í umfjöllun um upphaf Samvinnutrygginga g.t., sbr. kafla 2.1.

2.3. Helstu breytingar frá 1989 til 1994, stofnun Váttryggingafélags Íslands (BÍST)

Á fulltrúaráðsfundi Samvinnutrygginga g.t. þann 2. febrúar 1989 lagði stjórn félagsins eftirfarandi tillögu fyrir aðalfund félagsins:

„1. Samvinnutryggingar g.t. samþykkja að stofna hlutafélag er verði að hálfu eign Samvinnutrygginga og að hálfu eign Brunabótafélags Íslands. Hlutafélag þetta stundi váttryggingar samkvæmt almennum lögum, svo og skyldan atvinnurekstur. Hlutafélagið taki við rekstri tryggingagreina beggja félaganna annarra en brunatrygginga fasteigna strax og því verði við komið og félagið hefur fengið tilskilin leyfi til váttryggingastarfsemi.

2. Hlutafé félagsins við stofnun verði 200 milljónir króna og skiptist í tvo jafnstóra hlutabréfaflokka B flokk og S flokk.

3. Greiðsla hlutafjár fer fram með þeim hætti að endurskoðaðir eigna- og skuldaliðir beggja félaganna færast í efnahagsreikning hins nýja hlutafélags, þannig að upphæð ákveðins hlutafjár náist enda fylgi afsal eigna og viðurkenning fyrir yfirtöku skulda. Að því leyti sem eigið fé félagsins það er eignir umfram skuldir verður hærra en hlutaféð, færast það sem umfram er í varasjóð félagsins ef ekki þykir ástæða til að hækka hlutaféð. Þannig er stefnt að því að eigið fé hins nýja félags verði sem næst eigin fé beggja stofnenda eins og það var í árslok 1988. Yfirfærsla eigna og skulda miðist við uppgjör félaganna pr. 31.12.1988, eða aðra þá dagsetningu á árinu 1989 er stjórnir félaganna koma sér saman um. Félögin velji sameiginlega endurskoðendur, tryggingarfræðing eða aðra trúnaðarmenn til þess að yfirfara eignir og skuldir beggja félaganna, þar á meðal tjónasjóði og færa þá til samsvarandi verðs.

4. Stjórn hins nýja hlutafélags skal skipuð 8 mönnum sem skiptast jafnt milli hlutabréfaflokanna. Velja skal formann félagsstjórnar af öðrum hlutabréfaflokknum en forstjóra félagsins af hinum. Samkomulag er um það við stofnun félagsins að Ingi R. Helgason verði formaður stjórnar, Guðjón B. Ólafsson varaformaður og Axel Gíslason verði forstjóri.“

Framkvæmdastjóri félagsins, Axel Gíslason, greindi efnislega frá tillögunni á fundinum og því að ætlunin væri að steypa saman í eina rekstrarheild í nýju hlutafélagi öllu nema

brunatryggingum fasteigna, sem hvað varðar Brunabótafélag Íslands er bundið í lög, og myndu Samvinnutryggingar halda sínum tryggingum sem fengnar voru á grundvelli samninga við sveitastjórnir á Íslandi. Líkt og tillagan fól í sér var meginhluti rekstrar Samvinnutrygginga g.t. felldur undir hið nýstofnaða félag, BÍST, síðar Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS).

Fyrir fundinn voru einnig lögð drög að samkomulagi um stofnun hlutafélags um vátryggingarekstur milli Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga g.t. Í kjölfar kynningar stjórnar félagsins á samkomulaginu hófust nokkrar umræður um það, en þeirra verður þó ekki gerð skil hér. Þá voru einnig lagðar til breytingar á drögum. Framlögð tillaga stjórnar, ásamt breytingum, var síðan samþykkt samhljóða af fulltrúaráðsmönnum, þó með þeim fyrirvara að lögfræðingur félagsins myndi kanna sérstaklega hvort þörf væri á breytingum á samþykktum félagsins vegna þessarar ákvörðunar, sem þá yrðu lagðar fyrir aðalfund félagsins.

Hér á eftir gefur að líta gr. 1.-5 og gr. 12, en samkomulagið í heild sinni, eins og það var samþykkt á fulltrúaráðsfundinum, eftir umræður og breytingar er í fylgiskjali III:

I Kafli

Stofnun nýs hlutafélags, markmið, eignaraðild og stjórn

1. gr.

Stofnað verði nýtt hlutafélag undir nafninu BÍST hf., sem taki við öllum rekstri svo og öllum eignum og skuldum BÍ og ST frá 1. janúar 1989 með þeim undantekningum sem í samkomulagi þessu greinir.

2. gr.

Tilgangur félagsins verður rekstur hvers konar vátryggingarstarfsemi með hliðstæðum hætti og stofnendur hafa rekið og er markmið sameiningarinnar að stuðla að bættri þjónustu við vátryggingartaka með hagkvæmari rekstri. Þessum tilgangi hyggjast stofnendur ná með því að steypa saman í eina rekstrarheild nýju hlutafélagi öllum vátryggingarrekstri sínum nema brunatryggingum fasteigna og er því hér um að ræða samstarf stofnenda í því skyni að ná aukinni hagkvæmni í rekstri.

Á vegum og að tilhlutan stofnenda mun hið nýja félag leggja sig fram um að sinna verkefnum stofnenda eins og þau eru tilgreind í lögum og samþykktum.

3. gr.

Félögin BÍ og ST verða áfram skráð og starfandi vátryggingafélög, en verða eignaraðilar að jöfnu að hinu nýja hlutafélagi. Leggja þau fram hlutafé félagsins, eins og nánar er greint í 5. gr., en það skal skiptast í tvo flokka, B og S flokka. Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að fölum hlutum innan síns flokks, en síðan á milli flokka.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 8 aðalmönnum og 6 varamönnum, 4 aðalmönnum og 3 varamönnum tilnefndum af hvorum hluthafaflokki. Samkomulag er um, að annar hluthafaflokkurinn tilnefni forstjóra félagsins og hinn ráði þá formanni stjórnar. Aðilar eru sammála um það við stofnun félagsins, að Axel Gíslason verði ráðinn forstjóri og Ingi R. Helgason verði ráðinn starfandi formaður stjórnar. Jafnframt

ráði forstjóri 4 framkvæmdastjóra, sem verði tilnefndir tveir frá hvorum hluthafaflokki. Stjórn félagsins mun ákveða skipulag þess og annast framkvæmd þessa samkomulag að öðru leyti.

II Kafli

Stofnframlag, mat eigna og uppgjör

5. gr.

Hlutfé hins nýja félags ákveðst 200.000.000 kr. og greiðist með eignum stofnenda að frádregnum skuldum. Að því leyti sem eigið fé félagsins, þ.e. eignir umfram skuldir, verður hærra en hlutféð færist það sem umfram er í varasjóð félagsins ef ekki þykir ástæða til að hækka hlutféð. Þannig er stefnt að því að eigið fé hins nýja félags verði sem næst eigin fé stofnenda beggja eins og það var í árslok 1988.

12. gr.

Stefnt skal að því að hið nýja félag yfirtaki alla váttryggingarsamninga stofnenda frá 1. mars 1989, sbr. þó 2. mgr., að fenginni heimild tryggingaráðherra, sbr. 20. gr. laga nr. 50/1978. Hið nýja félag mun þó frá því að það fær starfsleyfi sem váttryggingarfélag annast þjónustu fyrir stofnendur varðandi rekstur þessara trygginga. Félagið mun frá sama tíma taka við öllum nýjum tryggingum.

Vegna lagaákvæða og sérstakra samninga um fasteignatryggingar BÍ og ST verða þær tryggingar áfram reknar af félögunum og á ábyrgð þeirra.

Á grundvelli þeirra breytinga sem framangreint samkomulag fól í sér hættu Samvinnutryggingar g.t. að meginstefnu allri beinni váttryggingastarfsemi, fyrir utan lögboðnar brunatryggingar fasteigna, sem voru áfram reknar í nafni félagsins til loka árs 1993.⁷ Nafni hins nýja hlutfélags, BÍST hf., var strax eftir stofnun þess breytt í Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS).

Árið 1989 var fyrsta reikningsár Samvinnutrygginga g.t. eftir að VÍS var stofnað og tók við váttryggingarekstri þeirra. Þótt VÍS tæki við nær öllum váttryggingarekstri Samvinnutrygginga g.t. þá hélt félagið sem fyrr greinir áfram rekstri brunatrygginga fasteigna, þó þannig að VÍS tók að sér reksturinn í verktöku og gerður var sérstakur samningur milli félaganna um hann. Því má segja að starfsemi Samvinnutrygginga g.t. á árinu 1989 hafi snúist um að vera frumtryggingafélag með skyldutryggingar annars vegar og að hafa og halda utan um eignarhald á helmingi hlutfjár í VÍS hins vegar.

Á aðalfundi Samvinnutrygginga g.t. þann 30. júní 1989 var samþykktunum félagsins breytt vegna þessa, en slíkt var talið nauðsynlegt vegna þeirra grundvallarbreytinga sem gerðar voru með áður nefndu samkomulagi. Tilgangi félagsins samkvæmt 2. gr. samþykktanna var breytt þannig að nú var markmið þess að vera eignarhaldsfélag fyrir þær eignir Samvinnutrygginga g.t. sem ekki yfirfærðust til Váttryggingafélags Íslands hf. og fara með eignarhlut (hlutabréf) félagsins í VÍS með tilnefningu stjórnarmanna í það félag, auk hinnar takmörkuðu beinu váttryggingarstarfsemi sem tengdust lögboðnum brunatryggingum fasteigna.

⁷ Sbr. einnig greinargerð skilaneftar 1. október 2008.

Pá var samþykktunum einnig breytt þannig að fulltrúaráðsmönnum var fækkað.⁸ Einnig var bætt inn ákvæði þess efnis að við slit félagsins skyldu viðskipti við VÍS jafngilda viðskiptum við Samvinnuþryggingar g.t., sbr. 17. gr. samþykktanna. Sú viðbót var efnislega tekin upp úr 2. tl. 16. gr. samkomulags BÍ og Samvinnuþrygginga g.t. frá 31. janúar 1989. Samkvæmt samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. frá 30. júní 1989 voru eigendur félagsins þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá því. Þetta ákvæði var í samræmi við 11. gr. þágildandi laga um váttryggingarstarfsemi nr. 50/1978.⁹ Þessi eignaraðild varð ekki virk nema við slit á gagnkvæmu félagi og var tímabundin við þá tryggingartaka sem síðustu tvö almanaksárin fyrir slitin tryggðu hjá félaginu, sbr. 1. mgr. 17. gr. Af reglunni hefði leitt að eftir tvö almanaksár væru ekki aðrir eignaraðilar að Samvinnuþryggingum en þeir sem tryggðu hjá þeim fasteignir. Því þótti rétt að setja ákvæði um það í samning BÍ og Samvinnuþrygginga g.t. að tryggingartakar hjá hinu nýja félagi hefðu sömu réttindi gagnvart gömlu félögunum eins og þeir hefðu tryggt beint hjá Samvinnuþryggingum g.t. eða Brunabótafélagi Íslands.¹⁰

Haldinn var stjórnarfundur Samvinnuþrygginga g.t. þann 31. desember 1990. Á fundinum lagði framkvæmdastjóri félagsins, Axel Gíslason, fram samkomulag á milli BÍ og Samvinnuþrygginga g.t. varðandi aukningu hlutafjár í VÍS og þátttöku þriggja samstarfsfyrirtækja samvinnuhreyfingarinnar í hlutafjár aukningunni. Með því var hlutafé í VÍS aukið um 80 milljónir króna, þ.e. hlutur hvors hluthafa hækkaði því um 40 milljónir króna sem greiða átti á genginu 2,5. Einnig kom þar fram að Samvinnuþryggingar g.t. mættu framselja forkaupsrétt sinn að þessu hlutafé til eftirtalinnna fyrirtækja eða annarra, sem þó væri háð samþykki beggja samningsaðila, í þessum hlutföllum: Olúfélagið hf. kr. 50.000.000, Samskip hf. kr. 25.000.000, Íslenskar sjávarafurðir hf. kr. 25.000.000. Sömu fyrirtæki myndu því greiða Samvinnuþryggingum g.t. fyrir hlutafé í VÍS með hlutabréfum í sjálfum sér að sömu verðmætum og að ofan greinir, en þau bréf myndu ganga áfram til VÍS til greiðslu hlutafjár aukningar S-hluthafanna. Hluthafasamkomulagið innihélt ákvæði um samræmt mat hlutabréfa félaganna. Var fyrrgreint hluthafasamkomulag samþykkt samhljóða.¹¹

Framkvæmdastjóri Samvinnuþrygginga g.t., Axel Gíslason, greindi frá sameiningu líftryggingafélaganna Andvöku og BÍ líftrygginga í Líftryggingafélag Íslands á stjórnarfundum Samvinnuþrygginga g.t. þann 23. maí 1991.¹² Í kjölfarið var samþykkt að fara myndu fram hlutabréfaskipti á milli SÍS og Váttryggingafélagsins á hlutabréfum SÍS í Líftryggingafélagi Íslands (LÍFÍS) með það í huga að gera LÍFÍS að dótturfélagi VÍS. Jafnframt að SÍS og Samvinnuþryggingar g.t. myndu leita leiða til að gæta jafnræðis í hlutafjáreign í VÍS á mótum Brunabótafélagi Íslands með auknu hlutafjárframlagi Sambandsins í VÍS.¹³ Samkvæmt ársreikningi Samvinnuþrygginga g.t. vegna ársins 1991 var langstærsti eignarhluti þess í

⁸ Sbr. fundargerð aðalfundar 1989.

⁹ Í 11. gr. sagði: „Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, er sameigandi þess [...]“

¹⁰ Tillögur um breytingar á samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. lagðar fram á aðalfundi félagsins 1989.

¹¹ Sbr. fundargerð stjórnarfundar 31. desember 1990.

¹² Samkvæmt samþykktum eignarhaldsfélagsins Andvöku g.f. frá 7. apríl 1992 voru eigendur þess SÍS, Samvinnuþryggingar, tryggingartakar þess og Andvökusjóðurinn, sbr. nánar 3. gr. samþykktanna.

¹³ Fundargerð stjórnarfundar 23. maí 1991.

hlutabréfum í VÍS, eða sem nemur kr. 202.660.920,- en hlutafé í öðrum félögum, þ.á m. stofnfé í Andvöku, voru u.þ.b. kr. 41.000.000.

Fulltrúaráðsmönnum var enn fækkað með breytingu á samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. á aðalfundi félagsins 14. febrúar árið 1992. Í fyrirbyggjandi fundargerð fulltrúaráðsfundar kemur ekki fram hver hafi verið ástæða þessarar breytingar. Urðu fulltrúaráðsmenn 12 eftir breytingarnar og 6 til vara. Ekki voru gerðar aðrar meiriháttar breytingar á samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. það ár.¹⁴

2.4 Aðalfundur 1994, lok váttryggingastarfsemi og stofnun eignarhaldsfélags

Hér verður gerð grein fyrir aðdraganda og ástæðum þess að Samvinnuþryggingar g.t. hættu allri váttryggingastarfsemi og breyttu félaginu í eignarhaldsfélag. Áður hafði þó tilgangi og starfsemi félagsins verið breytt þannig að markmið þess var að vera eignarhaldsfélag fyrir þær eignir Samvinnuþrygginga g.t. sem ekki yfirfærðust til VÍS auk hinnar takmörkuðu beinnu váttryggingastarfsemi sem tengdust lögboðnum brunatryggingum fasteigna, sbr. kafla 2.3.

2.4.1. Breytingar á rekstarforsendum

Breytingar voru gerðar á lögum um Brunabótafélag Íslands þar sem stofn félagsins var fluttur til VÍS og félaginu breytt í eignarhaldsfélag, sbr. nánar kafla 8.3. Í kjölfar þess samþykkti stjórn Samvinnuþrygginga g.t. á stjórnarfundi 11. maí 1994 að flytja síðustu váttryggingastofna sína til VÍS og hætta allri beinni váttryggingastarfsemi.

Á aðalfundi Samvinnuþrygginga g.t. 8. júní 1994 var samþykktum félagsins breytt með hliðsjón af áður greindum breytingum á rekstrarformi þess. Þá var samþykkt að breyta nafni Samvinnuþrygginga g.t. í „Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar“ (hér eftir EST), sbr. 1. gr. samþykka félagsins.

Hér eru tilgreindar þær breytingar á samþykktum félagsins sem skiptu mestu máli, en tillögurnar voru samþykktar samhljóða á aðalfundi félagsins og eru í heild sinni í fylgiskjali II.

1. gr.

Nafn félagsins er „Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar“. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga er að eiga aðild að váttryggingastarfsemi, hvers konar og skyldum atvinnurekstri, að stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Félagið er eignarhaldsfélag og vinnur að markmiðum sínum með eignaraðild að váttryggingarfélögum.

3. gr.

Eigendur félagsins eru:

¹⁴ Fundargerð aðalfundar 14. febrúar 1992.

- a. Tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. starfsárin 1987 og 1988 (tvö síðustu starfsár félagsins áður en meginhluti starfseminnar var fluttur til VÍS) í öllum öðrum tryggingargreinum en lögboðnum brunatryggingum húsa.
- b. Tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. árin 1992 og 1993 í lögboðnum brunatryggingum húsa og
- c. Samvinnutryggingasjóðurinn sbr. III kafla samþykka félagsins.

Við útreikning á skiptingu metinnar eignar samkvæmt liðum a og b hér að framan skal framreikna iðgjaldamagn árána 1987 og 1988 með byggingarvísitölu til samræmingar iðgjaldamagni vegna brunatryggingar húsa 1992 og 1993.

Ábyrgð eigenda félagsins takmarkast við hin skilyrtu eignarréttindi þeirra í því.

Skipting eigin fjár milli ofangreindra eigenda Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga er þann 1. janúar 1994 sem hér segir:

1. Tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. sbr. a og b lið hér að framan	Kr. 216.237.551
2. Samvinnutryggingasjóðurinn sbr. III kafla samþykka þessara	Kr. 100.000
Samtals	Kr. 216.337.551

Eignarhluti eigenda skv. 1. og 2. tölulið hér að framan breytist samkvæmt ákvæðum 21. gr. samþykka þessara. Eigendahópar félagsins skulu vera jafnsettir við útreikning arðs og framreikning eigin fjár.

4. gr.

Í varasjóð skal leggja árlega 10% af hagnaði þar til varasjóðurinn hefur náð að verða 25% af eigin fé félagsins.

Stofnsjóður var stofnaður samkvæmt ákvörðun aðalfundar Samvinnutrygginga g.t. árið 1953. Stofnsjóður Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga þann 1. janúar 1994 er séreign þeirra tryggingartaka sem áttu eignarréttindi í stofnsjóði Samvinnutrygginga g.t. þann 31. desember 1993. Um stofnsjóð gildir reglugerð sem aðalfundur félagsins setur. Reglugerð um stofnsjóð Samvinnutrygginga g.t. frá 25. maí 1973 skal vera í gildi fyrir stofnsjóð Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga frá 1. janúar 1994 þar til annað verður ákveðið af fulltrúaráði félagsins.

Verði halli af rekstri félagsins skal hann bættur úr varasjóði. Hrökkvi sá sjóður ekki til, skal hallinn bættur af eigin fé félagsins sem tilgreint er í 1. og síðan 2. tölulið 3. gr. samþykktanna. Hrökkvi það ekki til skal halli jafnaður af stofnsjóði.

Verði hagnaður af rekstri félagsins er stjórn þess heimilt að greiða eigendum eigin fjár félagsins arð. Skal leggja reiknaðan arð af eigin fé skv. 1. tölulið 3. greinar samþykktanna inn á viðkomandi eiginfjárreikning.

Eiginfjárreikningar skulu árlega framreiknaðir í samræmi við verðlagsbreytingar og góða reikningskilavenju. Hækkun vegna framreiknings skal þó eigi nema hærri heildarfjárhæð en því sem er til ráðstöfunar á endurmatsreikningi á hverjum tíma.

5. gr.

Stofnaður er sjóður, er heitir Samvinnuþryggingarsjóðurinn

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu tryggingarstarfsemi hvers konar á Íslandi og er sjóðnum ætlað að ná þeim tilgangi sínum með beinni eða óbeinni eignaraðild að starfandi váttryggingarfélögum. Enn fremur er sjóðnum heimilt að annast fræðslu um váttryggingarstarfsemi og vinna að þjálfun og menntun á þessu sviði eða styrkja slíka starfsemi.

6. gr.

Til sjóðsins [Samvinnuþryggingarsjóðurinn] falla þau eignarréttindi tryggingartaka í Samvinnuþryggingum g.t., sem um getur í 3. grein, undir liðum a og b, samþykktu þessara eftir reglu 21. greinar samþykktanna. Er hér um að ræða þau metnu eignarréttindi tryggingartaka hjá Samvinnuþryggingum g.t., þegar félagið hætti meginhluta af tryggingarstarfsemi sinni (31. des. 1988) og þegar lögboðnar brunatryggingar húsa færast til Váttryggingafélags Íslands hf. (við árslok 1993), og sem verða óvirk tveimur árum eftir andlát tryggingartaka (einstaklinga) eða tveimur árum eftir að tryggingartaki, sem ekki er einstaklingur, hættir starfsemi eða hann hættir tryggingatöku hjá Samvinnuþryggingum (31. des. 1993) eða Váttryggingafélagi Íslands hf. (eftir 1. janúar 1994). Þá fellur til sjóðsins í upphafi, endurmetið stofnfé Samvinnuþrygginga g.t. sem tilkomið er við millifærslu af höfuðstól þess.

7. gr.

Samvinnuþryggingarsjóðurinn skal vera í vörslu Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga, en aðalfundur félagsins ákveður ráðstöfun úr sjóðnum.

8. gr.

Ákveði aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga að leysa félagið upp, og nýtt félag tekur ekki við hlutverki Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga, skal aðalfundur félagsins ákveða ráðstöfun Samvinnuþryggingarsjóðsins í samræmi við tilgang hans.

20. gr.

Verði ákveðið að slíta félaginu, skal fyrst inna af hendi allar skuldbindingar þess, þ.á.m. stofnsjóð, eða setja tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Þá skal greiða þeim tryggingartökum Samvinnuþrygginga g.t., sem eiga enn réttindi hjá félaginu á grundvelli metinna eignarréttinda sinna í Samvinnuþryggingum g.t. í árslok 1988 og í árslok 1993, sbr. 3. grein samþykktanna. Skal framreikna allt eigið fé með sama hætti, sbr. 4. grein.

Ákvæði 1. málsgreinar á ekki við, verði gerð breyting á rekstrar- eða félagiformi Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga. Þá skal Samvinnuþryggingarsjóðurinn flytjast til hins nýja félags með þeim reglum, sem um hann gilda í samþykktum þessum.

21. gr.

Í samræmi við ákvæði í eldri samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. um eignarréttindi tryggingartaka, sem aðeins hefðu orðið virk við slit félagsins, skulu metin eignarréttindi þegar félagið lét af meginhluta tryggingarstarfsemi í árslok 1988 og þegar félagið hætti lögboðnum brunatryggingum húsa í árslok 1993 og falla undir liði a og b í 3. grein samþykktu þessara, falla niður tveim árum eftir dauða einstaklings eða tveimur árum eftir að tryggingartaka, sem ekki er einstaklingur, hættir starfsemi eða hann hættir tryggingatöku hjá Samvinnuþryggingum g.t. og Váttryggingafélagi Íslands hf. og falla þá eignarréttindi þeirra til Samvinnuþryggingarsjóðsins.

Í 20. gr. kom fram skylda til að greiða þeim tryggingartökum Samvinnutrygginga g.t., sem áttu enn réttindi hjá félaginu á grundvelli metinna eignarréttinda sinna í Samvinnutryggingum g.t. í árslok 1988 og í árslok 1993, ef ákveðið væri að slíta félaginu.

2.4.2 Samvinnutryggingasjóðurinn

Stofnaður var sérstakur sjóður samkvæmt nýju samþykktunum, Samvinnutryggingasjóðurinn. Tilgangur hans var samkvæmt 5. gr. að stuðla að eflingu tryggingastarfsemi hvers konar á Íslandi og var sjóðnum ætlað að ná tilgangi sínum með beinni eða óbeinni eignaraðild að starfandi vátryggingafélögum. Enn fremur að starfa að fræðslu um vátryggingar og styrkja slíka starfsemi. Til sjóðsins féllu þau metnu skilyrtu óvirku eignarréttindi tryggingataka í Samvinnutryggingum g.t. sem falla skyldu niður tveimur árum eftir andlát tryggingataka (einstaklinga) eða tveimur árum eftir að tryggingatakar (lögaðilar) hættu starfsemi eða hættu tryggingatöku hjá Samvinnutryggingum g.t. eða VÍS. Þá féll til sjóðsins í upphafi endurmetið stofnfé Samvinnutrygginga g.t. sem tilkomið var með millifærslu af höfuðstól þess. Sjóðurinn átti að vera í vörslu og undir stjórn EST og yrði ákveðið að slíta félaginu skyldi aðalfundur ákveða ráðstöfun sjóðsins í samræmi við tilgang hans, sbr. það sem áður var rakið í umfjöllun um samþykktir félagsins, einkum 5. – 8. gr.

Samkvæmt þessu má draga þá ályktun að Samvinnutryggingasjóðurinn hefði smám saman vaxið á kostnað meðeigendanna í Eignarhaldsfélagi Samvinnutrygginga þar eð meðeigendum hefði óhjákvæmilega fækkað með árunum. Yrði Eignarhaldsfélagi Samvinnutryggingar slitið átti aðalfundur hins vegar að ákveða ráðstöfun sjóðsins í samræmi við tilgang hans, sbr. 8. gr. og var það önnur regla en gildi við meðferð eigna félagsins sjálfs við slit. Við slit EST 2007 var sjálfseignarstofnun stofnuð um eignir Samvinnutryggingasjóðs. Um það er nánar fjallað í kafla 5.

2.4.3 Fulltrúaráðsfundur 16. desember 1994

Á aðalfundi Samvinnutrygginga g.t. þann 8. júní 1994 voru kynntar breytingartillögur á samþykktum félagsins eins og að framan greinir. Á fundinum kom fram að gerðir hafa verið fyrirvarar við breytingatillögurnar af hálfu Vátryggingaeftirlitsins (nú Fjármálaeftirlitið) og SÍS.

Vegna þeirra fyrirvara var ekki unnt að samþykkja breytingatillögurnar á aðalfundi fulltrúaráðsins þann 8. júní 1994 og reyndist nauðsynlegt að boða til nýs fulltrúaráðsfundar til að samþykkja breytingatillögurnar. Voru þær samþykktar á fundi fulltrúaráðsins 16. desember 1994 og tóku nýjar samþykktir félagsins gildi þegar í stað við samþykkt fulltrúaráðsins.

Af hálfu Vátryggingaeftirlitsins var aðallega gerður fyrirvari um að samþykktunum yrði hagað þannig að tryggingatakar Samvinnutrygginga g.t. í lögboðnum brunatryggingum starfsárin 1992 og 1993 skyldu einnig teljast til eigenda félagsins rétt eins og tryggingatakar í öðrum tryggingastofnum starfsárin 1987 og 1988. Í fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 16.

desember 1994 kemur fram að viðræður hefðu átt sér stað milli félagsins og Vátryggingaeftirlitsins sem hefðu leitt af sér að eftirlitið hefði lýst því yfir að það samþykkti fyrir sitt leyti að breytingar á samþykktum félagsins tækju gildi ef á þeim yrðu gerðar áður nefndar breytingar. Þetta gekk eftir af hálfu stjórnar Samvinnutrygginga g.t. og voru þær lagðar fyrir fulltrúaráðsfund til samþykktar þann 16. desember 2004.

Af hálfu SÍS var gerður fyrirvari um uppgjör félagsins á tryggingarfé (stofnfé) SÍS á árinu 1985 og óskaði SÍS eftir endurupptöku á þessu uppgjöri. Í fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 16. desember 1994 kemur ekki annað fram en að fyrirvari SÍS um verðbætur á stofnfé þess í félaginu, sem gert var upp á árinu 1985, sé nú úr sögunni og því var þessi fyrirvari ekki lengur til fyrirstöðu samþykktar fundarins á breytingartillögunum þann 16. desember 2004.

2.5. Um afgreiðslu Vátryggingaeftirlitsins 1994

Eins og áður hefur komið fram voru allir tryggingarstofnar Samvinnutrygginga g.t., að undanskildum brunatryggingum fasteigna, færðir til VÍS við stofnun þess félags árið 1989. Í kjölfarið markaði fulltrúaráð Samvinnutrygginga g.t. þá stefnu, sem stjórn félagsins vann eftir, að færa brunatryggingar fasteigna yfir til VÍS þegar samsvarandi breyting yrði möguleg hjá Brunabótafélagi Íslands. Jafnframt var mörkuð sú stefna að breyta Samvinnutryggingum g.t. í eignarhaldsfélag í líkingu við Eignarhaldsfélagið Andvöku g.f.

Með bréfi Samvinnutrygginga g.t. þann 9. maí 1994 var þess farið á leit við Vátryggingaeftirlitið að það staðfesti heimild stjórnar og fulltrúaráðs Samvinnutrygginga g.t. til að breyta rekstrarformi Samvinnutrygginga g.t. í eignarhaldsfélag. Jafnframt var þess óskað að við fyrirhugaðar breytingar færðust allar vátryggingar sem voru reknar hjá Samvinnutryggingum g.t., þ.e. tryggingastofn brunatrygginga fasteigna, yfir til VÍS frá og með 1. janúar 1994.

Vátryggingaeftirlitið auglýsti í 59. tbl. Lögbirtingarblaðsins, útgefnu 8. júní 1994, eftir skriflegum athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra. Nokkrar fyrirspurnir bárust eftirlitinu, en engar skriflegar athugasemdir komu fram.

Með bréfi dagsettu 30. september 1994 staðfesti Vátryggingaeftirlitið heimild til handa Samvinnutryggingum g.t. til að framkvæma fyrirhugaða breytingu. Heimild til yfirfærslu tryggingastofns var skilyrt á þann veg að fyrirhuguð breyting á rekstrarformi Samvinnutrygginga g.t. myndi ná fram að ganga.

Vátryggingaeftirlitið sendi í kjölfarið erindi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins þar sem farið var á leit við ráðuneytið að starfsleyfi Samvinnutrygginga g.t. yrði afturkallað. Með bréfi frá ráðuneytinu, dagsettu 13. febrúar 1995, var starfsleyfið afturkallað.

2.6. Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar (EST) 1995-2007

Í eftirfarandi umfjöllun er gerð grein fyrir skipulagsbreytingum og breytingum á samþykktum EST. Varða þær annars vegar breytingar á fulltrúaráði félagsins og hins vegar breytingar sem snerta tilgang félagsins.

2.6.1 Breytingar á fulltrúaráði

Eftir 1994 voru engar meiriháttar breytingar gerðar á samþykktum félagsins fyrr en árið 2004, en á aðalfundi félagsins þann 24. maí 2004 var samþykkt að fulltrúaráðsmönnum yrði fjölgað úr 12 í 24 og reglum um kosningu þeirra breytt, þannig að ráðið skyldi endurnýja sig sjálft í stað þess að vera kosið á aðalfundi SÍS. Hljóðaði hið breytta ákvæði 9. gr. samþykktanna þannig:

Í fulltrúaráði félagsins skulu vera 24 einstaklingar, en 6 til vara og skulu þeir vera tryggingartakar hjá VÍS og/eða vera fyrrverandi tryggingartakar hjá Samvinnuþryggingum g.t. Aðalmenn í fulltrúaráðinu skulu kjörnir til fjögurra ára í senn, og fara 6 fulltrúar frá á hverju ári. Varamenn skulu kjörnir árlega og skal við kjör þeirra kveðið á um röð þeirra. Óheimilt er að kjósa aðalmenn í fulltrúaráð Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga nema þrjú kjörtímabil í röð. Tveir aðalmenn í fulltrúaráðinu skulu jafnan vera úr sérhverju kjördæmi landsins. Fulltrúaráðsmenn skulu ganga úr fulltrúaráðinu á aðalfundi þess eftir að þeir ná 75 ára aldri, óháð því hvort kjörtímabil þeirra er lokið samkv. framangreindu eða ekki.

Ef kemur fram ósk um margfeldiskosningu við kjör fulltrúaráðsins, og hún er studd af fjórðungi fulltrúaráðsmanna, þá skal hún gilda um kjör fulltrúaráðsins í það sinn.

Kjósa skal um laus sæti í fulltrúaráðinu og varamenn á aðalfundi fulltrúaráðsins, eða eftir atvikum á öðrum fulltrúaráðsfundum.

Fulltrúaráðið heldur fund a.m.k. einu sinni á ári og er hann jafnframt aðalfundur félagsins. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Aukafundi heldur fulltrúaráðið, þegar stjórn félagsins telur þess þurfa eða meiri hluti fulltrúa æskir þess.

Þess ber að geta að á þessum tíma var SÍS hætt öllum almennum rekstri og kosning fulltrúaráðs EST var orðið eitt af síðustu verkefnum aðalfunda Sambandsins. Ekki þótti eðlilegt að halda óbreyttri skipan á kosningu þess við þær aðstæður. Á hinn bóginn fannst enginn annar ákjósanlegur vettvangur til kjörsins og því var farin sú leið sem að framan er nefnd að fulltrúaráðið endurnýjaði sig sjálft, þ.e. kaus í laus sæti hverju sinni.¹⁵

Eftirfarandi fulltrúaráðsmenn sátu aðalfund félagsins 2004: Elías H. Guðmundsson, Guðsteinn Einarsson, Hreiðar Karlsson, Jón Helgason, Sigurður Jóhannesson, Björn Elíson, Finnur Ingólfsson, Gunnlaugur Aðalbjarnarson, Jón E. Friðriksson, Óskar H. Gunnarsson og Stefán L. Haraldsson. Voru Þórólfur Gíslason og Sigurður Markússon kjörnir í stjórn félagsins til tveggja ára og Guðsteinn Einarsson til eins árs. Loks var Hermann Hansson kjörinn fyrsti varamaður til eins árs og Ólafur Friðriksson annar varamaður til eins árs einnig.

¹⁵ Greinargerð skilanevndar, dags. 1. október 2008.

Eins og áður greindi var samþykkt á fundinum að breyta samþykktum félagsins þannig að fulltrúaráðsmönnum var fjölgað úr 12 í 24. Eftir aðalfund félagsins skipuðu eftirtaldir einstaklingar fulltrúaráðið: Óskar H. Gunnarsson, Guðsteinn Einarsson, Stefán L. Haraldsson, Ingi Már Aðalsteinsson, Gísli M. Auðbergsson, Hrólfur Ölvisson, Björn Elíson, Gunnlaugur Aðalbjarnarson, Sigurður Jóhannesson, Karl S. Björnsson, Ólafur Friðriksson, Jón Sveinsson, Finnur Ingólfsson, Haukur Halldórsson, Ingólfur Ásgrímsson, Karl Stefánsson, Helgi S. Guðmundsson, Drífa Hjartardóttir, Jón E. Friðriksson, Jón Helgason, Hreiðar Karlsson, Guðmund Valdimarsson, Karl Hermannsson og Sæmundur Runólfsson. Varamenn skipuðu þeir: Helgi Jóhannesson, Sigurjón R. Rafnsson, Orri Hlöðversson, Tryggvi Guðmundsson, Jón Adolf Guðjónsson og Þróstur Karlsson.

2.6.2 Breytingar sem snerta tilgang félagsins

Á sama aðalfundi var 2. gr. samþykkt félagsins breytt þannig að nú var tilgangur félagsins einnig kaup og sala og eignarhald á verðbréfum. Hljóðaði ákvæðið nú þannig:

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga er að eiga aðild að váttryggingastarfsemi, hvers konar og skyldum atvinnurekstri, kaup og sala og eignarhald á verðbréfum, lánastarfsemi og rekstur fasteigna, með það að markmiði að ávaxta sem best eigin fé félagsins.

Enn fremur er félaginu heimilt að annast fræðslu um váttryggingar, þjálfun og menntun á því sviði, eða styrkja slíka starfsemi, auk þess að láta fé af hendi rakna til góðgerðar- og menningarmála.

Að auki var orðalagi tilgangs Samvinnutryggingasjóðsins breytt og hljóðaði nú ákvæði 2. mgr. 5. gr. samþykktanna þannig:

Tilgangur sjóðsins er hinn sami og tilgangur Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga samkv. 2. gr. þessara samþykktanna.

Til bráðabirgða var sett ákvæði í 9. gr. samþykkt félagsins þar sem kveðið var á um að fyrirkomulag kosningar í fulltrúaráð, þ.e. um að ráðið endurnýjaði sig sjálft í stað þess að vera kosið á aðalfundi SÍS, skyldi fyrst koma til framkvæmda á aðalfundi EST árið 2005. Á aðalfundi yfirstandandi árs skyldu allir aðalmenn og varamenn í fulltrúaráðinu sjálfskipaðir í nýtt fulltrúaráð, svo fremi sem þeir gæfu kost á sér. Að auki skyldi stjórn félagsins koma með tillögu, sem aðalfundur árið 2004 skyldi taka afstöðu til um nýja aðal- og varamenn í stjórn, svo fjöldi fulltrúaráðsmann myndi ná þeirri tölu sem nýbreytt 9. gr. kvæði á um. Einnig skyldu ákvæði um stjórnarkjör og verkaskiptingu stjórnar fyrst koma til framkvæmda á aðalfundi félagsins árið 2005 þannig að formaðurinn sæti út sitt kjörtímabil til aðalfundar 2005.¹⁶

¹⁶ Fundargerð aðalfundar 24. maí 2004.

3. ÝMSAR RÁÐSTAFANIR OG GERNINGAR 1999-2007

Á árunum 1995 til 1999 var lítið um meiriháttar fjárfestingar í félaginu. Aðal eignir félagsins voru hlutabréf í VÍS og stofnfé í Eignarhaldsfélaginu Andvöku. Samkvæmt ársreikningum félagsins vegna tilgreindra ára átti félagið u.þ.b. 23% hlutafjár í VÍS og 50,1% í Andvöku.

Hér verður fjallað um ýmsar ráðstafanir og gerninga sem EST stóð fyrir ár árunum 1999-2007. Verður aðallega stuðst við fyrirbyggjandi fundargerðir stjórnarfundar EST og fulltrúaráðsfunda félagsins, sem og ársreikninga félagsins. Tilgangurinn er að gefa yfirlit um helstu starfsemi félagsins á þessum árum og að varpa ljósi á tengsl félagsins við önnur félög á þessum tíma.

3.1 Ráðstafanir og gerningar árin 1999-2003

Á stjórnarfundum EST þann 21. desember 1999 var samþykkt að veita framkvæmdastjóra félagsins, Axel Gíslasyni, heimild til að samþykkja og ganga frá samningi við Samvinnulífeyrissjóðinn¹⁷ sem gerður var þann 24. ágúst 1999 um kaup og sölu á hlutabréfum í VÍS og Olúfélaginu hf. (síðar Ker hf.) samtals að andvirði kr. 100.000.000,-.¹⁸ Var samningurinn upphaflega undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar EST og Samvinnulífeyrissjóðsins. Umræddur samningur liggur ekki fyrir við gerð skýrslu þessarar og ekki heldur upplýsingar um hvort hann hafi verið samþykktur með fullnægjandi hætti, sbr. fyrirvari um samþykki stjórna sammingsaðila. Ekki þykir ástæða til að óska eftir þessum samningi.

Á stjórnarfundum EST þann 15. maí árið 2000 staðfesti stjórnin eftirfarandi hlutafjárkaup:

Hinn 24. júní 1999 keypti félagið hlutafé í deCode Genetics, samtals 5970 hluti á genginu 17,0, keypt á gengi USD 73,90 eða samtals fyrir kr. 7.500.111,-. Hinn 11. júní 2000 keypti félagið hlutafé í Búnaðarbanka Íslands hf. að nafnverði kr. 15.000,- á genginu 4,10 eða fyrir samtals kr. 61.500,-. Þessi bréf voru seld VÍS sama dag á sama gengi. Hinn 11. júní 2000 keypti félagið hlutafé í Landsbanka Íslands hf. að nafnverði kr. 20.484 á genginu 3,80 eða fyrir kr. 77.839,20. Þessi hlutabréf voru seld VÍS samdægurs á sama gengi. Þann 17. apríl keypti félagið hlutafé í [] hf. að nafnverði kr. 1.750.000,- á gengi 3,0 eða fyrir kr. 5.250.000,-. Hinn 10. apríl 2000 keypti félagið samvinnuhlutabréf Kaupfélags Eyfirðinga að nafnverði kr. 5.057.868,- á genginu 2,6 fyrir samtals kr. 13.150.459,-.

Auk þess var framkvæmdastjóra félagsins veitt heimild stjórnar til að kaupa og selja hlutafé fyrir félagið á milli stjórnarfunda fyrir allt að 30 milljónir króna.

Á stjórnarfundum þann 1. febrúar 2001 var Eiríkur Tómasson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands fenginn til að greina stjórninni frá þeim valkostum sem félagið hefði varðandi

¹⁷ Þann 29. desember 2006 staðfesti fjármálaráðuneytið samruna lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins. Tók sameinaður sjóður til starfa á nýju ári undir nafninu Stafir lífeyrissjóður, sbr. <http://www.stafir.is/leit?q=lfEDfeyrissj%F3%F0sins>, sótt 10. september 2009.

¹⁸ Fundargerð stjórnarfundar 21. desember 1999.

félagsform þess. Taldi hann að tveir kostir væru færir, annaðhvort að breyta félaginu í samvinnufélag eða hlutafélag. Þá taldi hann auðsóttari leið að breyta því í samvinnufélag, enda bæru samþykktir þess keim af því formi. Á fundinum var rætt um að skynsamlegt gæti verið að koma á sérstakri skipulagsskrá fyrir Samvinnutryggingasjóðinn og sérgreina hann með öðrum hætti frá félaginu.¹⁹ Einnig var leitað álits Kristins Hallgrímssonar hrl. sem lagði fram tillögu á stjórnarfundum 14. desember sama ár um að breyta EST í hlutafélag. Ákveðið var þó að taka málið upp síðar.

Á sama stjórnarfundum lagði framkvæmdastjóri félagsins fram kaupsamning, dags. 29. desember 2000, á milli félagsins og Samvinnulífeyrissjóðsins um kaup EST á bréfum sjóðsins í VÍS að nafnverði kr. 15.503.125 á gengi 25,26 eða fyrir kr. 391.608.937. Skyldu þau greidd með láni frá sjóðnum til endurgreiðslu þann 15. desember 2001. Stjórnarmenn samþykktu samninginn samhljóða.²⁰ Samningurinn var svo framlengdur á stjórnarfundum 21. maí 2002 til 15. desember það ár.²¹

Á stjórnarfundum 29. mars sama ár var tillaga lögð fram um að stjórn EST myndi taka þátt í því að samþykkja á hluthafafundum VÍS að breyta samþykktum þess í því skyni að hlutafé yrði aukið um 4%, forkaupsréttur hluthafa felldur brott, stjórnarmönnum fækkað og aðrar nauðsynlegar breytingar gerðar til að hægt væri að skrá félagið á Verðbréfaþingi Íslands, m.a. að taka þátt í því með öðrum núverandi S-hluthöfum²² að selja samtals allt að 6% hlutafjár í VÍS í lokuðu útboði til fjárfesta. Samþykkti stjórnin að taka hlutfallslega þátt í þeirri sölu. Að auki staðfesti stjórnin kauprétt félagsins að þriðjungi þess hlutafjár í Olúfélaginu hf. sem VÍS hafði eignast við upplausn Traustfangs hf. Stjórnin veitti svo Olúfélaginu hf. forkaupsrétt í eitt ár að þessum sama hlut.²³

Hluthafasamningur allra hluthafa í VÍS var lagður fyrir á stjórnarfundum EST þann 29. september sama ár og samþykktur samhljóða. Samningurinn innihélt ákvæði um aðgerðir sem framkvæma þyrfti til að uppfylla skilyrði Verðbréfaþings Íslands hf. fyrir skráningu félagsins, skuldbindingu þáverandi hluthafa að skráningu lokinni o.fl.²⁴

Þann 8. nóvember sama ár var á stjórnarfundum félagsins fallist á beiðni Axels Gíslasonar framkvæmdastjóra um að fá greidda út lífeyrisskuldbindingu sína hjá félaginu í formi hlutabréfa hjá VÍS á genginu 20,0.²⁵ Í fundargerð stjórnarfundar er ekki að finna upplýsingar um fjárhæð lífeyrisskuldbindingarinnar, en þar kemur fram að stjórnin staðfesti fyrirbyggjandi samkomulag við Axel Gíslason og að viðmiðunargengi samkomulagsins sé það sama og í nýafstöðnu hlutafjárútboði VÍS.

¹⁹ Fundargerð stjórnarfundar 1. febrúar 2001.

²⁰ Fundargerð stjórnarfundar 1. febrúar 2001.

²¹ Fundargerð stjórnarfundar 21. maí 2002.

²² S-hluthafar eru Samvinnutryggingar, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Ker ehf. og Andvaka.

²³ Fundargerð stjórnarfundar 29. mars 2001.

²⁴ Fundargerð stjórnarfundar 29. september 2001 og samkomulag hluthafa VÍS um skráningu þess.

²⁵ Fundargerð stjórnarfundar 8. nóvember 2001.

Samkvæmt ársreikningi Samvinnutrygginga vegna ársins 2001 átti félagið 26,11% hlutafjár í VÍS í ársbyrjun 2001 en seldi 0,7% eignarhluta í félaginu í nóvember sama ár. Eignarhluti félagsins í VÍS var því 25,4% í árslok 2001, en auk þess átti félagið 50,1% eignarhluta í Andvöku, auk smærri eignarhluta í öðrum félögum. Félagið hafði ekki annan rekstur með höndum en umsýslu með fyrrgreindu eignum á árinu 2001.

VÍS gerði EST tilboð um sölu á hlutabréfum í Olúfélaginu hf. sem lagt var fram á stjórnarfundum 25. janúar 2002. Hlutirnir voru að nafnverði kr. 24.077.952,- á gengi 12,2, samtals kr. 293.751.014,-. Hlutir þessir námu um 2,3% alls hlutafjár í Olúfélaginu hf. Fram kom á fundinum að ef félagið myndi kaupa þessa hluti þá ætti Olúfélagið hf. forkaupsrétt ef selt væri aftur innan árs. Axel Gíslasyni og Óskari Gunnarssyni stjórnarmanni var veitt umboð til að ganga að tilboðinu og jafnframt til að taka lán vegna kaupanna og setja veð fyrir. Jafnframt var þeim heimilað að leita tilboða á markaði í þessa hluti, þó að því gefnu að Olúfélagið sjálft ætti forkaupsrétt.²⁶ Á stjórnarfundum þann 21. maí var framkvæmdastjóra og formanni félagsins veitt heimild stjórnar til að leita eftir tilboðum og eftir atvikum selja og afsala ofangreindum hlutabréfum.²⁷

Framkvæmdastjóri félagsins fékk heimild á stjórnarfundum 29. maí 2002 til að kaupa hlutafé í Softís hf. fyrir allt að 3.000.000.²⁸

Á aðalfundi félagsins sama dag greindi Axel Gíslason, framkvæmdastjóri félagsins, frá því að VÍS hefði hafið sölu á nýju hlutafé til starfsmanna félagsins og Landsbankinn til sinna starfsmanna á hlutafé í VÍS úr eigu bankans. Þá voru gerðir kaupréttarsamningar við starfsmenn VÍS um hlutafé í félaginu á næstu þremur árum. Úr stjórn gengu þeir Guðjón Stefánsson og Sigurður Markússon. Lagt var þó til að kjósa þá Þórólf Gíslason og Sigurð Markússon til næstu tveggja ára í stjórn.²⁹

Þann 30. júlí 2002 var haldinn stjórnarfundur EST og Andvöku. Farið var yfir tilboð S-hópsins (Ker ehf., Samvinnulífeyrissjóðurinn, Samvinnutryggingar, Andvaka) til Landsbankans um kaup á 10% hlutafé í VÍS. Stjórnarformaður undirritaði tilboðið með fyrirvara um samþykki stjórnar Samvinnutrygginga og stjórnar Andvöku. Tilboðið hljóðaði upp á 10% hlutafé í VÍS að nafnverði kr. 59.354.104 á genginu 26,0 – þ.e. kr. 1.543.206.704 – hver aðili í hlutfalli við eignaraðild sína í félaginu. Var ákvæði í tilboðinu um kaup á hlutafé VÍS í LÍFÍS ef óskað væri eftir því. Eiríkur S. Jóhannsson stjórnarmaður sagðist munu sitja hjá við afgreiðslu málsins enda væri hann aðili að öðrum tilboðum sem snertu einkavæðingu ríkisbankanna og fyrir lægi að þetta tilboð væri hluti þeirra mála. Eiríkur gerði

²⁶ Fundargerð stjórnarfundar 25. janúar 2002.

²⁷ Fundargerð stjórnarfundar 21. maí 2002.

²⁸ Fundargerð stjórnarfundar 29. maí 2002.

²⁹ Fundargerð aðalfundar 29. maí 2002.

ýmsar athugasemdir við aðdraganda og forsögu málsins enda hafði ekki verið haft neitt samráð við fulltrúa Kaldbaks hf. Aðrir stjórnarmenn staðfestu svo tilboðið.

Á stjórnarfundum EST og Andvöku þann 30. júlí 2002 var einnig staðfest bréf til einkavæðinganeftndar, dags. 25. júlí 2002, um kaup EST og Andvöku á 35% hlut í Búnaðarbankanum.³⁰

EST barst gagntilboð frá Landsbankanum vegna ofangreinds tilboðs um kaup á hlutum í VÍS sem tekið var fyrir á stjórnarfundum félagsins þann 13. ágúst 2002. Þar bauð bankinn félaginu ásamt Andvöku, Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum að kaupa alla hluti sína í VÍS að nafnverði kr. 243.114.288 sem samsvaraði um 45,06% hlut í VÍS á genginu 26 og því heildarfjárhæðin kr. 6.320.971.488. Samhliða kaupunum myndu kaupendur skuldbinda sig til að kaupa hluti þeirra starfsmanna Landsbankans sem væru hluthafar í VÍS og hefðu áhuga á að selja á sömu kjörum. Þar gæti orðið um að ræða allt að 1% hlut í VÍS til viðbótar. Sem hluta af heildarsamkomulaginu myndi Landsbankinn kaupa hlut Andvöku og VÍS í LÍFÍS, samtals 50% hlut á kr. 685.000.000.³¹ Var samþykkt samhljóða að hafna tilboði Landsbankans en jafnframt var formanni félagsins falið að halda áfram viðræðum við forsvarsmann bankans um hugsanleg kaup á hluta af hlutafé bankans í VÍS. Kæmi til samkomulags við bankann um þau kaup skyldi það gert með fyrirvara um samþykki stjórnar félagsins. Átti þetta umboð einnig við um samflot félagsins við aðra um hugsanleg kaup á hluta ríkissjóðs í Búnaðarbanka eða Landsbanka.³²

Á stjórnarfundum þann 26. ágúst sama ár var rætt um hugsanleg kaup á hlutafé Landsbankans í VÍS og lagt var fram minnisblað frá fundum sama dag sem Þórólfur Gíslason stjórnarmaður átti með forsvarsmanni Landsbankans. Þar komu fram hugmyndir um sölu bankans á 27% af hlutafé sem bankinn átti af heildarhlutafé í VÍS strax og 18% af heildarhlutafénu eftir áramót. Miðað væri við gengið 26. Kaupendur væru S-hluthafarnir. Þá kom einnig fram áhugi Landsbankans á að eiga rétt á að kaupa 20% af heildarhlutafé í Líftryggingafélagi Íslands af VÍS. Umboð formanns stjórnar var því framlengt svo hann gæti átt í viðræðum við fulltrúa annarra S-hluthafa í VÍS um ofangreinda tillögu.³³

Um hlutafjäreign félagsins í VÍS var rætt á stjórnarfundum 28. ágúst sama ár. Greint var frá fundum nokkurra stjórnarmanna við bankastjóra Landsbankans og varaformann bankaráðs og formann stjórnar VÍS. Á stjórnarfundum þessum var lagt fram skjal, nánar tiltekið kauptilboð frá S-hluthöfum til Landsbankans varðandi hlutafé bankans í VÍS. Um drög var að ræða. Samþykkt var að taka þátt í kaupum á hlutafé Landsbankans í VÍS á móti öðrum S-hluthöfum í VÍS með tilvísun til kauptilboðs, dags. 28. ágúst 2002. Fram kom á fundinum sú skoðun stjórnarmanna að yrði af kaupunum myndi félagið gera bæði starfsmönnum VÍS og

³⁰ Fundargerð stjórnarfundar EST og Andvöku 30. júlí 2002.

³¹ Gagntilboð Landsbankans við tilboði Andvöku, EST, Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðsins, 1. ágúst 2002.

³² Fundargerð stjórnarfundar 13. ágúst 2002.

³³ Fundargerð stjórnarfundar 26. ágúst 2002.

Landsbankans, sem jafnframt væru hluthafar í VÍS, tilboð að kaupa af þeim hlutafé þeirra í VÍS á genginu 26.³⁴

Axel Gíslason óskaði eftir að láta af störfum sem forstjóri VÍS og var það tilkynnt á stjórnarfundi 18. september. Fram kom tillaga um tilnefningu EST og Andvöku í stjórn VÍS og var hún samþykkt samhljóða. Voru það þeir Óskar H. Gunnarsson, Sigurður Markússon og Þórólfur Gíslason sem ákveðið var að tilnefna fyrir næsta hluthafafund hjá VÍS. Eiríkur S. Jóhannsson, Jón Sigurðsson og Guðsteinn Einarsson skyldu tilnefndir sem varamenn.³⁵

Þann 29. október var samþykkt að veita formanni og framkvæmdastjóra félagsins heimild til að koma að viðræðum við einkavæðingarnefnd ríkisins um kaup á eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. Samþykkt var umboð til formanns og framkvæmdastjóra félagsins til að semja um sameiginlegan hluta EST og Andvöku í kostnaði af úttekt á bankamálum.³⁶

Stjórnir EST og Andvöku komu saman til fundar þann 16. nóvember. Samþykkt var að EST kæmi eitt að málum gagnvart einkavæðingarnefndinni og að félagið myndi skrifa sig fyrir þátttöku að hámarki kr. 900.000.000 með lántöku eftir þörfum. Á fundinum var einnig samþykkt heimild til formanns og framkvæmdastjóra EST að skrifa félagið fyrir eignaraðild að Eglu ehf. í samræmi við hlutfallslega áskrift af heildaráskrif Eglu ehf. og að taka þátt í undirritun fyrir hönd Eglu ehf. á „Heads of Agreement“. Ákveðið var að framkvæmdastjóri EST, Axel Gíslason, yrði fulltrúi í stjórn Eglu ehf. og einnig að hluthafasamkomulag³⁷ yrði gert meðan kostgæfnisathugun væri í vinnslu.³⁸ „Heads of Agreement“ var undirritað 15. nóvember 2002 og varð síðan samningur frá 16. janúar 2003 undirritað af íslenska ríkinu annars vegar og Eglu hf, Samvinnulífeyrissjóðnum, VÍS og EST hins vegar en með honum eignuðust kaupendur virkan eignarhluta í Búnaðarbanka Íslands hf. Innbyrðis eignarhlutföll kaupenda voru hins vegar eftirfarandi: Eglu: 71.186438%, EST: 7.627119%, Samvinnulífeyrissjóðurinn: 8.474579% og VÍS: 12.711864%. Á þessum tíma var Ker hf. eigandi 49.5% hlutafjár í Eglu hf. og VÍS að 0,5%. Afganginn 50% átti Hauck & Aufhaeuser Privatbankiers KGAA.

Drög að hluthafasamkomulaginu voru samin af Kristni Hallgrímssyni hrl. og lögð fram á stjórnarfundi EST þann 5. desember. Fram komu athugasemdir stjórnarmanna við þann hluta samkomulagsins sem fjallaði um gagnkvæman forkaupsrétt, gildistíma og rétt minnihluta í samstarfinu. Samþykkt var að framlengja umboð til formanns og framkvæmdastjóra að vinna að hluthafasamkomulaginu sem byggir á drögunum en þó með tilliti til framkominna athugasemda. Einnig voru lögð fram drög að samningi milli íslenska ríkisins og kaupenda á hlutabréfum í Búnaðarbanka Íslands. Minniháttar athugasemdir voru gerðar og var þeim

³⁴ Fundargerð stjórnarfundar 28. ágúst 2002.

³⁵ Fundargerð stjórnarfundar 18. september 2002.

³⁶ Fundargerð stjórnarfundar 29. október 2002.

³⁷ Hluthafasamkomulagið er frá 16. janúar 2003 og gildi það fyrir Eglu, EST, VÍS og Samvinnulífeyrissjóðinn. Hlutverk þess var fyrst og fremst að vernda og tryggja réttindi samningsaðilanna.

³⁸ Fundargerð stjórnarfundar EST og Andvöku 16. nóvember 2002.

komið til lögmanns hópsins. Umboð til formanns og framkvæmdastjóra vegna gerðar samningsins var samþykkt. Samþykkt var heimild til formanns og framkvæmdastjóra til að stofna einkahlutafélag með hlutafé frá EST. Tilgangur félagsins yrði sá að taka þátt í kaupum á þeim hlut sem rætt hafði verið um að EST myndi kaupa í Búnaðarbankanum. Hlutaféð yrði að öllu leyti í eigu EST. Keypt hlutafé yrði allt að fjárhæð allt að kr. 900.000.000 og skyldu kaupin fjármögnuð með eigin fé einkahlutafélagsins og lausafé frá EST. Lögð voru fram drög að bréfi frá Societé Generale til Kers hf. ódagsett og óundirritað. Ákveðið var að vísa þessu máli til formanns stjórnar og framkvæmdastjóra. Í framhaldi var svo samþykkt að veita framkvæmdastjóra EST heimild til að taka að láni 60% af kr. 400.000.000 fyrir félagið í því skyni að nota til kaupa á hlutafé í Búnaðarbankanum. Fyrir láninu væri honum heimilt að setja til trygginga hlutfé félagsins, hvort sem það yrði hlutafé í VÍS eða Búnaðarbankanum. Jafnframt var honum veitt heimild til að leggja það fram sem eigið fé og lánsfé til óstofnaðs einkahlutafélags í eigu EST ef sú aðferð yrði notuð við aðkomu félagsins að kaupum á hlutafé í Búnaðarbankanum. Að lokum var framkvæmdastjóra félagsins veitt heimild til að endurnýja lán í Búnaðarbankanum sem tekið var fyrir á árinu til kaupa á hlutafé í Keri hf.³⁹

Á stjórnarfundum þann 7. janúar 2003 var greint frá því að fulltrúar væntanlegra kaupenda hlutafjár í Búnaðarbankanum hefðu komið saman deginum áður til fundar um kaupin. Lögð voru fram gögn um fundarefni frá Búnaðarbanka, drög að hluthafasamkomulagi og drög að samkomulagi um skiptingu kostnaðar samin af Kristni Hallgrímssyni hrl. og að lokum drög að kaupsamningi frá 16. desember 2002 um hlutafé ríkisins í Búnaðarbankanum. Með tilvísun til samþykktar stjórnarmanna frá 5. desember 2002 um að binda heimild til kaups hlutafjár við kr. 900.000.000, samþykkti stjórnin að auka þá heimild hlutfallslega með öðrum kaupendum þannig að kaupverðið auk kr. 207.000.000 yrði skipt milli kaupenda. Heimildin frá 5. desember 2002 myndi því hækka sem næmi 7,5% af kr. 207.000.000. Enn var umboð til stjórnarformanns og framkvæmdastjóra endurnýjað vegna áframhaldandi viðræðna við aðra kaupendur hlutafjár ríkisins í Búnaðarbankanum og til samninga við einkavæðingarnefnd. Að lokum var greint frá tilkynningu Landsbankans um þá ákvörðun að nota sér rétt sinn til að selja EST 2,14% hlutafjár í VÍS samkvæmt samningi sem gerður var fyrir um haustið. Stjórnin veitti því framkvæmdastjóra EST heimild til að standa straum af þeim kaupum gegn veðsetningu hlutafjár.⁴⁰

Á stjórnarfundum þann 15. janúar 2003 voru lögð fram ný drög að kaupsamningi um hlutafé í Búnaðarbankanum. Framkvæmdastjórn félagsins taldi að í nýju drögunum hefði tekist að koma að athugasemdum félagsins við fyrri drög. Greindi hann einnig frá tengingu kaupverðs við USD og áhrif þess á endanlegt kaupverð. Samkvæmt því yrði kaupverð félagsins kr. 916.836.000. Samþykkti stjórnin drögin að kaupsamningnum og staðfesti jafnframt yfirlit yfir hlut félagsins í heildarkaupunum og þeim kostnaði sem lá fyrir. Þá veitti stjórnin framkvæmdastjóranum fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita kaupsamninginn fyrir hönd félagsins og jafnframt að ráðstafa greiðslum fyrir keypt hlutafé til seljanda. Einnig veitti

³⁹ Fundargerð stjórnarfundar 5. desember 2002.

⁴⁰ Fundargerð stjórnarfundar 7. janúar 2003.

stjórnin framkvæmdastjóranum fullt og ótakmarkað umboð til að semja um fyrir hönd félagsins og undirrita í þess nafni hluthafasamkomulag á milli allra kaupenda að hlutafé ríkisins í Búnaðarbankanum. Upplýst var á fundinum að Landsbankinn hefði tilkynnt félaginu að hann hygðist nýta sér rétt sinn frá samningi við félagið og fleiri frá árinu 2002 til að selja félaginu hlutafé í VÍS að nafnverði kr. 11.546.178 á gengi 26 fyrir kr. 300.200.626,-. Af þessu tilefni samþykkti stjórnin að leita eftir láni til að fjármagna fyrrgreind kaup hlutafjár af Landsbankanum. Var framkvæmdastjóra félagsins veitt heimild til að ganga frá þessari lántöku fyrir hönd og með nauðsynlegri veðsetningu hlutafjár í því sambandi. Samþykktu allir stjórnarmenn fundargerðina að því undanskildu að Eiríkur S. Jóhannsson kvaðst vilja sitja hjá varðandi afgreiðslu stjórnarinnar um kaup á hlutafé í Búnaðarbanka.⁴¹

Á stjórnarfundi þann 10. mars 2003 var rætt um sölu á hlutafé í Keri hf. og eftirfarandi tillaga lögð fram:

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga samþykkir að selja allan eignarhlut sinn í Keri hf., sem er 2,43% af heildarhlutafé í Keri hf. að nafnverði kr. 24.077.052 á gengi 12,0, sem er að söluverði 288.935.424 kr. Kaupandinn er Kaupþing-banki hf. Greitt er fyrir hlutinn í reiðufé.

Jafnframt var lögð fram á fundinum tillaga um gagnkvæman kauprétt á hlutafé í VÍS. Tillagan fjallaði um það að gera efnislega gagnkvæman kaupsamning um eftirfarandi atriði við Kaupþing-banka hf.:

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga heimilar framkvæmdastjóra félagsins að gera samning við Kaupþing hf. um kauprétt og sölurétt á hlutafé í Vátryggingafélagi Íslands hf., þar sem Samvinnutryggingum er veittur réttur (kaupréttur) til að kaupa af Kaupþingi hf. hlutafé í VÍS að nafnverði um kr. 10.800.000 og þar sem Kaupþingi hf. er veittur réttur (söluréttur) til að krefjast þess að Samvinnutryggingar kaupi af Kaupþingi hf. hlutafé í VÍS að nafnverði um kr. 10.800.000. Um er að ræða sömu hlutabréf og kauprétturinn nær til.

Ef Samvinnutryggingar nýta sér kauprétt sinn geta Samvinnutryggingar krafist þess að Kaupþing framselji til sín þann 10. desember 2003 hlutabréfin í VÍS á genginu 26 fyrir hverja krónu nafnverðs að viðbættum 9 mánaða REIBOR vöxtum og tveggja prósentustiga álagi sem reiknast af kaupverði Kaupþings á hlutabréfum í VÍS frá kaupum þangað til kaupréttur er nýttur (kaupréttargengi).

Ákveði Samvinnutryggingar að nýta sér kauprétt sinn ber Samvinnutryggingum að greiða Kaupþing um kr. 280.000.000 að viðbættum REIBOR vöxtum ásamt álagi eins og það er tilgreint hér að framan. Greiðsla skal eiga sér stað við afhendingu bréfanna.

Ef Kaupþing nýtir sér sölurétt sinn getur Kaupþing krafist þess að Samvinnutryggingar kaupi hlutabréfin í VÍS þann 10. desember 2003 á genginu 26 fyrir hverja krónu nafnverðs að viðbættum 9 mánaða REIBOR vöxtum og tveggja prósentustiga álagi sem reiknast af kaupverði Kaupþings á hlutabréfum í VÍS frá kaupum þangað til söluréttur er nýttur (söluréttargengi).

⁴¹ Fundargerð stjórnarfundar 15. janúar 2003.

Ákveði Kaupþing að nýta sér sölurétt sinn skv. samningi þessum ber Samvinnutryggingum að greiða til Kaupþings um kr. 280.000.000 að viðbættum REIBOR vöxtum og álagi eins og það er tilgreint hér að framan. Greiðsla skal eiga sér stað þann 10. desember 2003 og Kaupþingi ber að afhenda bréfin við greiðslu.

Eftir umræður voru báðar ofangreindar tillögur samþykktar samhljóða.⁴²

Á stjórnarfundum þann 14. mars sama ár var tilkynnt að kaup á hlutabréfum í VÍS af Landsbankanum hefðu verið framkvæmd. Kaupin voru fjármögnuð með lánsamningum við Landsbankann sem hafði verið með hagstæðasta tilboðið í útboði félagsins. Einnig var rætt um fyrirhuguð kaup hlutabréfa í Búnaðarbankanum. Fjármálaeftirlitið (FME) sendi Kristni Hallgrímssyni hrl. skilmála sem kaupendur að hlutabréfum ríkisins í Búnaðarbankanum þyrftu að uppfylla. Stjórnin ræddi um þessa skilmála og samþykkti þá í kjölfarið.⁴³

Á aðalfundi félagsins þann 8. maí sama ár rakti formaður stjórnar, Óskar H. Gunnarsson, þau helstu mál er komu til kasta stjórnarinnar á árinu 2002. Eftirfarandi fulltrúaráðsmenn sátu fundinn: Finnur Ingólfsson, Gunnlaugur Aðalbjörnsson, Jón Helgason, Jón Friðriksson, Óskar H. Gunnarsson, Hreiðar Karlsson, Björn Elísson, Elías H. Guðmundsson, Guðsteinn Einarsson, Sigurður Jóhannsson, Matthías Pétursson, Stefán Haraldsson, Guðmundur Valdimarsson og Ólafur Jensson.

Á fundinum kom fram að félagið hefði staðið að því að fá VÍS skráð í Kauphöll Íslands. Félagið hafði í samvinnu við aðra staðið að kaupum á hlut Landsbankans í VÍS og loks stóð félagið ásamt öðrum að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Þá kom fram að stjórnin hefði ákveðið að selja hlut sinn í Keri hf. sem félagið hafði keypt í árslok 2001. Einnig greindi hann frá þeirri ákvörðun Axels Gíslasonar, framkvæmdastjóra félagsins, að láta af störfum sem forstjóri VÍS þann 1. nóvember 2002 og að láta af störfum í LÍFÍS þann 1. maí 2003. Eiríkur S. Jóhannsson vék úr stjórn félagsins og Óskar H. Gunnarsson var endurkjörinn sem formaður stjórnar til tveggja ára. Einnig voru þeir Jón Sigurðsson og Benedikt Sigurðarson kjörnir meðstjórnendur til tveggja ára. Kjörnir varamenn voru þeir Guðsteinn Einarsson og Hermann Hansson.⁴⁴ Síðar sama dag var Þórólfur Gíslason kjörinn varaformaður af stjórn félagsins á stjórnarfundum.⁴⁵

Kynntur var á stjórnarfundum þann 20. júní 2003 samningur á milli Landsbankans og VÍS um sölu bankans á öllu hlutafé hans í LÍFÍS.⁴⁶

Þann 24. október sama ár var haldinn stjórnarfundur í EST. Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir hlutafjáreign félagsins. Þar kom fram að bókfært verð hlutafjáreignar félagsins væri kr.

⁴² Fundargerð stjórnarfundar 10. mars 2003.

⁴³ Fundargerð stjórnarfundar 14. mars 2003.

⁴⁴ Fundargerð aðalfundar 8. maí 2003.

⁴⁵ Fundargerð stjórnarfundar 8. maí 2003.

⁴⁶ Fundargerð stjórnarfundar 20. júní 2003.

2,746 milljarðar en að áætlað markaðsverð þeirra væri kr. 5,539 milljarðar. Á fundinum kom fram tillaga um að kaupa hlutafé fyrir kr. 5.000.000 af Softís hf. ef félaginu tækist að safna nýju hlutafé að lágmarki kr. 75.000.000. Tillagan var samþykkt samhljóða. Lagt var fram bréf frá Orf líftækni hf., dags. 20. október, þar sem EST var boðið að vera þátttakandi í hlutafjárútbóði á gengi 20,8. Lagði framkvæmdastjóri EST til að félagið myndi kaupa hlutafé fyrir allt að kr. 25.000.000 á gengi 20,0 eða að nafnverði kr. 1.250.000. Sú tillaga var einnig samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri EST lagði fram upplýsingar um Áskaup ehf. og kaup þess félags á hlutafé í Kaupási hf. af Fjárfestingarfélaginu Straumi. Kaup Áskaupa ehf. voru á 57,8% hlutafjár í Kaupási hf. á tæpa 2 milljarða. Þá voru lagðar fram ítarlegar upplýsingar um rekstur Kaupáss hf. á yfirstandandi ári, bæði uppgjör og áætlanir fyrir árið í heild. Samþykkt var samhljóða að kaupa hlutafé í Áskaupum ehf. fyrir allt að kr. 100.000.000 í því skyni að Áskaup ehf. myndu kaupa hlutafé í Kaupási hf. eins og að framan greinir. Jafnframt var ákveðið að veita formanni og framkvæmdastjóra EST heimild til viðbótarkaupna fyrir allt að kr. 50.000.000 ef sú staða kæmi upp að slík viðbótarkaup væru nauðsynleg m.t.t. hagsmuna félagsins.

Greint var frá kaupskyldu félagsins á síðari hluta kaupna þess á hlutafé í Kaupþingi Búnaðarbanka hf., sem áður var Búnaðarbanki Íslands hf. Yrði sú skylda virk þann 20. desember sama ár.

Framkvæmdastjóra félagsins var veitt heimild til að selja eftirfarandi hlutabréf í eigu þess: Landsbanka Íslands hf. kr. 4.975.124,- Kaupþing Búnaðarbanka hf. kr. 144.404,- Íslandsbanka kr. 3.960.396,- og í Kaldbaki hf. kr. 6.690.000,-.

Varðandi kaup hlutafjár EST í Softís hf., Orf líftækni hf. og í Áskaupum ehf. var samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að taka lán til kaupanna og til að setja hlutaféð að veði til tryggingar lánunum.

Á stjórnarfundum EST þann 29. desember sama ár var greint frá efndum félagsins á seinni hluta kaupsamnings við íslenska ríkið um hluti í Búnaðarbankanum (þá Kaupþingi-Búnaðarbanka hf.). Félagið hafði nú fullfnt samninginn og því orðið eigandi að þeim hlutum sem samningurinn náði til. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga um að kaupa hlutafé í Latabæ fyrir allt að kr. 15.000.000. Einnig var samþykkt að kaupa allt að 1,2% hlutafjár í VÍS á gengi 31,75 af Kaupþingi og var Axel Gíslasyni, framkvæmdstjóra, veitt heimild til að taka lán vegna kaupanna og að veðsetja hlutabréf í eign félagsins af þessu tilefni.⁴⁷

Helstu ráðstafanir á þessu tímabili voru því kaup félagsins í Búnaðarbanka af ríkinu, kaup félagsins á hlutabréfum í VÍS af Landsbankanum og kaup og sala hlutabréfa í Keri.

⁴⁷ Fundargerð stjórnarfundar 29. desember 2003.

3.2 Ráðstafanir og gerningar árin 2004-2005

Á stjórnarfundum í EST þann 19. janúar 2004 var greint frá væntanlegum kaupum á hlutafé í Skagstrendingi hf. Kaupandi var Fisk eignarhaldsfélag ehf. sem var að öllu leyti í eigu Skagfirðings hf. Landsbankinn hafði milligöngu um að koma á kaupsamningi milli seljanda og eignarhaldsfélagsins um allt hlutafé í Skagstrendingi hf. Kaupverð samningsins hljóðaði upp á 2,7 milljarða króna. Farið var fram á að EST myndi kaupa hlutafé Fisk eignarhaldsfélags fyrir allt að 180 milljónir króna í því skyni að fjármagna 1/6 af eiginfjárframlagi félagsins. Þá lýsti Þórólfur Gíslason, formaður stjórnar, því yfir að hann myndi ekki taka þátt í afgreiðslu málsins vegna tengsla sinna við Skagfirðing hf. Samþykkt var að kaupa hlutafé í Fisk eignarhaldsfélagi ehf. fyrir allt að 180 milljónir króna á gengi 1,0 með nokkrum fyrirvörum, sem ekki verða raktir frekar hér.⁴⁸

Á sama stjórnarfundum EST var samþykkt að kaupa hlutafé í KB Borgarnesi hf. fyrir 12 milljónir króna á genginu 2,5. Framkvæmdastjóra félagsins var veitt heimild til að taka lán fyrir ofangreindum hlutafjárkaupum og að veðsetja hlutafé félagsins í því skyni.⁴⁹

Á stjórnarfundum EST þann 2. febrúar 2004 var greint frá því sem gerst hafði frá síðasta stjórnarfundum. Á fundinum kom meðal annars fram að félagið hafði greitt fyrir keypt hlutafé í eignarhaldsfélaginu Fisk ehf. Á fundinum var samþykkt að kaupa hlutafé í Samkaupum hf. fyrir kr. 150.000.000 af Kaupfélagi Suðurnesja. Einnig var samþykkt að kaupa hlutafé í Norðlenska matborðinu ehf. fyrir allt að kr. 40.000.000, gegn því að Kaupfélag Eyfirðinga myndi ábyrgjast endurkaup hlutanna að 6 árum liðnum, ef EST óskaði þess. Var framkvæmdastjóra EST falið að ná fram samkomulagi við KEA þar að lútandi.⁵⁰

Á stjórnarfundum 24. maí sama ár voru kynnt fyrirhuguð kaup VÍS og fleiri á öllu hlutafé í Lyfju hf. Lögð var fram tillaga fyrir fundinn um að taka þátt í þessum kaupum með þeim hætti að leggja allt að kr. 200.000.000 fram í hlutafé í eignarhaldsfélagi með VÍS, sem væri þá í fyrirsvari fyrir kaupunum. Lagt var til að veita formanni félagsins og framkvæmdastjóra heimild til að ganga til þessara kaupa, en gert væri ráð fyrir að lögð yrði fyrir stjórnarmenn áreiðanleikakönnun áður en kaup myndu fara fram.⁵¹

Á stjórnarfundum EST þann 4. ágúst 2004 var greint frá fyrirhuguðu hlutafjárútbóði KB banka hf. og forgangsrétti EST til kaupa á nýju hlutafé í bankanum. Greindi framkvæmdastjóri félagsins frá því að Landsbankinn væri reiðubúinn að fjármagna fyrirhuguð hlutafjárkaup í KB banka hf. Fyrir stjórnina var lögð sú tillaga að keypt yrði hlutafé í bankanum fyrir um 500 milljónir króna, en þar að auki að félagið myndi skrifa sig fyrir allt að 100 milljónum króna

⁴⁸ Af fundargerðum má ráða að þessi viðskipti hafi komið til með þeim hætti að Fisk eignarhaldsfélag leitaði til EST um aðstoð við að fjármagna kaupin á Skagstrendingi hf., þ.e. fjárfestingu í Fisk eignarhaldsfélagi í formi aukins hlutafjár. EST er því óbeint að fjármagna kaupin í gegnum eignarhaldsfélagið Fisk ehf.

⁴⁹ Fundargerð stjórnarfundar 19. janúar 2004.

⁵⁰ Fundargerð stjórnarfundar 2. febrúar 2004.

⁵¹ Fundargerð stjórnarfundar 24. maí 2004.

að markaðsvirði í viðbót. Lánsfé yrði þó að vera tryggt áður en félagið myndi skrá sig fyrir þessum kaupum. Tillagan fékk samhljóða samþykki.

Á stjórnarfundum EST þann 21. október sama ár var lagður fram listi yfir hlutabréfakaup félagsins. Bókfært virði bréfanna nam tæpum 4 milljörðum króna en markaðsverð þeirra var um 11,5 milljarðar króna. Á fundinum var tekin ákvörðun um að kaupa hluti í Mentis Cura ehf. fyrir 10 milljónir króna og fyrir 5-10 milljónir króna í Intelscan örbylgjutækni ehf., en framkvæmdastjóri félagsins hafði lagt fram tillögur þess efnis fyrir stjórn félagsins. Einnig lagði hann fram tillögu um að EST kæmu að eignaraðild í Norðurskel ehf. með allt að 10 milljón króna hlutafjárþátttöku. Samþykkt var að veita framkvæmdastjóranum heimild til að skoða málið í samvinnu við Kaupfélag Eyfirðinga. Sótt var eftir 40 milljóna króna hlutafjárframlagi í heild og veitti stjórnin framkvæmdastjóra félagsins, Axel Gíslasyni, heimild til að skrifa EST fyrir allt að 10 milljóna króna framlagi ef málið gengi eftir í heild sinni.

Á sama stjórnarfundum var greint frá undirbúningi stofnunar félags sem myndi kaupa helming hlutafjár í Áburðarverksmiðjunni hf. Líklegir stofnendur voru Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Héraðsbúa og Kaupfélag Borgfirðinga, ásamt fleirum. Á fundinum voru reifaðar tillögur þess efnis að EST tæki einnig þátt í stofnun fyrrgreinds félags um kaup á hlutafé í Áburðarverksmiðjunni hf. Var formanni stjórnar og framkvæmdastjóra veitt heimild til að fylgjast með framgangi mála og taka þátt í hinu nýja félagi með allt að 50 milljón króna hlutafé að uppfylltum þeim skilyrðum sem þeir myndu telja nauðsynleg.

Eftirfarandi tillaga EST vegna VÍS var lögð fram á fundinum:

Stjórn félagsins samþykkir á fundi sínum í dag, fimmtudaginn 21. október 2004 að ganga til samninga um hluthafasamkomulag við neðangreinda hluthafa í Vátryggingafélagi Íslands hf.:

Við Eignarhaldsfélagið Andvöku, við Eignarhaldsfélagið Hesteyri og við Kaupþing Búnaðarbanka hf. Samanlögð hlutafjáreign aðila að samkomulaginu er nú um 87,31% alls hlutafjár í Vátryggingafélagi Íslands hf. Væntanlegt samkomulag mun byggja á eftirfarandi forsendum:

1. Að væntanlegir samningsaðilar komi sér saman um að stjórna og reka VÍS sem kjölfestufjárfestar, með það að markmiði að VÍS verði leiðandi fyrirtæki á sviði trygginga-, öryggis- og fjármálaþjónustu. Í viðskiptum VÍS við aðila samkomulagsins og tengda aðila skal ávallt tryggt að þau viðskipti séu með sambærilegum hætti og á milli óskyldra aðila.
2. Að væntanlegir samningsaðilar komi sér saman um að beita sér fyrir því, að stjórn VÍS óski eftir að félagið verði afskráð af tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands hið fyrsta. Í framhaldi af afskráningu af kauphöll verði öðrum hluthöfum í VÍS gert tilboð í kaup á þeirra hlutum á markaðsgengi eins og það var á hlutum í félaginu í lok dags í gær, 20. október 2004.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga samþykkir ofangreind atriði, sem verða þá efni fyrir greinds hluthafasamkomulags og veita Óskari Gunnarssyni stjórnarformanni félagsins umboð til að undirrita hluthafasamkomulagið fyrir hönd þess.

Var tillagan um hluthafasamkomulag stærstu eigenda í VÍS samþykkt samhljóða.⁵²

Þá lagði formaður stjórnar fram eftirfarandi tillögu:

Stjórn Ehf. Samvinnuþrygginga samþykki að ganga til samninga á grundvelli samningsdraga um kaup Ehf. Samvinnuþrygginga á 33,3% eignarhlut í Ehf. Hesteyri af Vátryggingafélagi Íslands hf. og greiða fyrir með hlutabréfum í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. Stjórnin samþykki umboð til stjórnarformanns Óskars H. Gunnarssonar að ganga frá samningi á grundvelli framlagðra samningsdraga.

Tillagan um kaup á þriðjungshlut í Hesteyri ehf. var samþykkt með eftirfarandi viðauka:

...enda verði jafnhliða gert samkomulag á milli eigenda Hesteyrar ehf. um meðferð atkvæða á hluthafafundum í VÍS og jafngilda stöðu eigenda við atkvæðagreiðslu.

Á stjórnarfundum EST þann 6. desember sama ár var lögð fram eftirfarandi tillaga sem hlaut samhljóða samþykki:

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga samþykkir á fundi sínum í dag, mánudaginn 6. desember 2004 að kaupa 24.159.845 hluti í Vátryggingafélagi Íslands hf. Seljandi er Samvinnulífeyrissjóðurinn og er sölugengi 49,0. Söluverð er 1.183.832.405 krónur.

Fyrir kaupin skal greiða í reiðufé og til að standa af straum af kaupunum samþykkir stjórnin að taka lán í banka með veði í nægilegum hluta af hlutafjáreign félagsins.

Framkvæmdastjóra félagsins, Axel Gíslasyni með kennitölu 010745-2849, er veitt fullt og ótakmarkað umboð til að ganga frá kaupum þessum og að undirrita lánssamning og veðsetningarheimild til lánveitanda, vegna ofangreindrar lántöku.⁵³

Á stjórnarfundinum var jafnframt tekin til umræðu samþykkt stjórnarinnar frá 21. október 2004 varðandi kaup félagsins á hlutum í Hesteyri ehf. af VÍS sem greiddir voru með hlutum í KB banka hf. Var ákveðið, í ljósi breyttra aðstæðna á hlutabréfamarkaði og einnig þar sem viðskipti höfðu ekki náð fram að ganga, að gengi á Hesteyri ehf. í viðskiptunum yrði 7,006725 og í KB banka hf. 450. Seldir hlutir í KB banka hf. yrðu því kr. 3.528.718 og í Hesteyri hf. kr. 228.500.000. Söluverð á hvorutveggja yrði því kr. 1.587.023.100. Á fundinum var einnig ákveðið að auka hlutafjárkaup í Orf líftækni ehf. um kr. 2.700.000. Þá var samþykkt að auka við fyrri heimild stjórnar félagsins til kaupa á hlutafé í Norðurskel úr 10 milljónum í 85 milljónir, að fengnum upplýsingum um félagið sem myndu berast stjórninni innan skamms.⁵⁴

Á stjórnarfundum EST þann 24. janúar 2005 var greint frá því að hluthafafundur í VÍS yrði þann 28. janúar. Samþykkt var að gera hluthafasamkomulag við aðra eigendur Hesteyrar

⁵² Fundargerð stjórnarfundar 21. október 2004.

⁵³ Fundargerð stjórnarfundar 6. desember 2004.

⁵⁴ Fundargerð stjórnarfundar 20. desember 2004.

ehf.⁵⁵ áður en til atkvæðagreiðslu á hluthafafundi kæmi. Ef samkomulagið myndi ganga eftir og það hlyti staðfestingu stjórnarinnar, þá myndi stjórnin samþykkja að standa að 105 milljónum króna hlutafjárúknungu í VÍS á hluthafafundinum og falla frá forgangsrétti félagsins að hinu nýja hlutafé. Lagt var fram bréf FME varðandi eignaraðild EST að VÍS í gegnum Hesteyri ehf. og Gæfu ehf. Með bréfinu samþykkti FME kaup á hlutafé í Hesteyri ehf. Greint var frá vinnu starfsmanna VÍS við að undirbúa hluthafasamkomulag fyrir hönd aðila í því skyni að greiða úr málum gagnvart eftirlitinu.⁵⁶

Á stjórnarfundi þann 27. janúar sama ár var lagt fyrir skjal með minnispunktum varðandi fyrirhugaðan hluthafafund í VÍS þann 28. janúar. Eftir umræðu var samþykkt að láta fara fram nokkrar breytingar á skjalinu og leita eftir samþykki annarra eigenda að hlutum í Hesteyri ehf. Var Kristni Hallgrímssyni falið að gera þessar breytingar og að skjalið gengi síðan á milli forsvarsmanna eigenda Hesteyrar ehf. næsta dag til samþykktar. Yrði þá fram komið samkomulag eigendanna fyrir hluthafafund VÍS.⁵⁷ Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort tillagan var samþykkt eins og lagt var til við aðra hluthafa eða hvaða atriðum var breytt.

Samþykkt var á stjórnarfundi þann 6. apríl sama ár að leggja til að Sigurður Markússon færi í stjórn Hesteyrar ehf. og að Axel Gíslason yrði kjörinn þar til vara. Samþykkt var einnig að selja helming hluta félagsins í Kaupþingi banka hf. og að andvirðið yrði notað til lækkunar á erlendum skuldum þess.⁵⁸

Aðalfundur EST var haldinn þann 26. maí 2005. Eftirtaldir fulltrúaráðsmenn sátu fundinn: Guðsteinn Einarsson, Ingi Már Aðalsteinsson, Óskar H. Gunnarsson, Björn Elíson, Drífa Hjartardóttir, Finnur Ingólfsson, Haukur Halldórsson, Helgi S. Guðmundsson, Ingólfur Ásgeirsson, Karl Stefánsson, Guðmundur Valdimarsson, Hreiðar Karlsson, Jón E. Friðriksson, Sæmundur Runólfsson, Helgi Jóhannesson, Örn Hlöðversson, Sigurjón Rúnar Rafnsson, Þröstur Karlsson, Tryggi Guðmundsson, Guðlaugur Aðalbjarnarson og Karl Hermannsson. Í fulltrúaráð félagsins voru eftirfarandi aðilar kjörnir: Jón E. Friðriksson, Guðmundur Elíasson, Hreiðar Karlsson, Guðmundur Valdimarsson, Karl Hermannsson og Sæmundur Runólfsson.⁵⁹ Óskar H. Gunnarsson, Benedikt Sigurðarson og Guðsteinn Einarsson voru allir endurkjörnir í stjórn félagsins. Ólafur Friðriksson, Helgi S. Guðmundsson og Gunnlaugur Aðalbjarnarson voru kjörnir varamenn í stjórn. Á stjórnarfundi sem haldinn var sama dag og aðalfundurinn var svo Óskar H. Gunnarsson kjörinn formaður stjórnar félagsins og Þórólfur Gíslason varaformaður.⁶⁰

⁵⁵ Samkvæmt árslutareikningi eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. frá 20. janúar 2004 voru eigendur þess Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Skinney-Þinganes hf. og VÍS hf. hvert um sig að 1/3 hluta. Helstu eignir þess voru hlutir í VÍS og Skinney-Þinganesi hf.

⁵⁶ Fundargerð stjórnarfundar 24. janúar 2005

⁵⁷ Fundargerð stjórnarfundar 27. janúar 2005.

⁵⁸ Fundargerð stjórnarfundar

⁵⁹ Fundargerð aðalfundar 26. maí 2005.

⁶⁰ Fundargerð stjórnarfundar 26. maí 2005.

Á aðalfundinum voru ekki teknar neinar ákvarðanir varðandi fjárfestingar og/eða aðrar ráðstafanir félagsins. Formaður stjórnar félagsins, Þórólfur Gíslason, greindi frá því að hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2005 hafi numið 3.010 milljónum króna fyrir skatta, en 2.844 milljónum króna eftir skatta. Í árslok var 25,38% heildarhlutfjár í VÍS í eigu Samvinnutrygginga g.t. en að auki ætti félagið óbeinan eignarhlut í VÍS í gegnum Hesteyri ehf. Framkvæmdastjóri félagsins, Axel Gíslason, greindi frá því að þrátt fyrir að félaginu hafi vegnað vel á árinu þá væri ekki nægjanlega mikil áhættudreifing hjá því og að þó nokkur gengisáhætta hafa skapast með aukinni lántöku félagsins í erlendum myntum.

Á stjórnarfundum þann 25. júlí sama ár var greint frá væntanlegum hlutfjárkaupum í Fóðurlöndunni hf. Sigurjón R. Rafnsson frá Kaupfélagi Skagfirðinga greindi frá málefnum sem vörðuðu kaup á hlutfé í Fóðurlöndunni hf. Leitaði hann eftir samþykki stjórnar á kaupum á Bústólpa, sem var að öllu leyti í eigu Fóðurlöndunnar hf. Eigandi Fóðurlöndunnar hf. var hins vegar Lýsi hf. Greindi hann frá því að gerður hefði verið kaupsamningur um allt hlutfé í Fóðurlöndunni hf. með fyrirvara um samþykki stjórnar. Gerði Sigurjón ítarlega grein fyrir eignum Fóðurlöndunnar hf. og rekstri. Kaupandi væri Eyjafóður ehf. Kaupverð Bústólpa var kr. 400.000.000 og kaupverð Fóðurlöndunnar hf. kr. 1.230.000.000. en vegna frádráttarliða sem næmu rúmlega kr. 500.000.000 myndi nettó kaupverð nema rúmlega kr. 1.100.000.000 til seljanda. Fram kom hjá Sigurjóni að stefnt væri að samstarfi Fóðurlöndunnar hf., Bústólpa hf., Áburðarverksmiðjunnar hf. og Vallhólma hf. Þá kom einnig fram hjá honum að áreiðanleikakönnun hefði farið fram á Fóðurlöndunni hf. og hjá Bústólpa hf. Fyrir lá tillaga um að kaupa hlutfé í Eyjafæti ehf. fyrir allt að kr. 100.000.000 í því skyni að fjármagna kaup Eyjafótar ehf. á öllu hlutfé í Fóðurlöndunni hf. og Bústólpa á Akureyri. Ef af kaupum yrði myndi fjölga í stjórnnum félaganna úr þremur mönnum í fimm menn og forkaupsréttur hluthafa í fölu hlutfé settur á. Samþykkt var framlögð tillaga að því tilskyldu að hluthafar myndu gera með sér samkomulag um sameiginlegan sölurétt.

Á stjórnarfundum þann 30. september lagði Axel Gíslason fram tillögu sína um kaup félagsins á hlutum í Orf líftækni ehf. að nafnverði kr. 2.500.000 á genginu 10,0. Í fundargerð stjórnarfundar kemur fram að kaupin yrðu háð því að það takist að selja hluti í Orf líftækni fyrir að minnsta kosti kr. 200.000.000 fyrir árslok 2005. Tillagan var samþykkt samhljóða. Einnig var samþykkt að gera athugun á því að kaupa stofnfé í SPRON og afleiðingum þess í ljósi eignarhalds EST að hlutum í VÍS, sem átti þar stofnfé fyrir. Loks var rætt um fjárfestingarstefnu og eignarhald EST.⁶¹

Á stjórnarfundum þann 10. nóvember mætti Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, og kynnti fyrirleggjandi tillögur innan VÍS, en þær fólust í breyttu skipulagi félagsins og nýjum markmiðum og framtíðarsýn. Sú hugmynd sem lá fyrir gerði ráð fyrir að stofnað yrði móðurfélag með dótturfélög í váttryggingum, fjármálastarfsemi og öryggisþjónustu. Var

⁶¹ Fundargerð stjórnarfundar 30. september 2005.

stjórnarformanni og framkvæmdastjóra falið að leita eftir endurnýjun á hluthafasamkomulagi EST og Hesteyrar ehf. um meðferð eignarhluta í VÍS. Jafnframt yrði leitað eftir staðfestingu á því hvort hættu væri á að eignarréttarávinnsla í EST myndi raskast við þessa breytingu á skipulagi VÍS. Að lokum gerði stjórnin grein fyrir því að hún myndi taka málið til fullnaðarafgreiðslu að þessum gögnum fengnum. Á sama fundi var ákveðið, eftir athugun í kjölfar síðasta fundar, að kaupa allt að 1000 hluti af stofnfé SPRON. Jafnframt veitti stjórnin framkvæmdastjóra félagsins heimild til lántöku og veðsetningu bréfanna.⁶²

Á dagskrá stjórnarfundar EST þann 23. nóvember sama ár voru tillögur um breytingar á starfsskipulagi VÍS og hlutabréfaskipti. Engar ákvarðanir um þetta voru teknar á fundinum.⁶³

Á stjórnarfundum EST 29. nóvember sama ár var tekið til umræðu starfsskipulag VÍS og hlutabréfaskipti EST á hlutum í félaginu. Á fundinum var sérstaklega rætt um hluthafasamkomulag milli stærstu hluthafa VÍS og hluthafasamkomulag milli hluthafa Hesteyrar ehf. Á fundinum var lagt til að hluthafar Hesteyrar ehf. fengju forkaupsrétt ef VÍS hygði á sölu á hlutum í félaginu og að felld yrði á brott grein samkomulagsins um heimild EST til að selja Andvöku tiltekið magn af hlutum sínum í Hesteyri ehf. Varðandi afgreiðslu skipulagsáætlunar VÍS var ákveðið að samþykkja hana ekki fyrr en hlutabréfaskiptum Andvöku og VÍS á bréfum í VÍS og LÍFÍS lyki. Samþykkt var að leita eftir lögfræðialiti um það hvort samkomulag hluthafahóps Hesteyrar ehf. væri þannig saman sett að yrði af undirritun þess af hálfu eigenda Hesteyrar ehf. þá væri það tilkynningarskylt.⁶⁴

Á stjórnarfundum EST þann 12. desember sama ár var lagt fram bréf FME um að eftirlitið gerði engar athugasemdir við stöðu EST varðandi skipulagsbreytingu VÍS. Leitað var álits Jóhannesar Sigurðssonar hrl. varðandi skipulagsbreytingu hjá VÍS. Þótti honum að rétt væri að forkaupsréttur hluthafa í væntanlegum dótturfélögum VÍS samstæðunnar væri með þeim hætti að fyrst yrði forkaupsréttur virkur til móðurfélagsins og síðan til annarra eigenda VÍS. Samþykkti stjórnin þessar skipulagsbreytingar sem kynntar höfðu verið VÍS.⁶⁵

Samþykkt var á stjórnarfundum EST þann 3. maí 2006 að auka við hlut félagsins í Mentis Cura fyrir allt að kr. 5.000.000 af nýju hlutafé. Þá var tekið fyrir erindi sem hafði borist frá Kaupfélagi Héraðsbúa um hugsanlega þátttöku EST í kaupum kaupfélagsins á fasteignum á Höfn í Hornafirði. Var framkvæmdastjóra EST veitt heimild til kaupa fyrir allt að kr. 35-45.000.000. Framkvæmdastjóra félagsins var einnig veitt heimild til að ganga til samninga um sölu hluta EST í Fisk eignarhaldsfélagi ehf.⁶⁶

Á aðalfundi EST 3. maí sama ár var kosið í stjórn félagsins og fulltrúaráð. Í stjórn voru endurkjörnir þeir Þórólfur Gíslason og Ólafur Friðriksson til tveggja ára og Helgi S.

⁶² Fundargerð stjórnarfundar 10. nóvember 2005.

⁶³ Fundargerð stjórnarfundar 23. nóvember 2005.

⁶⁴ Fundargerð stjórnarfundar 29. nóvember 2005.

⁶⁵ Fundargerð stjórnarfundar 12. desember 2005.

⁶⁶ Fundargerð stjórnarfundar 3. maí 2006.

Guðmundsson til eins árs. Þá voru eftirtaldir aðilar kjörnir til að vera varamenn í stjórn til eins árs: Sigurjón R. Rafnsson, Gunnlaugur Aðalbjarnarson og Guðjón Stefánsson. Í fulltrúaráð félagsins voru eftirtaldir einstaklingar endurkjörnir: Drífa Kjartansdóttir, Finnur Ingólfsson, Haukur Halldórsson, Helgi S. Guðmundsson, Ingólfur Ásgrímsson og Karl Stefánsson. Eftirtaldir voru svo kjörnir varamenn í fulltrúaráði: Sigurjón Rúnar Rafnsson, Orri Hlöðversson, Tryggvi Guðmundsson, Sigurður Baldursson, Þröstur Karlsson og Björn Friðþjófsson.⁶⁷

Á þeim stjórnarfundi sem haldinn var eftir aðalfundinn, þann 26. maí, var Þórólfur Gíslason kosinn formaður stjórnar og Ólafur Friðriksson varaformaður stjórnar.⁶⁸

Helstu ráðstafanir sem gerðar voru á tímabili 2004-2005 voru því kaup hluta í eignarhaldsfélaginu Fiski ehf. og einnig kaup á hlutum í Norðlenska matborðinu ehf., Lyfju hf. og í Samkaupum. Þá komu fram tillögur um kaup á nýju hlutafé í KB banka og í félagi um kaup á hlutafé í Áburðarverksmiðjunni sem virðist hafa gengið eftir. Þá var keyptur 1/3 hluti í Hesteyri af VÍS og hlutir keyptir af samvinnulífeyrissjóðinum í VÍS. Loks var gert ráð fyrir kaupum í Eyjafæti ehf. sem stefndi að kaupum á Fóðurblöndunni hf. og Bústólpa hf.

3.3 Ráðstafanir og gerningar árið 2006

Hér verður gefið yfirlit um helstu ráðstafanir og gerninga árið 2006 og þær flokkaðar til frekari skýringar.

3.3.1 Viðskipti Exista og EST

Á stjórnarfundi EST þann 26. maí 2006 greindi formaður EST frá viðræðum sínum og Finns Ingólfssonar við Lýð Guðmundsson hjá Exista hf. um væntanlega skráningu Exista á markað.⁶⁹ Í kjölfarið var svo greint frá kauptilboði Exista hf. um að félagið myndi kaupa alla hluti EST í VÍS eignarhaldsfélagi hf. Sem gagngjald fyrir hlutina voru boðnir hlutir í Exista hf. að nafnverði kr. 3.708.413,- fyrir hverja krónu hlutafjár í VÍS-eignarhaldsfélagi hf.

Að loknum umræðum á stjórnarfundi EST þann 30. maí 2006 samþykkti stjórnin samhljóða eftirfarandi bókun:

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga samþykkir fyrir sitt leyti kauptilboð Exista ehf. dags. 30. maí 2006 um alla hluti félagsins í VÍS-eignarhaldsfélagi hf. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra er veitt ótakmarkað umboð til þess að samþykkja kauptilboðið f.h. félagsins og jafnframt umboð til annarra nauðsynlegra gjörninga sem af viðskiptunum leiða.

Stjórn Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga gerir framangreinda samþykkt í trausti þess að stjórnir Eignarhaldsfélagsins Andvöku og Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. samþykki kauptilboðið fyrir

⁶⁷ Fundargerð aðalfundar 3. maí 2006.

⁶⁸ Fundargerð stjórnarfundar 26. maí 2006.

⁶⁹ Fundargerð stjórnarfundar 26. maí 2006.

sína parta. Jafnframt er stjórnarformanni/framkvæmdastjóra veitt umboð til þess að undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu hluthafa Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf., þar sem lýst er yfir að hluthafarnir leiti sameiginlega leiða til þess að hlutir þeir sem Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. eignast í Exista ehf. verði komið hlutfallslega fyrir í eigu hluthafanna.⁷⁰

Í kjölfar framangreindra viðskipta um hluti í Exista hf. sem gagngjald fyrir sölu á hlutum í VÍS rakti formaður stjórnar EST þær breytingar sem hefðu orðið á félaginu með sölunni. Bar þar hæst að nú mætti búast við auknu frjálsræði félagsins til fjárfestinga og að nú væri andvirði eigin fjár EST á milli 21 og 25 milljarðar króna en hafi fyrir viðskiptin verið um 5,5 milljarðar króna.⁷¹

Samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerðum stjórnarfunda og aðalfunda/fulltrúaráðsfunda EST var tillaga um sölu á hlutum í VÍS ekki borin undir fulltrúaráð félagsins.

3.3.2 Kaup EST á hlutafé í Landsbankanum og Kaupþingi banka

Á stjórnarfundi EST þann 22. september 2006 samþykkti stjórn félagsins samhljóða kaup á hlutafé í Landsbanka Íslands hf. fyrir allt að 4 milljarða króna og í Kaupþingi banka hf. fyrir allt að 1 milljarð króna. Til að fjármagna kaupin heimilaði stjórnin lántöku nægilega háa hjá Landsbanka Íslands hf. eða annarri lánastofnun og þar með að setja að veði hið keypta hlutafé, en að auki hluti í Exista hf. að því er til þurfti. Var á sama fundi samþykkt að taka lán hjá Landsbanka Íslands hf. eða annarri lánastofnun fyrir allt að 5 milljarða króna og með lánsamningi til a.m.k. 6 mánaða fyrst um sinn. Lánið gæti hvort sem er verið tekið í íslenskum krónum eða í erlendri mynt. Til tryggingar láninu samþykkti stjórnin að setja að veði nægilega mikið hlutafé í Landbanka Íslands hf., Kaupþingi banka hf. og í Exista hf.

Ekki liggur fyrir samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerðum hvort þessi viðskipti hafa verið borin undir fulltrúaráð félagsins.

3.3.3 Kaup EST (Langflugs ehf.) á hlutum í Icelandair Group

Á stjórnarfundi EST þann 25. september 2006 var samþykkt heimild til þess að félagið stæði að stofnun einkahlutafélags í því skyni að það félag myndi kaupa af Glitni hf. hluti í Icelandair Group hf. (IG) fyrir allt að 8 milljarða króna. Félagið yrði með 4 milljarða eiginfjár framlag. Haft var símasamband við Axel Gíslason framkvæmdastjóra EST sem þá var staddur erlendis og honum greint frá málinu og niðurstöðum fundarins. Var einnig samþykkt tillaga um að tilnefna þrjá menn til að skipa stjórn einkahlutafélagsins sem stofnað yrði, þá Finn Ingólfsson, Helga S. Guðmundsson og Ólaf Friðriksson.

Á stjórnarfundi EST þann 5. október 2006 samþykkti stjórn EST að koma að fjárfestingu félagsins í hlutafé Icelandair Group hf., sem rætt hafði verið á stjórnarfundi 25. september

⁷⁰ Fundargerð stjórnarfundar 30. maí 2006.

⁷¹ Fundargerð stjórnarfundar 14. september 2006. Þarna er sennilega vísað til þess að miklar breytingar höfðu orðið á gengi hlutabréfa í Exista á tímabilinu.

sama ár, en þar sem sú fjárfesting gæti verið áhættusöm þá skyldi tryggja eftirfarandi samningsmarkmið og fyrirvara við samningsgerðina;

- a) Rekstrarvirði IG verði metið á a.m.k. 43 milljarða króna. Eigið fé nýs eignarhaldsfélags sem kaupir allt hlutfé IG verði a.m.k. 27 milljarðar króna, m.a. með hliðsjón af framangreindu rekstarvirði IG og skuldsetningu félaganna. Þar af skal hlutur eignarhaldsfélags sem EST á aðild ásamt öðrum meðfjárfestum vera a.m.k. 8 milljarðar króna, en hugsanlega með aukningarheimild til að ná 34% eignarhlut í IG.
- b) Ábyrgð EST skal bundin við óstofnað eignarhaldsfélag þess og annarra meðfjárfesta. Eiginfjárframlag EST skal vera að hámarki fjórir milljarðar króna.
- c) Niðurstaða áreiðanleikakönnunar skal liggja fyrir í síðasta lagi 24. október 2006, til staðfestingar á þegar fengnum upplýsingum.
- d) Þátttaka lykilstjórnenda í fjárfestingu í IG skal nema a.m.k. 1-2 milljörðum króna.
- e) Sameiningu skuldsetts eignarhaldsfélags um allt hlutfé skal lokið fyrir skráningu hluta í IG í Kauphöll Íslands.
- f) Glitnir hf. skal skuldbinda sig til þess að halda eftir 20% hlutfjár í IG, með sérstöku hluthafasamkomulagi við óstofnað eignarhaldsfélag EST, þar til hlutir IG verða skráðir í Kauphöll Íslands.

Framkvæmdastjóri EST var fjarverandi á fundinum. Kristni Hallgrímssyni hrl., var veitt heimild til að stofna strax eignarhaldsfélag fyrir EST til að standa að fjárfestingunni.

Langflug ehf. var upphaflega stofnað sem einkahlutafélagið Höður ehf. EST keypti alla hluti í Heði 5. október 2006 en þá var enginn rekstur í félaginu. Langflug var því í eigu EST og því dótturfélag þess. Á aðalfundi í félaginu 5. október 2006 var nafni félagsins breytt í Langflug ehf. og þeir Finnur Ingólfsson, Guðsteinn Einarsson og Helgi S. Guðmundsson kosnir í stjórn. Tilgangur félagsins var kaup og sala hlutabréfa eingarhald á hlutabréfum, kaup og sala fasteigna, eingarhald og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Með bréfi 24. ágúst 2007 til hlutafélagaskrár var tilkynnt að samkvæmt ákvöðun fulltrúaráðsfundar EST frá 15. júní 2007 væri Gift fjárfestingarfélag ehf. orðið eigandi allra hluta EST í Langflugi ehf.

Endanlegur kaupsamningur um kaup á 29,6% hlut í IG var samþykktur á stjórnarfundi EST þann 6. október sama ár, þar sem kaupandi var Langflug ehf. Öllum þeim fyrirvörum sem stjórn EST setti sérstaklega fyrir aðkomu sinni að undirritun kaupsamningsins var jafnframt rutt úr vegi.

3.3.4 Sala EST í Langflugi ehf. til ýmissa aðila

Á stjórnarfundi EST þann 23. október 2006 var greint frá því að samningur milli Langflugs ehf. og Glitnis hf. lægi fyrir. Þá var samþykkt að selja félagi á vegum Glitnis hf. og Finns Ingólfssonar hluta af hlutfé EST í Langflugi ehf., allt að einum milljarði króna. Jafnframt veitti stjórnin heimild til sölu á hlutum EST í Langflugi ehf. til félags á vegum Kristins Hallgrímssonar hrl. og Jóhanns Magnússonar allt að 200 milljónum króna og félagi á vegum Finns Ingólfssonar fyrir allt að 100 milljónum króna en ekki kom til þeirra viðskipta. Tekið

var fram að gagnkvæmur kaup- og söluréttur væri á helmingi þess hlutfjár (1 milljarði króna) sem til stæði að selja félagi á vegum Glitnis og Finns Ingólfssonar.

Forsenda kaupanna var að Langflug ehf. myndi greiða þann kostnað sem á hefði fallið við stofnun Langflugs ehf. og kaupin á hlutfé í IG. Í fundargerðum stjórnarfundar kemur ekki fram hvaða kostnað er nákvæmlega átt við en leiða má að því líkur að þar hafi verið átt við óbeinan stofn- og ráðgjafakostnað. Þá var samþykkt að veita Axel Gíslasyni f.h. EST heimild til að veita bankastofnun skilyrta ábyrgð að fjárhæð allt að einum milljarði króna vegna væntanlegrar lántöku Langflugs ehf. hjá bankastofnuninni, gegn eðlilegri þóknun til EST. Væntanlegt lán Langflugs ehf. var áætlað allt að 5 milljarðar króna. Ábyrgðin yrði takmörkuð með þeim hætti að ef reyna myndi á hana, þá félli samsvarandi hlutfé í Langflugi ehf. til EST nema aðrar ásættanlegar tryggingar lægju fyrir frá kaupendum í upphafi. Allir ofangreindir liðir voru samþykktir samhljóða.

Þá var á fundinum lagður fram endurnýjaður samningur á milli Langflugs ehf. og Glitnis hf. með nýrri endurnýjaðri ábyrgðaryfirlýsingu EST á því að tryggja framlag á 4 milljörðum króna í Langflugi ehf. í hlutfé. Samþykkt var að taka lán hjá innlendum banka fyrir 4 milljörðum króna vegna tryggingar eigin fjár Langflugs ehf. Lánið yrði í íslenskum krónum að hluta og að hluta í körfu erlendra gjaldmiðla. Lánið yrði tekið til eins árs hið skemmsta en með heimild til uppgreiðslu að hluta eða að öllu leyti á lánstímanum. Til tryggingar láninu samþykkti stjórnin að setja að veði hlutfé félagsins í Exista hf. og Landsbanka Íslands hf. að svo miklu marki sem nauðsynlegt kynni að verða.⁷²

Á stjórnarfundum EST þann 24. október var greint frá því að Langflugi ehf. stæði ekki til boða nauðsynlegt lánsfé að fjárhæð 5 milljarðar króna frá Landsbanka Íslands hf. til að tryggja greiðslu hlutfjárloforðs Langflugs ehf. til IG umfram 4 milljarða kr. eiginfjárframlag EST til félagsins, nema að EST myndi gangast í ábyrgð gagnvart bankanum fyrir allt að 1 milljarði króna ef veðsetningarhlutfall bankans í hlutfé Langflugs ehf. í Icelandair Group hr. færi upp fyrir 67%. Að auki var það krafa bankans að hlutfé Langflugs ehf. yrði aukið um 500 milljónir til viðbótar við eiginfjárframlag EST til félagsins fyrir næstu áramót, eða að lán Langflugs ehf. við bankann yrði greitt niður um sömu fjárhæð fyrir sama tímamark. Vegna „tímaþröngs“ samþykkti stjórn EST samhljóða að auk 4 milljarða króna eiginfjárframlag félagsins til Langflugs ehf., að þá yrði framkvæmdastjóra EST veitt heimild til þess að undirrita ábyrgðarskuldbindingu fyrir allt að 1 milljarði fyrir Langflug ehf. að sama efni og lýst var hér að framan. Framkvæmdastjóra var einnig falið að boða til hluthafafundar í Langflugi ehf. þannig að hagsmunir EST gagnvart öðrum væntanlegum hluthöfum í Langflugi ehf. yrðu tryggðir til að breyta ábyrgðarfjárhæðinni, ef á reyndi, í hluti í Langflugi ehf. Á fundinum var það skilningur stjórnar EST að 500 milljóna króna aukið

⁷² Fundargerð stjórnarfundar 23. október 2006.

eiginfjárframlag til Langflugs ehf. yrði að greiðast af nýjum væntanlegum hluthöfum félagsins.⁷³

3.3.5 Kaup EST (Lönguskerja ehf.) á hlutum í Straumi- Burðaráss hf.

Formaður stjórnar, Þórólfur Gíslason, gerði þann 7. desember 2006 grein fyrir óformlegum viðræðum forsvarsmanna Landsbankans við hann, Finn Ingólfsson og Sigurjón Rafnsson um möguleika þess að EST kæmi að hugsanlegri fjárfestingu í tengslum við umbreytingu á Straumi – Burðarás og Landsbankanum. Samþykkt var að hefja undirbúning á stofnun einkahlutafélags í eigu EST og tilnefnt var í stjórn þess félags.⁷⁴

Drög að samningi á milli EST, f.h. óstofnaðs einkahlutafélags (Lönguskerja ehf.), og Straums- Burðaráss hf. um kaup á hlutum í Straumi voru lögð fram á stjórnarfund 12. desember 2006. Ákveðið var að Löngusker ehf. yrðu að öllu leyti í eigu EST. Samningurinn var samþykktur samhljóða en kaupin hljóðuðu upp á 7 milljarða króna sem næmu 3,75% alls hlutafjár í Straumi- Burðarási hf. Að lokum samþykkti stjórnin að leggja fram sem hlutafé í Lönguskerjum ehf. 3,5 milljarða króna og að veita félaginu allt að 3,5 milljarða króna ábyrgð á veðsetningarhlutfalli við lántöku Lönguskerja ehf. hjá Glitni vegna kaupanna.⁷⁵

3.3.6 Kaup EST á hlutafé í Glitni hf. o. fl.

Á stjórnarfund EST þann 27. september 2006 var samþykkt samhljóða að kaupa hlutafé í Glitni fyrir 1 milljarð króna og fjármagna með því að taka nægilega hátt lán hjá Glitni hf. eða annarri lánastofnun og þar með setja að veði hið keypta hlutafé, en að auki hluti í Exista hf. að svo miklu marki sem um semdist við bankann.

Á stjórnarfund EST þann 9. nóvember sama ár var meðal annars samþykkt að veita Axel Gíslasyni, framkvæmdastjóra EST, heimild til að skrá félagið fyrir auknu hlutafé í Mentis Cura fyrir 5 milljónir og í Norðurskel í Hrísey fyrir 10 milljónir.

Þann 23. nóvember sama ár var samþykktur starfslokasamningur Axels sem lagður hafði verið fyrir stjórnina á fundi þess 6. október.⁷⁶

Á stjórnarfund EST þann 7. desember 2006 greindi framkvæmdastjór frá lántöku félagsins hjá Landsbanka Íslands hf. að fjárhæð 30 milljónir króna til að greiða vexti af láni hjá Glitni banka hf.

⁷³ Fundargerð stjórnarfundar 24. október 2006, sbr. einnig fundargerð hluthafafundar í Langflugi ehf. 24. október 2006 þar sem fyrrgreint mál var tkeið fyrir.

⁷⁴ Fundargerð stjórnarfundar 7. desember 2006.

⁷⁵ Fundargerð stjórnarfundar 12. desember 2006.

⁷⁶ Fundargerð stjórnarfundar 9. nóvember 2006.

3.3.7 Hesteyri og fjárfestingarfélagið EST ehf. (FEST)

Eins og nánar greinir í kafla 3.2 keypti EST þriðjungshlut í eignarhaldfélaginu Hesteyri ehf. en það félag átti m.a. hluti í Vátryggingafélagi Íslands. Aðrir eigendur voru FISK Seafood hf. og Skinney-Þinganes hf. Í ársbyrjun 2006 sátu eftirtaldir í stjórn Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf.: Jón Eðvald Friðriksson, formaður stjórnar, Aðalsteinn Ingólfsson, meðstjórnandi og Sigurður Markússon, meðstjórnandi. Varamenn voru Axel Gíslason, Gunnar Ásgeirsson og Sigurjón Rúnar Rafnsson.

Tilgangur félagsins voru kaup, sala og rekstur fasteigna, eignarhald í öðrum félögum, umboðs- og umsýslustarfsemi og annar skyldur rekstur. Helstur eignir í ársbyrjun 2006 voru 25,1% hlutur í VÍS, 16,3% eignarhlutur í Skinney-Þinganes og handbært fé. Eignarhlutir voru jafnir þ.e. Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, Skinney-Þinganes og FISK-Seafood áttur hver sinn þriðjung.

Í lok maí 2006 ákvað stjórn félagsins að taka kauptilboði Exista ehf. í alla hluti félagsins í VÍS eignarhaldsfélagi og taka sem gagngjald fyrir hluti í Exista ehf., sem síðar voru seldir.

Síðar á árinu 2006 ákváðu eignaraðilar að skipta félaginu upp og miðaðist skiptingin við 31. ágúst 2006. Öllum eignum, skuldum og skuldbindingum var skipt á milli eignaraðila að öðru leyti en því að 16,3% eignarhlutur Hesteyrar í Skinney-Þinganes varð áfram í sameiginlegri eigu sömu aðila í sérstöku félagi (Skarðsfjörður ehf.)

Þann 5. desember 2006 var kjörin ný stjórn í Eignarhaldsfélaginu Hesteyri en í henni sátu Jón Eðvald Friðriksson, formaður stjórnar, Stefán Guðmundsson, meðstjórnandi og Ólafur Kr. Sigmarsson, meðstjórnandi. Þegar þarna er komið sögu var Hesteyri í 100% eigu FISK-Seafood hf. og helstu verkefni á árunum 2007 og 2008 var ávöxtun fjár.

Fjárfestingarfélagið EST ehf. (FEST) féll í skaut Samvinnutrygginga við uppskiptinguna 31. ágúst 2006 og varð félagið við það í 100% eigu Samvinnutrygginga og í dag er félagið 100% eign Giftar. Eigið fé Fjárfestingarfélagsins EST ehf. við uppskiptinguna var bókfært á 1.834 millj. kr. Starfsemi félagsins fólst í að ávaxta eignir þess, greiða skuldir og skila móðurfélagi sínu þeirri ávöxtun sem til féll. Eigið fé félagsins í árslok 2007 var talið 5.367 milljónir króna og var það allt greitt til móðurfélagsins Giftar á fyrri hluta ársins 2008., þ.e. eignarhaldsfélaginu EST.

Á árinu 2007 höfðu allar eignir Fjárfestingarfélagsins EST ehf. verið seldar og umbreytt í handbært fé. Frá þeim tíma fólst starfsemin einvörðungu í ávöxtun þess fjár sem fyrir hendi var. Engin starfsemi hefur verið í félaginu eftir það.

Stjórn fjárfestingarfélagsins EST ehf. við stofnun þess voru sömu aðilar og voru í stjórn Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. við uppskiptinguna. Þegar uppskiptingu var lokið mynduðu eftirtaldir aðilar stjórn félagsins; Sigurjón Rúnar Rafnsson, Ólafur Friðriksson og

Helgi S. Guðmundsson. Á þessu ári var fækkað niður í einn stjórnarmann, Sigurjón Rúnar Rafnsson og einn varamann, Guðstein Einarsson.

3.4 Ýmsar ráðstafanir og gerningar á árinu 2007

3.4.1 Lántaka vegna Lönguskerja ehf. og sala á hlut í Langflugi ehf.

Þann 25. janúar árið 2007 var haldinn stjórnarfundur EST þar sem samþykkt var einróma að taka lán hjá Glitni að fjárhæð 2,6 milljarðar króna. Lánið var fjölmyntalán og tryggt með veði í hlutafé Exista hf. að nafnverði 200 milljónir króna. Lánið var tekið í því skyni að fjármagna hluta af hlutafjárframlagi félagsins í dótturfélagi þess, Lönguskerjum ehf.

Á stjórnarfundinum var einnig samþykkt að EST myndi selja fjórðungshlut sinn í Langflugi ehf., hlutafé að nafnverði 1 milljarður króna. Kaupandi var Glitnir fyrir hönd dótturfélags síns, FS7 ehf.⁷⁷ Glitnir hf. seldi svo samdægurs allt hlutafé í FS7 til Finns Ingólfssonar. Við söluna til Glitnis hf. var gerður þríhliða samningur á milli EST, FS7 ehf. og Glitnis hf. um kaup- og sölurétt að hinu selda hlutafé í Langflugi ehf. að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Glitnir hf. fékk sölurétt að helmingi hins selda hlutafjár, ef bankinn þyrfti, og tók til sín þann hlut hlutafjárins vegna hugsanlegra vanefnda FS7 ehf. Söluréttur Glitnis sneri að EST þannig að félagið yrði skuldbundið bankanum til að kaupa innleysta hlutaféð fyrir fjárhæð sem svaraði til helmings af þeirri skuld sem FS7 ehf. myndi þá skulda bankanum vegna þessara kaupa. Þá var EST einnig tryggður kaupréttur gagnvart FS7 ehf. ef kaupin myndu ganga eftir, á hinum hluta hins selda hlutafjár, gegn greiðslu á hinum hluta skuldar FS7 ehf. við Glitni hf. Í báðum tilvikum bæri EST að greiða andvirði hins endurkeypta hlutafjár til Glitnis til að greiða upp lán FS7 ehf. Ofangreindur þríhliða samningur var samþykktur samhljóða.⁷⁸

3.4.2 Kaup Lönguskerja á hlutum í Straumi- Burðarás hf. og tryggingar EST

Á stjórnarfundum EST þann 27. janúar 2007⁷⁹ voru lagðar fram yfirlýsingar sem stjórnarmenn höfðu undirritað þess efnis að þeir samþykktu kaup Lönguskerja ehf. á hlutum í Straumi – Burðarási hf. fyrir allt að 7 milljarða króna og til að fjármagna kaupin að hluta hygðist félagið taka lán hjá Glitni banka hf. fyrir allt að 3,6 milljarða króna. Til tryggingar skuldinni myndu Löngusker ehf. leggja að veði hlutabréf sem félagið myndi eignast í Straumi – Burðarási hf. Til frekari tryggingar skuld Lönguskerja ehf. við Glitni banka hf., vegna kaupa þess félags á hlutum í Straumi – Burðarási hf. og til viðbótar við veðsett hlutabréf í því félagi, myndi EST samþykkja að tryggja það gagnvart bankanum, að ef verðmæti hinna veðsettu hluta myndi lækka svo mikið að veðsetningarhlutfall færi niður fyrir 1,6 á móti skuldinni, þá myndu EST

⁷⁷ Í stjórn FS7 ehf. þann 13. desember 2006 voru Finnur Ingólfsson (sem jafnframt var framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins) svo og Helgi S. Guðmundsson. Samþykktir félagsins voru dagsettar 13. desember 2006 og hlutafé var kr. 500.000. Tilgangur félagsins var eignarhald og umsýsla lausafjár, kaup og sala veðbréfa ásamt lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

⁷⁸ Samningurinn er dagsettur 13. desember 2006 og nefnist „samningur um kauprétt (call option) og sölurétt (put option) á milli EST, Glitnis banka og FS/ ehf.

⁷⁹ Á fyrrgreindum stjórnarfundum í EST 25. janúar 2007 var einnig samþykkt að kaupa hlutafé í Tækifæri hf. á Akureyri fyrir allt að 50 milljónir króna og 20 milljónir króna í Orkuháskólanum.

gera ráðstafanir til að veðsetningarhlutfallið færi aftur upp í 2,0. Yrði það annaðhvort gert með því að hlutast til um að skuld Lönguskerja ehf. yrði greidd niður eða að Löngusker ehf. myndu leggja auknar tryggingar fram til bankans.⁸⁰

3.4.3 Sala hlutafjár í Langflugi ehf.

Á stjórnarfundum EST þann 21. febrúar 2007 var ákveðið að selja með kaupréttar- og sölusamningi til FS7 ehf. hlutafé í Langflugi ehf. fyrir allt að 2 milljarða króna.⁸¹

3.4.4 Samþykkt hlutafjárviðskipti á stjórnarfundum EST 13. apríl 2007

Þann 13. apríl 2007 var samþykktur á stjórnarfundum EST viðskiptasamningur við Landsbanka Íslands hf., auk þriggja mánaða framvirks samnings um kaup á hlutafé í Landsbankanum að nafnverði 30 milljón á genginu 33. Einnig voru staðfest kaup á hlutum í Norðurskel ehf. að nafnverði 756.883,5 á genginu 3,96, eða fyrir samtals 3 milljónir króna og samþykkt sala á hlutum í Latabæ ehf. Að auki staðfesti stjórnin kaup á hlutum í Kaupþingi banka hf. og sölu á hlutum í Glitni hf. Hlutafé félagsins í Glitni hf. var selt þann 22. febrúar 2007, 50 milljónir króna að nafnverði á gengi 27,1 og á sama tíma var keypt hlutafé í Kaupþingi banka fyrir 1 milljarð að markaðsverði, en kaupgengið var 1032.⁸²

4. LOK EST 2007 – STOFNUN FJÁRFESTINGARFÉLAGSINS EST EHF. OG GIFTAR FJÁRFESTINGAFÉLAGS EHF.

Á miðju ári 2007 verða kaflaskil í stjórn og rekstri EST. Á stjórnarfundum félagsins þann 13. apríl 2007 var lögð fram tillaga formanns stjórnar EST til stjórnar félagsins um skipulagsbreytingar og slit félagsins. Að sögn formanns stjórnar kom sú hugmynd fram í kjölfar umræðu stjórnar- og fulltrúaráðsmanna EST um nauðsyn þess að skerpa félagsform EST og virkja skilyrt eignaréttindi þess. Eftir að EST skipti á eignarhlutum sínum í VÍS og hlutabréfum í Exista hf., sem samhliða keypti alla aðra eignarhluti í VÍS, komst umræðan á nýtt stig, sem síðar varð grundvöllur framangreindrar tillögu um skipulagsbreytingu.⁸³

Á aðalfundi EST sem haldinn var 15. júní 2007 var farið yfir helstu ákvarðanir stjórnarinnar á liðnu starfsári. Þær voru:

- sala á öllu hlutafé félagsins í VÍS til Exista ehf.
- stofnun Langflugs ehf. til kaupa á hlutafé í Icelandair Group (8 milljarðar),
- stofnun Lönguskerja ehf. til kaupa á hlutum í Straumi-Burðarási (7 milljarðar) og
- kaup á verulegu hlutafé í íslensku viðskiptabönkunum þremur (6 milljarðar).

⁸⁰ Fundargerð stjórnarfundar 25. janúar 2007.

⁸¹ Fundargerð stjórnarfundar 21. febrúar 2007.

⁸² Fundargerð stjórnarfundar 13. apríl 2007.

⁸³ Fundargerð stjórnarfundar 6. júní 2007.

Á fundinum var samþykkt sú skipulagsbreyting að stjórn EST myndi stofna sjálfseignarstofnun um eignir Samvinnuþryggingasjóðsins við slit EST. Tilgangur þeirrar stofnunar yrði sá að halda utan um þær eignir sem annars hefðu fallið í hlut Samvinnuþryggingasjóðsins við slit EST. Fulltrúaráðið myndi svo fara með stjórn stofnunarinnar. Það yrði skipað með sama hætti og fulltrúaráð EST og endurnýja sig með sama hætti. Fulltrúaráðið kysi svo fimm manna stjórn sem ráða myndi framkvæmdastjóra. Einnig var stjórn EST falið að kaupa eða stofna einkahlutafélag sem tæki við öllum réttindum og skyldum EST.⁸⁴

Stjórnarfundur í félaginu var haldinn samdægurs þar sem nýkjörin stjórn kom saman. Drög að skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar voru lögð fram þar sem gert var ráð fyrir að EST myndi leggja til hennar stofnfé að fjárhæð kr. 10.000.000,- en að síðar myndi renna til hennar hlutdeild Samvinnuþryggingasjóðsins í eigin fé EST við slit þess. Drögin voru samþykkt samhljóða. Einnig voru drög að samkomulagi á milli EST og Giftar fjárfestingarfélags ehf. samþykkt. Samkomulagið fólst í yfirtöku Giftar á öllum réttindum, skyldum, skuldum og skuldbindingum EST. Sem gagngjald fyrir nettóverðmæti EST fékk EST afhenta hluti að nafnverði kr. 3.999.500.000,- í Gift í formi hlutafjárhækkunar, en í reynd var innra virði eigin fjár EST sem Gift yfirtók kr. 28.658.574.507,- m.v. árshlutauppgjör EST þann 30. apríl 2007. Mismunur á nafnverðinu og leiðréttri fjárhæð var því færður á yfirverðsreikning hlutafjár í Gift.⁸⁵ Nánar er fjallað um ákvörðun fundarins í kafla 5.

Samkvæmt ársreikningi EST vegna ársins 2007 var eina eign félagsins í árslok eignarhlutur í Gift eignarhaldsfélagi ehf.

5. SKILANEFND EIGNARHALDSFÉLAGSINS SAMVINNUTRYGGINGA

Á aðalfundi EST 2007 lagði stjórn félagsins fram eftirfarandi tillögur:

Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga (EST) haldinn 15. júní 2007 samþykkir að stefna að formbreytingu á EST með því að færa öll réttindi og skyldur þess til nýs dótturfélags og í kjölfar þess, svo fljótt sem verða má, að samþykkja formleg slit móðurfélagsins. Áður en til þess kemur, þá óskar stjórn eftir heimild aðalfundarins til eftirfarandi skipulagsbreytinga:

1. Stjórn EST er falið að stofna sjálfseignarstofnun um eignir Samvinnuþryggingasjóðsins. Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar skal vera sá að halda utan um eignir sem annars hefðu fallið í hlut Samvinnuþryggingasjóðsins við slit EST. Verkefni sjálfseignarstofnunarinnar skulu lúta að því að láta gott af sér leiða til íslensks samfélags, bæði á sviði menningar-, félags- og líknarmála, í víðtækasta skilningi þeirra orða. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal heimilt að ráðstafa árlegum

⁸⁴ Greinargerð skilanevndar og fundargerð aðalfundar 15. júní 2007. Skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Samvinnusjóðinn er dagsett 15. júní 2007. Stofnandi var EST sem greiddi 10.000.000 stofnfé í sjóðinn. Að auki var gert ráð fyrir því að til stofnunarinnar rynnðu fjárverðmæti í formi hlutdeildar Samvinnuþryggingasjóðsins af eigin fé EST við slit þess, sbr. nánar 3.3. gr. skipulagsskrárinnar.

⁸⁵ Greinargerð skilanevndar

arði af eignum sínum til framangreindra málefna. Fulltrúaráðið skal fara með stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og skal það skipað með sama hætti og fulltrúaráð EST nú og endurnýja sig með sama hætti og fulltrúaráð EST. Fulltrúaráð sjálfseignarstofnunarinnar skal kjósa fimm manna stjórn hennar, sem aftur ræður framkvæmdastjóra.

2. Stjórn EST er falið að kaupa eða stofna einkahlutafélag sem taki við öllum réttindum og skyldum EST hverju nafni sem þær nefnast. Við stofnun/yfirtöku félagsins skal hækkun hlutfjár þess ákvörðuð með hliðsjón af efnahag EST hinn 30. apríl 2007 með formlegum samningi milli hlutafélagsins og EST um yfirfærslu allra réttinda og skyldna til hlutafélagsins.
3. Að því gefnu, og með þeim fyrirvara, að aðalfundur EST samþykki framangreinda tillögu, samþykkir stjórn EST jafnframt að boða til fulltrúaráðsfundar EST síðar sama dag og aðalfundurinn, en í millitíðinni frá lokum aðalfundar til fulltrúaráðsfundarins skal stjórn ganga til þeirra verka sem aðalfundurinn veitir stjórninni áður umboð sitt til. Á fulltrúaráðsfundinum skal tekin fyrir formleg tillaga um slit EST, á grundvelli efnahagsreiknings EST pr. 30. apríl 2007, og kosningu þriggja manna skilanevndar sem jafnframt verður stjórn EST meðan á skiptum félagsins stendur. Við það tímamark verður eina eign EST hlutabréf í framangreindu einkahlutafélagi. Verkefni skilanevndarinnar skal vera að ráðstafa þessari eign annars vegar til sjálfseignarstofnunarinnar sem tekur við hlutverki Samvinnuþryggingasjóðsins, en hins vegar til eigenda skilyrts eignarréttar í EST, í samræmi við samþykktir. Við ákvörðun um umfang eignarhluta skal skilanevndin miða við stöðu skilyrtra eignarréttinda í EST hinn 1. júní 2006.⁸⁶ Skilanevndin skal að öðru leyti fylgja reglum samvinnufélaga í störfum sínum um slit EST.

Á fulltrúaráðsfundi sama dag var tillaga aðalfundar um slit félagsins samþykkt með auknum meirihluta eins og krafist var af samþykktum félagsins. Ákveðið var að flytja allar eignir og skuldbindingar félagsins til Giftar, eins og aðalfundurinn hafði lagt til, en við það varð eina eign félagsins hlutir í Gift að nafnvirði 4.000.000.000,- en félagið hafði eignast allt hlutfélag Bank ehf., að nafnverði kr. 500.000, sem gefið var nafnið Gift. Var síðan ákveðið að slíta félaginu. Var kjörin þriggja manna skilanevnd til að annast slit félagsins, sem fram skyldi fara í samræmi við ítrustu kröfur samvinnufélagalaga og laga um hlutafélög. Var hlutverk skilanevndarinnar það að ráðstafa eign EST í nýja einkahlutafélaginu (Gift) annars vegar til sjálfseignarstofnunarinnar og hins vegar til eigenda skilyrts eignarréttar í EST, í samræmi við samþykktir EST.⁸⁷

Hlutverk skilanevndarinnar var að skipta milli eigenda félagsins einu eign þess sem voru hlutir í Gift fjárfestingarfélagi ehf. að nafnverði kr. 4.000.000.000,-. Fyrsti fundur skilanevndar var haldinn 30. ágúst 2007, en þann 25. nóvember 2008 skilaði skilanevndin umboði sínu vegna sérstakra ástæðna sem raktar verða hér að neðan. Á fyrsta fundi nefndarinnar er m.a. bókað að erfitt væri að skilgreina stöðu skilanevndarinnar að lögum þar sem engin lög gildi um það félagiform sem EST hafi. Þrátt fyrir þetta hafi verið ákveðið að nefndin starfi í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög og samvinnufélög er taki til starfa skilanevndar. Fram kom að

⁸⁶ Úr greinargerð skilanevndar vegna skiptingar og slita Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþryggingar, dags. 1. október 2008, bls. 19: „Beint eignarhald EST í VÍS féll niður í lok maí 2006 þegar EST seldi hlutabréfin sín í VÍS gegn makaskiptum á hlutabréfum í Exista hf. Samþykktir EST gera ráð fyrir að tryggingatakar missi ekki óvirk eignarréttindi fyrir en tveimur árum eftir að einstaklingar látast eða lögaðilum er slitið, þeir verða gjaldþrota eða hætta viðskiptum. Þar af leiðandi hefur verið ákveðið að miða réttindavinnsluna við 1. júní 2004 eða tveimur árum áður en ofangreind viðskipti áttu sér stað.“

⁸⁷ Greinargerð skilanevndar og fundargerð fulltrúaráðsfundar 15. júní 2007.

nefndin fái þó ekki löggildingu fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra en að öðru leyti verði starf nefndarinnar í samræmi við áður nefnd lög, t.d. varðandi kröfúlýsingarfresti og annað.

Samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs var verkefni skilanefndar ekki að koma eignum félagsins í verð og gera upp skuldir þess og ráðstafa eftir atvikum eigin fé þess til eigenda, heldur fólst verkefni hennar í því að skipta hlutabréfum í Gift, milli annars vegar Samvinnusjóðsins ses. sem tók við hlutverki Samvinnutryggingarsjóðsins, og hins vegar eigenda skilyrts eignarréttar, allt í samræmi við ákvæði samþykka EST.⁸⁸ Fram kemur í fundargerð skilanefndar EST þann 2. júlí að fundarmönnum hafi þá verið tilkynnt drög að frumvarpi til úthlutunar vegna slita á EST.⁸⁹ Fram kemur einnig í erindi skilanefndar, dags. 25. nóvember 2008, þar sem nefndin skilaði umboði sínu, að samkvæmt þeirra gögnum hafi eigendur EST hafi verið rúmlega 54 þúsund.

Í áður nefndu erindi skilanefndar, dags. 25. nóvember 2008, kemur fram að skilanefndinni hafi borist upplýsingar þann 24. nóvember frá stjórn Giftar um fjárhagsstöðu þess félags. Þar var upplýst að eigið fé félagsins væri orðið verulega neikvætt og að ekki væri útlit fyrir að hagur félagsins vænkaðist í fyrirsjáanlegri framtíð. Á grundvelli þessa taldi skilanefndin að ekki kæmi lengur til álita að skipta hlutafé Giftar milli eigenda við þessar aðstæður þar sem um verðlausa hluti væri að ræða. Skilanefndin tók því ákvörðun um að ljúka starfi sínu og skila umboði sínu til fulltrúaráðs EST.⁹⁰

6. GIFT FJÁRFESTINGAFÉLAG EHF.

Haldinn var hluthafafundur í Bank ehf. þann 15. júní 2007. Stjórnarmaður félagsins, Kristinn Hallgrímsson, setti fundinn. Mættir voru fulltrúar eina hluthafa félagsins, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga (EST), þeir Þórólfur Gíslason, Guðsteinn Einarsson, Helgi S. Guðmundsson, Ólafur Friðriksson og Benedikt Sigurðarson. Samþykktar voru nýjar samþykktir félagsins. Þar var nafni félagsins breytt í Gift fjárfestingafélag (Gift) og stjórnarmönnum fjölgað í fimm og varamönnum í þrjá. Benedikt Sigurðsson var einnig mættur sem starfsmaður félagsins.

Tilgangur félagsins skv. 3. gr. samþykka þess var að vera eignarhaldsfélag um hluti í öðrum félögum, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Hlutafé félagsins var skv. 4. gr. eftirfarandi:

Hlutafé félagsins er 4.000.000.000 – fjórir milljarðar króna-. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þeirra fjárhæðar.

⁸⁸ Úr minnisblaði skilanefndar þegar umboði er skilað.

⁸⁹ Í bréfi skilanefndarinnar til EST þar sem umboði þess var skilað til fulltrúaráðs félagsins frá 25. nóvember 2008 kemur m.a. fram að greindir hafi verið þeir einstaklingar og lögaðilar sem teldurst vera eigendur EST í skilningi samþykka félagsins. Fram kemur einnig að vinna skilanefndarinnar að þessu leyti hafi verið unnin upp úr listum og skráum yfir viðskiptavini tryggingartaka Samvinnutrygginga gt. árin 1897 og 1988 (og árin 1992 og 1993 vegna lögboðinna brunatrygginga húsa) og að umræddar skrár hafi áður verið í vörslu EST og Vátryggingafélags Íslands hf. áður en þeir voru fengnir skilanefndinni.

⁹⁰ Úr minnisblaði skilanefndar þegar umboði er skilað.

Stjórn félagsins er heimilt að gefa út nýja hluti í félaginu að nafnverði allt að kr. 2.000.000.000 – tveirmilljarðarkróna- fram til 1. júlí 2008. Stjórninni er heimilt að nýta heimildina að hluta eða að fullu á tímabilinu. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að hækkuninni. Stjórn ákveður gengi seldra hluta skv. þessari heimild. Gengi seldra hluta skal aldrei vera lægra en 5% lægra en uppreiknað innra virði eigin fjár félagsins miðað við markaðsverð eigna þess og/eða kaupverð annarra eigna þess sem ekki hafa markaðsverð.

Í stjórn Giftar voru ofangreindir fulltrúar EST kosnir og þeir Sigurjón R. Rafnsson, Gunnlaugur Aðalbjarnarson og Guðjón Stefánsson sem varamenn.⁹¹

Eftirfarandi tillaga var borin fram á fundinum:

Hluthafafundur í Gift ehf. samþykkir að hækka hlutafé félagsins um kr. 3.999.500.000 að nafnverði. Stjórn félagsins skal falið að ákveða endanlega gengi hlutafjárhækkunarinnar, þegar fyrir liggja endanlegar upplýsingar um eigið fé Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga (EST) pr. 14. júní 2007. Hluthafi skal hafa forkaupsrétt að allri hækkuninni í samræmi við samþykktir félagsins. Hlutafjárhækkunina má greiða með því að EST framselji til félagsins allar eignir og skuldir, réttindi og skuldbindingar sínar, en eigið fé þess félags er metið á kr. 28.685.574.507 hinn 30. apríl 2007 skv. endurskoðuðu árshlutauppgjöri. Áskriftarfrestur að hækkuninni er til 25. júní 2007. Frestur til að greiða hlutafjárhækkunina er til 5. júlí 2007. Áætlaður kostnaður við hlutafjárhækkunina eru kr. 50.000.

Ofangreind tillaga var samþykkt samhljóða af fulltrúum hluthafa og var upplýst að fengist hefði áskrift fyrir allri þeirri hækkun sem tillagan um hlutafjárhækkunina hljóðaði um.

Á fundinum lá fyrir árshlutareikningur pr. 30. apríl 2007 fyrir EST, undirritað samkomulag á milli Giftar og EST um framsal réttinda og skyldna EST til Giftar og skýrsla stjórnar Giftar og sérfræðiskýrsla Sigurðar Jónssonar löggilts endurskoðanda um innra virði eigin fjár EST miðað við 30. apríl 2007.⁹²

Samkomulag um framsal réttinda og skyldna var einnig undirritað þann 15. júní þar sem Gift (GF) yfirtók öll réttindi, skyldur, eignir og skuldir EST með eftirfarandi skilmálum:

1. EST er eigandi alls hlutafjár í GF að nafnverði kr. 500.000 við undirritun þessa samkomulags. Áform eru uppi um slit EST með formlegum hætti, en þó með þeim undanfara að GF yfirtaki öll réttindi, allar skyldur, allar eignir og skuldir EST áður, þannig að eina eign EST við upphaf skipta verði hlutir í GF. Samkomulag þetta er gert til að kveða nánar á um það framsal.

2. Til grundvallar samkomulagi þessu er árshlutareikningur EST, pr. 30. apríl 2007, sem merkt er sem fylgiskjal nr. 1. með samkomulagi þessu, og er órjúfanlegur hluti þess, og nánara yfirlit yfir

⁹¹ Þann 10. apríl 2008 voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn Giftar: Ásgeir Baldurs, Guðsteinn Einarsson, Hjörleifur Jakobsson, Jafet Ólafsson og Sigurjón Rúnar Rafnsson. Sem varamenn í stjórn félagsins voru kjörin þau Kristinn Hallgrímsson, Benedikt Sigurðsson og Sigrún Helga Jóhannsdóttir. Þórólfur Gíslason hafði þá nokkru áður lagt fram afsagnarbréf sitt (29. febrúar 2008) en hann hafði til þess tíma verið stjórnarformaður félagsins.

⁹² Fundargerð hluthafafundar 15. júní 2007.

eignir og skuldir EST, merkt sem fylgiskjal nr. 2. með samkomulagi þessu, og er órjúfanlegur hluti þess.

3. Samkomulag er um að EST framselji til GF öll réttindi sín og allar eigur sínar skv. fskj. nr. 2., og allar aðrar eignir hverju nafni sem þær nefnast og EST er sannanlega eigandi að, þrátt fyrir að þær komi ekki fram í tilgreindu fylgiskjali m.v. yfirlit sem samið verður um stöðu þeirra hinn 14. júní 2007. Að sama skapi skuldbindur GF sig til þess að yfirtaka allar skuldir og skuldbindingar EST frá sama tímamarki. Leita skal formlegs samþykkis lánadrottna, veðhafa og annarra handhafa skuldbindinga á EST fyrir ráðstöfuninni. Eina eign EST sem undanþegin er samkomulagi þessu er hlutafjäreign EST í GF að nafnverði kr. 500.000 með undirritunum sínum undir samkomulag þetta eru stjórnir EST og GF að veita stjórnarfomanni EST og GF á hverjum tíma eða framkvæmdastjórum félaganna fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita öll nauðsynleg skjöl til þess að koma í framkvæmd samkomulagi þessu, er varðar yfirfærslu réttindi og viðurkenningu um yfirtöku skuldbindinga

4. Samkomulag er um að GF leiti heimildar hluthafafundar fyrir því að hækka hlutafé félagsins um kr. 3.999.500.000 að nafnverði, þannig að heildarhlutafé GF verði kr. 4.000.000.000. Hlutafjárhækkunina greiðir EST með framsali allra þeirra réttinda og skyldna sem samkomulag þetta tekur til GF. Endanlegt gengi hlutafjárhækkunarinnar skal ráðast af stöðu eigin fjár í Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingar hinn 14. júní 2007, og skal verðmæti hlutafjárhækkunarinnar, umfram framangreint nafnverð hlutafjár, fært á yfirverðsreikning eigin fjár félagsins. Fyrir liggur skýrsla stjórnar GF um fyrirhugaða hlutafjárhækkun og sérfræðiskýrsla Sigurðar Jónssonar, löggilts endurskoðanda, dags. 15. júní 2007, þar sem innra virði allra eigna og skulda EST er metið á kr. 28.685.574.507 hinn 30. apríl 2007. Leiðrétt fjárhæð eigin fjár EST m.v. 14. júní 2007 mun liggja fyrir innan nokkurra daga.

5. Samkomulag þetta er bundið þeirri forsendu að hluthafafundur GF samþykki þá hlutafjárhækkun sem kveðið er á um í 4. tl. hér að framan. Verði sú hlutafjárhækkun samþykkt tekur samkomulag þetta gildi og telst þá hlutafjárhækkun GF samþykkt og frágengin.

6. GF tekur að sér greiðslu á öllum kostnaði af störfum skilaneftdar EST og öðrum kostnaði sem til fellur vegna slita EST.⁹³

Undirritaður var kaupsamningur þann 15. júní 2007 þess efnis að Kristinn Hallgrímsson hrl. myndi selja EST alla hluti í Bank ehf. (Gift ehf.) að nafnverði kr. 500.000 á genginu 1,0. Eigið fé félagsins var kr. 350.000 og var þá tekið tillit til kostnaðar við stofnun þess og skráningu.⁹⁴

Á stjórnarfundum sama dag var skipað í stjórn félagsins eins og áður hefur verið greint frá. Þórólfur Gíslason var kjörinn formaður stjórnar, Ólafur Friðriksson varaformaður og Benedikt Sigurðsson var ráðinn framkvæmdastjóri. Að auki voru ofangreind drög að samkomulagi milli félagsins og EST kynnt og þau samþykkt samhljóða.⁹⁵

⁹³ Samkomulag um framsal réttinda og skyldna milli EST og Gift, 15. júní 2007.

⁹⁴ Kaupsamningur milli Kristins Hallgrímssonar og EST, 15. júní 2007.

⁹⁵ Fundargerð stjórnarfundar 15. júní 2007.

Þann 7. ágúst 2007 var haldinn stjórnarfundur í félaginu. Þar var ákveðið að framkvæmdastjóri þess myndi athuga hvort breyta þyrfti félaginu úr einkahlutafélagi í hlutafélag svo unnt væri að skrá félagið rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Einnig kom fram að framkvæmdastjóri og stjórnarformaður félagsins hefðu undirbúið sölu á hlutum í Kaupþingi banka hf. fyrir u.þ.b. 3 milljarða króna að markaðsvirði í því skyni að greiða upp skuldir á bak við þær eignir og nota gengishagnaðinn til að létta á lausafjárstöðu félagsins. Hins vegar hafði ekki enn orðið af sölnunni þar sem gengi hlutafjár í bankanum hafði lækkað allmikið og því beið félagið átektar þar til farið yrði af stað á ný með sölnuna. Beiðni Mentis Cura ehf. um viðbótarhlutafé að fjárhæð allt að 8 milljónir króna að markaðsvirði var lögð fram. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra Giftar ehf. að reyna að ná samningum um kaup á hlutafé í félaginu á hagstæðu gengi nafnverðs.⁹⁶

Stjórnarfundur var haldinn þann 30. ágúst 2007 vegna erindis frá FS7 ehf. sem var í eigu Finns Ingólfssonar. Erindið fól í sér að FS7 ehf. fengi útskipt 24,9% af hlutum Langflugs ehf. í Icelandair Group hf. gegn framsali til félagsins sjálfs á 24,9% hlutum FS7 ehf. af heildarhlutafé Langflugs ehf., og uppgreiðslu samhliða á 24,9% af skuldum Langflugs ehf. eða yfirtöku skuldanna, eftir því hvað um semdist við Landsbankann.⁹⁷ Kom fram sá einróma skilningur milli stjórnarmanna Gift að söluréttur FS7 ehf. næði ekki til þess hlutafjár sem nú væri látið í skiptum til FS7 ehf. Gerði formaður að tillögu sinni að erindi FS7 ehf. yrði samþykkt af stjórn Giftar. Jafnframt lagði hann til að Gift legði fram tillögu á hluthafafundi í Langflugi ehf., í kjölfar framangreindra viðskipta, um breytingar á samþykktum félagsins sem fæli í sér að stjórnarmönnum yrði fjölgað úr þremur í fimm og Benedikt Sigurðsson framkvæmdastjóri Giftar og Ólafur Friðriksson yrðu þá nýir stjórnarmenn í félaginu, auk eldri stjórnarmanna.⁹⁸ Á hluthafafundi Langflugs ehf. þann 31. ágúst 2007 varð þó niðurstaðan sú að fjöldi stjórnarmanna varð óbreyttur og Finnur Ingólfsson, Helgi S. Guðmundsson og Ólafur Friðriksson kosnir í stjórn en Benedikt Sigurðsson kosinn varamaður.

Haldinn var hluthafafundur í Langflugi ehf. 31. ágúst 2007 þar sem fjallað var um makaskipti við FS7 ehf. um hluti í Icelandair Group hf. Tillaga Giftar, sem hluthafa í Langflugi, var lögð fyrir fundinn og hljóðaði þannig:

Hluthafafundur í Langflugi ehf. samþykkir að eiga makaskipti við FS7 ehf. með þeim hætti að FS7 ehf. afhendi/framselji Langflugi ehf. hluti í Langflugi ehf. að nafnverði kr. 996.000.000 er tekur til 24,9% alls hlutafjár Langflugs ehf., en í staðinn láti Langflug ehf. af hendi hluti í Icelandair Group hf. að nafnverði kr. 79.680.000 til FS7 ehf. er taka til 7.968% alls hlutafjár Icelandair Group hf., en er jafnframt 24,9% af heildarhlutafé Langflugs ehf. í Icelandair Group hf., gegn því skilyrði að FS7 ehf. greiði áður eða samhliða upp 24,9% af öllum skuldum Langflugs ehf. eða yfirtaki við sama tímamark skuldir í sama hlutfalli frá Langflugi ehf. [...].

⁹⁶ Fundargerð stjórnarfundar 7. ágúst 2007.

⁹⁷ Með öðrum orðum átti FS7 ehf. 24,9% hlut í Langflugi ehf. og óskaði eftir því við Gift sem var stór hluthafi í Langflugi að félagið myndi beita sér fyrir því að samþykkt yrðu skipti á hlutum, þ.e. að FS7 ehf. léti hluti sína í Langflugi af hendi til félagsins gegn því að fá hluti þess félags í Icelandair Group. Með þessum viðskiptum myndi hlutur Langflugs í Icelandair Group minnka og félagið hafa minni áhrif á stjórn þess.

⁹⁸ Fundargerð stjórnarfundar 30. ágúst 2007.

Tillagan var samþykkt á fundinum af fulltrúa Giftar, en fulltrúi FS7 ehf. sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Sama dag var undirritaður makaskiptakaupsamningur milli FS7 ehf. og Langflugs ehf.

Á stjórnarfundinum þann 24. september 2007 greindi framkvæmdastjóri félagsins frá lausafjárstöðu þess og taldi hann ljóst að afla þyrfti lánsfjár í einhverjum mæli til rekstrar félagsins, nema til kæmi sala á eignum. Einnig var lögð fram beiðni Norðurskeljar ehf. um að Gift myndi auka við hlut sinn í Norðurskel um 20 milljónir króna. Stefnt var að um 140 milljóna króna heildaraukningu í Norðurskel og lagði framkvæmdastjóri Giftar til að félagið keypti hlutafé fyrir 15 milljónir króna, að því tilskyldu að áður nefnd heildaraukning næðist hjá félaginu. Var tillagan samþykkt.⁹⁹

Málefni Icelandair Group ehf. (IG) voru rædd á stjórnarfundinum Giftar ehf. 7. Nóvember 2007. Stjórnarformaður félagsins rifjaði upp kaup á hlutabréfum í IG sem gerð voru þann 23. október 2006 í nafni Langflugs ehf. Þann 13. desember sama ár seldi EST til FS7 ehf. fjórðungs hlut í Langflugi ehf. fyrir einn milljarð króna. Þann 21. febrúar 2007 var samþykkt að veita FS7 ehf. kauprétt að hlutafé að nafnvirði 2 milljarða króna í Langflugi ehf. Þann 29. ágúst 2007 barst félaginu bréf frá Finni Ingólfssyni fyrir hönd FS7 þar sem óskað var eftir skiptum á bréfum í Langflugi ehf. og IG. Beiðnin var samþykkt á stjórnarfundinum í Gift þann 30. ágúst og síðan staðfest í Langflugi ehf. daginn eftir og frágengin. Með þessum viðskiptum fékk FS7 sem samsvaraði ca. ¼ af hlutfjáreign Langflugs í IG og greiddi niður sama hlutfall skulda Langflugs ehf.

Guðsteinn Einarsson, sem sat í stjórn Giftar, gerði að umræðuefni að hlutafélög í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (KS) þar sem Þórólfur stjórnarformaður Giftar væri kaupfélagsstjóri, hefði selt bréf í Iceland Air Group á sama tíma og félag Finns Ingólfssonar, FS7 ehf., seldi hlutabréf sín í félaginu. Fram kom hjá stjórnarformanni að hlutafélög í eigu KS hefðu ekki á nokkurn hátt tengst eignarhaldi EST (Giftar) né FS7 í IG. Hlutabréf KS hefðu verið keypt mörgum mánuðum síðar á markaði og Guðsteini og öðrum verið ljóst um það eignarhald og að um skammtímafjárfestingu hefði verið að ræða. Guðsteinn staðfesti að hann hefði vitað um þessi hlutabréf í eigu fyrirtækja KS vegna athugasemda stjórnarmanna í IG sem hefðu verið ósáttir vegna þessara kaupa. Honum hefði hins vegar fundist að upplýsa hefði átt um að til stæði að selja þau. Þórólfur ítrekaði að öllum hefði verið í lófa lagið að gera fyrirspurn um þessi bréf, en hann væri hvorki stjórnarformaður né framkvæmdastjóri umrædds dótturfélags KS og ákvörðun um kaup og sölu bréfanna voru teknar með skömnum fyrirvara og öllum ljóst að málin voru með öllu ótengd.

Á stjórnarfundinum fór Finnur Ingólfsson yfir möguleika á sölu bréfa Langflugs ehf. í IG og taldi að hagsmunum Giftar væri betur borgið eftir sölu en ella. Fram kom hjá Finni að ef til

⁹⁹ Fundargerð stjórnarfundar 24. september 2007.

vill væru möguleikar á sölu til SAS á hlutabréfunum. Ræddur var möguleiki á að fá Ómar Benediktsson að Langflugi ehf. með sín hlutabréf. Jafnframt var ræddur sá möguleiki að kaupa hlutabréf í IG á markaði en bréfin væru verulega ódýrari á markaði í dag en þegar þau voru seld FS7 í lok ágústmánaðar. Guðsteinn Einarsson sem á sínum tíma fór yfir viðskiptaáætlun og verðmætamat á IG ásamt Finni Ingólfssyni og fleirum og mælti þá með kaupum, taldi nú á þessum fundi að Gift ætti að fara úr félaginu þar sem raunverulegt stjórnunarvald hefði flust frá Langflugi ehf. til annarra. Ákveðið var að fá stjórnarmenn Langflugs ehf. til að fara yfir málin og koma með hugmyndir um valkost til stjórnar Gift við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjóra félagsins var veitt heimild til að framlengja framvirkan kaupsamning um kaup á 30.000.000 hlutum í Landsbankanum frá 29. mars 2007. Framvirkt gengi var 35,7563 á hlut.

Samþykkt var yfirtökutilboð frá FL Group hf. um hlut Giftar í TM að fjárhæð kr. 250.000 á gengi 47, að andvirði kr. 11.750.000.

Tillaga var lögð fram af Guðsteini Einarssyni um nauðsyn þess að breyta stjórnun Giftar með ráðningu sérfræðinga til þess að stýra eignasafni félagsins og vinna að meiri áhættudreifingu í rekstri þess þar sem að 57% eigna félagsins væru bundnar í Exista og hlutdeildarfélögum þess. Taldi Guðsteinn að áhættudreifing félagsins væri óviðunandi og að nauðsynlegt væri að dreifa eignasafni félagsins meira en gert hafði verið til að tryggja eðlilega áhættudreifingu.¹⁰⁰ Stjórnarformaður félagsins greindi hins vegar frá óformlegu samkomulagi við Exista hf. um að selja ekki hluti Gift í því félagi fyrr en á næsta ári, þ.e. 2008. Ákveðið var að bíða að svo stöddu með að taka ákvörðun um tillögu Guðsteins meðan félagið væri í fari skilanevndar. Einn af stjórnarmönnum félagsins, Benedikt Sigurðarson, óskaði eftir því að bókað yrði að hann hafi talað gegn því að Gift myndi samþykkja beiðni Finns Ingólfssonar fyrir hönd FS7 ehf. á stjórnarfundi þann 30. ágúst, þó hann hafi ekki gert athugasemdir við bókun fundarins. Einnig óskaði hann eftir því að fært yrði til bókar að hann harmi það að ekki hafi legið fyrir á stjórnarfundi 30. ágúst hver væru mögulega tengsl einstakra stjórnarmanna við þau viðskipti sem FS7 ehf. hafði undirbúið þannig að þeir hefðu þá getað stigið til hliðar við afgreiðsluna með sama hætti og stjórnarmaður Helgi S. Guðmundsson gerði. Þegar sala FS7 ehf. og þeirra aðila sem með þeim seldu í IG var tilkynnt í Kauphöll, og fjölmiðlar birtu þær fréttir, komu fram upplýsingar sem að mati Benedikts hefðu átt að liggja fyrir á fundinum 30. ágúst og ef ekki, þá að berast til stjórnarmanna eftir beinum leiðum frá fyrstu hendi og áður en fjölmiðlar hefðu birt þær.¹⁰¹

Á stjórnarfundi þann 10. desember voru lögð fram drög að breytingum á hluthafasamkomulagi milli hlutfjáreiganda í Norðurskel ehf. Breytingar fólust einkum í því að nýr hluthafi, Gary Rogers, hafði bæst í hópinn. Voru drögin samþykkt samhljóða. Tilboð

¹⁰⁰ Fundargerð stjórnarfundar 7. nóvember 2007.

¹⁰¹ Fundargerð stjórnarfundar 7. nóvember 2007.

barst frá Kaupþingi banka hf. um sölu á hlutum í bankanum, þ.e. um sölu á allt að 30.000.000 hlutum á genginu 867, sem var lokagengi í Kauphöll 7. desember 2007. Stjórn Giftar lagði fram eftirfarandi gagntilboð:

1. Gift fjárfestingarfélag ehf. býðst til að kaupa hlutafé í Kaupþingi banka hf. í Kaupþingi banka hf., allt að 23.068.051 hlut á gengi 867 eða fyrir kr. 20.000.000.000
2. Uppgreiðsluálag bankans, sem er 2% í tilboði bankans um lánsfjármögnun, lækki verulega eða falli niður að x mánuðum liðnum frá lántöku.
3. Viðskiptaþóknun lækki verulega úr þeim 0,6%, sem bankinn bauð í tilboði sínu um lánsfjármögnun.
4. Lánsfjármögnun bankans verði í tvennu lagi:
 - i. 80% kaupverðs til 4 ára, til endurgreiðslu í einu lagi
 - ii. 20% kaupverð verði lánuð til 1. júlí 2008, ef félagið hefur þörf fyrir það, án frekari endurgreiðslutrygginga.
5. Önnur ákvæði sölutilboðs og tilboðs að lánsfjármögnun í tilboði bankans frá í dag standi óbreytt.
6. Gagntilboð þetta gildir til kl. 16:00 á morgun, þriðjudaginn 11. desember 2007.

Fram kom við umræður stjórnarmanna um kaup á hlutum í Kaupþingi að við hugsanleg kaup félagsins í þessum mæli hlyti eiginfjárlutfall þess að lækka í um 30%. Væri það ekki ásættanleg staða til frambúðar og var því rætt um að minnka skuldir félagsins með sölu á verðbréfum og uppgreiðslu skulda með andvirðinu. Stefna þyrfti að því að hlutfallið yrði til frambúðar upp undir 40%. Kom þá fram eftirfarandi tillaga stjórnarformannsins sem var samþykkt samhljóða:

Stjórn Giftar ehf. samþykkir samhljóða í framhaldi af kaupum á hlutafé í Kaupþingi hf. fyrir kr. 20.000.000.000 –tuttugu milljarða króna- að fela framkvæmdastjóra að selja á næstu tveimur mánuðum eignir fyrir allt að kr. 10.000.000.000 –tíu milljarða króna að lágmarki eftir aðstæðum á markaði í samráði við stjórnarformann og að stjórn verði haldið upplýstri. Umboð þetta til sölu gildir til loka febrúar 2008.

Jafnframt ákveðið að leita ráðgjafar um heildarfjármögnun félagsins. Athugað verði með að lækka áhættu af erlendum lánnum.

Á fundinum var framkvæmdastjóra félagsins veitt umboð til viðbótarveðsetninga fyrir láni hjá SPRON Verðbréfum.¹⁰²

Boðað var sérstaklega til stjórnarfundar þann 27. desember 2007 vegna erindis frá FS7 ehf. sem borist hafði fyrr um daginn. Erindið fól í sér tilkynningu um að FS7 ehf. hefði ákveðið að virkja kauprétt að hlutum í Langflugi ehf. að nafnverði kr. 2.000.000.000 í samræmi við kaup- og söluréttarsamning dags. 23. febrúar 2007 á milli FS7 ehf. og EST sem Gift hafði nú yfirtekið. Óskaði FS7 ehf. eftir að fá að greiða kaupréttarverðið með hlutum í Glitni banka hf. í stað reiðufjár. Fyrirvari um endanlega fjármögnun FS7 ehf. var í erindinu. Að auki var velt upp þeim möguleika á að gera viðauka við samkomulag aðila frá 23. febrúar 2007 í þá veru að FS7 ehf. fengi kauprétt að eftirstöðvum þeirra hluta sem Gift átti í Langflugi ehf. til 15. nóvember 2008, en á móti myndi Gift eignast sölurétt

¹⁰² Fundargerð stjórnarfundar 10. desember 2007.

vegna sömu hluta á FS7 ehf. í 30 daga eftir 15. nóvember 2008 allt með sömu skilmálum og kveðið var á um í upphaflegum samningi aðila. Stjórnarmenn töldu allir að erindið rúmaðist vel innan þeirra sjónarmiða sem komið hefðu fram hjá stjórninni í tengslum við kaupin á hlutum í Kaupþingi banka hf. um að Gift reyndi að losa sig frá fjárfestingunni í Langflugi. Tillagan var samþykkt einróma af stjórninni og ákveðið að miða við lokagengi hluta í Glitni banka hf. deginum áður en uppgjör færi fram.¹⁰³

Þann 11. febrúar 2008 var haldinn stjórnarfundur í félaginu. Framkvæmdastjóri félagsins, Benedikt Sigurðsson, áætlaði að eigið fé félagsins væri 11,5 milljarðar eða um 25%. Einnig var greint frá veðkalli sem borist hafði stjórninni frá Landsbankanum þann 8. febrúar. Varðaði það framvirkan samning um 30 milljónir hluta í Landsbankanum. Samningurinn var gerður ári áður og var nú af honum allmikið tap. Framkvæmdastjóri félagsins greindi frá því að hann hefði leitað til Sigurjóns R. Rafnssonar, varamanns í stjórninni, til að greina stöðuna og leggja á ráðin um hvernig félagið myndi bregðast við. Þá kom einnig fram hjá framkvæmdastjóra félagsins að vextir af eldra láni hjá Landsbankanum myndu falla í gjalddaga um næstu mánaðamót og að hann hefði fengið viljrði fyrir því af hálfu bankans að vöxtunum yrði bætt ofan á lánið, en gjalddagi á höfuðstól þess væri 1. mars 2009. Einnig var upplýst að stjórnendatrygging hefði verið tekin fyrir Gift með tryggingafjárhæð 750 milljónir króna hjá VÍS.¹⁰⁴

Á stjórnarfundum þann 15. febrúar 2008 greindi framkvæmdastjóri félagsins frá eiginfjárlutfalli félagsins sem hann hafði reiknað án aðstoðar endurskoðanda. Nam það, samkvæmt hans útreikningum, 27,24% þann morgun. Einnig var farið yfir fyrirhuguð hlutafjárkaup og hlutafjárölu. Lagður var fram kaupsamningur um sölu á hlutum félagsins í Fóðurböndunni hf. fyrir rúmar 197 milljónir króna. Kaupandi væri Fóðurböndun sjálf. Var kaupsamningurinn samþykktur af þremur stjórnarmönnum en þeir Þórólfur og Guðsteinn sátu hjá við umfjöllun og afgreiðslu málsins. Samþykkt var að kaupa nýtt hlutafé í Intelscan örbylgjutækni ehf. fyrir allt að 2 milljónir króna að því skilyrði uppfylltu að nægilegt hlutafé safnaðist til að uppfylla þarfir félagsins til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Einnig var veitt heimild til að taka þátt í hlutafjárukningu hjá Mentis Cura ehf. fyrir að allt 5 milljónir króna að því skilyrði uppfylltu að séð væri fyrir fjárförf félagsins til fyrirsjáanlegrar framtíðar.¹⁰⁵

Á stjórnarfundum þann 7. mars 2008 var lagt fram afsagnarbréf Þórólfs Gíslasonar, fyrrum formanns stjórnar. Bréfið var dagsett þann 28. febrúar og sagði hann sig úr stjórn félagsins frá og með þeim degi. Guðsteinn Einarsson, stjórnarmaður, spurðist fyrir um það hvort fyrir lægi hjá félaginu samkomulag um sölu eða um að selja ekki hluti félagsins í Exista hf. Fram kom hjá öðrum að slíkt samkomulag lægi ekki fyrir en rætt hefði verið um að

¹⁰³ Fundargerð stjórnarfundar 27. desember 2007.

¹⁰⁴ Fundargerð stjórnarfundar 11. febrúar 2008.

¹⁰⁵ Fundargerð stjórnarfundar 15. febrúar 2008.

félagið myndi ekki selja hluti sína í Exista hf. strax eftir skiptin á hlutum í VÍS fyrir hluti í Exista á árinu 2006.¹⁰⁶

Á stjórnarfundum þann 8. apríl sama ár var lagður fram ársreikningur félagsins, en um var að ræða samstæðuuppgjör Giftar og dótturfélaga þess, þ.e. Eignarhaldsfélagsins Andvöku, Lönguskerja ehf. og Fjárfestingarfélagins EST ehf. Einnig var greint frá viðræðum framkvæmdastjóra félagsins við Jón Eðvald Friðriksson framkvæmdastjóra FISK um eignarhluta Giftar í Skarðsfirði ehf. Eignir Skarðsfjarðar ehf. voru þeir hlutir í Skinney Þinganesi hf., sem áður tilheyrðu Hesteyri ehf. Viðræðurnar snerust um það hvort aðrir hluthafar í Skarðsfirði ehf., FISK og Skinney Þinganesi hf. hefðu áhuga á að leysa til sín hlut Giftar. Hins vegar komu í ljós afar ólíkar hugmyndir manna um verðmæti hlutarins og var framkvæmdastjóra Gift því veitt heimild til að gera meðeigendum í Skarðsfirði tilboð í sölu á hlut Giftar eftir að hafa kynnt sér væntanlegt ársuppgjör Skinneyjar-Þinganes hf.¹⁰⁷

Aðalfundur félagsins var haldinn 10. apríl og var greint frá því að vegna úrsagnar Þórólfs Gíslasonar úr stjórn félagsins hafi það fallið í hendur Ólafs Friðrikssonar að taka við formennsku. Í kjölfar þess hafi svo Sigurjón Rúnar Rafnsson, varamaður í stjórn, tekið við sem stjórnarformaður. Stjórnarkjör fór fram og voru eftirtaldir kjörnir í stjórn félagsins: Ásgeir Baldurs, Guðsteinn Einarsson, Hjörleifur Jakobsson, Jafet Ólafsson og Sigurjón Rúnar Rafnsson. Sem varamenn í stjórn félagsins voru kjörin þau Kristinn Hallgrímsson, Benedikt Sigurðsson og Sigrún Helga Jóhannsdóttir.¹⁰⁸

Á stjórnarfundum í félaginu sama dag var Sigurjón Rúnar Rafnsson kjörinn formaður stjórnar og Hjörleifur Jakobsson varaformaður.¹⁰⁹

Á stjórnarfundum félagsins þann 14. apríl 2008 sama ár var einkum rætt um fjárhaglega stöðu félagsins. Þar greindi stjórnarformaður félagsins frá því að mismunur verðbréfaeigna og bankaskulda félagsins næmi nú um 7,2 milljörðum króna, sem væri 16% munur.¹¹⁰ Í framhaldi af umræðu um fjárhagslega stöðu félagsins gengu stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Giftar á fund Kaupþings, Landsbankans og Glitnis í því skyni að kanna hug forsvarsmanna bankanna til endurfjármögnunar á félaginu.¹¹¹ Samkvæmt tilboði því sem Kaupþing gerði Gift í kjölfarið var einn þáttur í endurfjármögnuninni sá að nýtt yrði heimild til að auka hlutafé í Gift um tvo milljarða og að selja bankanum það hlutafé. Stjórnarformaður Giftar taldi að kynna þyrfti Kristni Hallgrímssyni hrl., formanni skilanevndar EST, ákvörðun

¹⁰⁶ Fundargerð stjórnarfundar 7. mars 2008.

¹⁰⁷ Fundargerð stjórnarfundar 8. apríl 2008.

¹⁰⁸ Fundargerð aðalfundar 10. apríl 2008.

¹⁰⁹ Fundargerð stjórnarfundar 10. apríl 2008.

¹¹⁰ Fundargerð stjórnarfundar 14. apríl 2008.

¹¹¹ Fundargerð stjórnarfundar 25. apríl 2008.

um aukningu hlutafjár í Gift áður en sú ákvörðun yrði endanlega tekin af hálfu félagsins. Var sú tillaga samþykkt af stjórn Giftar.¹¹²

Á stjórnarfundum þann 14. maí var lagt fyrir fundinn tilboð Kaupþings banka hf. sem aflað hafði verið í kjölfar stjórnarfundar þann 14. apríl, en þó með tveimur breytingum; a) að nýtt hlutafé yrði greitt með reiðufé og b) að kaupréttur Giftar yrði á hinu nýja hlutafé, ef og þegar Kaupþing kynni að selja það frá sér, með því skilyrði þó að félagið gerði þá upp skuldir sínar við bankann. Einnig lá fyrir munnleg staðfesting frá Kaupþingi að Gift nyti forgangs við breytingu láns í íslenskum krónum í erlent lán þegar bankinn sæi sér fært um það. Mælti stjórnarformaður Giftar með samþykki tilboðsins. Kristinn Hallgrímsson hrl. hafði ekki gert athugasemdir af hálfu skilanevndar EST við það að stjórnin samþykkti tilboðið. Áður en tilboðið var samþykkt af stjórn félagsins náði stjórnarformaður þess að framlengja frestinn er kom fram í ákvæði um sölu Kaupþings á hlutafénu úr 7 dögum í 14 daga. Guðsteinn Einarsson sat hjá við afgreiðslu málsins.¹¹³

Uppgreiðsla á lánum hjá Glitni og Landsbankanum voru rædd á stjórnarfundum 10. júlí sama ár. Skipt hafði verið um tryggingar á lánum félagsins hjá Glitni, hlutum í Exista hf. hafði verið skipt út fyrir hluti í Kaupþingi og þeir hlutir svo seldir til að greiða upp lánin. Gerður var framvirkur samningur við bankann fram til 10. janúar 2009 um kaup á þeim hlutum sem seldir voru og skuldbatt bankinn sig til að veita lán á sömu kjörum og áður giltu til félagsins til þeirra kaupa. Einnig var greint frá því að inneignir félagsins í Landsbankanum, sem komu að mestu vegna upplausnar Hesteyrar ehf., hafi verið notaðar til að greiða niður lán félagsins hjá bankanum.

Á fundinum lagði framkvæmdastjóri félagsins, Benedikt Sigurðsson, fram yfirlit yfir skuldir félagsins og framangreindar breytingar á skuldum þess. Greindi svo stjórnarformaður félagsins, Sigurjón R. Rafnsson, frá því að eftir að samningurinn hafi verið gerður milli félagsins og Kaupþings um heildarfjármögnun félagsins fram til ársins 2010 væri félagið nú í þeirri stöðu að geta staðið við skuldbindingar sínar við banka og því væri það orðið fullkomlega greiðsluhæft.

Málefni Langflugs ehf. voru tekin fyrir á fundinum og reifaðir samningar á milli Langflugs ehf. og Giftar og ábyrgðir þess síðarnefnda gagnvart Landsbankanum á skuldum Langflugs ehf. við bankann. Fram kemur í fundargerð stjórnarfundar að Finnur Ingólfsson hafi greint frá viðræðum sínum við forystumenn Glitnis um yfirtöku bankans á skuldum félagsins hjá Landsbankanum.¹¹⁴

Á stjórnarfundum félagsins þann 15. október sama ár tók Róbert Róbertsson sæti í stjórn þess. Hafði hann verið sjálfkjörinn á hluthafafundi er fram fór 17. júlí, en Hjörleifur Þór Jakobsson

¹¹² Fundargerð stjórnarfundar 8. maí 2008.

¹¹³ Fundargerð stjórnarfundar 14. maí 2008.

¹¹⁴ Fundargerð stjórnarfundar 10. júlí 2008.

lét hins vegar af störfum sem varaformaður stjórnar.¹¹⁵ Á stjórnarfundinum var jafnframt kynnt árs hlutauppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 og kom meðal annars fram að eigið fé félagsins væri neikvætt um 1.708 milljónir króna. Stjórn félagsins veitti formanni hennar heimild til að gera samning við framkvæmdastjóra félagsins um starfslok í samræmi við starfssamning framkvæmdastjóra.¹¹⁶

Sigurjón R. Rafnsson, stjórnarformaður, sagði starfi sínu lausu með bréfi til stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra, dags. 10. nóvember, og var það lagt fram á stjórnarfundum 24. nóvember. Var ekki talið nauðsynlegt að kjósa nýjan stjórnarformann við þær aðstæður sem uppi voru og því ákveðið að skoða málið síðar. Á fundinum voru lögð fram drög að greinargerð stjórnar Giftar til skilanevndar EST, dags. 24. nóvember. Tilgangurinn með greinargerðinni átti að vera sá að hún yrði innlegg í umræðu á fyrirhuguðum fundi fulltrúaráðs EST sem væntanlega yrði haldinn í desember 2008. Í greinargerðinni kom fram að skuldir félagsins væru mun hærri en eignir þess svo mörgum milljörðum króna skipti. Reiknað væri með að fundur fulltrúaráðsins myndi taka afstöðu til þess hver framtíð Giftar gæti orðið.¹¹⁷

Á stjórnarfundum Giftar þann 5. desember sama ár var greint frá samþykkt á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS) þar sem vísað var til stjórnar SÍS að hlutast til um það að fram færi athugun á rekstri Giftar og starfi skilanevndar EST. Fram kom því eftirfarandi tillaga frá stjórn Giftar:

Stjórn Giftar fjárfestingarfélags ehf. hvetur til að fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga samþykki tillögu um að athugun óháðra aðila fari fram á rekstri Giftar ehf.

Var tillagan samþykkt og ákveðið að koma henni á framfæri við fulltrúaráðið á fundum þess þann 18. desember næstkomandi.

Á stjórnarfundinum greindi framkvæmdastjóri Giftar frá því að 15. desember 2008 myndu vextir gjaldfalla á öðru af tveimur lánnum félagsins sem tekin voru við kaup þess á hlutum í Kaupþingi í desember 2007. Einnig hafði Glitnir banki hf. tilkynnt að framvirkum samningum við Gift yrði lokað. Loks væri svo gjaldfallið lán félagsins frá því 1. nóvember hjá SPRON Verðbréfum. Ásgeir Baldurs minnti á að ekki yrði greitt af kröfum á félagið umfram aðrar til að mismuna ekki kröfuhöfum og voru aðrir stjórnarmenn því sammála.

Á stjórnarfundinum var einnig lagt fram bréf frá Guðsteini Einarssyni fyrir hönd KB fjárfestingarfélags ehf. þar sem tilboð félagsins í hluti Giftar í Samkaupum hf. og Árkaupum var afturkallað. Jafnframt fylgdi bréfinu nýtt tilboð frá KB fjárfestingarfélagi ehf. í hluti Giftar í Samkaupum hf., samhljóða að kjörum og fyrra tilboð félagsins. Var samþykkt að

¹¹⁵ Fundargerð hluthafafundar 17. júlí 2008.

¹¹⁶ Fundargerð stjórnarfundar 15. október 2008.

¹¹⁷ Fundargerð stjórnarfundar 24. nóvember 2008.

leysa KB fjárfestingarfélag ehf. frá tilboði þeirra frá októbermánuði og að samþykkja hið nýja tilboð um kaup á öllum hlutum Giftar í Samkaupum hf. með sömu skilmálum og í hinu fyrra tilboði, að öðru leyti en svo að nú væri eingöngu um einfalda ábyrgð Kaupfélags Borgfirðinga að ræða á vaxtagreiðslum af skuldbréfi því sem andvirði hlutanna yrði greitt með.¹¹⁸

Samkvæmt ársreikning Giftar vegna ársins 2008 nam tap ársins 58,1 milljörðum króna og var eigið fé félagsins neikvætt sem nemur 38,9 milljörðum. Fram kemur í skýrslu stjórnar að tap félagsins skýrist fyrst og fremst af tapi á hlutabréfaeign. Félagið hafi átt stóra hluti í Kaupþing banka hf., Landsbanka Íslands hf. og Exista ehf.

Stjórn Giftar kom saman til fundar þann 8. janúar 2009. Kristinn Hallgrímsson hrl. sat fundinn og greindi stjórninni frá því að henni væri óhætt að láta stóru skuldamál félagsins liggja á meðan bankarnir, sem væru kröfuhafar, hæfu ekki innheimtuaðgerðir.

Rætt var um skuld við SPRON sem var á gjalddaga 1. nóvember 2008. Samþykkt var að sýna fulltrúa SPRON ákvæði sammingsins við Kaupþing frá vorinu 2008 þar sem bankinn gekkst undir að tryggja fjármögnun allra lána félagsins fram á árið 2010.

Á fundinum var greint frá bréfi VÍS þar sem það tilkynnti að það myndi ekki endurnýja stjórnendatryggingu fyrir Samvinnutryggingar og dótturfélög þess þegar yfirstandandi tryggingatímabil rynni út 31. janúar 2009. Samþykkti stjórnin því að keypt yrði til viðbótar “Discovery Period” til 12 mánaða fyrir Samvinnutryggingar sem tryggingartaka en dótturfélög þess myndu, á sama hátt og verið hafði með trygginguna, njóta góðs af því tímabili. Var framkvæmdastjóra félagsins falið að semja við VÍS um kaupin.

Á fundinum var greint frá því að samþykkt hafði verið framkomin tillaga til fulltrúaráðs um að gerð yrði úttekt á rekstri og fjárfestingum Giftar og Samvinnutrygginga allt frá árinu 1989 og til og með desember 2008. Að lokum greindi svo Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri félagsins, frá því að hann hygðist hætta störfum fyrir félagið næstu mánaðamót.¹¹⁹

Í árslok 2007 voru eignir Giftar og dótturfélaga í skráðum félögum liðlega 54 milljarðar en í árslok 2008 voru sömu eignir komnar niður í um það bil 39 milljónir króna. Við stofnun Giftar þann 14. júní 2007 var eigið fé félagsins 31.4 milljarður króna en í árslok sama árs 19.3 milljarðar og í lok ársins 2008 var eigið fé félagsins orðið neikvætt um 38.9 milljarða. Tölur þessar byggja á árreikningum sem fyrir liggja.

¹¹⁸ Fundargerð stjórnarfundar 5. desember 2008.

¹¹⁹ Fundargerð stjórnarfundar 8. janúar 2009.

7. RÉTTUR NÁGRANNARÍKJA UM GAGNKVÆM VÁTRYGGINGAFÉLÖG

Hér verður stuttlega rætt um rétt nokkra nágrannaríkja um gagnkvæm váttryggingafélög. Slík umfjöllun er til þess fallin að skilja betur þær undirstöður sem íslensk löggjöf byggist á.

7.1 Þýskur réttur

Gagnkvæmt váttryggingafélag (Versicherungsverein af Gegenseitigkeit, skammstafað, VVaG) er sérstakt félagaform fyrir váttryggingafélög. Um það hafa ekki verið sett sérstök lög en ýmis rammaákvæði er um þau í þýskum lögum um váttryggingaefirlit eins og síðar verður rakið. Félagaform þetta er gamalt og hugmyndir um það má rekja allt til ársins 1762, en fyrsta félagið af þessum toga var sett á stofn í Þýskalandi árið 1820. Grunnhugmyndin er sú að hinir tryggðu séu samtímis eigendur félagsins. Með öðrum orðum er þarna átt við að allir þátttakendur beri sameiginlega ábyrgð á tjóni félagsmanns. Sérkenni félagsformsins er að tryggingaraðilinn verður samtímis eigandi viðkomandi félags. Með svipuðum hætti og í samvinnufélögum er þar ekki að finna aðila sem leggja fram höfuðstól (hlutafé) og verða við það eigendur félagsins. Með þessum hætti er talið nást það markmið að stjórna félaginu með árangri í þágu félagsmannanna sjálfra. Æðasta stjórn félagsins er falin fulltrúum félagsmanna, þ.e. fulltrúaráðsfundi. Af þessari skipan er talið leiða að þar sem enginn á kröfu til hagnaðar sem kann að nást í félaginu safnist hann upp til hagsbóta fyrir félagið og félagsmenn þess. Gagnkvæmt váttryggingafélag er hins vegar talið eiga í erfiðleikum með að ná fjármagni til sín á fjármálamörkuðum og verður því að treysta á eigið fé sitt á hverjum tíma. Þessi staðreynd er talin geta takmarkað möguleika fyrirtækisins t.d. til að mæta nýjum áskorunum, færa út kvíarnar eða til að mæta tímabundnum vandamálum. Af þessu leiðir að gagnkvæmt váttryggingafélag þarf ávallt að hafa talsvert fé bundið í sjóðum sínum og mun meira en t.d. í hlutafélögum.¹²⁰

Í þýskum lögum um váttryggingaefirlit¹²¹ kemur m.a. fram um gagnkvæm váttryggingafélög í 20. gr. að sá einn geti orðið aðili sem sé í viðskiptasambandi við félagið. Félagaréttindi falla niður þegar viðskiptasambandi lýkur nema samþykktir ákveði aðra skipan þar á. Í 42. gr. er fjallað um slit félagsins. Fram kemur að fulltrúaráðið getur m.a. ákveðið félagsslit en þó er áskilið að slitin séu samþykkt með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða auk þess sem samþykki viðkomandi eftirlitsstofnunar er áskilið, sbr. 43. gr. Í þýskum rétti er talið að auk ákvörðunar um slit geti eftirfarandi atvik falið í sér jafngildi slita:

- ef starfsleyfi félagsins er afturkallað,
- ef félag missir alla félagsmenn, t.d. við sölu starfseminnar til annars aðila,
- ef starfseminni er breytt þannig að eftir standi aðeins eignarhaldsfélag¹²²

¹²⁰ Sjá nánar <http://www.uni-protokolle.de/Lexikon/Versicherungsverein-auf-Gegenseitigkeit>. Sótt 12. 3. 2009.

¹²¹ *Gesetz über die Beaufsichtigung der Versicherungsunternehmen* (Versicherungsaufsicht- VAG) frá 12. maí 1901 með síðari breytingum. Endurútgefin 17.12.1992.

¹²² Benkel, Gert Andreas: *Der Versicherungsverein af Gegenseitigkeit*, Verlag C.H. Beck München 2002, bls. 317.

Í 44. gr. er fjallað um hvernig með skuli fara þegar váttryggingastarfsemin öll eða hluta hennar er framselt öðru fyrirtæki, en þá þarf $\frac{3}{4}$ meirihluta samþykkis fulltrúaráðs nema samþykktir ákveði annað. Á sama hátt er rætt um missi félagsréttinda í 44 a gr. að nokkru eða öllu leyti. Það á við ef tryggingartaki öðlast ekki sams konar réttindi í gagnkvæmu félagi og hann átti þegar váttryggingastarfsemi er framseld öll eða að hluta til nýs fyrirtækis. Á hann þá rétt á staðgreiðslu frá félaginu og við ákvörðun hennar er tekið mið af afkomu viðkomandi félags þegar ákvörðun var tekin um framsalið.

Í 48. gr. laganna er rætt um úthlutun við slit gagnkvæms félags. Er þar kveðið á um að þegar allar skuldir hafa verið greiddar beri að greiða afganginn til félagsmanna eftir sömu reglum og gilda um úthlutun arðs. Um úthlutun arðs gildir aftur 38. gr. en þar kemur fram að samþykktir skuli kveða á um þetta eftir að fé hefur verið lagt til hliðar í aðra sjóði. Samkvæmt þessu virðast réttindi félagsmanna vera bundin af því hvort þeir séu í viðskiptum við félagið á því ári sem úthlutun fer fram eða þegar slit félagsins verða. Samþykktir viðkomandi félaga kunna þó að geyma ákvæði þar sem kveðið er á um frávík frá þessu.

Þess skal að lokum getið að gagnkvæm váttryggingafélög eru samtals um 300 talsins í Þýskalandi, þar af um 80 sem teljast stór. Þau þykja koma vel út rekstrarlega þar í landi og þykja því mikilvæg fyrir váttryggingamarkaðinn.

Svipuð félög eru starfrækt í Austurríki. Þar í landi eru aðeins leyfð váttryggingarfélög í hlutafélagaformi eða sem gagnkvæm váttryggingarfélög. Þau eru talin sjálfstæður lögaðili að einkarétti þar sem hinir váttryggðu eru félagsaðilar sem bera sjálfir ábyrgð. Þeir mynda því félagið til þess að geta skipt því tjóni á milli sín sem af váttryggingaraburði hvers einstaks félagsmanns leiðir. Samkvæmt 42. gr. austurrískra laga um váttryggingaefirlit eiga félagsaðilar rétt til eigna félagsins að frádregnum skuldum við félagsslit nema lög eða samþykktir viðkomandi félags mæli á annan veg.¹²³ Gagnkvæmt váttryggingafélag er talið líkjast samvinnufélagi, t.d. í því að félagatalan sé breytileg, að félag sé sjálfstæður lögaðili og að félag sé fjárhagslegt. Þó er bent á að félögin séu að mörgu leyti einnig lík hlutafélögum enda hafi löggjöfin um gagnkvæm váttryggingafélög tekið ákveðið mið af þeim.¹²⁴

7.2 Danskur réttur

Gagnkvæmt váttryggingafélag er sögulega séð í aðalatriðum talið sameignarfélag þar sem váttryggingartakar eru allir félagsmenn sem eiga félagið og hafa hagsmuni af afkomu þess. Þeir eru því eigendur að félagseigninni og eru ábyrgir fyrir skuldbindingum þess. Algeng regla var að eftir tiltekinn tíma, t.d. eitt ár, færi fram niðurbjörgun tjónsútgjalda þannig að iðgjöld gætu verið mismunandi eftir tímabilum, t.d. gætu þau orðið lægri ef tjón hefðu verið

¹²³ Baran, Peter: *Österreichisches Versicherungsaufsichtsrecht*. MANZsche Verlags- und Universitätsbuchhandlung, Wien 2008, bls. 80.

¹²⁴ Brändle, Claus og Schnetzer, Manfred: *Das österreichische Vereinsrecht*, 3. Auflage. Linde Verlag, Wien 2002, bls. 54.

lítill á tilteknu tímabili. Vátryggingartakarnir voru samkvæmt þessu eigendur fremur en viðskiptamenn félagsins í venjubundinni merkingu þess orðs. Þessi aðferð við útreikning útgjalda á ekki við lengur og fer ákvörðun iðgjalds eftir svipuðum aðferðum og tíðkast í öðrum félögum. Talið er jafnvel að í stærri vátryggingarfélögum sé munurinn milli gagnkvæms vátryggingafélags og hlutafélagsformsins ekki mikill. Það leiði m.a. af samþykktum fyrrnefndu félaganna að óraunhæft sé að tala um félagsmenn þeirra sem eigendur fjármuna félagsins. Sama gildi um skuldbindingar þeirra gagnvart félaginu.¹²⁵ Árið 1992 voru 95 gagnkvæm vátryggingafélög starfandi í Danmörku.

Samkvæmt lögum nr. 897 um fjármálastarfsemi frá 4/9 2008 er gert ráð fyrir því í 284. gr. að félagsmenn gagnkvæms vátryggingafélags séu aðeins vátryggingartakar þess. Sé gert ráð fyrir ábyrgð þeirra skal kveðið nánar á um hana í samþykktum félagsins og getur ábyrgðin verið með ýmsu móti. Það er þó aðeins félagið sjálft sem getur gert kröfu um hana. Svipaðar reglur og gilda fyrir hlutafélög koma með ýmsum hætti til álita um gagnkvæmt vátryggingafélag, t.d. um úthlutun arðs til félagsmanna, sbr. 290. gr.

8. LÖGGJÖF UM GAGNKVÆM FÉLÖG

Í þessum kafla verður fjallað um íslenska löggjöf sem tekur á gagnkvæmum félögum með einum eða öðrum hætti. Fyrst verður vikið að almennri skilgreiningu þessa félagsforms. Síðan verður fjallað um lög um vátryggingastarfsemi en þau hafa að geyma almenn ákvæði um gagnkvæmt vátryggingafélög. Þá er fjallað um nokkur sérgreind gagnkvæm vátryggingafélög og loks er vikið að samvinnufélögum. Ástæða síðastgreindu umfjöllunarinnar er sú að samþykktir Samvinnutrygginga g.t. vísuðu til laga um samvinnufélög. Að lokum eru dregnar saman nokkrar meginniðurstöður. Tilgangur umfjöllunarinnar í heild er að gefa yfirlit um gildandi löggjöf um félagsform þetta en slíkt telst nauðsynleg forsenda til þess að komast að traustum lögfræðilegum niðurstöðum um þau álitæfni sem hér eru til umfjöllunar.

8.1 Skilgreining og sérkenni

Gagnkvæm vátryggingafélög daga nafn sitt af því að vátryggingatakar eru einnig meðvátryggðir. Grundvöllur dæmigerðrar gagnkvæmrar vátryggingar er sá að réttaraðilar sem óska vátryggingar gegn samkynja áhættu, stofna félag og gangast undir að bera áhættuna í félagi. Allir félagsmenn verða að leggja fram fé eða gangast undir ábyrgðir til þess að standa undir fjárframlögum er inna skal af hendi til þeirra félagsmanna sem verða fyrir tjóni. Allir sem kaupa vátryggingu hjá gagnkvæmu félagi verða félagsmenn í því. Hver félagsmaður á sem vátryggingartaki rétt á að fá bætur ef vátryggingaratburður verður. Jafnframt verða aðrir

¹²⁵ Jónsson, Hennig og Kjærgaard, Lisbeth: *Dansk Forsikringsret*, 8. Udgave. Jurist og Økonomforbundets Forlag 2003, bls. 4-5.

félagsmenn að bera sinn hluta hinnar gagnkvæmu áhættu samkvæmt félagssamþykktunum eða viðkomandi lögum um félagið. Ef félagið er rekið með tapi verða félagsmenn að jafnaði að leggja fram viðbótarframlag nema fyrir hendi séu sjóðir í félaginu sem standa undir hallanum. Reglur um slíkt viðbótarframlag eru mismunandi en oftast er framlagið þó háð vissum takmörkunum. Sé hagnaður af rekstrinum á hver félagsmaður kröfu á að fá hluta ágóðans að svo miklu leyti sem hann rennur ekki til sjóða félagsins samkvæmt félagssamþykktum, lögætum ákvörðunum félagsfundar eða lögum um félagið. Almenna reglan er þó sú að eignarhlutur félagsmanna er óvirkur þar til kemur að slitameðferð eða þegar skilyrði félagsslita eru fyrir hendi.

Gerð og skipulag gagnkvæmra váttryggingafélaga er með ýmsu móti. Eitt megininkenni þeirra er þó að þau teljast hafa breytilega félagatölu og breytilegan fjárstofn í skilningi c. liðar 33. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð. Hlutdeild í rekstartapi og hagnaði af félagasaðild fer yfirleitt ekki eftir því stofnframlagi sem félagsmaður kann að hafa innt af hendi til félagsins í upphafi svo sem algengast er t.d. í hlutafélögum, heldur er hér fremur miðað við að félagsmenn standi saman þegar tiltekið tjón ber að höndum eða eftir atvikum njóti hagnaðar af rekstri. Almennt er hlutdeild í ágóða eða tapi ákveðin í réttu hlutfalli við viðskipti váttryggingartaka við félagið. Gildi atkvæða félagsmanna fer einnig oft eftir viðskiptum við félagið.¹²⁶ Félög þessi teljast vera með takmarkaðri ábyrgð skv. áður greindu ákvæði l. nr. 42/1903. Réttur félagsmanna felst í því að þeir eiga kröfu á hendur félaginu þegar váttryggingaratburður gerist. Skyldur þeirra felast m.a. í því að greiða stofnframlag og váttryggingariðgjald og eftir atvikum í því að bera persónulega ábyrgð á félagskuldbindingum að meira eða minna leyti allt eftir nánari ákvæðum þeirra laga og reglna sem um þau gilda.

Eins og fyrr segir teljast gagnkvæm váttryggingafélög vera félög með takmarkaðri ábyrgð þótt félagsmenn einhverra þeirra kunni samkvæmt sérstöku samkomulagi að bera ótakmarkaða ábyrgð á tilteknum félagskuldbindingunum. Sú ábyrgð sem kann að vera ákveðin á hendur félagsmönnum er einungis til vara með svipuðum hætti og í samvinnufélögum en ekki bein eins og t.d. í sameignarfélögum.

Gagnkvæm váttryggingafélög eru ólík samvinnufélögum í nokkrum atriðum. Ber fyrst að nefna það sérkenni að hver sá sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingafélagi teljist sameigandi þess, sbr. síðar. Í öðru lagi má nefna lagaákvæði um firmanöfn. Samkvæmt 3. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991, ber samvinnufélögum sem skrásett eru eftir lögunum að hafa orðið samvinnufélag (svf.) í heiti sínu. Um gagnkvæm félög gildir þar á móti 4. mgr. 9. gr. firmalaga en þar segir að önnur félög með takmarkaða ábyrgð skuli í firmum sínum hafa orð er merki starfsemi félagsins, þ.e. gagnkvæmt (váttrygginga)félag (g.t.). Loks má nefna þá staðreynd að í löggjöf er á ýmsum stöðum getið um gagnkvæm váttryggingafélög sem sérstakt félagsform. Má þar sem dæmi nefna l. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi sem fjalla

¹²⁶ Sbr. t.d. samkvæmt samþykktum Bataábyrgðarfélags Ísfirðinga og Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, sbr. enn fremur 11. gr. þágildandi laga um nr. 18/1976 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

ítarlega um þetta félagsform, sbr. síðar, og lög nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið má segja að gagnkvæm váttryggingafélög séu sérstök tegund félaga sem löggjafinn hefur heimilað. Þau bera ýmis einkenni samvinnufélaga enda þótt ljóst sé að þau teljist ekki til þeirra.¹²⁷

8.2 Löggjöf um váttryggingastarfsemi

Hér verður vikið að löggjöf sem gilt hefur um váttryggingastarfsemi. Þykir rétt að víkja fyrst að eldri löggjöf en fjalla síðan um gildandi löggjöf á þessu sviði. Hafa verður í huga að umrædd lög gilda aðeins um félög sem stunda váttryggingastarfsemi og hafa fengið tilskilin starfleyfi. Þau gilda því ekki um önnur gagnkvæm félög.

8.2.1 Eldri löggjöf

Heildarlöggjöf um váttryggingastarfsemi var sett mun seinna á Íslandi en í nágrannalöndunum eða með lögum nr. 26/1973 en þó var félag með gagnkvæmri ábyrgð getið í 1. gr. l. nr. 62/1913 um ábyrgðarfélög.¹²⁸ Samkvæmt 10. gr. l. nr. 26/1973 um váttryggingastarfsemi¹²⁹ skyldu stofnendur gagnkvæms váttryggingafélags vera fimm hið fæsta og skyldu þeir leggja fram tiltekið stofnfé að lágmarki. Þetta fé mátti ekki endurgreiða nema með leyfi tryggingarmálaráðherra. Stjórn gagnkvæms váttryggingarfélags skyldu skipa 3 menn hið fæsta og í samþykktum skyldi tekið skýrt fram hvernig aðild váttryggingartaka að stjórn þess væri háttað og hvernig kjöri stjórnar væri háttað. Tekið var fram í 11. gr. að hver sá sem tryggði hjá gagnkvæmu váttryggingafélagi væri sameigandi þess og kveðið á um að um ábyrgð váttryggingartaka á skuldbindingum félagsins skyldu settar reglur í samþykktunum. Ábyrgð váttryggingartaka skyldi miðuð við almannaksár og falla niður miðað við hver áramót ef ekki væri gerð krafa á hendur váttryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almannaksárs er váttrygging féll úr gildi. Einungis þrotabú, skilanevnd eða skilastjórn gagnkvæms váttryggingarfélags gat krafið váttryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Í 12. gr. var ákvæði um að heimilt væri að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags. Arður þessi mátti þó ekki vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé auk þess sem fleiri skilyrði voru sett í ákvæðinu fyrir útborgun arðs. Loks sagði í 13. gr. að í samþykktum

¹²⁷ Sbr. álitgerð Arnljóts Björnssonar og Stefáns M. Stefánssonar frá 21. desember 1992 sem fjallar um réttarstöðu vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga og vélbátatryggingar Eyjafjarðar. Til eru aðrar svipaðar skilgreiningar á gagnkvæmu váttryggingarfélagi. Í einni þeirra kemur m.a. fram að fyrirmynd gagnkvæms váttryggingafélags sé sótt til útlanda en víða um heim hafi félagsformið verið notað með góðum árangri. Gagnkvæmt váttryggingafélag er þar talið stofnað með stofnfé, sem verði eigið fé félagsins. Fjárhagsleg ábyrgð stofnandans sé bundin við stofnféð. Tryggingartakar félagsins beri líka fjárhagslega ábyrgð á rekstri félagsins með því að vera skuldbundnir til að ábyrgjast rekstur félagsins, hver með lítilli fjárhæð. Tryggingartakarnir komi svo til með að skipta með sér slitaverðmæti félagsins, eftir að stofnfé hefur verið endurgreitt, við félagslit. Félaginu stýri fulltrúaráð, sem situr aðalfund félagsins og kýs því stjórn. Fulltrúaráð getur verið valið af einhverju utanaðkomandi afli, s.s. aðalfundi annars félags eða samtaka, gjarnan með sömu landfræðilegu skiptingu og viðskiptasvæði félagsins er. Sbr. <http://www.vis.is/index.aspx?GroupId=249>. Sótt 24. mars 2009.

¹²⁸ Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu með frumvarpinu voru aðeins þrjú gagnkvæm félög skráð hér á landi á þessum tíma.

¹²⁹ Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum 50/1978 um váttryggingastarfsemi sem breyttu fyrrgreindu lögnum í nokkrum atriðum. Þau voru síðan leyst af hólmi með lögum nr. 60/1994 um sama efni.

gagnkvæms váttryggingarfélags skyldi skýrt taka fram hvernig félagsslitum skyldi háttað, sérstaklega hvernig skyldi farið um hreina eigna félagsins við félagsslit.

8.2.2 Núgildandi löggjöf um váttryggingastarfsemi

Núgildandi lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi voru sett í kjölfar gildistöku EES-samningsins og einnig með hliðsjón af því að þágildandi lög þóttu að mörgu leyti úrelt. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laganna sagði m.a. um þessi atriði:

Nefnt frumvarp gerði ráð fyrir miklum breytingum á gildandi lögum og einnig var gert ráð fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegar voru vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem formlega tók gildi 1. janúar 1994. Þar eð ekki tókst að ljúka umfjöllun um frumvarpið fyrir sl. áramót hafði Ísland, eitt aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis, ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum hinn 1. janúar 1994 á þessu mikilvæga þjónustusviði.

Veigamiklar breytingar hafa orðið á Evrópulöggjöfinni frá því að EES-samningurinn var fyrst samþykktur í maí 1992, breytingar sem EFTA-ríkin sem eru aðilar að EES-samningnum verða að lögbinda efnislega á fyrri helmingi þessa árs og hrinda í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí 1994. Skortir mikið á að það frumvarp sem áður var lagt fram sé í samræmi við þá löggjöf sem nú hefur verið samþykkt að gilda muni á Evrópsku efnahagssvæði og aðildarþjóðir EES eru nú að binda í lög heima fyrir.

Frumvarpið um váttryggingastarfsemi hefur því verið endurskoðað með hliðsjón af Evrópulöggjöfinni eins og hún er nú á þessu sviði og er hér lagt fram sem nýtt frumvarp með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við þá löggjöf sem samþykkt var hjá Evrópubandalaginu á tímabilinu frá ágúst 1991 til 1. janúar 1993.

Með aðildinni að hinu Evrópsku efnahagssvæði skuldbindur Ísland sig til að lögfesta að efni til þær lagareglur um váttryggingastarfsemi sem þar eiga að gilda. Á váttryggingasviði er þessar reglur að finna í eftirfarandi tilskipunum ásamt breytingum á þeim, einni ákvörðun og þrennum tilmælum...¹³⁰ Lagafyrirmælin og tilmælin eru sem hér segir:

¹³⁰ Lagafyrirmæli og tilmælin voru sem hér segir:

1. Tilskipun 64/225/EBE um endurtryggingar.
2. 1. tilskipun 72/166/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipunum 72/430/EBE, 84/5/EBE, 90/232/EBE og ákvörðun 91/323/EBE.
3. 1. tilskipun 73/239/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipunum 76/580/EBE, 84/641/EBE, 87/343/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE og 90/618/EBE.
4. Tilskipun 73/240/EBE um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda o.fl.
5. Tilskipun 77/92/EBE um váttryggingamiðlara.
6. Tilskipun 78/473/EBE um samtryggingar.
7. 1. tilskipun 79/267/EBE um líftryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/619/EBE.
8. 2. tilskipun 84/5/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja með breytingum samkvæmt tilskipun 90/232/EBE.
9. Tilskipun 84/641/EBE um ferðamannaaðstoð.
10. Tilskipun 87/344/EBE um réttaraðstoð.
11. 2. tilskipun 88/357/EBE um skaðatryggingar með breytingum samkvæmt tilskipun 90/618/EBE.
12. 3. tilskipun 90/232/EBE um ábyrgðartryggingar ökutækja.
13. 2. tilskipun 90/619/EBE um líftryggingar.
14. Tilskipun 91/674/EBE um ársreikning og samstæðureikning váttryggingafélaga.
15. 3. tilskipun 92/49/EBE um skaðatryggingar.
16. 3. tilskipun 92/96/EBE um líftryggingar.
17. Tilmæli 74/165/EBE um gildistíma ábyrgðartrygginga ökutækja í öðru aðildarríki.

Í 2. gr. laga nr. 60/1994 segir m.a.:

Um váttryggingahlutafélög gilda ákvæði laga um hlutafélög og um gagnkvæm váttryggingafélög sem stofnuð eru og rekin í samvinnufélagsformi, ákvæði laga um samvinnufélög nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í ákvæðinu er þannig gert ráð fyrir að gagnkvæm váttryggingafélög séu rekin í samvinnufélagiformi og var það nýmæli í lögum en þó er gert ráð fyrir að önnur skipan geti leitt af ákvæðum laganna eða reglugerðum settra samkvæmt þeim. Í 15. gr. laganna segir að í stofnsamningi gagnkvæms váttryggingafélags skuli jafnframt getið:

10. Ábyrgðar félagsmanna og ábyrgðarmanna á skuldbindingum félagsins og skuldbindinga þeirra innbyrðis hvers gagnvart öðrum.
11. Hvort og að hvaða marki félagið á að geta tekið að sér endurtryggingar án gagnkvæmrar ábyrgðar.
12. Eftir hvaða reglum stofnfé skuli ávaxtað

Í 15. gr. er gert ráð fyrir innborgun stofnfjár og jafnframt sagt að í stofnsamningi gagnkvæms félags skuli getið um ábyrgð félagsmanna og ábyrgðarmanna á skuldbindingum félagsins. Þá eru og ákvæði í 41. gr. um að gagnkvæmt váttryggingafélag megi ekki afla eigin stofnfjárhluta til eignar eða að veði gegn greiðslu. Dótturfélag slíks félags má heldur ekki afla stofnfjárhluta í móðurfélaginu til eignar eða að veði gegn greiðslu. Stofnfé gagnkvæms váttryggingafélags má ekki lækka eða endurgreiða nema samþykki fjármálaeftirlitsins liggi fyrir.

Í 17. gr. kemur m. a. fram að í samþykktum skuli þess getið hvernig fara skuli með eignir félagsins við félagsslit og um skilyrði aðildar félagsmanna og um brottfall aðildar.

Í 42. gr. laganna segir að hver sá sem váttryggir hjá gagnkvæmu váttryggingafélagi sé sameigandi þess auk þess sem kveðið er á um að settar séu reglur um ábyrgð váttryggingataka á skuldbindingum félagsins í samþykktum þess.

Greinilegt er að þessi löggjöf um gagnkvæmt váttryggingafélög tekur bæði mið af lögum um hlutafélög og lögum um samvinnufélög. Að öðru leyti en hér er getið var þó ekki um að ræða verulegar breytingar á löggjöf um gagnkvæm váttryggingafélög að því er snertir það efni sem hér er til meðferðar.

8.3 Lög um Brunabótafélag Íslands

Brunabótafélag Íslands hafði starfað sem gagnkvæmt váttryggingarfélag allt frá árinu 1917 samkvæmt gildandi lagaákvæðum um það.¹³¹ Samkvæmt lögum nr. 5/1955 um Brunabótafélag Íslands skyldi ríkisstjórnin hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins og skyldi forstjóri m.a. skipaður af ráðherra. Í 12. gr. er vikið að félagsaðildinni. Segir þar að allir þeir

18. Tilmæli 81/76/EBE um að flýta tjónsuppgjöri í ábyrgðartryggingum ökutækja.

19. Tilmæli 92/48/EBE um váttryggingamiðlara.“

¹³¹ Fyrstu lög um Brunabótafélag Íslands eru nr. 58/1907.

sem hafi váttryggingar hjá félaginu samkvæmt 7. gr. séu félagsmenn þess meðan þeir hafi tryggingarskipti við félagið. Félagsmenn ábyrgist að iðgjaldssjóður félagsins standi í skilum. Ábyrgðin náði þó aðeins til þeirra eigna sem váttryggðar voru í félaginu. Krefjast mátti sérstaks aukaframlags af félagsmönnum þegar tiltekin skilyrði voru fyrir hendi. Samkvæmt 22. gr. laganna skyldu ákvæði sett í reglugerð um verksvið félagsins m.a. um ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á rekstri þess og starfsemi. Samkvæmt 21. gr. laganna mátti, þegar tiltekin skilyrði voru uppfyllt, greiða ágóðahlut af skyldubundnum fasteignatryggingum af árlegum tekjuafgangi til félagsdeilda og eða félagsmanna og á sama hátt mátti ákveða um greiðslu ágóðahluta til annarra þeirra sem tryggðu hjá félaginu.

Með lögum nr. 68/1994 um Eignarhaldfélagið Brunabótafélag Íslands var umræddu fyrirkomulagi breytt í grundvallaratriðum m.a. vegna tilkomu EES -sanningsins og hætti þá félagið beinni váttryggingastarfsemi. Tilgangur félagsins skv. 3. gr. varð nú einkum:

- að taka þátt í váttryggingastarfsemi með eignaraðild að váttryggingafélögum,
- að stunda lánastarfsemi, m.a. til verklegra framkvæmda sveitarfélaga eftir því sem ástæður félagsins leyfa, svo og rekstur fasteigna,
- að stuðla að þróun váttrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og að taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi.

Í 4. gr. var kveðið á um að flytja skyldi váttryggingastofn Brunabótafélags Íslands í brunatryggingum fasteigna við gildistöku laganna til Váttryggingafélags Íslands hf. Réttindi og skyldur váttryggingataka og váttryggðra, m.a. að því er varðaði skilmála og iðgjöld, skyldu haldast óbreytt við flutninginn. Váttryggingafélag Íslands hf. gekk inn í aðild Brunabótafélags Íslands að samningum um brunatryggingar fasteigna við sveitarfélögin og skyldu báðir aðilar bundnir við efni þeirra samninga.

Í 5. gr. laganna var kveðið á um hverjir væru sameigendur félagsins. Þar sagði:

Sameigendur félagsins eru:

1. Þeir sem hafa brunatryggingu fasteignar hjá Brunabótafélagi Íslands þegar lög þessi taka gildi og fluttir eru til Váttryggingafélags Íslands hf., sbr. 4. gr.
 2. Þeir sem váttryggðu hjá Brunabótafélagi Íslands 31. desember 1988 og færðir voru með leyfi tryggingamálaráðherra til Váttryggingafélags Íslands hf. 1. janúar 1989.
 3. Sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins, sbr. III. kafla.
- Eigendahópar skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. breytast samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga þessara.

Um sameignarsjóðinn var fjallað í 7. gr. laganna. Í 8. gr. sagði að til sameignarsjóðsins féllu metin eignarréttindi sameigenda eftir reglum í 15. gr., en þar var kveðið á um að við andlát sameiganda og þegar lögaðili, sem væri sameigandi, væri ekki lengur skráður sem lögaðili féllu eignarréttindi sameiganda skv. 5. gr. niður og eignarréttindin féllu þá til sameignarsjóðs félagsins.

Í 6. gr. laganna var kveðið á um að eignarréttindi sameiganda væru óvirk nema til slita kæmi í sameigninni samkvæmt ákvæðum 17. gr. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laganna sagði svo um þetta atriði:

Í 1. málsli. 1. mgr. er því slegið föstu að sameignin sé óvirk meðan félagið starfar. Hún lifnar þá fyrst og verður virk ef og þegar félaginu er slitið. Þetta er lýsing á réttindum eins og þau almennt eru í gagnkvæmum félögum og á hún alveg við um BÍ eins og félagið er nú. Meðan félagið starfar hafa váttryggingataknir ekki með stjórn félagsins og rekstur að gera og geta ekki gert tilkall til eignarhlutar. Þeir geta því ekki selt hann eða ráðstafað honum á annan hátt og hann erfist ekki. Við slit félagsins verður eignarhluturinn fyrst virkur og hægt er að reikna eignarhlut sameigendanna út eftir ákvæðum laganna og ráðstafa slitaverðmætinu öllu á þeim grundvelli.

Brunabótafélag Íslands var því í eðli sínu gagnkvæmt váttryggingafélag sem starfaði eftir sérlögum sem Alþingi setti eða eins og sagði í 1. gr. laga nr. 9/1955: „gagnkvæmt ábyrgðarfélag váttryggjenda“. Landsstjórnin hlutaðist til um stofnun félagsins með þessum hætti, segir í athugasemdum sem fylgdi frumvarpi til þeirra laga, ákvað hlutverk þess, uppbyggingu, skipulag og stjórnun. Þar segir einnig að líta megi á löggjafann sem stofnanda og lögin sem samþykktir ef jafna skuli til almennra gagnkvæmra félaga. Löggjafinn breyti lögunum til að laga starfsemina að þróun markaðar og samfélags. Frá upphafi hafi ráðherraskipaður forstjóri stýrt félaginu, ásamt framkvæmdastjórn eftir lagabreytingarnar 1955.

Enn fremur segir í athugasemdunum að augljóst sé að stofnandinn sé ekki eigandi félagsins, enda fari það naumast saman við þá ákvörðun að stofna gagnkvæmt félag. Frumkvöðlar að stofnun félagsins utan þings og innan virðist heldur ekki hafa haft í huga að stofna ríkisfyrirtæki. Stofnanda gagnkvæms váttryggingafélags beri að leggja fram nægilegt stofnfé sem sé eina fjárframlagið til félagsins. Hinir gagnkvæmu eigendur, þ.e. váttryggingataknir, leggi ekkert af mörkum í því sambandi. Stofnfénu fylgi ekki beinn eignarréttur að félaginu. Hins vegar fylgir því sá frumkvæðisréttur að ákveða markmið félagsins, uppbyggingu og stjórnun sem váttryggingataknir, hinir gagnkvæmu eigendur, hafi ekkert um að segja. Ýmist megi stofnandi fá stofnfé sitt endurgreitt að uppfylltum tilteknum skilyrðum eða ekki en arðs megi hann njóta af framlagi sínu.¹³²

Þann 2. nóvember 2000 var kveðinn upp dómur í Hæstarétti, *Hrd. 2000, bls. 3467* (mál nr. 143/2000, Dánarbú Sveinbjörns Guðmundssonar gegn Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands). Þær dómkröfur voru m.a. gerðar í málinu að viðurkennt yrði að eignarhlutur Sveinbjörns Guðmundssonar í Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands hafi við andlát hans þann 5. júlí 1998 yfirfærst til dánarbús hans. Í dómi þessum segir m.a. svo um dómkröfurnar og önnur þau atriði sem hér skipta máli:

Með skírskotun til raka héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans að eignarréttindi félagsmanna Brunabótafélags Íslands hafi samkvæmt lögum þeim, sem um það giltu, verið óvirk og óviss og hafi

¹³² Alþt. 1993-94, A-deild, þskj. 896, bls. 4264-4265.

ekki verið unnt að framselja þau. Þegar litið er til ákvæða laganna um félagsaðild verður og fallist á þá niðurstöðu dómsins að eignarréttindi í félaginu erfðust ekki, enda voru þau takmörkuð við þá eina, sem höfðu viðskipti við félagið á hverjum tíma. Er þetta og í samræmi við það, sem fram hefur komið undir rekstri málsins um lagaframkvæmdina frá fyrrverandi aðstoðarforstjóra Brunabótafélags Íslands og endurskoðanda þess og ekki hefur verið hnekk.

Í lögum um Brunabótafélag Íslands, síðast lögum nr. 9/1955, voru engin ákvæði um slit félagsins. Hvorki ríkisstjórnin, fulltrúaráð né félagsmenn gátu tekið ákvörðun um slíkt og var það á færi löggjafans eins. Við þær aðstæður að lögin hefðu verið felld úr gildi án ákvæða um aðrar ráðstafanir hefði það jafngilt félagsslitum og eignarráð félagsmanna þá orðið virk og eignir félagsins komið til skipta milli þeirra. Löggjafinn kaus hins vegar í ljósi nýrra viðhorfa að breyta félaginu í eignarhaldsfélag og ákvað jafnframt að það hætti beinni váttryggingastarfsemi, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1994. Sú grundvallarbreyting varð þannig með lögunum að Brunabótafélagið hætti að vera gagnkvæmt tryggingafélag, en varð eignarhaldsfélag eins og áður er lýst. Á hinn bóginn var eignarhaldsfélaginu ákveðinn tilgangur, sem samrýmdist markmiðum, sem sett voru fram í lögum nr. 9/1955 og eru þau enn frekar áréttuð í reglum um sameignarsjóð félagsins, sem settar eru samkvæmt lögunum. Ákvæði um skipulag og stjórnun eignarhaldsfélagsins eru og með svipuðu móti og áður gildi um Brunabótafélag Íslands. Þegar þannig er horft til tilgangs og skipulags eignarhaldsfélagsins verður ekki litið öðruvísi á en að löggjafanum hafi verið heimil þessi breyting á Brunabótafélagi Íslands, að því tilskildu að við hana væri gætt lögmætra réttinda félagsmanna þess (...)

Samkvæmt hinum nýju lögum urðu félagsmenn fyrrgreinds félags sameigendur í eignarhaldsfélaginu, eins og áður er lýst. Af eðli félagsins samkvæmt lögunum leiðir að eignaraðild að því er ekki lengur tengd váttryggingaviðskiptum og ekki verður um það að ræða að aðrir einstaklingar og lögaðilar en þeir, sem nefndir eru í 1. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laganna, verði sameigendur. Lögin eru og frábrugðin lögum 9/1955 að því leyti að þar er mælt fyrir um hvernig eignarhluti sameigenda skuli skilgreindur. Hins vegar er skýrt kveðið á um að eignarréttindin séu óvirk nema til slita á félaginu komi, en fari svo fái sameigendur greiðslu af eignum þess með tilteknum hætti. Jafnframt er sagt að eignarréttindi falli til sameignarsjóðs félagsins við andlát sameigenda eða þegar lögaðilar eru ekki lengur skráðir.

Þessi tilhögun á eignarráðum sameigenda eignarhaldsfélagsins er þannig í aðalatriðum hin sama og áður gildi hjá Brunabótafélagi Íslands. Hún byggir og á þeim meginsjónarmiðum, sem telja verður að hin eldri lög hafi mótast af. Þótt fyrrgreindar breytingar hafi orðið á félaginu og eignarráðum yfir því í framtíðinni verður ekki talið að í ákvæðum laganna felist skerðing á réttindum þeirra sameigenda, sem hér um ræðir, frá því sem áður var. Ná þessi ákvæði og jafnt til þeirra allra. Þegar haft er í huga það, sem áður hefur verið sagt um sögu og löggjöf um Brunabótafélag Íslands, verður að líta svo á að þau hvíli á eðlilegum og málefnalegum grunni. Samkvæmt þessu þykir löggjafinn ekki hafa farið út fyrir stjórnskipulegar heimildir sínar með setningu 15. gr. fyrrgreindra laga, eins og áfrýjandi heldur fram.

Í dómi þessum er þannig fallist á að breyting félagsins úr váttryggingafélagi yfir í eignarhaldsfélag hafi ekki valdið því að hin óvirku eignarréttindi tryggingartaka hafi orðið virk. Niðurstaðan tekur hins vegar mið af því að löggjafinn sjálfur hafi ákveðið umrædda breytingu á fyrirkomulagi sem ákveðið var með lögum. Með því hafi ekki verið farið út fyrir stjórnskipulegar heimildir um réttindi sameigendanna enda hafi ákvörðun löggjafans hvílt á eðlilegum og málefnalegum grunni.

8.4 Samábyrgðin

Afskipti löggjafans af váttryggingum fiskiskipa hófust með lögum nr. 54/1909 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Stofnað var gagnkvæmt váttryggingafélag sem oftast var nefnt Samábyrgðin. Hlutverk félagsins var fyrst og fremst að annast endurtryggingu fyrir íslensk bátaábyrgðarfélög og frumtryggingu á bátum og skipum einkum þeim sem ekki áttu kost á váttryggingu í félögum sem Samábyrgðin endurtryggði fyrir. Henni var þó hvorki lagt til sérstakt stofnfé úr ríkissjóði né gert ráð fyrir að það kæmi frá öðrum. Henni var hins vegar tryggð ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum sínum upp að 200.000 kr. Auk þess lagði ríkissjóður Samábyrgðinni til fjármuni, alls 25.000 kr., vegna kostnaðar við stofnun og stjórn hennar.

Með lögum nr. 23/1921 voru ákvæði laga nr. 54/1909 sem kváðu á um að Samábyrgðin væri gagnkvæmt váttryggingafélag felld brott og ábyrgð ríkissjóðs vegna skuldbindinga félagsins hækkuð úr 200.000 kr. í 800.000 kr. Bar ríkissjóður einn ábyrgð á skuldbindingum þess allt til 1967 er fyrsta verulega breytingin var gerð á lögnum.

Frá upphafi og fram til 1967 voru sérstök ákvæði í lögnum um að væri félaginu slitið skyldi ráðstafa eignum þess til Fiskveiðasjóðs. Árið 1967 voru sett ný lög um Samábyrgðina nr. 47/1967. Með þeim var ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum félagsins felld brott og sömuleiðis ákvæðin um afdrif eigna félagsins við félagsslit. Árið 1976 voru enn sett ný lög um Samábyrgðina, lög nr. 19/1976. Breytingar á lögnum áttu fyrst og fremst rætur að rekja til nýrra laga um váttryggingastarfsemi, einkum ákvæða um Tryggingaeftirlitið og nýrra sérstakra laga um bátaábyrgðarfélögin sem samtímis voru samþykkt á Alþingi, lög nr. 18/1976. Þau lög gerðu ýmis ákvæði laganna um Samábyrgðina óþörf.

Lög um Samábyrgðina voru sett árið 1978, þ.e. lög nr. 37/1978, en lög nr. 98/2000 um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum leystu þau síðan af hólmi. Við endurskoðun laganna um Samábyrgðina vöknudu upp spurningar um það hver ætti Samábyrgðina og bátaábyrgðarfélögin en einkum var reiknað með að ágreiningur væri varðaði eignarhald á Samábyrgðinni. Í lögfræðialiti Jóns Steinars Gunnlaugssonar þá hæstaréttarlögmanns sagði svo um Samábyrgðina:

... Samábyrgðin er einfaldlega stofnun, sem starfar eftir gildandi lögum á hverjum tíma. Afstaða ríkisvaldsins til félagsins ræðst af lagafyrirmælunum. Þar er ekki um að ræða eignarrétt í þeim skilningi sem það hugtak hefur venjulega. Þannig getur ríkisvaldið t.d. ekki gert með félagið neinar þær ráðstafanir, sem hefðbundinn eignarréttur venjulega heimilar eiganda eignar. Sama er að segja um bátaábyrgðarfélögin. Afstaða þeirra til Samábyrgðarinnar er ekki eignarréttur í lögfræðilegum skilningi. Hún ræðst einfaldlega af gildandi lagafyrirmælum á hverjum tíma. Af þessu leiðir, að Alþingi getur gert hverjar þær ráðstafanir með Samábyrgðina og eignir hennar, sem það kys. Við þær ráðstafanir verður aðeins að gæta að því að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila, sem eiga gild fjárhagsleg réttindi á hendur Samábyrgðinni skv. samningum við hana eða á öðrum grundvelli. Að því athuguðu sýnist löggjafinn geta t.d. lagt félagið niður og látið eignir þess renna í ríkissjóð, ákveðið að breyta

félaginu í hlutafélag þannig að ríkissjóður fái allt hlutaféð eða þannig að hlutafénu sé deilt út til bátaábyrgðarfélaganna og annarra viðskiptamanna félagsins eftir gefnum reglum.

Um bátaábyrgðarfélögin segir lögmaðurinn svo í álitinu:

... bátaábyrgðarfélögin eru eins konar sjálfseignarstofnanir, sem hvorki eru í eigu ríkissjóðs né þeirra útgerðarmanna sem váttryggja skip sín hjá þeim. Því má velta fyrir sér, hvort félögin og eignir þeirra njóti verndar eignarnámsákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að hömlur setji á heimildir löggjafans til að breyta fyrirkomulagi félaganna og ráðskast með eignir þeirra. Með hliðsjón af því, hvernig félögin voru stofnuð, þ.e.a.s. fyrir forgöngu ríkisins með lagasetningu og svo hinu að „aðild“ manna að félögunum og stjórn þeirra er ekki bundin við ákveðna menn, heldur þá sem á hverjum tíma skyldutryggja báta sína hjá þeim, er það skoðun mín, að félögin njóti ekki slíkrar verndar beint. Niðurstaðan er þá sú, að löggjafinn hafi, með sama fyrirvara og áður var tilgreindur varðandi Samábyrgðina, þ.e. að ekki séu skertir hagsmunir þeirra aðila, sem eiga gild réttindi á hendur félögunum, heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir um félögin, sem það kys. Réttarstaða bátaábyrgðarfélaganna sé að þessu leyti hliðstæð réttarstöðu Samábyrgðarinn.¹³³

Árið 1989 óskaði þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra eftir því að Jón Ingimarsson, lögfræðingur og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, tæki saman greinargerð um eignarhald á Samábyrgðinni. Hann komst að þeirri niðurstöðu að ríkið ætti Samábyrgðina og að löggjafinn gæti ráðstafað eignum hennar, réttindum og skyldum, ef þurfa þætti, samkvæmt þeim reglum sem á hverjum tíma giltu um ráðstöfun eigna ríkisins. Rök hans voru þessi:

Stjórnarráðið gerði fyrsta endurtryggingarsamning félagsins fyrir þess hönd, skv. skilningi aðila á upphafsákvæði 2. greinar laga 54/1909, en þar sagði: „Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett váttryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð.“

Ríkið eitt hefur lagt félaginu til stofnfé og m.a.s. í tvö skipti (1941 og 1947). Frá lagabreytingunni 1921 hefur ríkið eitt borið ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeim sem ekki hefur verið unnt að endurtryggja.

Enginn annar aðili en ríkið hefur öðlast með lögum né á annan hátt slík tengsl né aðild að félaginu, að jafnað verði til eignar- eða umráðaréttar, hvorki til handa einstaklingum né samtökum, sem hagsmuna hafa gætt.

Fram til 1967 var gert ráð fyrir að eignir félagsins rynnu við félagsslit til fiskveiðasjóðs Íslands. Um þann sjóð eru og hafa ávallt verið ótvíræð lagaákvæði, sem beinlínis taka fram að hann sé eign ríkisins, sbr. nú síðast í 1. grein laga 44/1976: „Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.“

Niðurfellingu ákvæða um ráðstöfun eigna Samábyrgðarinnar við félagsslit, sem gerð var á Alþingi 1967, ber eingöngu að túlka sem svo, að löggjafinn vilji hafa óbundnar hendur um það, hvert þessar eignir renni, innan ramma ríkisvaldsins.

Síðan segir í greinargerð þeirri sem fylgdi lögunum:

Ráðuneytið hefur aflað upplýsinga um það hjá Hagstofu Íslands hvert væri uppreiknað núvirði þeirra framlaga er Samábyrgðin hefur fengið frá ríkissjóði eins og nánar verður að vikið síðar.

Í 3. gr. laga nr. 54/1909 sagði að landssjóður ábyrgðist með allt að 200.000 kr. að félagið fullnægði

¹³³ Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 831, bls. 4371.

skuldbindingum sínum. Ef það gæti ekki af eigin rammleik borgað skaðabætur, sem því væri skylt að greiða, legði landssjóður til það er á vantaði, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð. Í 13. gr. sagði að í stjórn Samábyrgðarinnar væru þrír menn, tveir skipaðir af Stjórnarráðinu og einn af váttryggingafélögum þeim sem Samábyrgðin væri í samvinnu við. Og í 13. gr. var einnig kveðið á um það að til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn legði landssjóður því til 5.000 kr. á ári fyrstu fimm árin. Og að lokum sagði í 15. gr. að ef félagið legðist niður félli tekjuafgangur þess til Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Í nágildandi lögum um Samábyrgðina, sem eru lög nr. 37/1978, eins og áður segir, er hvergi minnst á stofnframlag né bakábyrgð ríkissjóðs. Um stjórn félagsins segir nú að í henni séu fimm menn, ráðherra skipi þrjá, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu LÍÚ, og að tveir komi frá bátaábyrgðarfélögunum.

Þar sem í upphaflegu lögunum var aðeins gert ráð fyrir að ríkissjóður stæði á bak við félagið og að tekjuafgangur, væri Samábyrgðin lögð niður, rynni til fiskiveiðasjóðs sem var í eigu landssjóðs, sbr. lög nr. 52/1905, og ekki var gert ráð fyrir stofnframlagi frá öðrum aðilum, verður að draga þá ályktun að hugmyndir þeirra sem stóðu að stofnun Samábyrgðarinnar hafi miðast við að félagið væri opinbert fyrirtæki (...)

Um fjöllun þessari um eignarhald á Samábyrgð Íslands á fiskiskipum er ætlað að vera til upplýsingar frekar en að henni sé ætlað að vera sérstakur rökstuðningur fyrir því að Samábyrgðin sé í eigu ríkissjóðs. Ráðuneytinu er reyndar ekki kunnugt um að ágreiningur sé lengur um eignarhald á Samábyrgðinni, sbr. það að fulltrúar frá einu bátaábyrgðarfélagi, Gróttu, og stjórnarformaður Samábyrgðarinnar gerðu viðskiptaráðherra tilboð í félagið en tilboð þetta fylgdi með frumvarpi því sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi. Þá hefur og Vörður- Váttryggingafélag (áður Vélbátatrygging Eyjafjarðar) gert tilboð í Samábyrgðina. Ráðuneytinu er kunnugt um að samkomulagsumleitarnir hafa verið í gangi um nokkurt skeið á milli fulltrúa frá bátaábyrgðarfélögunum um möguleika þessara aðila á því að gera sameiginlegt tilboð í Samábyrgðina. Rétt er einnig að rifja það upp að stjórnarformaður Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga hefur lýst því yfir á opinberum vettvangi að enginn ágreiningur væri að sínu mati um það að ríkið ætti Samábyrgðina. Varðandi eignarhald á bátaábyrgðarfélögunum telur ráðuneytið engan vafa leika á því að raunverulegir eigendur þeirra séu þeir sem þar hafa tryggt enda eru þau gagnkvæm váttryggingafélög.¹³⁴

Hér er auðvitað til umhugsunar að Samábyrgðin var í upphafi gagnkvæmt váttryggingafélag en þó var því breytt með lögum nr. 23/1221 sem fyrr sagði. Virðist hafa verið litið á Samábyrgðina upp frá því sem eins konar stofnun í eigu ríkisins. Eru hér ekki gerðar neinar athugasemdir við það atriði.

8.5 Bátaábyrgðarfélögin

Í upphafi höfðu sérstök staðbundin váttryggingafélög, svonefnd bátaábyrgðarfélög, með höndum váttryggingar á fiskiskipum og hófu þau starfsemi á 19. öld. Fyrsta íslenska bátaábyrgðarfélagið var stofnað á Ísafirði 1854 en það félag virðist hafa liðið undir lok nokkrum árum síðar. Síðar var stofnað gagnkvæmt váttryggingafélag fyrir fiskiskip á Akureyri sem nefnt var Hið eyfirska ábyrgðarfélag en það félag hætti einnig störfum. Skipaábyrgðarfélag Vestmannaeyja var stofnað 1862 en síðar var heiti þess breytt í Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja. Eftir aldamótin 1800/1900 voru stofnuð nokkur bátaábyrgðarfélög m.a. Bátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Bátaábyrgðarfélag Eyfirðinga en þar var um að ræða gagnkvæm váttryggingafélög.

¹³⁴ Alþt. 1999-2000, A-deild, þskj. 831, bls. 4371.

Afskipti löggjafans af bátaábyrgðarfélögum hófust með lögum nr. 20/1935 en þau komu af einhverjum orsökum ekki til framkvæmda.¹³⁵ Síðan tóku við lög 27/1938 um váttryggingafélög fyrir vélbáta. Stjórn váttryggingafélaganna var samkvæmt þeim lögum í höndum þriggja manna stjórnarnefndar sem kosin var á aðalfundi af eigendum váttryggðra skipa. Atkvæðisrétt höfðu samkvæmt 8. gr. laganna allir skipseigendur sem skip áttu í félaginu. Engir aðrir höfðu þar atkvæðisrétt.

Þá voru nokkur bátaábyrgðafélög þegar starfandi en þeim fjölgaði verulega við þessa lagasetningu. Lögin hafa breyst nokkuð í tímans rás. Þau voru endurskoðuð í byrjun fimmta áratugarins, sbr. lög nr. 32/1942 og síðan með lögum nr. 61/1947 en þá var heiti laganna breytt í lög um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip. Næst var lögunum breytt árið 1967 með lögum nr. 41 og enn var heiti laganna breytt og varð nú lög um bátaábyrgðarfélög.

Síðast gildandi lög um bátaábyrgðafélög voru nr. 18/1976. Var það samsett útgáfa laga nr. 41/1967 og breytinga á þeim lögum, nr. 91/1975. Að meginstefnu til var haldið þeirri skipan sem komst á með lögum 27/1938 en stærðarmörkum váttryggingarskyldra skipa hafði þó verið breytt í gegnum tíðina og raunar einnig aðlöguð að EES–samningnum með l. nr. 116/1993. Að lokum voru þó lög nr. 18/1976 felld úr gildi með 6. gr. l. nr. 98/2000 um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands að fiskiskipum. Bátaábyrgðarfélögin voru þá fjögur talsins, Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu, Bátatrygging Breiðafjarðar og Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga. Fjórdi félagið og það stærsta var Vélbátatrygging Eyjafjarðar. Það hafði þá nýlega fengið starfsleyfi til alhliða váttryggingastarfsemi og skipt um nafn og heitir nú Vörður-Váttryggingafélag. Formlega séð telst taldist það þó bátaábyrgðarfélag.¹³⁶ Við gildistöku l. nr. 98/2000 var það talið leiða af sjálfu sér að þau bátaábyrgðarfélög sem starfandi væru myndu hlíta ákvæðum laga um váttryggingastarfsemi, sbr. l. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Eins og fram hefur komið, sbr. kafla 8.4. var í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 98/2000 ekki véfengt að bátaábyrgðarfélögin væru gagnkvæm váttryggingafélög í eigu þeirra sem þar höfðu tryggt. Í fyrrgreindri álitargerð frá 21. desember 1992¹³⁷ en þá voru fyrrgreind lög nr. 18/1976 um bátaábyrgðafélög enn í gildi, segir m.a. svo:

Enginn vafi leikur á að eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar tekur til eigna félaga. Í stjórnskipunar- og eignarrétti er almennt talið að vernd 67. gr. verði að taka mið af þeim lögvörðu hagsmunatengslum sem eru á milli eigna tiltekinna félaga og félagsmanna og eru fólgin í því að þeim er tryggður fjárhagslegur arður af verðmætum og hlutdeild í þeim við félagsslit. Í 6. kafla hér að framan er lagt til grundvallar að félagsmenn bátaábyrgðafélaga eigi ekki einungis rétt til arðs af starfsemi félaganna ef því er að skipta heldur geti þeir einnig á lögmætum félagsfundi tekið ákvörðun um raðstöfun hreinnar eignar við félagsslit. Samkvæmt því njóta bátaábyrgðarfélögin verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar að því er tekur til eigna (sjóða) þeirra. Verður að telja álitamál hvort eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar hafi alltaf verið virt í löggjöf um bátaábyrgðafélög.

¹³⁵ Alpt. 1937, síðara þing B-D, dálkur 725.

¹³⁶ Alpt. 1997-1998, A-deild, þskj. 946, bls. 3878.

¹³⁷ Álitargerð Arnljóts Björnssonar og Stefáns M. Stefánssonar frá 21. desember 1992 um réttarstöðu vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga og vélbátatryggingar Eyjafjarðar.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður að telja að ekki sé með almennum lögum heimilt að ráðstafa eignum félaganna nema með eignarnámi og gegn því að fullar bætur komi fyrir. Frá því er að vísu undantekning að því er tekur til þeirra skerðinga á eignarréttindum sem teljast almennar og menn verða að þola bótalaust.

Við undirritaðir leggjum jafnframt áherslu á að réttur félagsmanna bátaábyrgðarfélags til að ráða því hverjir hafi fyrirsvars – og ráðstöfunarrétt í félaginu er svo mikilvæg trygging þess að þeir hafi not og arð þeirra verðmæta sem félagið á að löggjafinn megi ekki skerða hann bótalaust.

8.6 Löggjöf um samvinnufélög

Hér er að lokum fjallað um lög um samvinnufélög nr. 46/1937 sem giltu þar til lög nr. 22/1991 um samvinnufélög leystu þau af hólmi. Í upphaflegum samþykktum Samvinnutrygginga g.t. frá 1946 var gert ráð fyrir því að við slit félagsins skyldi fara eftir ákvæðum samvinnufélagalaga og jafnframt að þar sem samþykktum sleppti skyldu þau lög gilda.

Helstu einkenni samvinnufélaga eru að félagið starfar á samvinnugrundvelli, markmið þess er að efla hagsæld félagsmanna í réttu hlutfalli við þátttöku þeirra í félagsstarfinu og þessum tilgangi er náð með kaupum á vörum eða sölu afurða eða annarri starfsemi. Þá eru talin upp nokkur aðaleinkenni skipulags samvinnufélaga. Þar er m.a. um að ræða reglur um þátttöku í félaginu, þátttökuna sjálfa, ráðstöfun á tekjuafgangi í félaginu og sérstök ákvæði um félagsslit þar sem sagði m.a. í 9. tl. 3. gr. að innistæðufé í óskiptilegum sameignarsjóðum væri ekki útborgað við félagsslit heldur skyldi það ávaxtað undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar með tilteknum hætti þar til nýtt samvinnufélaga með sama markmiði tæki til starfa á félagssvæðinu. Félagssvæðin gátu aðeins verið einstaklingar.¹³⁸

Hér er rétt að nefna sérstaklega 3. og 5. gr. 1. nr. 46/1937. Þar kom fram að greina ætti í samþykktum samvinnufélaga um ábyrgð félagsmanna gagnvart skuldbindingum félagsins. Sú ábyrgð ásamt innistæðu hans í stofnsjóði stóð síðan m.a. undir skuldbindingum félagsins. Jafnframt ber hér að nefna að eitt af aðaleinkennum samvinnufélaga er að aðgangur er frjálfs fyrir alla sem fullnægja ákveðnum almennum skilyrðum. Af því leiðir að alltaf geta nýjrir félagar, sem fullnægja þessum skilyrðum, gengið í félagið og félagatalan er þannig breytileg. Loks er það eitt aðaleinkenna samvinnufélags að atkvæðisréttur er jafn. Hver félagsmaður hefur þannig eitt atkvæði án tillits til eigna eða viðskipta við félagið.

Sjóðir samvinnufélaga gátu (og geta) ýmist verið séreign félagsmanna eða óskiptilegir sameignarsjóðir. Tveir sjóðir voru sérstaklega nefndir, þ.e. varasjóður og stofnsjóður en auk þess var gert ráð fyrir að stofna mætti aðra sjóði. Fram kom einnig að auk greiðslna í varasjóð bar að leggja í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns nokkuð af tekjuafgangi þeim sem kom í hans hlut við reikningslok. Fé stofnsjóðs bar að nota sem veltufé í þarfir félagsins og skyldu vextir lagðir við höfuðstólinn við hver áramót (24. gr.). Stofnsjóðseign hvers félagsmanns féll síðan til útborgunar: a) við andlát, b) við burtflutning af félagssvæði, c) við

¹³⁸ Hrafn Bragason: *Samvinnufélög*, 1986 (óútféið handrit).

gjaldþrot og d) yrði hann fátækrastryksþurfi. Þess má loks geta að í 9. tl. 3. gr. laganna var gert ráð fyrir færslu innistæðufjár í óskiptilega sameignarsjóði samvinnufélaga. Slíkir sjóðir gátu auk varasjóðs t.d. verið tryggingasjóður, fyrningarsjóður, menningarsjóður, áhættusjóður og fleira. Mæla átti fyrir um allar sjóðsstofnanir í samþykktum félagins svo og framlög til þeirra.

Við félagsslit, þegar greiddar höfðu verið heildarskuldbindingar félagsins eða eftir atvikum tekið frá fé til greiðslu þeirra, fengu félagsmenn ekkert útborgað úr óskiptilegum sameignarsjóðum heldur skyldi hugsanleg innistæða ávöxtuð undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar uns samvinnufélaga eða samvinnufélög með sama markmiði tækju til starfa á félagssvæðinu. Skyldi það félag eða félög fá umráð sjóðseignarinnar með samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar svo og atvinnuáráðherra uns samvinnufélag með sama markmiði tæki til starfa á félagssvæðinu en þá mátti fá því sjóðseignina til umráða.

Hins vegar sagði í 36. gr. sem fjallaði um félagsslit m. a. að þegar skuldir félagsins hefðu verið greiddar og félagssfundur samþykkt fullnaðarreikninga skilaneftar mætti greiða félagsmönnum og öðrum sem ættu í stofnsjóði stofnssjóðsinnistæður.

Ákvæði 65. gr. núgildandi laga um samvinnufélög fela í sjálfu sér ekki víðtækar breytingar um þetta efni. Þó segir í 3. mgr. 65. gr. íf. að í samþykktum megi einnig ákveða að fé í óskiptum stofnsjóði eða í A- deild skuli renna til annarra en félagsaðila við félagsslit. Þarna kom því fram það nýmæli að eigendur óskipts stofnsjóðs eða í A- deild skyldu ávallt fá greiðslu úr honum við félagsslit nema á annan veg væri mælt í samþykktunum. Í greinargerð þeirri sem fylgdi frumvarpinu að lögum sagði svo:

Greinin er byggð á 121. gr. hlutafélagalaga með fráviki sem leiðir af tilvist stofnsjóðs í samvinnufélagi í stað hlutafjár í hlutafélagi. Mælt er fyrir um forgang eigenda hluta í B - deild stofnsjóðs að því marki sem nafnverð hluta þeirra eru skráð hjá félaginu. Hér er enn fremur að finna það nýmæli að eigendur stofnsjóðs skuli ávallt fá greiðslu úr honum við félagsslit sé ekki á annan veg fyrir mælt í samþykktum félagsins.

Í samþykktum félagsins er því hægt að gera frávik frá þessu, t.d. með sambærilegu ákvæði og er í 9. tölul. 3. gr. gildandi laga, þar sem segir að innstæðufé í óskiptilegum sjóðum samvinnufélags skuli ekki útborgað við félagsslit heldur skuli það, að loknum öllum skuldbindingum sem á félagsheildinni hvíla, ávaxtað undir umsjón viðkomandi héraðsstjórnar uns samvinnufélag eða samvinnufélög með sama markmiði taka til starfa á félagssvæðinu. Skal þá afhenda þeim féð.

Þá er og athyglisvert ákvæði 39. gr. laga nr. 46/1937 þar sem sagði að ef svo bæri til að samvinnufélag sem skrásett hefði verið, fullnægði ekki ákvæðum laganna og þess ekki kostur að koma því aftur í lögmætt horf væri stjórn félagsins skylt innan eins árs að tilkynna það lögreglustjóra svo að skrásetning þess yrði afmáð enda nyti það úr því engra réttinda samkvæmt lögum. Ákvæði þetta sem var að finna í VII. kafa laganna um félagsslit bar væntanlega að skýra svo að stjórn félags ætti að krefjast félagslita þegar svona stæði á. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í núgildandi lögum um samvinnufélög.

Hér er ekki ástæða til að geta frekar ákvæða l. nr. 22/1991 um samvinnufélög þar eð öll þau atriði sem hér eftir koma við sögu eru svipaðs eðlis og eftir þágildandi lögum. Þó er ljóst að

við samningu laganna voru lög um hlutafélög höfð til hliðsjónar eftir því sem við á. Þannig var t. d. gert ráð fyrir því í frumvarpinu að samvinnufélögum yrði gert kleift að afla sér eigin fjár með sölu hluta í B-deild stofnsjóðs sem að mörgu svipar til sölu hluta í hlutafélögum. Eignarhaldi á hluta í B-deild stofnsjóðs fylgdi þó ekki atkvæðisréttur á félagsfundum.

Þess má geta að ákvæði um samvinnusambönd voru í eldri lögum um samvinnufélög en slík sambönd höfðu verið starfandi hér á landi frá árinu 1902. Gert var ráð fyrir að í samþykktum samvinnusambands væri tekin afstaða til þeirra atriða sem greindi í 32.-34. gr. þágildandi laga. Samkvæmt 60. gr. gildandi laga fer um stofnun samvinnusambanda, skrásetningu og skipulag eftir því sem við getur átt. Hvert það félag, sem fullnægir ákvæðum laganna og samþykktum samvinnusambands, hefur rétt til inngöngu í starfandi samvinnusamband, enda starfi það á sambærilegu verksviði og þau samvinnufélög sem fyrir eru í sambandinu. Nánari ákvæði um samvinnusamband skal síðan setja í samþykktir þess.

8.7 Samantekt

Gagnkvæm váttryggingafélög eru vel þekkt í norrænni löggjöf og ekki síst frá fyrri tíð. Sama er að segja um þýska löggjöf en í þarlandri löggjöf er að finna ítarlegar reglur um gagnkvæm váttryggingafélög í lögum um váttryggingaefirlit. Íslensk löggjöf og saga um bátaábyrgðarfélög og Brunabótafélaga Íslands veita enn fremur ákveðnar vísbendingar um stöðu þessara félaga samkvæmt löggjöfinni.

Engin heildarlöggjöf er þó fyrir hendi um gagnkvæm váttryggingarfélög. Hafa ber í huga ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og þeim grunnsjónarmiðum um félagafrelsi sem það er reist á. Þetta þýðir m.a. að öll féлагаform njóta stjórnarskrárverndar nema þau fari í bága við almenn lög.

Lög nr. 42/1903 um verslanaskrá, firmu og prókúruumboð¹³⁹ taka til gagnkvæmra félaga og lög um váttryggingastarfsemi hafa að geyma þýðingarmikil ákvæði sem hyggja verður að. Að svo miklu leyti sem þau lög hafa ekki að geyma sérstök ákvæði um gagnkvæm váttryggingafélög er þar vísað til samþykktar viðkomandi félags og laganna um samvinnufélög. Sum ákvæði laganna um váttryggingastarfsemi hafa að geyma reglur sem minna á hlutafélagalöggjöfina, t.d. um með hvaða skilyrðum megi úthluta arði og um öflun stofnhluta (eigið hlutafé í hlutafélögum) en enn önnur eru e.t.v. hlutlaus í þessu tilliti.

Um Samvinnutryggingar g.t. og skipulag þess verður rætt í kafla 9. Samþykktir félagsins í upphafi minna um margt á þágildandi löggjöf um samvinnufélög. Nægir þar að taka fram að í upphaflegum samþykktum félagsins var skýrum orðum vitnað í þessa löggjöf og að í 2. gr. 1. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi er gert ráð fyrir að gagnkvæm váttryggingafélög séu stofnuð og rekin í samvinnufélagsformi eins og áður hefur verið greint frá.

¹³⁹ Önnur lög en hér eru nefnd hafa minni þýðingu. Sem dæmi um slík lög mætti nefna 2. gr. laga 90/2003 um tekjuskatt sem gerir ráð fyrir skattskyldu gagnkvæmra váttryggingar- eða ábyrgðarfélaga.

9. SAMVINNUTRYGGINGAR G.T. Í LJÓSI GILDANDI LAGA

Tilgangur þessa kafla er að greina þær breytingar sem urðu á Samvinnutryggingum g.t. í gegnum tíðina og hvaða áhrif þær höfðu í ljósi gildandi réttar. Slík greining veitir vísbendingar um réttindi og skyldur þeirra sem stjórnðu félaginu og um hugsanleg réttindi þeirra manna sem hér verða nefndir tryggingartakar (einnig nefndir meðeigendur eða sameigendur).

9.1 Stofnendur, stjórnun, tryggingartakar

Í upphafi var nafn Samvinnutrygginga „Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun.“ Heitinu var þó breytt á aðalfundi 1973 þannig að það varð „Samvinnutryggingar, gagnkvæmt váttryggingafélag“. Þessi orðanotkun í upphafi verður þó ekki talin skipta neinu höfuðmáli hér. Aðalatriðið er að Samvinnutryggingar var lögpersóna sem hafði ótvíræð félagaeinkenni allt frá upphafi. Samvinnutryggingar voru fyrst og fremst háðar þeim reglum sem fram komu í samþykktum þeirra þar sem beinlínis vísar í lög um samvinnufélög um öll önnur atriði en getur í samþykktunum, sbr. 19. gr. þeirra.

Auk þessa gildi um félagið sú löggjöf sem var í gildi á hverjum tíma. Ber þar helst að nefna fyrrgreint ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, ákvæði laga nr. 42/1903 um verslanaskrá, firmu og prókúruumboð svo og aðrar grunnreglur félagaréttarins. Síðar komu þó til skjalanna ítarlegri lagareglur sem tóku til gagnkvæmra váttryggingafélaga, einkum l. 26/1973 um váttryggingastarfsemi sem áður er getið. Það að félagið var af stofnendum þess nefnt „samvinnusamband“ þykir í engu breyta fyrrgreindri ályktun um eðli félagsins og ekki heldur þó að það hefði samtímis verið nefnt „gagnkvæm tryggingastofnun“ og eigendur þess taldir þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá henni.

Athyglisvert er að Samvinnutryggingar g.t. eru stofnaðar af Sambandi íslenskra samvinnufélaga (SÍS) og þeim sambandsfélögum sem hjá stofnuninni tryggðu, þ.e. kaupfélagi Eyfirðinga, kaupfélagi Borgfirðinga og kaupfélagi Héraðsbúa. SÍS lagði til stofnfé, kr. 500.000 sem nefnt var tryggingarfé samkvæmt orðum samþykktanna.

Æðsta stjórn félagsins var í höndum svonefnds fulltrúaráðs¹⁴⁰ sem ásamt varafulltrúum var kosið á aðalfundum SÍS. Aðalfundir SÍS voru samkomur þar sem fulltrúar aðildarfélaga Sambands íslenskra samvinnufélaga voru mættir. Í upphafi vour þeir einir kjörgengir í fulltrúaráðið sem voru „meðeigendur“ í Samvinnutryggingum g.t. samkvæmt 1. mgr. 5. gr. samþykktanna. Ætla verður að hið auðkennda hugtak hafi fyrst og fremst átt við stofnendurnar og að auki við þá sem síðar gengu til viðskipta við félagið.

Við þetta bættist að „tryggingarþegum“ stofnunarinnar var heimilt samkvæmt 7. gr. samþykktanna að leggja tillögur fyrir aðalfund með ákveðnum skilyrðum. Nærri liggur að

¹⁴⁰ Fjöldi fulltrúa tók nokkrum breytingum í tímans rás og hafa þær breytingar verið raktar í fyrri köflum og fylgja auk þess í viðauka. Við breytingu á samþykktunum 1973 skyldi, auk þeirra 21 fulltrúa sem aðalfundur SÍS kysi, 2 fulltrúar starfsmanna Samvinnutrygginga g.t. og Andvöku eiga sæti í fulltrúaráðinu, sbr. 5. gr.

álykta að hugtakið tryggingarþegi sé hér notað með líkum hætti og hugtakið meðeigandi í 5. gr. Samkvæmt þeirri grein voru aðeins „meðeigendur“ kjörgengir í fulltrúaráðið auk þess sem þeir fóru með tiltekinn rétt á aðalfundum eins og fyrr sagði. Hér skal einnig haft í huga sem áður er sagt að samkvæmt 4. mgr. 2. gr. upphaflegra samþykktu voru eigendur Samvinnutrygginga sagðir þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá henni.

Gert var ráð fyrir varasjóði í Samvinnutryggingum í upphaflegum samþykktum. Í hann skyldi leggja minnst 1% af iðgjaldaupphæð á ári og auk þess arður af viðskipum við utanfélagsmenn. Hugsanlegur halli á tryggingarstarfseminni skyldi bættur úr varasjóðum tilvarandi tryggingardeilda en hrykki það ekki til skyldi fé tekið af tryggingarfénu, þ.e. því fé sem SÍS lagði „stofnuninni“ til í upphafi. Yrði tap ekki bætt á þennan hátt skyldi leggja aukaiðgjald á tryggingartaka Samvinnutrygginga en þó ekki hærri fjárhæð en svo að árlega næmi hærri upphæð en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er á tryggingarskírteinunum, sbr. 4. gr. Af þessu ákvæði er alveg ljóst að átt er við þá „meðeigendur“ sem á hverjum tíma voru í viðskiptum við félagið.

Greinilegt er að um einn meðeigandann, Samband íslenskra samvinnufélaga, giltu sérreglur. Hann lagði fram háa fjárhæð í tryggingarfé (stofnfé) í upphafi sem átti ásamt varasjóði að standa fyrst og fremst undir hugsanlegum hallarekstri félagsins áður en unnt væri að ganga að ábyrgðum félagsmanna sem voru einungis til vara. Þar fyrir utan var fulltrúaráðið kosið á aðalfundum SÍS og að auki var stjórn Samvinnutrygginga g.t. kosin af stjórn SÍS sbr. 11. gr. Af þessu er augljóst að Samband íslenskra samvinnufélaga hafði langmest áhrif á stjórnun Samvinnutrygginga g.t. auk þess sem það bar mun meiri ábyrgð á skuldum Samvinnutrygginga g.t. heldur en þeir sem voru í viðskiptum við félagið. Með þetta í huga er nærtækt að álykta að fulltrúaráð og stjórn Samvinnutrygginga g.t. hafi fyrst og fremst starfað í skjóli Sambands íslenskra samvinnufélaga og í nánnum tengslum við það. Engu að síður er rétt að skýrt komi fram að stjórnendum Samvinnutrygginga g.t. bar að hafa hagsmuni félagsins og þar með hagsmuni meðeigenda þess að leiðarljósi í samræmi við almennar reglur félagaréttarins.

Rétt er að geta þess að stjórn félagsins var með hefðbundnum hætti. Fulltrúaráðið fór með æðstu stjórn sem áður sagði en stjórn félagsins framkvæmdi fundarályktanir og hafði m.a. umsjón með sjóðum og öðrum eignum félagsins og gætti hagsmuna þess í öllum greinum. Stjórnin réð framkvæmdastjóra sem hafði umsjón með daglegum framkvæmdum, rekstri og fjármálum samkvæmt 14. gr. samþykktu.

Þá er rétt að fram komi að markmið Samvinnutrygginga g.t. var í upphafi einkum að taka að sér sjóváttryggingar, brunaváttryggingar og bifreiðaváttryggingar. Á árinu 1963 bættust við lánastarfsemi og rekstur fasteigna og 1970 varð markmið Samvinnutrygginga g.t. að taka að sér hvers konar váttryggingar aðrar en líftryggingar svo og lánastarfsemi og rekstur fasteigna.

9.2. Tilkynningar og skráningar

Hér verður greint frá þeim tilkynningum og opinberu skráningum sem varða Samvinnutryggingar g.t. Um tvenns konar skráningu var að ræða, þ.e. almenna skráningu í firmaskrá (fyrirtækjaskrá) og aðra í sérstaka undirskrá, váttryggingafélagaskrá.

9.2.1 Firmaskrá (fyrirtækjaskrá)

Það efni sem hér verður rakið styðst að mestu við tölvubréf fyrirtækjaskrár frá 13. maí 2009.

Í upphaflegri tilkynningu um stofnun félagsins árið 1946 var nafn Samvinnutrygginga skráð Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingastofnun. Tilkynningin var sett fram á eyðublaði sem bar heitið „Tilkynning um samvinnufélög“ og var félagið skráð í sérstaka bók um samvinnufélög hjá borgarfélaginu í Reykjavík eins og þá tíðkaðist. Meðal stofngagna var plagg þar sem sagði: „Eftirtalin félög hafa komið sér saman um að stofna samvinnusambandið Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun.“ Síðan eru félögin talin upp en þau eru SÍS, KEA, kf. Borgfirðinga og kf. Héraðsbúa. Þetta er eini staðurinn í stofngögnunum þar sem stofnunin er tengd við samvinnufélag ef frá er talin tilkynningin sjálf. Samvinnutryggingar g.t. voru færðar til bókar samkvæmt þessu í samvinnufélagsskrá hjá Borgarfélaginu og hefur félagið verið skráð þannig alla tíð síðan.

Þegar fyrirtækjaskrá hóf starfsemi hjá Hagstofu Íslands árið 1969 var félagið skráð samvinnufélag, en fyrirtækjaskráin var heildarskrá allra félaga sem flokkuð voru eftir rekstrarformi líkt og verið hefur eftir að skráin var tölvuvædd.

Í samþykktum félagsins hefur skammstöfunin svf. aldrei verið notuð. Þegar tilkynnt var árið 2002 um nafnbreytingu úr Samvinnutryggingar g.t. í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar var skammstöfuninni svf. bætt við í skráningu fyrirtækjaskrár, en skammstöfunin síðan felld niður úr skráningu 2007.

Á árinu 2007 barst fyrirtækjaskrá fyrirspurn frá lögmanni félagsins, þar sem m.a. var spurt um afstöðu fyrirtækjaskrár gagnvart því að breyta félaginu í hlutafélag á grundvelli laga um samvinnufélög. Svar fyrirtækjaskrár að höfðu samráði við vararíkisskattstjóra var eftirfarandi:

Þó svo Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar sé frá gamalli tíð skráð í fyrirtækjaskrá sem samvinnufélag telur fyrirtækjaskrá að stjórnskipulag og eignarhald sé ekki með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagið hefur enda aldrei verið skráð með þeim hætti sem 3. gr. laganna kveður á um að skylt sé um þau félög sem lúta lögum 22/1991, enda hefur félagið sjálft ekki notað orðið samvinnufélag eða skammstöfunina svf. í nafni sínu í tilkynningum til skrárinnar. Fyrirtækjaskrá telur því að ekki sé unnt að styðjast við XII. kafla laga 22/1991 um breytingu félagsins í hlutafélag.

Samkvæmt þessu voru Samvinnutryggingar tilkynntar sem samvinnusamband og gagnkvæm tryggingastofnun í upphafi og skráð í samvinnufélagaskrá. Firmanafnið var þó ekki notað

Þannig heldur firmanafnið Samvinnuþryggingar g.t. Þessi skráning ein sér getur þó ekki valdið neinum úrslitum um eðli félagsins enda var félagið skráð með öðrum hætti í váttryggingafélagaskrá, sbr. kafla 9.2.2.

9.2.2 Váttryggingafélagaskrá

Samvinnuþryggingar g.t. sendu inn umsókn um starfsleyfi þann 30. september 1974 og ráðuneytið veitti félaginu starfsleyfi 14. janúar 1975. Þetta var tilkynnt til váttryggingafélagsskrár þann 13. júní 1975 og var félagið skráð þar sem Samvinnuþryggingar g.t.

Á árinu 1994 var tilkynnt um breytingu á félaginu í eignarhaldsfélag og um flutning tryggingastofna til VÍS. Fram kemur einnig að eftirlitið hafi staðfest heimild til yfirfærslu tryggingastofna. Tilkynnt var um yfirfærslu á váttryggingastofni þann 13. febrúar 1995. Váttryggingaefirlitið sendi ráðuneytinu tillögu um afturköllun starfsleyfis, sem var síðan afturkallað. Var firmaheitið Samvinnuþryggingar g.t. þá afskráð úr váttryggingafélagaskrá í framhaldinu.

9. 3 Heimildir til skipulagsbreytinga

Eins og fyrr greinir var félagið Samvinnuþryggingar g.t. í upphafi, þ.e. árið 1946, aðeins háð efni samþykktanna sinna og þeim tiltölulega fábrotnu ákvæðum sem giltu um gagnkvæm váttryggingafélög á þeim tíma. Heimildin til skipulagsbreytinga fólst einkum í ákvæðum 2. mgr. 18. gr. upphaflegra samþykktanna en samkvæmt þeim þurfti 2/3 hluta atkvæða allra kjörinna fulltrúa til breytinga á samþykktunum. Þessu var síðan breytt árið 1963 þannig að nægjanlegt var til breytinga á samþykktum að 2/3 hlutar kjörinna fulltrúa sem mættu á fundinn samþykktu breytinguna. Enginn áskilnaðar var um samþykki meðeigenda við breytingar af þessu tagi.

Aðalatriðið er því að mjög auðvelt var að breyta skipulagi Samvinnuþrygginga g.t. samkvæmt samþykktum félagsins og þar með réttarstöðu meðeigenda ef því var að skipta. Þannig var t.d. heimilt að stofna nýja sjóði í félaginu, kveða á um að þeir skyldu vera séreignasjóðir og setja skilyrði fyrir greiðslum úr þeim, m.a. skilyrði um að einungis þeir sem hefðu verið í viðskiptum við félagið í 2 næstliðin ár skyldu fá greiðslur úr sjóðnum. Þá er spurning hvort og að hvaða marki hefði verið unnt að breyta skipulagi um greiðslur úr óskiptilegum sameignarsjóðum Samvinnuþrygginga g.t. með breytingum á samþykktunum. Þar kemur í fyrsta lagi til álita að gagnkvæmt váttryggingafélag er félag sérstaks eðlis þar sem tryggingartakar eru sameigendur/meðeigendur. Á hinn bóginn var gert ráð fyrir því í lögum um váttryggingastarfsemi að greina ætti í samþykktunum hvernig fara skyldi með hreina eign félagsins við félagsslit.

Því er sennilega rétt að telja að unnt hafi verið að kveða á um réttindi meðeigenda í samþykktunum, þar á meðal með breytingu á samþykktunum, og jafnvel að fella þau niður ef því var að skipta.

Reglur núgildandi laga um samvinnufélög eru ekki svo ólíkar þessu. Þar er nú tekið fram í 65. gr. að í samþykktum félags megi ákveða að fé í óskiptum stofnsjóði eða í A-deild geti runnið til annarra en félagsaðila við félagsslit. Hugtakið stofnsjóð ber hér að skýra víðum skilningi. Í tilviki Samvinnutrygginga g.t. hefði það náð til skiptilegra og óskiptilegra sjóða félagsins eins og þeir stóðu eftir að skuldir höfðu verið greiddar og þeim hefði ekki borið að ráðstafa í önnur skilgreind verkefni. Þetta þýðir að svonefndir meðeigendur Samvinnutrygginga g.t. hefðu hlotið greiðslur úr skiptum stofnsjóði samkvæmt þeim reglum sem giltu um hann og að auki úr öðrum sjóðum sem meðeigendur eftir því sem fé hefði hrokkið til. Ber sérstaklega að taka fram að SÍS hefði ekki átt rétt á endurgreiðslu þess tryggingarfjár sem það lagði til í upphafi. Ástæðan er sú að samþykktirnar gerðu ekki ráð fyrir neinni endurgreiðslu þessarar fjárhæðar. Er því eðlilegast að líta á þetta sem óendurkræft stofnframlag.

9.4 Reglur um slit

Fyrr er frá því greint að reglur um félagsslit voru háðar ákvæðum VII. kafla laga nr. 46/1937 eftir því sem við yrði komið. Ekki kom þó til slitameðferðar þar eð félaginu var síðar breytt í Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga eins og rakið hefur verið.

Hefði félaginu verið slitið samkvæmt samvinnufélagalögum í ljósi 13. gr. þágildandi laga um váttryggingastarfsemi nr. 26/1973 hefði skilanefnd væntanlega verið löggilt til starfans og ákveðnar reglur hefðu þá gilt um málsmeðferð. Skilanefnd hefði tekið á öllum kröfum en ágreiningsefnum vísað til héraðsdómara sem úrskurðað hefði um ágreininginn, sbr. 2. mgr. 66. gr. samvinnufélagalaga. Þá hefði skilanefndinni borið að gera frumvarp til úthlutunargerðar en meginreglan er sú að þeim eignum sem eftir verða þegar allar skuldir eru greiddar skal úthlutað til eigenda stofnsjóðs.¹⁴¹

9.5 Breytingarnar árið 1989

Á aðalfundi Samvinnutrygginga g.t. þann 30. júní 1989 var samþykktum félagsins breytt til samræmis við drög að samkomulagi um stofnun hlutafélags um váttryggingarekstur Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga g.t. Markmiðið var að steypa saman í eina rekstrarheild í nýju hlutafélagi öllum váttryggingum nema brunatryggingum fasteigna. Var því gert ráð fyrir að Samvinnutryggingar myndu halda sínum brunatryggingum samkvæmt samningum við sveitastjórnir á Íslandi. Breytingarnar fólu því í sér að meginhluti rekstrar

¹⁴¹ 2. mgr. 65. gr. samvinnufélagalaga: "...skal skilanefndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til eigenda stofnsjóðs og lokareikninga félagsins."

Samvinnutrygginga g.t. var felldur undir nýstofnað félag, BÍST, sem síðar varð Vátryggingafélag Íslands hf. (VÍS).

Tilgangi Samvinnutrygginga g.t. var því breytt þannig að nú var markmið félagsins að vera eignarhaldsfélag fyrir þær eignir Samvinnutrygginga g.t. sem ekki yfirfærðust til Vátryggingafélags Íslands hf. og að fara auk þess með eignarhlut (hlutabréf) félagsins í VÍS með tilnefningu stjórnarmanna í það félag. Enn fremur héldu Samvinnutryggingar g.t. áfram hinni takmörkuðu beinu vátryggingastarfsemi sem tengdist lögboðnum brunatryggingum fasteigna. Var talið samkvæmt þeim undirbúningsgögnum sem fyrir liggja að um væri að ræða samstarf stofnenda í því skyni að ná aukinni hagkvæmni í rekstri.

Skipan fulltrúaráðsins hélst að mestu óbreytt, fækkaði úr 36 í 33 fulltrúa, og stjórn félagsins var áfram skipuð með sama hætti.

Í samþykktir félagsins frá 30. júní 1989 var bætt inn ákvæði þess efnis að við slit félagsins skyldu viðskipti við VÍS jafngilda viðskiptum við Samvinnutryggingar g.t. Eigendur félagsins töldust þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá því, sbr. 17. gr. Þetta ákvæði var í samræmi við 11. gr. þágildandi laga um vátryggingastarfsemi nr. 50/1978. Þessi eignaraðild var þó tímabundin við þá tryggingartaka sem síðustu tvö almanaksárin fyrir slitin tryggðu hjá félaginu. Enn fremur var ákvæði í samningi milli BÍ og Samvinnutrygginga g.t. um að tryggingartakar hjá hinu nýja félagi hefðu sömu réttindi gagnvart gömlu félögunum eins og þeir hefðu tryggt beint hjá Samvinnutryggingum g.t. eða Brunabótafélagi Íslands.

Árið 1990 var opnaður sá möguleiki að Samvinnutryggingar g.t. gætu framselt forkaupsrétt sinn á hlutafjárhækkun í VÍS til tiltekinna fyrirtækja samvinnuhreyfingarinnar. Enn fremur má geta þess að árið 1992 var fulltrúaráðsmönnum fækkað, urðu 12 eftir breytinguna og 6 til vara.

Í tengslum við þá fyrirætlun að yfirfæra alla stofna vátrygginga aðra en brunatryggingar fasteigna frá Samvinnutryggingum g.t. til Vátryggingafélags Íslands var talið nauðsynlegt að breyta samþykktum Samvinnutrygginga g.t. og leita samþykkis Tryggingaeftirlitsins í því sambandi. Í bréfi eftirlitsins frá 24. maí 1989 til Samvinnutrygginga g.t. segir m.a. svo:

Þegar yfirfærðir eru stofnar vátrygginga frá gagnkvæmu vátryggingarfélagi eða til gagnkvæms félags er hlutverk eftirlitsins tvíþætt. Annars vegar koma til álita hagsmunir, er tengjast öryggi þeirra og rétti sem vátryggingartaka í nýju félagi og hins vegar hagsmunir þeirra sem sameigenda gagnkvæms vátryggingarfélags.

Á sama hátt koma til álita hagsmunir vátryggingartaka sem eftir kunna að verða í gagnkvæmu vátryggingarfélagi og ekki verða yfirfærðir til nýs félags (...)

Þegar um gagnkvæm vátryggingarfélög er að ræða ber eftirlitinu einnig að gæta hagsmuna sameigenda og að sjá til þess að þeirra hagsmunir skerðist ekki við yfirfærslu stofna.

Það er því ljóst þegar svo umfangsmiklar breytingar eiga sér stað á starfsemi gagnkvæms vátryggingarfélags eins og nú eru fyrirhugaðar á starfsemi Samvinnutrygginga g.t. að nauðsyn ber til að laga samþykktir félagsins að hinum breyttu aðstæðum.

Einnig er ljóst að skilyrði þess að eftirlitið geti mælt með yfirfærslu váttryggingarstofna til nýs félags er að þannig sé um hnúta bótið að hagsmunir sameigenda skerðist ekki við yfirfærsluna (...).

Í tilefni af þessum og öðrum athugasemdum Tryggingaeftirlitsins voru gerðar breytingar á samþykktum Samvinnutrygginga g.t. sem lutu sérstaklega að hagsmunum sameigendanna. Fyrir liggur einnig bréf Tryggingaeftirlitsins 31. maí 1989 til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Þar kemur fram það álit eftirlitsins að Váttryggingafélag Íslands fullnægi skilyrðum laga og mælir með því að félaginu verði veitt starfsleyfi í tilteknum greinaflokkum váttrygginga og með tilteknum skilyrðum.

Þegar litið er til umræddra breytinga sem urðu á Samvinnutryggingum g.t. árið 1989 og síðar ber helst að nefna að heildarskipulag Samvinnutrygginga g.t. hélst óbreytt. Þannig starfaði félagið áfram sem gagnkvæmt váttryggingafélag með sama eða svipuðu stjórnkerfi og áður hafði verið, sbr. þó það sem hér verður síðar sagt. Fulltrúaráðið var í meginatriðum skipað með sama hætti og áður var og svipað gegnir um stjórn félagsins og framkvæmdastjóra. Tilgangur þess breyttist hins vegar verulega því að meginstarfsemi þess fluttist nú yfir í nýtt félag, Váttryggingafélag Íslands hf., en aðeins lítil hluti váttryggingarstarfsemi varð eftir hjá Samvinnutryggingum g.t. Aðalstarfsemin varð nú í því fólgin að stýra eignum félagsins í VÍS, m.a. með tilnefningu stjórnarmanna í það félag. Sé horft út frá sjónarmiðum viðskiptamanna Samvinnutrygginga g.t. breyttist staðan að því leyti að þeir áttu þess ekki kost að skipta við félagið eins og áður hafði verið nema að litlu leyti. Þeir áttu þess hins vegar kost að semja við annað félag, Váttryggingafélag Íslands hf., og voru þau viðskipti talin jafngild viðskiptum við Samvinnutryggingar g.t. samkvæmt samþykktum hins síðarnefnda félags.

Eftir stendur þá það álitamál hvort umrædd skipan fengist samrýmst ákvæðum 11. gr. laga 50/1978 um váttryggingastarfsemi þar sem segir: „Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, er sameigandi þess [...]“. Ákvæði þetta er í samræmi við almennar reglur félagaréttarins um gagnkvæm félög en þau eru félög sérstaks eðlis og varin sérstaklega af stjórnarskránni eins og áður hefur komið fram. Almennt verður að telja að skipulagsbreytingar sem leiða af sér breytt félagsform jafngildi því að gamla félagið sé lagt niður og nýtt komi í þess stað. Slík aðgerð krefst lagaheimildar en sé hún ekki fyrir hendi ber að slíta gamla félaginu samkvæmt réttum reglum um það. Samruni við annað félag eða önnur umbreyting kemur einnig því aðeins til greina að slíkt sé heimilað í lögum. Svo er ekki að því er gagnkvæm váttryggingarfélög varðar og verður síðar að því vikið.

Þegar umræddar breytingar eru metnar í heild þykja aðalatriðin þau að skipulag Samvinnutrygginga g.t. hélst áfram í aðalatriðum þótt breyting yrði á rekstrarformi. Þannig hélst firmanafn þess og stjórnskipan óbreytt og sömuleiðis váttryggingastarfsemi að hluta til. Verður því ekki talið að þessar breytingar hafi kallað á slitameðferð Samvinnutrygginga g.t. á þessum tíma.

9. 6 Breytingarnar árið 1994

Stjórn Samvinnutrygginga g.t. samþykkti á stjórnarfundi 11. maí 1994 að flytja síðustu váttryggingastofna sína til VÍS og hætta allri beinni váttryggingastarfsemi. Á aðalfundi félagsins 8. júní 1994 var stefnt að breytingum á samþykktum félagsins. Þá var m.a. samþykkt að breyta nafni Samvinnutrygginga g.t. í „Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar“ (EST), sbr. 1. gr. nýrra samþykta félagsins og tilgangur þess varð einungis að eiga aðild að váttryggingastarfsemi, hvers konar og skyldum atvinnurekstri og að stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Félagið var sagt eignarhaldsfélag sem ynni að markmiðum sínum með eignaraðild að váttryggingafélögum. Eigendur félagsins voru nú taldir tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. starfsárin 1987 og 1988, tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. árin 1992 og 1993 í lögboðnum brunatryggingum húsa og loks Samvinnutryggingasjóður sem fyrirhugað var að koma á fót með hinum nýju samþykktum. Tólf manna fulltrúaráð félagsins fór frá árinu 1992 með yfirstjórn félagsins og skyldi það áfram kosið á aðalfundi Sambands íslenskra samvinnufélaga og skyldi helmingur þeirra vera tryggingartakar hjá VÍS hf. eða fyrirverandi tryggingartakar hjá Samvinnutryggingum g.t. og a.m.k. einn fulltrúi frá hverju kjördæmi landsins. Í 2. mgr. 9. gr. samþykktanna sagði einnig að yrðu fulltrúar í fulltrúaráðinu af einhverjum ástæðum ekki kosnir samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skyldi síðast kosið fulltrúaráð starfa áfram þar til nýir fulltrúar hefðu verið kosnir. Stjórn félagsins og fulltrúaráð skyldi þó, innan þriggja ára frá því síðast fór fram kosning samkvæmt ákvæðum 1. mgr., beita sér fyrir breytingum á ákvæðum samþykta þessara að því er kosningu fulltrúaráðs varðar. Tekið var fram í 23. gr. að um þau atriði sem ekki væru ákvæði í samþykktunum skyldi fara eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eftir því sem við ætti. Athugasemdir við breytingatillögurnar höfðu komið fram frá Váttryggingaeftirlitinu og SÍS sem óskaði eftir endurupptöku á uppgjöri félagsins á tryggingarfé SÍS á árinu 1985. Svo virðist sem sátt hafi náðst um þessar athugasemdir og fyrstu breytingartillögunum m.a. breytt til samræmis við það. Í framhaldi af því voru breytingatillögurnar bornar á ný undir fulltrúaráðsfund í desember 1994 og samþykktar þar.

Við mat á umræddum breytingum sem urðu á árinu 1994 (og raunar einnig á árinu 1992) ber að leggja svipuð sjónarmið og greinir í fyrri kafla til grundvallar, sbr. kafla 9.5 Einkum koma nú eftirtalin atriði til skoðunar:

- Tilgangur félagsins breyttist verulega sé litið til starfsemi félagsins fyrir 1989 því að félagið varð nú eingöngu eignarhaldsfélag sem skyldi eiga eignaraðild að váttryggingafélögum og stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Þar með var því slegið föstu að félagið starfaði ekki lengur í neinum skilningi sem gagnkvæmt váttryggingafélag.
- Í þessu fólst jafnframt að félagsformi félagsins var breytt í raun. Í stað þess að reka félagið sem gagnkvæmt váttryggingafélag var það nú rekið á öðrum og ólíkum lagagrundvelli en þó með takmarkaðri ábyrgð og eftir skyldum reglum og giltu um samvinnufélög. Nefna ber sérstaklega að skipulag hins nýja

eignarhaldsfélags fékk með engu móti samrýmst ákvæðum 42. gr. 1. 60/1994 um váttryggingastarfsemi um að hver sá sem váttryggði hjá gagnkvæmu váttryggingafélagi væri sameigandi þess.

- Nafni félagsins var breytt með breytingum á samþykktum félagsins. Samvinnutryggingum g.t. var þannig breytt í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar.
- Æðsta stjórn félagsins var áfram í höndum fulltrúaráðs en skipulagi þess hafði verið breytt þannig að nú skyldi helmingur þeirra vera tryggingartakar hjá VÍS hf. eða fyrrverandi tryggingartakar hjá Samvinnutryggingum g.t. og a.m.k. einn fulltrúi frá hverju kjördæmi landsins. Af þessu ákvæði leiddi meðal annars að veruleg breyting varð á réttarstöðu tryggingartaka hjá Samvinnutryggingum g.t. því að nú voru þeir ekki einir kjörgengir í fulltrúaráðið eins og áður hafði verið.
- Í 2. mgr. 9. gr. samþykktanna var að finna ákvæði sem gerði ráð fyrir að fulltrúaráðið endurnýjaði sig sjálft ef fulltrúar yrðu af einhverjum sökum ekki kosnir á aðalfundi SÍS. Ákvæði þetta var nýtt og sett að því er virðist í tengslum við það að SÍS hætti reglubundinni starfsemi um þetta leyti. Tekið skal fram að á aðalfundi félagsins 24. maí 2004 var samþykkt að fulltrúaráðsmönnum yrði fjölgað úr 12 í 24 og reglum um kosningu þeirra breytt þannig að ráðið skyldi endurnýja sig sjálft í stað þess að vera kosið á aðalfundi SÍS.

Fyrir liggur að það var ekki fyrr en þann 9. desember 2002 að nafni félagsins var formlega breytt úr Samvinnutryggingum g.t. í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar svf. Hafði það því starfað áfram undir skráða firmaheitinu Samvinnutryggingar g.t. frá árinu 1994 til 9. desember 2002 þrátt fyrir þær grundvallarbreytingar á tilgangi, nafni og skipulagi sem orðið höfðu árið 1994. Einkennið svf. var síðan fellt út úr firmaskránni árið 2007 sem áður sagði.

9.7 Félagsslit, samruni og yfirfærsla tryggingastofna

Í þessum kafla verður vikið að heimildum í lögum um félagsslit, samruna félaga og yfirfærslu tryggingastofna. Umfjöllunin tekur einkum mið af beiðni Samvinnutrygginga g.t. frá 9. maí 1994 sem fjallað verður um í næsta undirkafla.

9.7.1 Heimildir í lögum um váttryggingastarfsemi

Samvinnutryggingar g.t fóru þess á leit við Váttryggingaeftirlitið þann 9. maí 1994 að það staðfesti heimild stjórnar og fulltrúaráðs Samvinnutrygginga g.t. til að breyta rekstrarformi Samvinnutrygginga g.t. í eignarhaldsfélag, sbr. kafla 2.5. Jafnframt var þess óskað að við fyrirhugaðar breytingar færdust allar váttryggingar sem voru reknar hjá Samvinnutryggingum g.t., þ.e. tryggingastofn brunatrygginga fasteigna, yfir til VÍS frá og með 1. janúar 1994. Váttryggingaeftirlitið auglýsti í kjölfarið í Lögbirtingablaðinu eftir skriflegum athugasemdum

vátryggingataka og vátryggðra en heimilaði síðan hina fyrirhuguðu breytingu þann 30. september 1994.

9.7.1.1 Yfirfærsla vátryggingastofna

Í 86. gr. 1. nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi segir svo um yfirfærslu vátryggingastofna:

Óski vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi, eftir að flytja vátryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags sem einnig hefur fengið starfsleyfi hér á landi skulu bæði félögin senda [Fjármálaeftirlitinu] umsókn um færsluna ásamt drögum að samkomulagi milli félaganna og þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. [Fjármálaeftirlitið] kannar umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti skaðað vátryggingataka og vátryggða hjá félögunum.

Telji [Fjármálaeftirlitið] að synja beri um leyfi til yfirfærslunnar skal það án tafar tilkynnt félögunum. Að öðrum kosti, og sé um að ræða vátryggingaáhættu hér á landi, sbr. 8. gr., skal [Fjármálaeftirlitið] birta tilkynningu í Lögbirtingablaði vegna yfirfærslubeiðninnar og óska eftir skriflegum athugasemdum vátryggingataka og vátryggðra innan tiltekins frests sem eigi má vera skemmri en einn mánuður. Félagið skal auglýsa fyrirhugaða yfirfærslu og hvenær tilkynningin var birt í Lögbirtingablaði.

[Fjármálaeftirlitið] veitir leyfi til færslunnar að liðnum fresti skv. 2. mgr. telji það, að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið, að orðið skuli við yfirfærslubeiðninni.

Réttindi og skyldur vátryggingataka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutninginn. Vátryggingatakar geta sagt upp vátryggingasamningi sínum við félagið frá þeim degi er flutningur stofnsins á sér stað tilkynni þeir uppsögn skriflega innan mánaðar frá flutningsdegi.

Sem fyrr greinir fjallaði bréf Samvinnutrygginga g.t. um heimild til yfirfærslu tryggingastofna, þ.e. að því er varðar tryggingastofn brunatrygginga fasteigna. Svo virðist sem leyfi til yfirfærslu vátryggingastofna samkvæmt 86. gr. laganna hafi verið afgreitt auk þess sem Vátryggingaeftirlitið auglýsti lýsti eftir athugasemdum í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum 86. gr. laganna um vátryggingastarfsemi sem áður sagði.

9.7.1.2 Um samruna

Rétt er hér að geta reglnanna um samruna í 88.-89. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið (áður Vátryggingaeftirlitið til ársins 1998) má samþykkja samruna með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingafélaga án skuldaskila. Skal þá m.a. fylgja þeim formreglum sem getur í 89. gr. Greinarnar eru í aðalatriðum svohljóðandi:

88. gr. Óski vátryggingafélög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi eftir því að samruni eigi sér stað með yfirtöku eins eða fleiri vátryggingafélaga með slitum þeirra, þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar að öllu leyti án þess að til skiptameðferðar komi, skulu öll félögin senda [Fjármálaeftirlitinu] umsókn ásamt drögum að samkomulagi milli félaga um samrunann og með þeim gögnum sem eftirlitið telur nauðsynleg. Sama gildir óski tvö eða fleiri vátryggingafélög eftir því að samruni með stofnun nýs vátryggingafélags eigi sér stað með slitum án skiptameðferðar þannig að allar eignir og skuldir verði yfirfærðar til hins nýja félags. Skilyrði samruna er að leyfi til yfirfærslu vátryggingastofna sé veitt, sbr. 86. gr.

Heimila má að samruni með yfirtöku eða með stofnun nýs félags geti farið fram þótt eitt eða fleiri félaga sem yfirtekin eru, eða lögð verða niður, gangist undir skiptameðferð, að því tilskildu að sá kostur sé bundinn við félög sem hafa ekki enn hafist handa við að úthluta eignum sínum til eigenda.

89. gr. Í drögum að samkomulagi um samruna, sem fylgja skulu umsókn, skal m.a. koma fram hvernig greiðslum er háttað fyrir hluti í félögum sem hætta vátryggingastarfsemi, hvenær hlutir sem kunna að vera notaðir sem greiðsla veiti rétt til arðs og annarra réttinda, hvaða réttindi eigendur hluta í félagi sem

hættir starfsemi öðlast í því félagi sem tekur við eignum og skuldum, svo og aðrar ráðstafanir sem kunna að hafa í för með sér breytingar á réttindum eigenda. Einnig skal koma fram hvort stjórnarmenn, fulltrúaráðsmenn eða framkvæmdastjórar skuli njóta sérstakra hlunninda og þá hverra.

Lögð skulu fram staðfest reikningsuppgjör sem sýna eignir og skuldir hvers félags á þeim degi þegar samruni er fyrirhugaður ásamt sameiginlegri upphafsstöðu eftir samrunann og má uppgjörið ekki vera meira en sex mánaða gamalt þegar ákvörðun er tekin um að samruni eigi sér stað.

[Fjármálaeftirlitið] getur þó heimilað að miðað sé við ársuppgjör félaganna í lok síðasta reikningsárs.

Eigi samruni sér stað með stofnun nýs félags skulu drög að nýjum samþykktum þess einnig lögð fram. Sama gildir verði gerðar breytingar á samþykktum félaga, aðrar en breytingar á nafni.

[Fjármálaeftirlitið] veitir leyfi til samrunans. Starfsleyfi félags eða félaga sem hætta váttryggingastarfsemi skulu afturkölluð frá þeim degi er [Fjármálaeftirlitið] tiltekur og félagið eða félögin máð úr váttryggingafélagaskrá.

Bréf Samvinnutrygginga g.t. til Váttryggingaeftirlitsins fjallaði um beiðni Samvinnutrygginga g.t. til að breyta rekstrarformi félagsins í eignarhaldsfélag sem fyrr greinir.

Svo virðist sem ekki hafi verið óskað eftir samrunaferli með fyrrgreindri beiðni Samvinnutrygginga g.t., þann 9. maí 1994, enda liggja engin gögn fyrir um að farið hafi verið eftir ákvæðum 89. gr. laganna og þá sérstaklega hvaða réttarstöðu meðeigendur skyldu njóta í hinu nýja félagi.

Váttryggingaeftirlitið staðfesti hins vegar heimild til handa Samvinnutryggingum g.t. til að framkvæma fyrirhugaða breytingu og var heimild til yfirfærslu skilyrt þannig að fyrirhuguð breyting á rekstrarformi Samvinnutrygginga g.t. myndi ná fram að ganga.

Þessi afgreiðsla á erindi Samvinnutrygginga g.t. er óljós. Hún virðist helst fela í sér að gert sé ráð fyrir sérstöku breytingaferli varðandi rekstrarform Samvinnutrygginga g.t. og þá helst í hreint eignarhaldsfélag eins og stefnt var að. Um þetta verður þó ekkert fullyrt. Hér er þó aðalatriðið að Váttryggingaeftirlitið hafði enga heimild til að breyta rekstrarformi Samvinnutrygginga g.t. í eignarhaldsfélag þar sem síðarnefnda félaginu var ekki ætlað að vera váttryggingafélag. Breyting af þessu tagi hefði verið andstæð 88. gr. laganna enda gilda löggin aðeins um váttryggingastarfsemi, sbr. 1. gr.

Því má a. m. k. fullyrða að í staðfestingu váttryggingaeftirlitsins hafi ekki falist samþykki eða leyfi til samruna þeirra félaga sem hér um ræðir. Samkvæmt þessu þykir heldur ekki koma til álita að umrædd afgreiðsla Váttryggingaeftirlitsins hafi haft áhrif á réttarstöðu „tryggingartaka“ (meðeigenda, sameigenda) í Samvinnutryggingum g.t. í félagaréttarlegu tilliti. Slíkt gat aðeins orðið með því móti að réttum reglum 88.-89. gr. væri fylgt.

9.7.1.3 Um slit

Þess skal getið að starfsleyfi Samvinnutrygginga g.t. var afturkallað með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins 13. febrúar 1995. Í 93. gr. laga um váttryggingaeftirlit segir svo:

93. gr. Verði starfsleyfi váttryggingafélags afturkallað skal ráðherra, að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins], skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum hvernig komið er.

[Fjármálaeftirlitið] skal, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja váttryggingastofn sinn til eins eða fleiri váttryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. [Fjármálaeftirlitið] getur, þegar um líftryggingafélag er að ræða, ákveðið að líftryggingastofninn sæti sérstakri meðferð skv. 94. gr.

Skilastjórn skal í samráði við [Fjármálaeftirlitið] taka ákvörðun um hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram. [Fjármálaeftirlitið] getur takmarkað eða bannað ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum og gert kröfu um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta telji það líkur á að hagsmunum váttryggingataka og váttryggðra sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

Samkvæmt þessu skal ráðherra að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins (áður Váttryggingaeftirlitið), verði starfsleyfi váttryggingafélags afturkallað, skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Tekur skilastjórn við öllum heimildum félagsstjórnar og jafnframt falla niður heimildir hennar. Skal Fjármálaeftirlitið, að höfðu samráði við skilastjórn, taka ákvörðun um hvort félagið skuli leitast við að flytja váttryggingastofn sinn til eins eða fleiri váttryggingafélaga eða hvort félagið skuli freista þess að ljúka uppgjöri vegna hans með öðrum hætti. Loks skal skilastjórn í samráði við Fjármálaeftirlitið taka ákvörðun um hvort óskað verði eftir gjaldþrotaskiptum.

Í 97. gr. laganna (sem var nýmæli við gildistöku þeirra) segir:

97. gr. Þegar tekin er ákvörðun um frjáls slit samkvæmt samþykktum váttryggingafélags sem hér hefur fengið starfsleyfi skal félagið leggja fyrir [Fjármálaeftirlitið] greinargerð um óuppperðar váttryggingaskuldbindingar félagsins og á hvern hátt ætlunin sé að ljúka þeim.

[Fjármálaeftirlitið] skal meta og taka ákvörðun um, hvort hagsmunum váttryggingataka og váttryggðra teljist best borgið með flutningi váttryggingastofns til annars eða annarra félaga, svo og þegar um líftryggingastofn er að ræða hvort stofninn skuli sæta sérstakri meðferð, sbr. 94. gr.

Með lögum nr. 34/2003 komu síðan inn ákvæði sem skýrðu hvaða reglur skyldu gilda við frjáls slit váttryggingafélags, t.d. reglur um tilkynningar, lagaskilareglur og að hvaða marki íslensk gjaldþrotalög skyldu gilda við slitameðferðina.

Ekki verður séð af gögnum máls þessa að slík slitameðferð, sem hér er gert ráð fyrir, hafi í framhaldinu farið fram í Samvinnutryggingum g.t.

Sú ályktun verður dregin af 93. gr. 1. nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi að ráðherra og Váttryggingaeftirlitinu hafi verið skylt að hefjast handa um slit á félaginu þegar starfsleyfi þess var afturkallað. Sama skylda hvíldi á stjórn Samvinnutrygginga enda bera félagsstjórnir almennt ábyrgð á því að réttum lögum sé fylgt.

9.7.2 Lög um samvinnufélög

Lög um samvinnufélög hafa að sönnu að geyma ákvæði um samruna og félagsslit samvinnufélaga. Starfsemi gagnkvæms váttryggingafélags eins og Samvinnutryggingar g.t. féll þó undir lögum um váttryggingastarfsemi og þess er að gæta að 2. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi gerir ráð fyrir því að lögum um samvinnufélög gildi

ekki ef annað leiðir af ákvæðum laganna um váttryggingastarfsemi. Hvorki slit félagsins né samruni hafði farið fram samkvæmt lögnum um váttryggingastarfsemi, sbr. kafla 9.7.1

Samvinnutryggingar g.t. var ekki váttryggingafélag eftir að starfsleyfi þess hafði verið afturkallað 13. febrúar 1995 og allri váttryggingastarfsemi þess hætt.

Hér má þó spyrja hvort ekki hafi þegar verið skylt að slíta félaginu skv. 5. tl. 83. gr. þágildandi laga um samvinnufélög, þ.e. í samræmi við ákvæði samþykkt þess. Rökin eru þau að við breytinguna úr gagnkvæmu tryggingafélagi í eignarhaldsfélag hafi sá grundvöllur sem samþykktirnar byggðu á í raun verið brostinn enda var rekstrargrundvöllur þess gerbreyttur og annað félag hafði tekið við þeim rekstri.

Engin gögn eða vísbendingar liggja fyrir um að reynt hafi verið að framkvæma samruna umræddra félaga án skuldaskila samkvæmt X. kafla laga nr. 22/1991 um samvinnufélög. Sama gildir um slit félagsins.

9.7.3 Niðurstöður

Eins og greint hefur verið frá í kafla 9.7.1 sést ekki að félagsslit á Samvinnutryggingum g.t. hafi farið fram eða verið reynd í samræmi við ákvæði 93. og 97. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Ekki sést heldur að samruni Samvinnutrygginga g.t. og Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga hafi farið fram enda ekki heimild til slíks. Sú yfirfærsla váttryggingastofna sem heimiluð var jafngildir hvorki samruna né annars konar slitum á félagi. Hvorki samruni félagsins né slit Samvinnutrygginga g.t. fóru fram samkvæmt lögum um samvinnufélög. Niðurstaðan er því sú að félagsslit fóru ekki fram á Samvinnutryggingum g.t. á þessum tíma hvorki með samruna né með öðrum hætti. Í báðum tilvikum er um brot að ræða sem félagsstjórn bar ábyrgð á.

9.8 Áhrif þess að félagsslit fóru ekki fram

Breyting sú sem hér um ræðir, þ.e. að færa félagið (Samvinnutryggingar g.t.) úr einu formi yfir í annað (Eignarhaldsfélagið Samvinnutrygginga) án skuldaskila, telst veruleg bæði að formi og efni. Breytingin leiddi til þess að stjórninni stóð skylda til samkvæmt lögum að slíta Samvinnutryggingum g.t. og að gera félagið upp með þeim réttindum og skyldum sem gæta bar samkvæmt þágildandi löggjöf. Virðist mega miða þessa skyldu við aðalfund félagsins 8. júní 1994 en þá var m.a. samþykkt að breyta nafni félagsins. Hugsanlegt er einnig að miða þennan tímamark við 13. febrúar 1995 þegar starfsleyfi Samvinnutrygginga g.t. var afturkallað.

Við slitameðferð hefðu réttindi tryggingartaka (meðeigenda) orðið virk og komið til greiðslu eftir því sem efni stóðu til í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

Eignarréttur tryggingartaka í gagnkvæmum félögum er að vísu skilyrtur. Að því er Samvinnutryggingar g.t. varðar höfðu þeir t.d. lítil áhrif á stjórn félagsins og skipulag meðan það starfaði. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að í samþykktum félagsins var ávallt ákvæði þess efnis að eigendur félagsins væru þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá því. Þessu var síðan fylgt eftir með svipuðum ákvæðum í löggjöf um váttryggingastarfsemi og eru þessar reglur í raun í samræmi við almennar reglur félagaréttarins.

Eins og áður segir, sbr. 9.3, gat gagnkvæmt váttryggingafélag sett reglur um uppgjör við félagsslit þannig að réttur tryggingartaka væri takmarkaður að meira eða minna leyti. Samþykktir Samvinnutrygginga g.t. og önnur löggjöf hafa að jafnaði vísað til laganna um samvinnufélög í þessu efni og í lögunum um váttryggingareftirlit voru ákvæði um að tekið skyldi fram í samþykktunum hvernig skyldi fara með eignir félagsins við félagsslit. Í lögunum um samvinnufélög eru ákvæði þess efnis að stofnfjáreign hvers félagsmanns skyldi greiða til hans m.a. við félagsslit en að fé í óskiptilegum sjóðum skyldi ávaxta undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar með nánar tilgreindum skilyrðum. Þessu hefur nú verið breytt þannig að hugsanleg eign rennur til félagsaðila nema önnur skipan hafi verið gerð þar á í samþykktunum.

Eðlilegast er að skýra hugtakið tryggingartaki þannig að það feli m.a. í sér að hugsanleg innistæða í óskiptilegum sjóðum við félagsslit skuli falla til þeirra en ekki t.d. til hlutaðeigandi héraðsstjórnar. Verður að telja eðlilegt að leiða þessa reglu af því sérstaka skipulagi sem gildir um gagnkvæm félög og þess skilorðsbundna eignarréttar sem þar er undirliggjandi. Þessi réttur verður einmitt virkur við félagsslit.

Hliðstæður eignarréttur er sennilega fyrir hendi varðandi samvinnufélög samkvæmt núgildandi lögum um samvinnufélög, sbr. 3. mgr. 65. gr. 1. 22/1991 um samvinnufélög, en var það mun síðar miðað við fyrri löggjöf. Af þessum sökum verður að telja að skýr ákvæði verði að vera í samþykktum eða löggjöf ef þessu ætti að skipa með öðrum hætti í gagnkvæmu félagi.

Samkvæmt þessum sjónarmiðum er sennilega rétt að miða réttarstöðu meðeigenda við samþykktir Samvinnutrygginga g.t. sem giltu áður en félaginu var breytt í Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga en það virðast hafa verið samþykktirnar frá árinu 1989.

Niðurstaðan er því sú að við fyrrgreindar breytingar varð réttur tryggingartaka virkur. Sá réttur fólst í því að eiga hlutdeild í sjóðum Samvinnutrygginga g.t. eins og þeir voru þegar skylda myndaðist til félagsslita samkvæmt þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rakin.

10. UM HUGSANLEGA BÓTASKYLDU

Þess er hér fyrst að geta að hugsanleg bótaábyrgð sem lögaðilum er bökuð með ákvörðunum (eða athafnaleysi) æðstu stjórnenda, t.d. með ákvörðunum stjórnar, telst ekki til vinnuveitendaábyrgðar. Á hinn bóginn er litið svo á að um athafnir þess sjálfs sé að ræða. Með öðrum orðum felst í þessu að ákvarðanir (eða athafnaleysi) æðstu stjórnenda félagsins eru samsamaðar félaginu sjálfu.¹⁴²

Breytingarnar á markmiðum og tilgangi Samvinnutrygginga g.t. árið 1994 án skuldaskila með þeim hætti að Eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga hélt áfram starfsemi, stóðust ekki lagareglur eins og rakið er í kafla 9. Samvinnutryggingum g.t. bar að slíta miðað við þær aðstæður sem voru uppi. Var í raun um tvöfalda skyldu að ræða eins og gerð hefur verið grein fyrir í köflum 9.7.1 og 9.7.2. Lítil vafi virðist á því að brot þetta hafi verið framið með ólögum og saknæmum hætti þannig að bótaskilyrðum var fullnægt. Stjórnendum Samvinnutrygginga g.t. bar að sjá til þess að þeirri lagaskyldu væri fullnægt að slíta félaginu. Sú skylda leiddi til þeirrar réttarstöðu að réttur tryggingartaka varð virkur og að þeir öðluðust sjálfstæða bótakröfu á hendur þeim sem ábyrgð bar á tjóni þeirra.

Slík bótakrafa getur samsvarað nettóeign tryggingartaka í skiptilegum og óskiptilegum sjóðum Samvinnutrygginga g.t. eins og þeir stóðu við breytingarnar. Réttarstaða þeirra miðast að öðru leyti við þær samþykktir sem þá voru í gildi.

Í næstu undirköflum verður nánar rætt um hugsanlega bótaskyldu sem kann að hafa stofnast við það að Samvinnutryggingar g.t. voru færðar úr því félagsformi í annað án skuldaskila og án lagaheimildar.

10.1 Um bótaskyldu fyrirsvarsmanna Samvinnutrygginga g.t.

Sú spurning vaknar óhjákvæmilega hvort stjórnendur Samvinnutrygginga g.t. sem stóðu að umbreytingunni 1994 hafi orðið persónulega ábyrgir. Í 74. gr. laga um samvinnufélög er að finna ákvæði sem segir að m.a. stofnendur, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur og skoðunarmenn séu skyldir til að bæta félaginu það tjón sem þeir hafi valdið því í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsaðili eða aðrir verði fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laganna eða samþykktum félags. Sem áður greinir eiga þessi ákvæði við hér þar sem áskilið var í samþykktum að löggjöfin um samvinnufélög skyldi gilda að svo miklu leyti sem sérreglur væri ekki að finna um Samvinnutryggingar g.t. Telja verður að bótaákvæði þessi hafi að geyma svipaðar reglur og fram koma í XV.

¹⁴² Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*. Bókaútgáfan Codex 2005, bls. 56.

kafla hlutafélagalaga. Því verður farið yfir í stuttu máli helstu atriði sem varðar bótaskyldu fyrirsvarsmanna í félögum.¹⁴³

Stjórnandi hlutafélags ber ekki ábyrgð nema fyrir liggi sá sérstaki bótagrundvöllur gagnvart honum sem getið er um í ákvæðinu, þ.e. að hann hafi sjálfur valdið tjóni af ásetningi eða gáleysi.¹⁴⁴ Af þessu leiðir að stjórnarmenn bera ekki sjálfkrafa óskipta ábyrgð á mistökum hvers annars heldur þarf að sanna bótagrundvöll gagnvart hverjum og einum sérstaklega. Sameiginlegur bótagrundvöllur er oft fyrir hendi ef stjórnin hefur staðið einhuga að þeirri ákvörðun sem bótaskyldan byggist á. Sá stjórnarmaður sem kann að vera andsnúinn tiltekinni tillögu stjórnar og vill firra sig ábyrgð verður því að greiða atkvæði gegn tillögunni og láta bóka andmæli sín. Hann má sennilega heldur ekki framkvæma neitt það síðar sem fara kann í bága við þessa afstöðu hans. Stjórnarmaður myndi að jafnaði komast hjá ábyrgð með því að segja starfi sínu lausu í framhaldi af mótmælum sínum. Framkvæmdastjóri á ávallt þann kost að bera málefni undir stjórnina til ákvörðunar ef hann er í vafa. Fylgi hann síðan ákvörðunum stjórnar firrir hann sig að jafnaði ábyrgð á ákvörðun.

Eins og fyrr greinir er *ásetningur eða gáleysi* forsenda bótaábyrgðar hvort sem um vanrækslubrot eða athafnabrot er að ræða. Dómaframkvæmd sýnir að nokkuð mikið þarf til að koma til þess að tiltekin vanræksla eða athöfn verði metin stjórnarmanni til sakar. Liggja til þess veigamikil rök. Þar má t.d. nefna að almennar líkur eru fyrir því að ákvarðanir stjórnarmanna séu teknar með hagsmuni félagsins fyrir augum. Stjórnarmenn eru venjulega ekki að fylgja fram sínum eigin persónulegu hagsmunum er þeir taka ákvarðanir fyrir hönd félagsins. Enn fremur má nefna að gagnkvæmt félag líkt og hlutafélag er einmitt félag sem löggjafinn hefur viðurkennt að beri takmarkaða ábyrgð. Víðtækar bótareglur á hendur stjórnendum slíkra félaga fá því illa samrýmst þeirri staðreynd að þau séu sjálfstæðar lögpersónur sem beri takmarkaða ábyrgð. Víðtækar bótareglur af þessum toga myndu hins vegar geta haft þau áhrif að ábyrgðin teldist í raun ekki verulega takmörkuð. Loks má hafa í huga að mjög strangur bótamælikvarði í garð stjórnenda er talinn geta valdið slíkri varfærni í stjórnarstörfum að hún fái illa samrýmst heilbrigðri fjármálastjórn viðkomandi félags.

Gegn þessu má tefla fram andstæðum sjónarmiðum. Tiltölulega ströng bótaábyrgð stjórnarmanna er til þess fallin að skapa þeim aðhald og hvetja þá til aðgæslu. Ekki eigi heldur að vera sjálfgefið að yfirsjónir stjórnarmanna vegna aðgerða sem þeir taka á vegum félagsins eigi að lenda á félaginu eða þriðja manni sem orðið hefur fyrir tjóni af þessum sökum. Ljóst er einnig að því skýrari sem skyldur stjórnarmanna verða í lögum, félagssamþykktum eða jafnvel í framkvæmdinni þeim mun nærtækara verður að koma fram bótaábyrgð á hendur þeim vegna brota á þeim skyldum. Loks má benda á að þróun undanfarinna ára er tvímælaust í þá átt að skerpa á ábyrgð stjórnarmanna.¹⁴⁵ Sú þróun á röt

¹⁴³ Stefán M. Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. Hið íslenska bókmenntafélag 2003, bls. 411 og áfram.

¹⁴⁴ Sama rit, bls. 412.

¹⁴⁵ Andersen, Paul Krüger: *Studier i dansk koncernret*. Jurist- og Ökonomsforbundets Forlag 1997, bls. 632.

að rekja til þeirrar viðleitni að skapa fyrirtækjum aðhald og að auka trúverðugleika þeirra.

Samkvæmt framansögðu verða stjórnarmenn t.d. ekki gerðir ábyrgir fyrir því að taka rangar ákvarðanir í félagsmálefnum heldur þarf meira til að koma. Ef mat þeirra er augljóslega rangt, ef þeir vanrækja að kynna sér mikilvæg málefni eða ef þeir brjóta þær skyldur sem lög eða samþykktir leggja þeim á herðar getur orðið um bótaskyldu að ræða. Það getur t.d. orðið ef stjórnarmenn láta stjórnast af persónulegum hagsmunum, ef um einhvers konar óreiðu í stjórn þeirra er að ræða eða ef brotið er gegn brýnum fyrirmælum laga.

Bótaábyrgð stjórnarmanna er mismunandi og bæði háð því hverjar *skyldur hvers einstaks stjórnarmanns* eru gagnvart félaginu og hve *virkt* stjórnin er.¹⁴⁶ Í sumum félögum kemur stjórn oft saman og tekur ákvarðanir í flestum mikilvægum málefnum félagsins en í öðrum tilvikum kemur stjórn e.t.v. örsjaldan saman. Það vinnuframlag sem ætlast er til að stjórnarmenn inni af hendi er mun meira í fyrra tilvikinu og ábyrgð þeirra gagnvart félaginu nær því til fleiri starfspáttu þótt hún sé e.t.v. í grunnatriðum svipuð. Einnig er vert að benda á að aðalreglan er sú að lagður er jafnstrangur mælikvarði á bótaábyrgð stjórnarmanna hver svo sem menntun þeirra eða reynsla kann að vera af stjórnarstörfum eða öðrum störfum. Þó er ekki talið útilokað að sérfræðingur sem skipar stjórn, t.d. lögfræðingur eða löggiltur endurskoðandi, beri ríkari bótaábyrgð en aðrir stjórnarmenn á því sviði sem hann hefur sérþekkingu á. Á sama hátt er hugsanlegt að gerðar séu minni kröfur til þeirra stjórnarmanna sem hafa nýhafið stjórnarstörf. Þeir hafa því hæfilegan umþóttunartíma til að setja sig inn í málefni félagsins.

Loks má hér nefna að stjórnarmenn hafa vissar lágmarksskyldur til þess að hafa eftirlit með starfsemi félagsins og til þess að gæta þess að farið sé að lögum og samþykktum þess. Almennt má fullyrða að stjórnarmönnum félags beri að kynna sér öll mikilvæg málefni þess þannig að þeir séu færir um að taka yfirvegaða ákvörðun í málefnum félagsins ef á það reynir. Stjórnarmenn geta samkvæmt þessu orðið bótaábyrgir gagnvart félaginu ef þeir hafa valdið tjóni sem rekja má til vanrækrar eftirlitsskyldu.¹⁴⁷

Niðurstaðan af framansögðu er sú að telja verður að stjórnarmönnum hverjum um sig hafi borið að sjá til þess að félaginu yrði slitið. Slík skylda liggur fyrir miðað við gildandi löggjöf og breytir engu þar um þótt Vátryggingareftirlitið hafi verið búið að samþykkja breytingarnar. Eftir atvikum bar að afla hlutlauss lögfræðilegs álits. Niðurstaðan samkvæmt þessu er því sú að einstakir stjórnarmenn urðu bótaskyldir gagnvart tryggingartökum Samvinnutrygginga g.t. að því marki sem rekja má til athafna eða varnrækslu þeirra að félaginu var ekki slitið heldur rennt heimildarlaust inn í annað félag þar sem eignum þess var ráðstafað án skuldaskila.

¹⁴⁶ Sjá um þetta *Hrd. 1991, bls. 936* (Hafskipsdómur) þar sem sagt var að stjórnarformaður hlutafélagsins hefði verið í fullu starfi fyrir það og látið var að því liggja að hann hefði borið skyldur samkvæmt því.

¹⁴⁷ Stefán M. Stefánsson: *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*, bls. 411-426.

10.2 Um bótaábyrgð fulltrúaráðsmanna og umbjóðenda þeirra

Í 74. gr. laga um samvinnufélög er m.a. vikið að bótaábyrgð stofnenda eins og fyrr var vikið að. SÍS og þrjú kaupfélög voru stofnendur Samvinnutrygginga g.t. Kjörnir fulltrúaráðsmenn voru umboðsmenn þeirra. Er eftir atvikum eðlilegt að líta svo á að stofnendurnir hafi borið ábyrgð á gerðum fulltrúaráðsmanna að svo miklu leyti sem þeir síðarnefndur geta talist bótaábyrgir samkvæmt þeim sjónarmiðum sem hér verða sett fram.

Þegar skyldur fulltrúaráðsmanna eru skoðaðar verður að horfa til starfa þeirra á félagsfundum í félaginu. Um þau störf og þær starfsskyldur sem því fylgdu vísast einkum til samþykktu Samvinnutrygginga g.t. og þeirra lagaákvæða sem um þær giltu. Dæmi um brot á slíkum skyldum er ef fulltrúaráðsmaður hefði stuðlað að því með atkvæði sínu að ráðstöfun tekjuafgangs hefði farið fram í andstöðu við ákvæði samþykktu félagsins enda þótt honum væri kunnugt um ólögsmæti slíkrar ákvörðunar. Sama kann að eiga við ef fulltrúaráðsmaður hefði notað upplýsingar frá félaginu og leynt áttu að fara, í auðgunarskygni fyrir sjálfan sig eða aðra en til tjóns fyrir félagið.

Að öðru leyti hvíldu tæpast á fulltrúaráðsmönnum neinar almennar eða sérstakar skyldur til þess að stuðla að hagsmunum félagsins. Verður því hér líkt og varðandi hluthafa í hlutafélögum að ætla að bótaskylda geti aðeins komið til í undantekningartilvikum.¹⁴⁸

Sérstök athygli er vakin á því að komið getur til bótaskyldu hvort sem er af ásetningi eða gáleysi samkvæmt 74. gr. laganna um samvinnufélög. Hér eru því gerðar meiri kröfur til fulltrúaráðsmanna heldur en til hluthafa í hlutafélagi þar sem einfalt gáleysi nægir ekki til þess að fella bótaskyldu á hluthafa heldur þarf a.m.k. að vera um stórfellt gáleysi að tefla.

Niðurstaðan af þessum hugleiðingum er sú að almennt er fremur erfitt að byggja upp bótagrundvöll á hendur fulltrúaráðsmönnum þar sem skyldur þeirra eru takmarkaðar og almennt ekki eins afgerandi eins og hjá stjórn félagsins.

Hafi einstakir fulltrúaráðsmenn hins vegar átt þátt í því með beinum athöfnum eða athafnaleyfi að félaginu hafi ekki verið slitið samkvæmt því sem að framan segir heldur rennt heimildarlaust inn í annað félag þar sem eignum þess var ráðstafað án skuldaskila getur bótaskylda verið fyrir hendi.

10.3 Um bótaábyrgð þriðja manns

Hugsanlegt að þriðji maður hafi átt þátt í því að Samvinnutryggingum g.t. var ekki slitið eins og skylt var samkvæmt því sem fyrr er rakið. Í slíkum tilvikum getur komið til bótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

¹⁴⁸ Sjá sama rit bls. 425 um skaðabótaábyrgð hluthafa gagnvart félaginu og öðrum.

10.4 Bótaábyrgð eftirlitsstofnana

Sú spurning vaknar hvort komið geti til bótabyrgðar vegna vanrækslu ráðherra og Vátryggingaeftirlitsins að sjá til þess að Samvinnutryggingum g.t. var ekki slitið í samræmi við ákvæði 93. gr. laga 60/1994 um vátryggingaeftirlit. Í slíkum tilvikum hefur því þó verið haldið fram að ábyrgð hins opinbera sé vægari en á öðrum sviðum og hafa ýmir eldri dómur verið tilfærðir því til sönnunar. Ástæður þessa eru einkum taldar þær að reglur um opinbert eftirlit séu settar í þágu almannahagsmuna og að einstaklingar og lögaðilar eigi af þeim sökum ekki að geta reist skaðabótakröfur á hendur hinu opinbera þótt sýnt sé fram á að misbrestur hafi orðið við eftirlitið. Þó er talið að teikn séu á lofti um það að dómstólar muni hverfa frá þeirri afstöðu sem fram kemur í eldri dómum. Um þetta verður þó ekki nánar rætt hér.¹⁴⁹ Þess skal þó getið að slík ábyrgð breytir engu um ábyrgð stjórnarmanna þótt hún væri fyrir hendi.

10.5 Aðgerðarleysi sameigenda

Ljóst virðist að hver tryggingartaka um sig eða þeir í sameiningu gátu eftir breytingarnar árið 1994 (sbr. kafla 9.6) krafist skipta á Samvinnutryggingum g.t. Hefði krafa um það komið fram bar að slíta félaginu og um slitameðferð hefði fari samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög. Ekkert í málinu bendir þó til að slík krafa hafi komið fram.

Því má halda fram að sameigendurnir hafi í raun fallið frá kröfu sinni um félagsslit, m.a. með hliðsjón af því að eignir þeirra, einkum innan Samvinnutryggingasjóðsins, virðast hafa aukist lengi vel meðan allt gekk vel. Þá má e.t.v. einnig taka tillit til hins langa tíma sem liðið hefur án þess að aðgerða hafi verið krafist.

Slík niðurstaða myndi þó jafngilda ígildi yfirlýsingar um það að tryggingartakar hafi fallið frá upphaflegum rétti sínum samkvæmt lögum til að krefjast slita og fá eignir sínar greiddar út við félagsslit. Túlkun af því tagi þykir tæpast koma til álita í ljósi þeirrar ótvíræðu lagaskyldu stjórnar Samvinnutrygginga g.t. til að hafa forgöngu um að slíta félaginu þegar grundvöllur félagsins brast.

10.6 Lækkun bótafjárhæðar

Samkvæmt 2. mgr. 74. gr. laga nr. 22/1991 um samvinnufélög má færa bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, efnahags tjónvalds og annarra atvika. Samsvarandi heimild er að finna í 3. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 (hl.) og raunar einnig í 23. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.¹⁵⁰

Lagarök sem lækkunarheimildir þessar eru reistar á eru að tjón geti oft orðið mikið og komið

¹⁴⁹ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 582.

¹⁵⁰ Arnljótur Björnsson: *Tímarit lögræðinga* 1981, bls. 150-157 og Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 126-128.

hart niður á bótaskyldum aðilum. Þykir stundum ósanngjarnt að stjórnarmenn séu látnir bera tjón að fullu. Lagaheimildin er hugsuð sem undantekningarregla. Hún kemur til álita þar sem brot þess sem bóta er krafinn verður ekki talið stórfellt eða ef aðrar sérstakar ástæður mæla með lækkun bóta. Sök aðila, umfang tjóns, fjárhagsástæður tjónvalds og fleiri atriði hafa því þýðingu í þessu sambandi. Einnig má hreyfa því hvort unnt sé að lækka bætur vegna hins langa tíma sem liðið hefur.

10.7 Samanteknar niðurstöður

Við breytinguna í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar 1994 (eða 1995) myndaðist skylda til að slíta Samvinnutryggingum g.t. Þá varð réttur tryggingartaka virkur og þeir öðluðust sjálfstæða bótakröfu á hendur félaginu og stjórnarmönnum. Sú bótakrafa svaraði að öllum líkindum til þeirra nettóeignar sem var í sjóðum Samvinnutrygginga g.t. við breytinguna og samkvæmt þeim reglum um skipti sem þá giltu.

Einstakir stjórnarmenn urðu bótaskyldir gagnvart tryggingartökum Samvinnutrygginga g.t. að því marki sem þeir áttu með athöfnum eða athafnaleyfi þátt í því að félaginu var ekki slitið heldur rennt heimildarlaust inn í annað félag án skuldaskila. Eru ákveðnar líkur á því að þáverandi stjórnarmenn hafi hver um sig bakað sér persónulega bótaábyrgð eftir reglunum um vanrækta eftirlitsskyldu.

Almennt er erfiðara að byggja upp bótagrundvöll á hendur fulltrúaráðsmönnum en stjórnarmönnum þar sem félagsskyldur þeirra eru takmarkaðar. Hafi einstakir fulltrúaráðsmenn hins vegar átt þátt í því með beinum athöfnum eða athafnaleyfi að félaginu ekki slitið heldur rennt heimildarlaust inn í annað félag án skuldaskila getur bótaskylda verið fyrir hendi.

Þriðji maður getur orðið bótaskyldur ef hann hefur stuðlað að því að Samvinnutryggingum g.t. var rennt heimildarlaust inn í annað félag þar sem eignum þess var ráðstafað án skuldaskila í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins.

Tryggingartakar teljast ekki hafi fallið frá upphaflegum rétti sínum samkvæmt lögum til að krefjast slita og fá eignir sínar greiddar út við félagsslit.

Lækkun bóta er hugsanleg m.a. vegna hins langa tíma sem liðið hefur frá því að hið bótaskylda atvik átti sér stað.

11. UM FYRNINGU HUGSANLEGRA SKAÐABÓTAKRAFNA

Ýmis rök búa að baki lagareglum um fyrningu. Þessi rök snúa að aðilum viðkomandi kröfuréttinda og almannahagsmunum. Tilgangur reglananna um fyrningu er fyrst og fremst sá að skapa öryggi og festu í viðskiptum og að vera vörn gegn síðbúnum og oft óljósum kröfum. Horft frá sjónarmiði skuldara eru rökin fyrir sérstökum fyrningarreglum meðal annars þau að gjarnan er erfitt að færa fram sönnun þegar málsókn rís út af löngu liðnum atburðum. Þannig er yfirleitt erfiðara að sanna tilvist kröfu eftir því sem hún verður eldri. Að sama skapi er vandamara fyrir dómstóla að meta réttmæti krafna vegna löngu liðinna lögskipta. Með fyrningarreglunum er kröfuhafa einnig veitt aðhald og komið í veg fyrir að gamlar kröfur komi óþægilega og með ósanngjörnum hætti niður á skuldaranum. Með fyrningarreglum er komið í veg fyrir þetta jafnframt sem þær stuðla að því að viðskiptum verði lokið áður en óhæfilega langur tími er liðinn frá því til þeirra var stofnað, þ.e. að tryggja að endir verði bundinn á skuldbindingar sem stofnað hefur verið til.¹⁵¹ Þá má einnig segja að fyrningarreglurnar séu til hagsbóta fyrir kröfuhafa að því leyti að þær hvetja hann til að gera reka að fullnustu krafna sinna.

Helstu rök gegn fyrningarreglum eru að þau eru í andstöðu við þá meginreglu að mönnum beri að greiða kröfur sínar eða bera ábyrgð á þeim skaðaverkum sem þeir hafa stofnað til. Reglurnar fela því í sér frávik frá þessari meginreglu og geta því í sjálfu sér leitt til óeðlilegrar eða ósanngjarnrar niðurstöðu í einhverjum tilvikum. Þær fela því í sér ákveðna meðaltalsreglu sem á misjafnlega við í einstökum tilvikum. Þrátt fyrir þetta hefur löggjafanum þótt ástæða til að setja sérstakar fyrningarreglur um kröfuréttindi alveg frá fornu fari.

Kröfur um skaðabætur utan samninga fynast eftir þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. mgr. 4. gr. laga um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905, sem gilda um þau tilvik sem hér eru til umfjöllunar. Þar segir að aðrar kröfur en þær sem sérstaklega eru tilgreindar í öðrum ákvæðu laganna, þ.e. 2. og 3. gr., fynist á 10 árum. Það telst því hinn almenni fyrningartími skaðabótakrafna utan samninga.¹⁵²

Í 1. mgr. 5. gr. fyrrgreindra laga um fyrningu er kveðið á um að fyrningarfrestur teljist frá þeim degi þegar krafa verður gjaldkræf. Upphaf frestsins er því miðað við gjalddaga. Gjalddagi er almennt skilgreindur sem það tímamark þegar kröfuhafi getur fyrst krafist þess að skuldari inni sína greiðslu af hendi. Þegar um skaðabætur utan samninga er að ræða myndi umræddur gjalddagi almennt teljast frá þeim degi þegar tjónsatvik á sér stað. Sú er þó ekki alltaf raunin því að skylda tjónvalds til að greiða alla kröfuna strax er undir því komið að unnt sé að gera tjónið upp. Stundum kemur fyrir að tjón verður í raun ekki fyrr en við síðari

¹⁵¹ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 67, bls. 664.

¹⁵² Sbr. Hrd. 1996, bls. 1105.

tímupunktur eða umfang þess verður ekki ljóst fyrr en síðar. Í þeim tilvikum hefur upphafstími fyrningar verið talinn frá því tímamarki þegar tjónið kemur fram. Sem dæmi um þetta má nefna dóm Hæstaréttar 1975, bls. 1105.¹⁵³

Samkvæmt l. nr. 14/1905 var fyrningarfrestur 10 ár, talið frá upphafi fyrningarfrests sem fyrr sagði. Í máli þessu má um það deila hvenær tjón hafi orðið. Augljóst virðist að það varð ekki er Samvinnuþryggingar g.t. hættu váttryggingastarfsemi og félagið var afmáð úr váttryggingafélagaskrá þar eð ekkert tjón hafði þá ennþá orðið á fjármunum félagsins að því er séð verður. Þvert á móti var farið með fjármuni þess undir formerkjum annars félags, þ.e. Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga þar sem réttindi tryggingartaka áttu að vera trygg. Það er og óumdeilt að þetta kerfi gekk fjárhagslega með ágætum lengi vel.

Hafa verður í huga að hver tryggingartaka um sig gat ávallt gert kröfu um að Samvinnuþryggingar g.t. yrðu tekar til skipta eftir 1994 (1995) samkvæmt þeim reglum sem um er fjallað í kafla 9.7.1.3. Í því ljósi er tæpast eðlilegt að telja að upphaf fyrningarfrests hafi framlengst þar til sjá mátti að tjónið eða hluti þess var komið fram. Í því sambandi skal þess getið að við lok Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga 2007 virðist fjárhagsstaða þess hafa verið í góðu lagi samkvæmt ársreikningi þess. Væri upphafstími fyrningarfrests miðaður við það tímamark er tjón var komið fram eða sjáanlegt hefði kröfuhafi (tryggingartaki) það nokkuð í hendi sér hvenær upphafstími fyrningarfrests hæfist og gæti þannig því aðeins beitt honum að illa færi í fjármálum fyrirtækjanna. Slíkt felur í sér möguleika til spáviðskipta sem telja verður óeðlileg og andstæð markmiðum fyrningarlaganna.

Með hliðsjón af þessum forsendum verður hér talið að upphafstíma fyrningarfrests beri að miða við árið 1994 (eða 1995).

Hér að framan hefur ávallt verið við það miðað að krafa tryggingartaka væri skaðabótakrafa. Tjón þeirra ætti því að miða við eignastöðu Samvinnuþrygginga g.t. eins og hún var árið 1994 (eða 1995).

Því mætti e.t.v. halda fram að fyrrgreindar kröfur kynnu að hafa fallið niður, jafnvel fyrr en áður greinir, vegna tómlætis tryggingartaka. Með tómlæti er hér átt við að aðgerðarleysi rétthafa að halda rétti sínum til haga í tæka tíð geti leitt til réttarspjalla fyrir hann. Þess er þó að geta að fátítt er að skaðabótakröfur utan samninga falli niður fyrir tómlæti. Því er eðlilegast að miða hér við fyrningarreglur kröfuréttinda, eins og þeim hefur verið lýst hér að framan, enda eru þær í sjálfu sér byggðar á aðgerðarleysi um tiltekinn tíma.

¹⁵³ Viðar Már Matthíasson: *Skaðabótaréttur*, bls. 712–713. Sjá hér einnig Eyben, Bo Von: *Forældelse II*. Forlaget Thomson, Kaupmannahöfn 2005, bls. 93 og áfram og Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson, *Kröfuréttur I, efnir kröfu*, bókaútgáfan CODEX, Reykjavík 2009, bls. 199–201.

Þess skal loks getið að gert er ráð fyrir sérstökum málahöfðunarfrestum til þess að höfða skaðabótamál í 76. gr. laganna um samvinnufélög og í 136. gr. laga um hlutafélög. Þeir frestir eiga þó því aðeins við að viðkomandi félag höfði mál.

12. ALMENN SJÓNARMÍÐ UM STJÓRN FÉLAGA

Kafli þessi fjallar einkum um nokkur almenn sjónarmið sem stjórnendum félaga ber að hafa í huga við stjórn þess. Tilgangurinn er að gefa yfirlit um skyldur stjórnarmanna við stjórnarstörf og um skyldar reglur en slíkt auðveldar skilning við lestur skýrslunnar.

Á þeim tíma sem hér um ræðir var Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar háð lögum um samvinnufélög að því er varðar þau efni sem hér um ræðir. Í fyrstu leiddi þetta af samþykktum félagsins en síðar, þ.e. árið 2002 var skammstöfunin svf. tilkynnt til fyrirtækjaskrár en var síðan felld niður árið 2007.¹⁵⁴ Dótturfélög Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga voru hins vegar ýmist hlutafélög eða einkahlutafélög.

Í lögum nr. 22/1991 um samvinnufélög er í 1. mgr. 33. gr. kveðið á um að félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum félagsmönnum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsmanna eða félagsins. Í 72. gr. segir síðan að félagsfundur megi ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum félagsaðilum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsaðila eða félagsins. Ákvæði þessi endurspeglar ákvæði laganna um hlutafélög (og einkahlutafélög) um sama efni. Engin ástæða er til annars en að miða túlkun þeirra við þau sjónarmið sem gilda í hlutafélagarétti enda verður að telja að stefnt sé að sömu markmiðum í báðum lögnum. Verður því miðað við þetta í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir.

12.1 Skyldur stjórnarmanna í hlutafélögum

Stjórn félags er í lykilhlutverki þegar kemur að vönduðum stjórnarháttum. Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. hl. er stjórn kosin af hluthafafundi. Eins og áður hefur komið fram starfar stjórnin þannig í raun í umboði hluthafanna og er almennt gert ráð fyrir því að hún starfi með hagsmuni þeirra og félagsins að leiðarljósi. Engu að síður er sú hættu ávallt fyrir hendi að stjórnin starfi ekki með hagsmuni hluthafa að leiðarljósi svo sem vera ber heldur óskylda hagsmuni. Þá getur það líka gerst að stjórnin starfi með tilliti til hagsmuna tiltekinna hluthafa en ekki allra.

¹⁵⁴ Sbr. tölvupóstur Skúla Jónssonar frá 13. maí 2009.

Með reglum um stjórnarhætti fyrirtækja er reynt að stuðla að því að stjórnin starfi með ábyrgum hætti og í þágu þeirra sem bera fjárhagslega áhættu af félaginu, þ.e. eigendanna. Verður hér á eftir vikið að þeim atriðum sem hafa grundvallarþýðingu í þessu sambandi.

Um hlutverk og skyldur stjórna hlutafélaga er að finna ýmis ákvæði í hlutafélagalögum og eftir atvikum öðrum lögum, t.d. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti o.fl. Þeim til fyllingar eru síðan ákvæði í ólögfestum leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja. Meginákvæði íslensks réttar um hlutverk stjórnar er að finna í 1. mgr. 68. gr. hl., en þar segir að félagsstjórn fari með málefni félagsins og skuli annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Almennt má segja að í hlutafélögum fari félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins. Félagsstjórnin er æðri stjórnareining og framkvæmdastjórn ber þess vegna að hlíta bæði eftirliti hennar og boðvaldi í ýmsum greinum, sbr. 2. mgr. 68. gr. hl. Félagsstjórnin tekur almennt ákvarðanir í málefnum félagsins nema öðrum stjórnareiningum (einkum hluthafafundi) séu fengin tiltekin völd með lögum eða samþykktum félagsins. Málefni sem eru mjög óvenjuleg í starfsemi félagsins eða hafa mikla fjárhagslega þýðingu fyrir það ber stjórninni þó ávallt að leggja fyrir hluthafafund til ákvörðunar, t.d. ef draga á starfsemi félagsins verulega saman o.s.frv. Hluthafafundur getur einnig tekið til sín vald í tilteknum málefnum sem æðsti valdhafi í málefnum hlutafélags

Hlutverk stjórnar er samkvæmt framangreindu mjög mikilvægt innan hvers félags. Hefur hún þar ýmsum veigamiklum skyldum að gegna en spurningar hafa af og til vaknað um hvernig tryggja megi að stjórnin framkvæmi skyldur sínar og gegni hlutverki sínu réttilega og hvernig tryggja megi að stjórnarmennirnir séu meðvitaðir um þær skyldur sem á þeim hvíla. Ljóst er sem áður segir að stjórninni ber að vinna verk sitt af kostgæfni þar sem ákvarðanir eru teknar á hlutlægum grunni með hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Gagnsæi í starfsemi og skilvirkni eru mikilvægir þættir til þess að umræddum markmiðum verði náð.

12.2 Skyldur hluthafa í hlutafélögum

Á hluthafa hvíla engar sérstakar skyldur til þess að stuðla að hagsmunum félagsins eða annarra hluthafa og verður að ætla að t.d. bótaskylda geti aðeins komið til í undantekningartilvikum. Hins vegar felur reglan í 2. mgr. 134. gr. hl. í sér aðvörun til hluthafa um að gæta vissra meginreglna í samskiptum sínum við félagið. Dæmi um brot á þessum skyldum er ef hluthafi stuðlar að því með atkvæði sínu að úthlutun arðs fari fram enda þótt honum sé kunnugt um að slík ákvörðun sé ólögmæt, t.d. vegna þess að tap varð á rekstri félagsins og óráðstafað eigið fé ekki fyrir hendi. Sama kann að eiga við ef hluthafinn notar upplýsingar, sem hann kann að hafa fengið frá félaginu og leynt eiga að fara, í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig eða aðra en til tjóns fyrir félagið. Auk þess kann bótaábyrgð hluthafa að koma sérstaklega til skoðunar þegar hann er stærsti eða eini hluthafinn í félaginu og bein og óbein áhrif hans á stjórn þess því veruleg.

12.3 Ótilhlýðilegar ákvarðanir stjórnenda og vanhæfi við ákvarðanatöku

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um hlutafélög, sbr. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, er félagsstjórn, framkvæmdastjóra og öðrum þeim er geta komið fram fyrir hönd félagsins ekki heimilt gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Í 72. gr. hl., sbr. 48. gr. ehl., segir síðan að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um slík atvik. Í 95. gr. hl., sbr. 70. gr. ehl., er kveðið á um að hluthafafundur megi ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Þótt hluthafafundur fari með æðsta vald í málefnum félags er stjórn þess í höndum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra, sbr. 1. mgr. 68. gr. hl. Hlutverk framkvæmdastjóra er að annast daglegan rekstur viðkomandi fyrirtækis með hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Hlutverk stjórnarinnar er hins vegar að marka stefnuna og gæta þess að fyrirtækið sé rekið í samræmi við hana. Einnig má segja að félagsstjórn sé eins konar tengiliður við hluthafafund enda er hlutverk hluthafafundar m.a. að kjósa félagsstjórn. Þótt hverjum stjórnarmanni sé skylt að hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi ber honum þó einnig að hafa í huga hagsmuni minni hlutans og annarra. Sú ályktun verður dregin að fari sérhagsmunir stjórnarmanna í bága við hagsmuni félagsins, skuli hagsmunir félagsins ráða. Þá er jafnframt gerð sú krafa til stjórnarmanna að þeir geri hag félagsins að sínum og þeir standi undir þeim trúnaði sem í vinnu þeirra felst.¹⁵⁵ Ákvæði 76. gr. hl. verndar því ekki einvörðungu hagsmuni minnihluta hluthafa heldur alla hluthafa félagsins og alla þá sem hafa hagsmuna að gæta¹⁵⁶.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að gæsla hagsmuna félagsins er meginverkefni stjórnenda og skilyrðislaus skylda þeirra. Regla 76. gr. hl. er meginregla um trúnaðarskyldu stjórnenda og er vissulega til þess fallin að hafa áhrif á framferði stjórnenda í störfum þeirra fyrir félagið og þ.á m. í tengslum við samninga sem þeir gera þar sem þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta.¹⁵⁷ Er því ljóst að stjórnendur þurfa að gæta þess að ákvarðanir um fjárfestingar félagsins og aðra gerningar séu reistar á hlutlausu mati á því hvað sé félaginu og hluthöfum þess fyrir bestu.

¹⁵⁵ Páll Skúlason: *Hugvekja og handbók stjórnarmanna og framkvæmdastjóra*. Sleipnir, Reykjavík 1999, bls. 13.

¹⁵⁶ Sbr. *Hrd.* 2001, bls. 256. Í dómnum segir meðal annars: “Er þá jafnframt litið til þess að kaupin gátu verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 76. gr. hl., en samkvæmt þeirri grein laganna ber félagsstjórn að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins.”

¹⁵⁷ Áslaug Björgvinsdóttir: „Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur“ í *Guðrúnarbók*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006, bls. 55.

Tilgangur vanhæfisreglu 72. gr. hl. er að koma í veg fyrir að stjórnendur taki ákvarðanir sem eru til þess fallnar að tryggja hagsmuni viðkomandi stjórnanda á kostnað félagsins. Talið er að það atriði sem ræður úrslitum varðandi viðskipti við þriðja aðila er hvort ákvörðunin hefur svo verulega þýðingu fyrir viðkomandi stjórnanda að telja verður afar hæpið að hann geti tekið afstöðu án þess að láta eigin hagsmuni hafa áhrif á sig.¹⁵⁸ Telja verður einnig að sá stjórnarmaður sem talinn er vanhæfur megi ekki taka þátt í meðferð máls að neinu leyti í skilningi 72. gr.

12.4 Ótilhlýðilegar ákvarðanir hluthafafundar/félagsfundar

Samkvæmt 95. gr. hl. má hluthafafundur ekki taka ákvörðun sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Reglan er sett til þess að tryggja jafnræði allra hluthafa og getur meirihluti hluthafa því ekki gert neitt sem verður til þess að hagsmunir minnihlutans skerðast. Reglan er þó ekki aðeins sett til þess að koma í veg fyrir að minnihluti hluthafa verði fyrir skaða heldur einnig að koma í veg fyrir að ákvarðanir verði teknar sem geta verið til þess fallnar að skaða félagið sjálft.¹⁵⁹ Regla þessi fær sjálfstætt gildi þegar ekki er að finna sérreglur er gilda fyrir einstök tilvik.

Sambærilegt ákvæði er að finna í dönskum lögum um hlutafélög. Hafa fræðimenn talið að erfitt hafi verið að fá dómstóla til að viðurkenna brot gegn ákvæðinu ef það hefur ekki haft í för með sér fjárhagslegan skaða.¹⁶⁰ Það sést einnig af dómaframkvæmd í Danmörku að dómstólarnir hafa verið tregir við að viðurkenna misnotkun þegar ákvarðanir eru teknar með auknum meirihluta.¹⁶¹

Ákvæði 95. gr. hl. hefur einnig mikla þýðingu sem skýringarregla við túlkun einstakra ákvæða laganna sem eru til þess fallin að vernda minnihluta hluthafa, t.d. 94. gr. hl. Taki hluthafafundur ákvörðun, sem telst fara í bága við 95. gr. hl., getur það varðað ógildi ákvörðunarinnar samkvæmt ákvæðum 96. gr. hl.

Af orðalagi reglunnar er ljóst að ákvörðun hluthafafundar verður að vera ótvírætt til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Orðið „bersýnilega” gefur til kynna að greinilegt þurfi að vera að ákvörðunin hafi verið tekin í þessu skyni.

¹⁵⁸ Áslaug Björgvinsdóttir: „Viðskipti hlutafélaga við stjórnendur“, bls. 61.

¹⁵⁹ Werlauff, Erik: *Selskabsret*. Thomson, Kaupmannahöfn 2002, bls. 403.

¹⁶⁰ Werlauff, Erik: *Selskabsret*, bls. 404.

¹⁶¹ Nánar í UfR. 1991.180.

13. NOKKRAR ATHUGASEMDIR UM FJÁRFESTINGAR OG SKYLD EFNI

Hafa verður í huga að tilgangur EST var í stórum dráttum að eiga aðild að váttryggingastarfsemi hvers konar og skyldum atvinnurekstri, kaup og sala og eignarhald á verðbréfum, lánastarfsemi og rekstur fasteigna, með það að markmiði að ávaxta sem best eigið fé félagsins. Gift fjárfestingarfélag ehf. var stofnað á árinu 2007 sem aftur var í 100% eigu eignarhaldsfélagsins EST. Tilgangur þess var að vera eignarhaldsfélag um hluti í öðrum félögum, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Gift ehf. átti eignarhluti í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum og ýmsum öðrum hlutafélögum. Samkvæmt ársreikningi 2008 voru dótturfélögin eignarhaldsfélagið Andvaka, fjárfestingarfélagið EST ehf. og Löngusker ehf. en hlutdeildarfélög voru fjárfestingarfélagið Fell ehf. og Langflug ehf.

Almennt má segja að eignir og skuldir EST hafi verið færðar inn í Gift, m.a. með það að markmiði að ná fram sem bestri ávöxtun. Augljóst er að rekstur EST skilaði góðum árangri lengi vel en tap varð hins vegar á rekstri Giftar og dótturfélaga fyrsta árið og í árslok 2008 var eigið fé samstæðunnar neikvætt um 38.8 milljarða.

Fram er komið að ekki var um dreifða áhættu að ræða hjá viðkomandi félögum. Mun fremur var fjárfest fyrir háar fjárhæðir í tiltölulega fáum félögum. Þá virðist augljóst að þeir stjórnunaraðilar og fyrirtæki sem koma við sögu voru innbyrðis tengdir í sumum tilvikum. Hvort tveggja leiddi til þess að áhættan af fjárfestingum varð meiri en ella auk þess sem viss hættu skapaðist á óeðlilegum ákvörðunum. Við þetta bætist að bókhald Giftar var ekki fært reglulega. Dagleg umsýsla var að vísu ekki flókin en engu að síður hefði meiri festa í bókhaldi félagsins stuðlað að öruggari rekstri og ákvarðanatöku.

Á hinn bóginn verður ekki annað séð en að umræddum félögum hafi verið stjórnað í samræmi við tilgang þeirra enda þótt sérstakar reglur um fjárfestingastefnu hafi ekki verið settar. Þá verður heldur ekki séð að umræddum félögum hafi verið stjórnað með ólíkum hætti og almennt tíðkaðist meðan allt lék í lyndi. Í þessu felst þó enginn dómur um stjórnarhætti í félögum almennt á þessum tíma heldur fremur að það sé ekkert í sögu EST, Giftar eða dótturfélaga sem vekir sérstaka athygli, sbr. þó það sem sagt verður í næstu undirköflum.

Hafa verður í huga að stjórnir félaga hafa almennt frjálssar hendur um fjárhagslegar ráðstafanir á vegum félaga svo lengi sem fylgt er lögum og reglum og samþykktum þeirra. Innan þess ramma eru fjárhagslegar ráðstafanir á vegum félags fullkomlega löglegar þó að þær kunni síðar að reynast rangar og leiða til tjóns fyrir viðkomandi félag.

Vera kann að stjórnendur umræddra félaga og aðrir fyrirsvarsmenn hafi gert sig seka um refsiverðan verknað í tengslum við þær fjárfestingar sem fram fóru. Í álitsgerð þessari verður

þó ekki vikið að þessu sérstaklega og því engin afstaða tekin til þess. Ástæðan er sú að rannsókn á slíkum atvikum eiga undir opinbera aðila.

Hins vegar þykir rétt að taka til umfjöllunar nokkur álitæfni og verður það gert í næstu undirköflum að því leyti sem þau styðjast við gögn málsins.

13.1 Kaupþing og sala eigna

Á stjórnarfundum 10. desember 2007 var lagt fram tilboð frá Kaupþingi banka um sölu á hlutum í bankanum. Niðurstaðan varð sú að Gift gerði bankanum gagntilboð um að kaupa hluti í bankanum fyrir um 20 milljarða króna. Stjórn félagsins hafði samþykkt í framhaldi af því að selja eignir á næstu 2 mánuðum fyrir allt að 10 milljarða króna að lágmarki eftir aðstæðum á markaði í samráði við stjórnarformann. Eftir söluna hafi verið reiknað með því að eiginfjárlutfallið væri liðlega 40%. Hins vegar hafi komið í ljós samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra að ekki hafi verið seld bréf fyrir nema 6,5 milljarða króna.

Á stjórnarfundum 8. janúar var rætt um fjárfestingastefnu félagsins og stöðu á verðbréfamarkaði. Á stjórnarfundum 11. febrúar kemur fram að eiginfjárstaða félagsins var um 25% vegna lækkandi gengis og erfiðleika á markaði. Enn fremur að þrátt fyrir lækkandi verð á verði hlutabréfa og gengi íslensku krónunnar væri ekki ástæða til sérstakra aðgerða að svo stöddu vegna þessa. Menn skyldu bíða og sjá hverju fram vindur.

Hér mætti draga þá ályktun að fyrirsvarsmenn Giftar hafi ekki farið eftir stjórnarsamþykkt félagsins frá 10. desember 2007 um sölu eigna og þá jafnframt að létta skuldabyrði af félaginu. Slík aðgerð hefði án vafa verið til hagsbóta fyrir félagið. Á hinn bóginn verður að hafa í huga að félagstjórnin tók síðar sjálf ákvörðun um að víkja frá fyrrgreindri stefnu eða a. m. k. að halda henni ekki til streitu í bili.

13.2 Skuldir meiri en gert var ráð fyrir

Framkvæmdastjóri Giftar kynnti í bréfi um mánaðarmótin janúar/febrúar 2008 að skuldir félagsins hafi reynst mun meiri en gert hafi verið ráð fyrir. Í skjölum málsins kemur fram að stjórnin hafi leitast við að halda 40% eiginfjárlutfalli með sölu eigna en sú viðleitni hafi síðan endanlega farið út um þúfur þegar skuldir reyndust síðan meiri.

Í bréfinu kemur fram að bréfitari hafi að undanfögnu veitt upplýsingar sem gætu verið vísbending um eiginfjástöðu félagsins. Hafi hann tekið saman stærstu skuldir og eignir félagsins og fengið þannig út mismun sem hann hafi nefnt eigið fé. Við endurskoðun þessara útreikninga hafi komið í ljós að skekkjur hafi verið í þessari samantekt þannig að eignir Giftar í óskráðum eignum hafi verið vantaldar um 1 milljarð en að skuldir Lönguskerja (þar sem Gift átti allt hlutafé) hafi verið vantaldar um 3.7 milljarða. Nettóskekkjan hafi því numið 2.7 milljörðum króna og eiginfjárlutfall Giftar því í kringum 20% í stað 26% að mati bréfitara.

Spyrja má hvort framkvæmdastjórinn hafi gerst sekur um yfirsjón með því að hafa ekki bókhald félagsins í lagi. Af því leiddi að rangar forsendur lágu til grundvallar ákvörðunum stjórnarinnar á þessu tíma.

Ljóst er að framkvæmdastjóri einkahlutafélags ber ábyrgð á bókhaldi þess. Hér skal á það bent að framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og reglur. Einnig er bent á að félagsstjórn hefur eftirlit með bókhaldi félagsins og þar með talið gerðum framkvæmdastjóra að þessu leyti.

13.3 Fjárfestingastefna, kaup og sala hlutabréfa

Á stjórnarfundum þann 7. nóvember 2007 voru lagðar fram formlegar tillögur um sölu hluta í Exista og hlutdeildarfélögum. Þá var lagt til að ráðnir væru starfsmenn í greiningarvinnu sem og bakvinnslu eins og færslu bókhalds þannig að fyrir lægju betri og áreiðanlegri upplýsingar um stöðu Giftar á hverjum tíma. Tillögur þessar voru lagðar fram með greinargerð þar sem m.a. kemur fram að 57% eigna Giftar væru bundnar í Exista og hlutdeildarfélögum. Í framhaldi af umræðu um tillöguna fól fundurinn Benedikt Sigurðssyni og Þórólfi Gíslasyni að undirbúa tillögur til næsta fundar um rekstur félagsins, fjárfestinga- og húsnæðismál.

Næsti fundur var haldinn 10. desember 2007 og lágu þá fyrir tvönn drög af fjárfestingarstefnu fyrir félagið og drög að vinnureglum fyrir fjárfestingar. Á fundi félagsins 8. janúar 2008 voru þessi málefni enn rædd og lögð fram ný gögn. Var tilteknum stjórnarmönnum falið að móta texta fjárfestingarstefnunnar sem síðan kæmi til umræðu á næsta stjórnarfundum. Á stjórnarfundum 15. febrúar 2008 var afgreiðsla málsins ítrekuð. Ekki verður séð að þessi málefni hafi komið til endanlegrar ákvörðunar eftir þetta.

Spyrja má hvort núverandi stöðu Giftar megi rekja til þess að ekki var gætt faglegra vinnubragða við skipulag og dreifingu áhættu með viðeigandi stefnumörkun í fjárfestingum hjá félaginu.

Ljóst virðist að stjórn félagsins tók mikla áhættu með því að fjárfesta jafn mikið og raun ber vitni í fáum félögum. Þannig má nefna að samkvæmt samstæðuársreikningi EST 2006 voru heildareignir í árslok 2006 rúmlega 50 milljarðar en þar af voru rúmlega 43 milljarðar bundnir í 6 félögum. Eigið fé félagsins í árslok 2006 var 21 milljarður. Einnig má nefna að samkvæmt samstæðuársreikningi Giftar 2007 voru heildareignir í árslok 2007 rúmlega 63 milljarðar en þar af voru 54 milljarðar bundnir í 5 félögum. Eigið fé í árslok var rúmlega 19 milljarðar. Af þessu má ráða að stærstur hluti eignanna hafi verið fjármagnaður með lánsfé.

Þá virðist einnig augljóst að bæta hefði mátt reksturinn með skýrari fjárfestingarstefnu og betra upplýsingastreymi úr bókhaldi félagsins.

Á hinn bóginn verður ekki annað séð að ákvarðanir félagsins um fjárfestingar og lántökur hafi verið teknar með eðlilegum hætti á stjórnarfundum félagsins. Hefur þannig ekkert sérstakt komið fram sem gerir reksturinn tortryggilegan að þessu leyti.

13.4 Langflug ehf. og gerningar tengdir því

Þann 25. september 2006 kom Finnur Ingólfsson á stjórnarfund EST og greindi frá því að mestur hluti hlutafjár í Icelandair Group hf. (IG) væri til sölu og að Glitnir hafi komið að máli við sig óskað eftir því að hann kannaði hvort EST hafi áhuga á að gerast kjölfestufjárfestar í IG ásamt Glitni hf. og nokkrum öðrum aðilum. Samþykkt var á stjórnarfundum þann 5. október að koma að fjárfestingunni þótt hún gæti verið áhættusöm, sbr. fundargerð fundarins.

Á stjórnarfundum EST þann 6. október var lagður fram endanlegur kaupsamningur um kaup á 32% hlut í IG, þar sem kaupandi er Langflug ehf. Stjórn EST staðfesti samninginn sem fól í sér að EST lagði fram 4.000.000.000 kr. í nýtt hlutafé í Langflugi.

Á stjórnarfundum 23. október var m.a. samþykkt að selja félagi á vegum Glitnis og Finns Ingólfssonar hluta af hlutafé EST í Langflugi ehf. allt að einum milljarði króna. Tekið var fram að gagnkvæmur kaup- og söluréttur er á helmingi þess hlutafjár sem um ræðir að selja félagið á vegum Glitnis og FI. Fram kom að beðið væri niðurstöðu úr viðræðum við nokkra sparisjóði og KEA um frekari sölu á hlutafé í Langflugi.

Þann 21. febrúar voru málefni Langflugs til umræðu og þar lýsti Finnur sig reiðubúinn til að halda áfram að leita eftir aðilum til að koma að Langflugi en þyrfti að fá ákvörðun frá stjórn EST á hvaða kjörum og hvað mikið gæti verið falt á ákveðnu tímabili. Jafnframt óskaði Finnur eftir að kaupréttinum fylgi söluréttur til baka til félagsins. Fram kemur að stjórnarmenn hafi verið hlyntir því að minnka stöðu EST í Langflugi.

Fram er komið að þann 13. desember 2006 samþykkti stjórn EST að selja 25% hlut sinn í Langflugi til Glitnis fyrir hönd dótturfélags síns FS7 ehf. Glitnir hf. seldi svo samdægurs allt hlutafé í FS7 ehf. til félags í eigu Finns Ingólfssonar. Við söluna til Glitnis hf. var gerður þríhliða samningur á milli EST, FS7 ehf. og Glitnis hf. um kaup- og sölurétt að hinu selda hlutafé í Langflugi ehf. að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Glitnir hf. fékk sölurétt að helmingi hins selda hlutafjár, ef bankinn þyrfti, og tók til sín þann hlut hlutafjárins vegna hugsanlegra vanefnda FS7 ehf. Söluréttur Glitnis sneri að EST þannig að félagið yrði skuldbundið bankanum til að kaupa innleysta hlutaféð fyrir fjárhæð sem svarar til helmings af þeirri skuld sem FS7 ehf. myndi þá skulda bankanum vegna þessara kaupa. Sú skýring hefur komið fram á umræddri skuldbindingu EST að ráðagerð hafi verið um að FI seldi þessi og önnur bréf EST í Langflugi ehf. Hafi FI haft mjög frjálssar hendur með þessa sölu fyrir hönd EST. Ekki hafi þó orðið af sölu. Þessi skýring fær stoð í fundargerðum eins og fyrir er lýst.

Félagsstjórnin samþykkti umræddan sölurétt Glitnis gagnvart EST eins og fyrr er greint. Í honum felst ábyrgð EST á skuldbindingum þriðja manns. Ekki eru forsendur til að gagnrýna þennan gerning miðað við gögn málsins enda er það stjórnarinnar að meta hagkvæmni slíkra gerninga að viðlagðri ábyrgð.

Enn fremur er fram komið að á stjórnarfundum í Gift 30. ágúst 2007 hafi verið tekið fyrir erindi frá FS7 ehf. (í eigu félags Finns Ingólfssonar). Erindið fól í sér að FS7 ehf. fengi útskipt 24,9% af hlutum Langflugs ehf. í Icelandair Group hf. gegn framsali til félagsins sjálfs á 24,9% hlutum FS7 ehf. af heildarhlutafé Langflugs ehf., og uppgreiðslu samhliða á 24,9% af skuldum Langflugs ehf. eða yfirtöku skuldanna, eftir því hvað um semdist við Landsbankann. Erindi þetta var samþykkt á hluthafafundi 31. ágúst 2007. Við umrædd skipti fékk FS7 7.968% hlutfjár í Icelandair Group.

Á fyrrgreindum fundi 30. ágúst gat stjórnarformaður þess, að yrði fallist á erindi FS7 ehf. sem væntanlega áformaði þá að selja hluti sína í Icelandair Group hf. til þriðja aðila, fælist í því sú stefnubreyting fyrir Gift að Langflug ehf. myndi minnka formlega hlut sinn í Icelandair Group hf. um fjórðung og yrði eftir það nær alfarið í eigu Giftar en þó áfram bundið kaup- og sölurétti FS7 ehf. í samræmi við samkomulag frá 23. febrúar 2007, í stað eldri áforma um að eiga allt að helming hlutfjár í Langflugi ehf. eða minna. Áhrif Langflugs á stjórn Icelandair Group myndu þannig minnka en hins vegar félli þetta ágætlega að fjárfestingaráformum Giftar í Icelandair Group til lengri tíma lituð enda væri það engin forsenda að félagið væri endilega í forystu hluthafa Icelandair Group þó það yrði áfram einn kjölfestufjáfesta félagsins.

Í fundargerð Giftar frá 7. nóvember 2007 er bókað:

Guðsteinn Einarsson gerði að umræðuefni að hlutafélög í eigu Kaupfélags Skagfirðinga þar sem Þórólfur er kaupfélagsstjóri, hefði selt bréf í Icelandair Group á sama tíma og félag Finns Ingólfssonar, FS7 ehf. seldi hlutabréf sín í félaginu. Fram kom hjá stjórnarformanni að hlutafélög í eigu KS hefðu ekki á nokkurn hátt tengst eignarhaldi Samvinnutrygginga (Giftar) né FS7 í Icelandair. Hlutabréf KS hefðu verið keypt mörgum mánuðum síðar á markaði og Guðsteini og öðrum verið ljóst um það eignarhald, og að um skammtímafjárfestingar hefði verið að ræða. Guðsteinn staðfesti að hann hefði vitað um þessi hlutabréf í eigu fyrirtækja KS, en honum hefði fundist að upplýsa hefði átt að til stæði að selja þau. Þórólfur ítrekaði að öllum hefði verið í lófa lagið að gera fyrirspurn um þessi bréf, en hann væri hvorki stjórnarmaður né framkvæmdastjóri umrædds dótturfélags KS og ákvörðun um kaup og sölu bréfanna var tekin með skömmum fyrirvara og öllum ljóst að málin voru með öllu ótengd.

Viðskipti þessi hafa verið gagnrýnd m.a. vegna þess að með þeim hafi FS7 verið gefið færi á að afla hlutabréfa sem þá voru á markaði í Icelandair Group í staða bréfa í Langflugi sem ekki voru á markaði. Hér er þó rétt að benda á að á sama stjórnarfundum Giftar þann 7. nóvember 2007 fór Finnur Ingólfsson yfir möguleika á sölu bréfa Langflugs í Icelandair Group og taldi að hagsmunum Giftar væri betur borgið eftir sölu en ella.

Umræddir gerningar voru samþykktir af stjórn Giftar og hluthafafundi. Þar fyrir utan er ljóst að á stjórnarfundinum 30. ágúst 2007 var fundarmönnum gerð grein fyrir helstu áhrifum þessara viðskipta. Af þessum sökum verða umræddar ráðstafanir ekki gagnrýndar hér.

14. SAMANTEKT OG LOKAORÐ

Í kafla 1 er að finna upplýsingar um forsendur fyrir skýrslugerðinni.

Í kafla 2 er það rakið að Samvinnutryggingar g.t. hófu starfsemi sína 1946 og hlaut félagið nafnið „Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingastofnun“. Það var stofnað af Sambandi íslenskra samvinnufélaga og þeim sambandsfélögum sem hjá stofnuninni tryggðu, þ.e. kaupfélagi Eyfirðinga, kaupfélagi Borgfirðinga og kaupfélagi Héraðsbúa. Markmið félagsins var að taka að sér ýmsar tryggingar. Sjóðir voru settir á fót strax í upphafi eða með breytingum á samþykktum síðar. Hér má nefna tryggingarfé (stofnfé), sérstakan stofnsjóð áhættusjóð, varasjóð og samvinnutryggingasjóð. Í samþykktunum var tekið fram að eigendur félagsins væru þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá félaginu og heiti félagsins var árið 1973 breytt úr Samvinnutryggingar gagnkvæm tryggingastofnun í Samvinnutryggingar gagnkvæmt váttryggingarfélag (Samvinnutryggingar gt.).

Í kafla 2.3 kemur fram að á fulltrúaráðsfundi 2. febrúar 1989 var lögð fram tillaga frá stjórn félagsins. Í henni kom fram að Samvinnutryggingar g.t. samþykktu að stofna hlutafélag er verði að hálfu eign Samvinnutrygginga og að hálfu eign Brunabótafélags Íslands. Hlutafélag þetta skyldi stunda váttryggingar samkvæmt almennum lögum, svo og skyldan atvinnurekstur. Gert var ráð fyrir að hlutafélagið tæki við rekstri tryggingagreina beggja félaganna, annarra en brunatrygginga fasteigna, strax og því yrði við komið og félagið hefði fengið tilskilin leyfi til váttryggingastarfsemi. Þetta gekk eftir og á grundvelli þessara breytinga hættu Samvinnutryggingar g.t. að meginstefnu allri beinni váttryggingastarfsemi, fyrir utan lögboðnar brunatryggingar fasteigna, sem voru áfram reknar í nafni félagsins til loka árs 1993. Nafni hins nýja hlutafélags, BÍST hf., var strax eftir stofnun þess breytt í Váttryggingafélag Íslands hf. (VÍS). Tilgangi Samvinnutrygginga g.t. samkvæmt 2. gr. samþykktanna var breytt í framhaldinu þannig að nú var markmið þess að vera eignarhaldsfélag fyrir þær eignir Samvinnutrygginga g.t. sem ekki yfirfærðust til VÍS og fara með eignarhlut (hlutabréf) félagsins í VÍS með tilnefningu stjórnarmanna í það félag, auk hinnar takmörkuðu beinu váttryggingarstarfsemi sem tengdust lögboðnum brunatryggingum fasteigna.

Í kafla 2.4 er svo greint frá því að stjórn Samvinnutrygginga g.t. hafi samþykkt þann 11. maí 1994 að flytja síðustu váttryggingastofna sína til VÍS en áður hafði Brunabótafélag Íslands

gert svipaða ráðstöfun og því félagi breytt í eignarhaldsfélag. Á aðalfundi Samvinnutrygginga g.t. 8. júní 1994 var samþykktum félagsins breytt með hliðsjón af fyrirhugðum breytingum á rekstrarformi þess. Þá var samþykkt að breyta nafni Samvinnutrygginga g.t. í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar (EST), sbr. 1. gr. nýrra samþykktu félagsins. Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga var að eiga aðild að váttryggingarstarfsemi, hvers konar og skyldum atvinnurekstri, að stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Árið 2004 var samþykktum félagsins enn breytt og varð nú tilgangur félagsins einnig kaup og sala og eignarhald á verðbréfum.

EST starfaði á árunum 1995 til 2007. Lítið var um meiriháttar skipulagsbreytingar í félaginu, sbr. nánar kafla 2.6. Aðal eignir félagsins voru hlutabréf í VÍS og stofnfé í Eignarhaldsfélaginu Andvöku. Samkvæmt ársreikningum félagsins 1995–1999 átti félagið u.þ.b. 23% hlutafjár í VÍS og 50,1% í Andvöku.

Í kafla 3 er gerð fyrir helstu fjárhagslegu ráðstöfunum EST. Á aðalfundi EST þann 15. júní 2007 var farið yfir helstu ákvarðanir stjórnarinnar á liðnu starfsári. Þær voru: Sala á öllu hlutafé félagsins í VÍS til Exista hf., stofnun Langflugs ehf. til kaupa á hlutafé í Icelandair Group (8 milljarðar), stofnun Lönguskerja ehf. til kaupa á hlutum í Straumi-Burðarási (7 milljarðar) og kaup á verulegu hlutafé í íslensku viðskiptabönkunum þremur (6 milljarðar).

Í kafla 4 er gerð grein fyrir því að á fundi 15. júní 2007 hafi verið samþykkt sú skipulagsbreyting að stjórn EST stofnaði sjálfseignarstofnun um eignir Samvinnutryggingasjóðsins og slíta EST. Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar yrði sá að halda utan um þær eignir sem annars hefðu fallið í hlut Samvinnutryggingarsjóðsins við slit EST. Fulltrúaráðið myndi svo fara með stjórn stofnunarinnar. Það yrði skipað með sama hætti og fulltrúaráð EST og endurnýja sig með sama hætti. Fulltrúaráðið kysi svo fimm manna stjórn sem ráða myndi framkvæmdastjóra. Einnig var stjórn EST falið að kaupa eða stofna einkahlutafélag sem tæki við öllum réttindum og skyldum EST. Stofnað var nýtt félag, Gift hf., sem tók við öllum réttindum og skyldum EST. Sem gagngjald fyrir nettóverðmæti EST fékk EST afhenta hluti að nafnverði kr. 3.999.500.000,- í Gift í formi hlutafjárhækkunar, en í reynd var innra virði eigin fjár EST sem Gift yfirtók kr. 28.658.574.507 samkvæmt árshlutauppgjöri EST þann 30. apríl 2007.

Í kafla 5 er gerð grein fyrir því að kjörin var þriggja manna skilanevnd þann 15. júní 2007 til að annast slit EST sem skyldi starfa í samræmi við ítrustu kröfur samvinnufélagalaga og laga um hlutafélög. Var hlutverk skilanevndarinnar að ráðstafa eign EST í Gift annars vegar til sjálfseignarstofnunarinnar og hins vegar til eigenda skilyrts eignarréttar í EST í samræmi við samþykktir EST. Hlutverk skilnefndarinnar var því að skipta milli eigenda félagsins einu eign þess sem voru hlutir í Gift fjárfestingarfélagi ehf. Þann 25. nóvember 2008 skilaði skilanevndin umboði sínu á þeim grundvelli að eigið fé Giftar væri orðið verulega neikvætt og ekki útlit fyrir að það myndi breytast í framtíðinni.

Í kafla 6 kemur fram að haldinn var hluthafafundur í Bank ehf. þann 15. júní 2007. Stjórnarmaður félagsins, Kristinn Hallgrímsson, setti fundinn. Mættir voru fulltrúar eina hluthafa félagsins, Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga (EST), þeir Þórólfur Gíslason, Benedikt Sigurðsson, Guðsteinn Einarsson, Helgi S. Guðmundsson, Ólafur Friðriksson og Benedikt Sigurðarson. Samþykktar voru hinar nýju samþykktir félagsins. Þar var nafni félagsins breytt í Gift fjárfestingarfélag (Gift) og stjórnarmönnum fjölgað í fimm og varamönnum í þrjá. Tilgangur félagsins skv. 3. gr. samþykta þess var að vera eignarhaldsfélag um hluti í öðrum félögum, kaup og sala fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Í kafla 7 er gerð grein fyrir rétti nágrannaríkjanna um gagnkvæm váttryggingafélög. Fram kemur að félagaform þetta er vel þekkt. Um félagaform þetta er fjallað í lögum um váttryggingastarfsemi viðkomandi landa. Félagsmenn þess eru ávallt váttryggingartakar viðkomandi félags. Þeir eiga skilorðsbundinn eignarrétt sem einkum verður virkur við slit félags þannig að nettóeign félagsins rennur til eigendanna. Í samþykktum viðkomandi félaga má þó hafa aðra skipan á þessu.

Í kafla 8 er fjallað um íslenska löggjöf um gangkvæm félög. Engin heildarlöggjöf er fyrir hendi um gagnkvæm váttryggingarfélag. Þau eru hins vegar vel þekkt félagsform hér á landi og hafa ber í huga ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar um að menn eigi rétt á að stofna félög og þeim grunnsjónarmiðum um félagafrelsi sem það er reist á. Þetta þýðir m.a. að öll félagaform njóti stjórnarskrárverndar nema þau fari í bága við almenn lög.

Lög nr. 42/1903 um verslanaskrá, firmu og prókúruumboð taka til gagnkvæmra félaga og síðast en ekki síst hafa lög um váttryggingastarfsemi hafa að geyma þýðingarmikil ákvæði um þetta félagsform. Að svo miklu leyti sem þau lög hafa ekki að geyma sérstök ákvæði um gagnkvæm váttryggingafélög er þar vísað til samþykta viðkomandi félags og laganna um samvinnufélög. Sum ákvæði laganna um váttryggingastarfsemi sem taka til gagnkvæmra váttryggingafélaga hafa þar að auki að geyma reglur sem minna á hlutafélagalöggjöfina.

Í 9. kafla er fjallað um Samvinnuþryggingar g.t. sem félagsform og þær reglur sem giltu um félagið. Í upphafi var nafn þess „Samvinnuþryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun.“ Heitinu var þó breytt á aðalfundi 1973 þannig að það varð „Samvinnuþryggingar, gagnkvæmt váttryggingafélag“ og skráð svo í váttryggingafélagaskrá árið 1975. Enginn vafi er á því að félagið starfaði sem gangkvæmt váttryggingafélag frá stofnun þess samkvæmt þeim reglum sem um það félagaform giltu á hverjum tíma allt til þess að það hætti að starfa sem slíkt, sbr. síðar.

Í kafla 9.5 er gerð grein fyrir því að þær breytingar sem gerðar voru á Samvinnuþryggingum g.t. árið 1989 er félagið hætti að meginstefnu allri beinni váttryggingastarfsemi, fyrir utan lögboðnar brunatryggingar fasteigna, hafi ekki kallað á slitameðferð félagsins þrátt fyrir það að starfsemi og tilgangur félagsins hafi breyst verulega við þetta. Öðru máli gegnir um breytingarnar 1994 þegar samþykkt var að flytja síðustu váttryggingastofnana til VÍS, hætta

allri beinni váttryggingastarfsemi og að breyta nafni Samvinnutrygginga g.t. í Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar (EST). Eftir þetta var tilgangur félagsins einungis að eiga aðild að váttryggingastarfsemi hvers konar og skyldum atvinnurekstri og að stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Eigendur félagsins voru nú taldir tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. starfsárin 1987 og 1988, tryggingartakar Samvinnutrygginga g.t. árin 1992 og 1993 í lögboðnum brunatryggingum húsa og loks Samvinnutryggingasjóður sem fyrirhugað var að koma á fót með hinum nýju samþykktum. Þær breytingar sem þarna áttu sér stað eru í skýrslu þessari metnar svo verulegar að þær hafi kallað á slitameðferð félagsins, sbr. kafla 9.6.

Ljóst er samkvæmt því sem rakið er í kafla 9.7 að félagsslit fóru ekki fram á Samvinnutryggingum g.t. á þessum tíma hvorki með samruna né með öðrum hætti. Breyting sú sem hér um ræðir, þ.e. að færa félagið (Samvinnutryggingar g.t.) úr einu formi yfir í annað (Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar) án skuldaskila, er talin svo veruleg bæði að formi og efni að telja verður hana hafa falið í sér lagaskyldu til að slíta Samvinnutryggingum g.t. og að gera félagið upp með þeim réttindum og skyldum sem gæta bar samkvæmt gildandi löggjöf. Virðist mega miða þessa skyldu við aðalfund félagsins 8. júní 1994 en þá var m.a. samþykkt að breyta nafni félagsins eða 13. febrúar 1995 þegar starfsleyfi Samvinnutrygginga g.t. var afturkallað.

Í kafla 9.8. er síðan rætt um að við slitameðferð hefðu réttindi tryggingartaka (meðeigenda) orðið virk og komið til greiðslu eftir því sem efni stóðu til í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Eignarréttur tryggingartaka í gagnkvæmum félögum er að vísu skilyrtur og hann mátti takmarka í samþykkunum eins og raunar gert var. Að öðru leyti var ávallt ljóst í samþykktum Samvinnutrygginga g.t. og lögum um váttryggingastarfsemi að tryggingartakar þess voru eigendur félagsins og hugsanleg innistæða í óskiptilegum sjóðum við félagsslit skyldi því falla til þeirra en ekki t.d. til hlutaðeigandi héraðsstjórnar.

Í kafla 10 er rætt um hugsanlega persónulega bótaskyldu stjórnarmanna Samvinnutrygginga g.t. Við breytingarnar 1994 (eða 1995) myndast skylda til að slíta Samvinnutryggingum g.t. Sú skylda leiddi til þeirrar réttarstöðu að réttur tryggingartaka varð virkur og að þeir öðluðust sjálfstæða bótakröfu á hendur þeim sem ábyrgð bar á tjóni þeirra. Niðurstaðan af umfjölluninni í kafla 10.1. er sú að telja yrði að stjórnarmönnum hverjum um sig hafi borið að sjá til þess að félaginu yrði slitið. Slík skylda var brýn og augljós miðað við gildandi löggjöf. Eftir atvikum bar að afla hlutlauss lögfræðilegs álits. Komist er að þeirri niðurstöðu að einstakir fyrirsvarsmenn kynnu að hafa verið bótaskyldir gagnvart tryggingartökum Samvinnutrygginga g.t. að því marki sem rekja mætti til athafna eða varnrækslu þeirra að félaginu var ekki slitið heldur rennt heimildarlaust inn í annað félag þar sem eignum þess var ráðstafað án skuldaskila.

Í 11. kafla er fjallað um fyrningu skaðbótakrafna. Fyrningarfrestur er hér 10 ár. Að meginreglu til hefst upphafstími fyrningarfrests, þegar um skaðabætur utan samninga er að ræða, frá gjalddaga sem er almennt miðaður við þann dag þegar tjónsatvik á sér stað. Það er

þó ekki alltaf raunin. Stundum kemur fyrir að tjón verður í raun ekki fyrr en við síðari tímapunkt eða umfang þess verður ekki ljóst fyrr en síðar. Hér verður hins vegar að hafa í huga að hver tryggingartaka um sig gat ávallt gert kröfu um að Samvinnutryggingar g.t. yrðu tekar til skipta eftir 1994 (1995). Í því ljósi er tæpast eðlilegt að telja að upphaf fyrningarfrests hafi framlengst þar til sjá mátti að tjón eða hluti þess væri komið fram.

Í kafla 12 er fjallað um nokkur almenn sjónarmið sem stjórnendum félaga ber að hafa í huga við stjórn þess. Tilgangurinn er að gefa yfirlit um skyldur stjórnarmanna við stjórnarstörf og um skyldar reglur en slíkt á að auðvelda skilning við lestur skýrslunnar.

Í kafla 13 er farið yfir nokkrar fjárhagslegar ráðstafanir EST/Giftar og dótturfélaga. Fram kemur að ekki var um dreifða áhættu að ræða hjá viðkomandi félögum. Mun fremur var fjárfest fyrir háar fjárhæðir í tiltölulega fáum félögum. Einnig kemur fram að þeir stjórnunaraðilar og fyrirtæki sem koma við sögu voru innbyrðis tengdir í sumum tilvikum. Hvort tveggja er talið leiða til þess að áhættan af fjárfestingum hafi orðið meiri en ella auk þess sem viss hætta hafi skapast á óeðlilegum ákvörðunum.

Hins vegar kemur fram að ekki verði annað séð en að umræddum félögum hafi verið stjórnað í samræmi við tilgang þeirra enda þótt sérstakar reglur um fjárfestingastefnu hafi ekki verið settar. Einnig er talið að umræddum félögum hafi verið stjórnað með svipuðum hætti og almennt tíðkaðist.

Í undirköflum þessa kafla eru tekin fyrir nokkur álitaefni að því leyti sem þau styðjast við gögn málsins og þau rædd. Ekki er ástæða til að víkja að þessu hér.

Reykjavík, 27. október 2009

Stefán Már Stefánsson

Skýrsla þessi, sem dagsett er 27. október 2009, var afhent umboðsmanni álitsgerðarbeiðanda sama dag. Málið var reifað af undirrituðum þann 15. desember 2009 á fulltrúaráðsfundi Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga eins og gert hafði verið ráð fyrir. Athugasemdir bárust í kjölfarið. Undirritaður hefur farið yfir þær. Niðurstaðan varð sú að nokkrum augljósum atriðum var breytt en engum efnisatriðum.

Reykjavík 1. febrúar 2010

Stefán M. Stefánsson

Fylgiskjal I – Ýmis hugtök

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir helstu hugtökum sem fram koma í skýrslu þessari.

1. Stofnendur

Samvinnutryggingar gagnkvæm tryggingastofnun var stofnað af Sambandi íslenskra samvinnufélaga (SÍS) og þeim sambandsfélögum sem hjá stofnuninni tryggðu, þ.e. kaupfélagi Eyfirðinga, kaupfélagi Borgfirðinga og kaupfélagi Héraðsbúa, sbr. 3. gr. samþykktu félagsins frá árinu 1946. Árið 1973 var heiti stofnunarinnar breytt í Samvinnutryggingar, gagnkvæmt váttryggingafélag.

2. Tryggingartakar

Tryggingartakar (sameigendur, meðeigendur) félagsins voru þeir sem á hverjum tíma tryggðu hjá því, sbr. upphaflegar samþykktir (þar sem einnig er notað hugtakið tryggingarþegar sem virðist hafa sömu merkingu). Eigenda (sameigenda, meðeigenda) er getið í ýmsum skjölum félagsins. Í skýrslu þessari er miðað við að um einhvers konar skilorðsbundinn eignarrétt sé að ræða.

3. Fulltrúaráð (fulltrúaráðsfundur)

Frá stofnun Samvinnutrygginga g.t. 1946 og fram til ársins 2004 var fulltrúaráð kosið af aðalfundi SÍS. Samkvæmt samþykktum félagsins frá stofnárinu 1946 gátu þeir einir orðið fulltrúar og varafulltrúar sem voru meðeigendur að félaginu. Samkvæmt breytingum 1973 skyldi, auk þeirra 21 fulltrúa sem aðalfundur SÍS kysi, 2 fulltrúar starfsmanna Samvinnutrygginga g.t. og Andvöku eiga sæti í fulltrúaráðinu. Þessu var síðan beytt 1994 þannig að helmingur þeirra skyldu vera tryggingartakar hjá VÍS hf. eða fyrrverandi tryggingartakar hjá Samvinnutryggingum g.t. og a.m.k. einn fulltrúi frá hverju kjördæmi landsins. Á aðalfundi EST (Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga) árið 2004, var samþykktum þess breytt þannig að á aðalfundi yfirstandandi árs skyldu fulltrúar ráðsins sjálfskipaðir í nýtt fulltrúaráð svo fremi sem þeir gæfu kost á sér. Fulltrúaráði bar að halda fund a.m.k. einu sinni á ári sem var jafnframt aðalfundur félagsins. Auk aðalfundar fulltrúaráðs ár hvert voru einnig haldnir aukafundir þegar ástæða þótti til. Fjöldi fulltrúa og varamanna þeirra var ákveðin í samþykktum Samvinnutrygginga g.t. og breyttist sá fjöldi milli ára.

4. Aðalfundur

Fulltrúaráðið var kosið af aðalfundi SÍS. Það hélt aðalfund í Samvinnutryggingum einu sinni á ári og sem áður segir aukafund þegar þurfa þótti. Samkvæmt samþykktum félagsins var verkefni aðalfundar að fara yfir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, skýrslu endurskoðenda og samþykkt reikninga, ráðstöfun tekjuafgangs, tillögur

stjórnar og framkvæmdastjóra, kosning endurskoðenda og varaendurskoðenda og önnur mál. Aðalfund gátu þeir einir setið sem voru í fulltrúaráði félagsins, sbr. 6. mgr. 5. gr. samþykktanna.

5. *Stofnsjóður*

Sérstakur stofnsjóður Samvinnutrygginga g.t. (tryggingasjóður) var stofnaður á aðalfundi félagsins árið 1953, sbr. samþykktir þess árs. Byrjunarframlag hans var kr. 300.000,- sem var uppsafnaður rekstrarafgangur fyrstu sex starfsár félagsins. Í samþykktunum var ákveðið að tekjur sjóðsins skyldu framvegis vera tekjuafgangur félagsins eftir að fært hefði verið í varasjóð samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Einnig var ákveðið að SÍS myndi ábyrgjast að lágmarks innistæða eða skuldbindingargeta sjóðsins væri ávallt kr. 1.000.000,-. Tekjuafgangurinn skyldi greiðast í sjóðinn sem séreign tryggingartaka og reiknast í hlutfalli við iðgjaldagreiðslu hvers tryggingataka á rekstrarárinu. Hann gat komið til útborgunar við andlát, brottflutning af landinu, við gjaldþrot og fleira. Sjóðinn skyldi svo nota sem veltufé í þarfir Samvinnutrygginga g.t. Sjá nánar kafla 2.2. um sjóð þennan.

6. *Áhættusjóður*

Við breytingu á samþykktum félagsins árið 1973 var stofnaður áhættusjóður félagsins. Í þann sjóð átti að leggja hluta árlegs hagnaðar félagsins, ef honum var til að dreifa, minnst 10% en mest 25%. Yrði halli á rekstri félagsins skyldi hann bættur úr varasjóði. Hrykki hann ekki til skyldi hallinn bættur af stofnfé, síðan af stofnsjóði og loks af áhættusjóði, sbr. nánar kafla 2.2.

7. *Tryggingarfé (stofnfé)*

Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) lagði til tryggingarfé (stofnfé) samkvæmt samþykktum félagsins sem samþykktar voru á stjórnarfundi árið 1946, stofnari Samvinnutrygginga. Ekki liggur ljóst fyrir hvort fé þetta hafi verið lagt fram í raun eða hvort um ábyrgð hafi verið að ræða sem aldrei hafi þurft að grípa til. Tilgangurinn með framlaginu var þó vafalaust sá að styrkja stoðir hins nýstofnaða félags sem þá bar nafnið „Samvinnutryggingar, gagnkvæm tryggingastofnun“. Sjá hér nánar kafla 2.1.

8. *Varasjóður*

Gert var ráð fyrir því að yrði halli á rekstri tryggingarstarfseminnar skyldi hann bættur úr varasjóðum tilsvarendi tryggingardeilda. Í varasjóð skyldi leggja minnst 1% af iðgjaldaupphæð á ári, auk arðs af viðskiptum við utanfélagsmenn, sbr. samþykktir félagsins frá árinu 1946.

9. *Stjórn Samvinnutrygginga*

Samkvæmt samþykktum Samvinnutrygginga g.t. frá 1946 skyldi stjórn félagsins skipuð fimm mönnum sem væru kosnir af stjórn SÍS til þriggja ára í senn. Samþykktunum var þó breytt árið 1963 með þeim hætti að framvegis skyldi stjórn

kosin á aðalfundi Samvinnuþrygginga g.t. (fulltrúaráðsfundi). Skyldi stjórn félagsins m.a. boða til fulltrúaráðsfunda og ráða framkvæmdastjóra.

10. Samvinnuþryggingasjóður

Sjóðurinn var stofnaður með breytingum á samþykktum félagsins árið 1994 og í tengslum við þann atburð að flytja síðustu váttryggingastofna til VÍS og hætta allri beinni váttryggingastarfsemi. Við þann atburð breyttist nafn Samvinnuþrygginga g.t. í Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar (EST).

Tilgangur samvinnuþryggingasjóðs var að stuðla að eflingu tryggingastarfsemi á Íslandi með beinni eða óbeinni eignaraðild að starfandi váttryggingafélögum. Einnig var honum ætlað að starfa að fræðslu um váttryggingar og styrkja slíka starfsemi. Til sjóðsins féllu metin skilyrt óvirk eignarréttindi tryggingartaka í Samvinnuþryggingum g.t. sem féllu niður tveimur árum eftir andlát tryggingartaka (einstaklinga) eða tveimur árum eftir að tryggingartakar (lögaðilar) hættu starfsemi eða hættu tryggingatöku hjá Samvinnuþryggingum g.t. eða VÍS. Þá féll til sjóðsins í upphafi endurmetið stofnfé Samvinnuþrygginga g.t., sjóðurinn varð síðan þann 15. júní 2007 að sjálfseignarstofnuninni Samvinnusjóðurinn, sbr. kafli 5.

Fylgiskjal II – Samþykktir Samvinnuþrygginga g.t. 1946 ásamt reglugerð frá 1953

I. KAFLI

HEITI – TILGANGUR

1. gr.

Nafn stofnunarinnar er: “Samvinnuþryggingar, gagnkvæm tryggingarstofnun.“
Heimili hennar og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Markmið stofnunarinnar er að taka að sér sjóvátryggingar, þar á meðal stríðsvátryggingar, brunavátryggingar og bifreiðavátryggingar.
Stofnunin tekur síðar að sér aðrar tegundir trygginga eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.
Stofnunin er gagnkvæm tryggingarstofnun, og tekur að sér tryggingar þessar, bæði beinlínis og sem endurtryggjandi, hér á landi og erlendis.
Eigendur stofnunarinnar eru þeir, sem á hverjum tíma tryggja hjá henni.

3.gr.

Stofnunin er mynduð af S.Í.S. og sambandsfélögum þeim, sem hjá stofnuninni tryggja, til þess að annast þau verkefni, sem nefnd eru í annarri grein þessarar samþykktar.

II. KAFLI

ÁBYRGÐ

4. gr.

Samband Ísl. Samvinnufélaga leggur stofnuninni til kr. 500.000- tryggingarfé.
Verði halli á rekstri tryggingarstarfseminnar skal hann bættur úr varasjóðum tilsvarendi tryggingardeilda. Hrökkvi þeir sjóðir ekki til skal tekið af tryggingarfé stofnunarinnar. Verði um að ræða meiri halla en svo, að hann verði á þennan hátt bættur, skal leggja aukaiðgjald á tryggingartaka stofnunarinnar, þó eigi hærra en svo að nemi árlega hærri upphæð, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er á tryggingarskírteinum.
Í varasjóð leggist minnst 1% af iðgjaldaupphæð á ári og auk þess arður af viðskiptum við utanfélagsmenn.

III. KAFLI

FULLTRÚARÁÐ – FUNDIR – STJÓRN

5. gr.

Fulltrúaráð skal kosið af aðalfundi S.Í.S. og eru 15 fulltrúar en 7 varafulltrúar. Fulltrúar og varafulltrúar geta þeir einir orðið, sem eru meðeigendur í stofnuninni.
Fulltrúaráðið heldur aðalfund einu sinni á ári og aukafundi þegar þurfa þykir.
Fulltrúar og varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn, en 8 fulltrúar og 4 varamenn fara frá annað árið en 7 fulltrúar og 3 varamenn hitt árið. Við fyrstu kosningu er ákveðið með hlutkesti hverjir 8 fulltrúar og 4 varamenn fari frá eftir eitt ár.
Varamenn koma í stað fulltrúa í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til.

6. gr.

Aðalfundur skal jafnaðarlega haldinn fyrir lok júnímánaðar á þeim stað sem stjórnin ákveður.

7. gr.

Tryggingarþegum stofnunarinnar er heimilt að leggja tillögur fyrir aðalfund. Þær skulu vera skriflegar og komnar til stjórnarinnar eigi síðar en 4 vikur fyrir fund.

8. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
2. Skýrsla endurskoðenda og samþykkt reikninga
3. Ráðstöfun tekjuafgangs
4. Tillögur stjórnar og framkvæmdastjóra
5. Kosning endurskoðenda og varaendurskoðenda
6. Önnur mál

9. gr.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála, nema lög ákveði annað.

10. gr.

Við kosningu og afgreiðslu mála á fundum hefir hver fulltrúi eitt atkvæði. Leynilegar kosningar skulu viðhafðar, ef þess er óskað.

Séu atkvæði jöfn í kosningu, skal hlutkesti ráða.

Fundur er því aðeins löglegur, að meirihluti fulltrúa mæti.

11. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og eru þeir kosnir af stjórn S.Í.S. til þriggja ára. Kosning fer fram að afloknum aðalfundi S.Í.S. ár hvert. Formaður stjórnarinnar skal kosinn sér, og fer hann frá eftir fyrsta ár, en hlutkesti ræður síðan hverjir tveir víkja úr stjórninni eftir tvö ár.

12. gr.

Stjórnin boðar til fulltrúafunda, undirbýr þá og framkvæmir fundarályktanir. Fundir skulu boðaðir með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði í Reykjavík og á Akureyri, með hæfilegum fyrirvara.

Stjórnin leggur fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga stofnunarinnar fyrir næsta ár á undan, hefir umsjón með sjóðum og öðrum eignum og gætir hagsmuna hennar í öllum greinum.

Stjórnin ákveður skiptingu stofnunarinnar í deildir.

13. gr.

Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir stofnunina í heild, ef þær eru undirritaðar af formanni og að minnsta kosti tveimur meðstjórnendum.

14. gr.

Stjórnin ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, sem hefir umsjón með daglegum framkvæmdum, rekstri og fjármálum, samkvæmt nánari ákvæðum í starfssamningi sem stjórnin gerir við hann.

Framkvæmdastjóra má veita prókúruumboð.

15. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar þörf krefur.

Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Á fundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

IV. KAFLI ENDURSKOÐUN

16. gr.

Aðalfundur stofnunarinnar kýs tvo endurskoðendur til tveggja ára og ganga þeir út sitt árið hvor. Á sama hátt eru kosnir tveir varaendurskoðendur. Annar endurskoðandinn skal vera löggiltur endurskoðandi.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Reikningar skulu tilbúnir til endurskoðunar fyrir 1. apríl.

Endurskoðendur skulu rannsaka reikninga, starfrækslu og allan hag stofnunarinnar og gefa aðalfundi skýrslu þar um. Endurskoðendur hafa aðgang að öllum bókum og reikningum stofnunarinnar, á hvaða tíma sem er.

Fyrstu reikningsskil skal þó eigi gera fyrir en 31. des 1947.

V. KAFLI BREYTINGAR – FÉLAGSSLIT

17. gr.

Um félagsslit skal fara eftir ákvæðum VII. kafla laga nr. 46/1937, eftir því sem við verður komið.

18. gr.

Tillögur til breytinga á samþykktunum skulu hafa borist stjórninni minnst tveimur mánuðum fyrir aðalfund.

Til þess að breytingar á samþykktum þessum nái fram að ganga, þarf 2/3 hluta atkvæða kjörinna fulltrúa.

19. gr.

Um atriði sem ekki eru ákvæði í samþykktum þessum fer eftir ákvæðum samvinnulaganna, eftir því sem við á.

Reglugerð um Stofnsjóð Samvinnutrygginga g.t. (tryggingasjóð) samþykkt 1953 sem varð viðbót við gildandi samþykktir

1. gr.

Sjóðurinn nefnist “Stofnsjóður Samvinnutrygginga g.t.”

Sjóðurinn er séreignarsjóður þeirra sem tryggingu kaupa hjá Samvinnutryggingum.

2. gr.

Verði tekjuafgangur af starfsemi Samvinnutrygginga á rekstrarári hefir stjórn tryggingastofnunarinnar heimild til þess að ákveða að tekjuafgangurinn, eða hluti af honum, skuli greiðast í stofnsjóð sem séreign tryggingartaka og skal stofnsjóðstillag reiknast í hlutfalli við iðgjaldagreiðslu hvers tryggingartaka á rekstrarárinu.

3. gr.

Stofnsjóður notast sem veltufé í þarfir Samvinnutryggingar. Af stofnsjóðsinneignum greiðast vextir og leggist við stofnsjóðsinntæðu. Þeir mega þó aldrei vera hærri en 11/2% fyrir ofan almenna innlásvexti í sparissjóðsdeild Landsbanka Íslands.

4. gr.

Stofnsjóðseign hvers tryggingartaka skal vera til tryggingar ábyrgð hans á skuldbindingum Samvinnutrygginga samkv. 4. gr. samþykktu stofnunarinnar. Aldrei skal stofnsjóðseign tryggingartaka greidd skv. 5. gr. fyrr en séð er, að eigi þurfi að grípa til ábyrgðar hans.

5. gr.

Stofnsjóðseign tryggingartaka fellur til útborgunar:

- a. Við andlát hans.
 - b. Við burtflutning hans af landinu.
 - c. Við gjaldþrot hans.
 - d. Verði hann fátækrastryks þurfi.
 - e. Ef atvinnufyrirtæki á stofnsjóðinnstæðu og hættir störfum, fellur stofnsjóðsinnstæða þess til útborgunar tveimur árum eftir næstu áramót frá því fyrirtækið hætti störfum, enda hafi tryggingartakinn, sem stofnsjóðsinnneignina á, innt af hendi allar fjárhagslegar skuldbindingar er á honum hvíla gagnvart tryggingarstofnuninni.
 - f. Þegar 20 ár eru liðin frá því er hver einstök árgreiðsla í stofnsjóð hefir átt sér stað, getur tryggingartakinn krafist greiðslu á þeirri árgreiðslu.

Fylgiskjal III – Samkomulag um stofnun hlutafélags um váttryggingarekstur milli Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga g.t., samþykkt 2. febrúar 1989

I Kafli

Stofnun nýs hlutafélags, markmið, eignaraðild og stjórn

1. gr.

Stofnað verði nýtt hlutafélag undir nafninu BÍST hf., sem taki við öllum rekstri svo og öllum eignum og skuldum BÍ og ST frá 1. janúar 1989 með þeim undantekningum sem í samkomulagi þessu greinir.

2. gr.

Tilgangur félagsins verður rekstur hvers konar váttryggingarstarfsemi með hliðstæðum hætti og stofnendur hafa rekið og er markmið sameiningarinnar að stuðla að bættri þjónustu við váttryggingartaka með hagkvæmari rekstri. Þessum tilgangi hyggjast stofnendur ná með því að steypa saman í eina rekstrarheild nýju hlutafélagi öllum váttryggingarrekstri sínum nema brunatryggingum fasteigna og er því hér um að ræða samstarf stofnenda í því skyni að ná aukinni hagkvæmni í rekstri.

Á vegum og að tilhlutan stofnenda mun hið nýja félag leggja sig fram um að sinna verkefnum stofnenda eins og þau eru tilgreind í lögum og samþykktum.

3. gr.

Félögin BÍ og ST verða áfram skráð og starfandi váttryggingafélög, en verða eignaraðilar að jöfnu að hinu nýja hlutafélagi. Leggja þau fram hlutafé félagsins, eins og nánar er greint í 5. gr., en það skal skiptast í tvo flokka, B og S flokka. Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að fölum hlutum innan síns flokks, en síðan á milli flokka.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 8 aðalmönnum og 6 varamönnum, 4 aðalmönnum og 3 varamönnum tilnefndum af hvorum hluthafaflokki. Samkomulag er um, að annar hluthafaflokkurinn tilnefni forstjóra félagsins og hinn ráði þá formanni stjórnar. Aðilar eru sammála um það við stofnun félagsins, að Axel Gíslason verði ráðinn forstjóri og Ingi R. Helgason verði ráðinn starfandi formaður stjórnar. Jafnframt ráði forstjóri 4 framkvæmdastjóra, sem verði tilnefndir tveir frá hvorum hluthafaflokki. Stjórn félagsins mun ákveða skipulag þess og annast framkvæmd þessa samkomulag að öðru leyti.

II Kafli

Stofnframlag, mat eigna og uppgjör

5. gr.

Hlutafé hins nýja félags ákveðst 200.000.000 kr. og greiðist með eignum stofnenda að frádregnum skuldum. Að því leyti sem eigið fé félagsins, þ.e. eignir umfram skuldir, verður herra en hlutaféð færist það sem umfram er í varasjóð félagsins ef ekki þykir ástæða til að

hækka hlutaféð. Þannig er stefnt að því að eigið fé hins nýja félags verði sem næst eigin fé stofnenda beggja eins og það var í árslok 1988.

6. gr.

Félagið yfirtekur allan rekstur stofnenda frá 1. janúar 1989 svo og allar eignir og skuldir eins og þær voru á þeim tíma, sbr. þó 7. gr., alla rekstaraðstöðu, samninga við viðskiptamenn og endurtryggjendur og allt það sem rekstri stofnenda hefur tilheyrt.

Félagið yfirtekur eignir eins og hér segir:

Veltufjármunir svo sem sjóður, bankainnstæður og skammtímakröfur.

Fastafjármunir svo sem skrifstofuáhöld og –tæki, bifreiðar og fasteignir svo og skuldabréf, hlutabréf og aðrir áhættufjármunir.

Hluti endurtryggjenda í tryggingarsjóði.

Félagið yfirtekur skuldir sem hér segir:

Skammtímaskuldir svo sem skuldir við váttryggingarfélag og aðra viðskiptamenn, áunnið orlof starfsmanna og aðrar skuldbindingar vegna þeirra og öll opinber gjöld sem á verða lögð vegna rekstrar stofnenda á árinu 1988 og fjárhagsstöðu þeirra í árslok.

Langtímaskuldir með áföllnum vöxtum og verðbótum til ársloka 1988.

Tryggingarsjóður í heild.

7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. yfirtekur félagið ekki eftirtalda rekstrarþætti og eftirtaldar eignir og skuldir.

Rekstrarþættir, eignir og skuldir, sem hið nýja félag yfirtekur ekki frá BÍ eru eftirfarandi:

1. Rekstrarþættir:

1.1. Samkvæmt lögum nr. 9/1955 skulu brunatryggingar fasteigna, sem nú eru reknar í BÍ á grundvelli samninga þess félags við sveitarstjórnir í landinu, verða reknar áfram á vegum BÍ.

2. Eigna- og skuldaliðir:

2.1. Eftirlaunaskuldbindingar, sem hvíla á BÍ vegna starfsmanna, fyrrverandi og núverandi, sem þeir hafa áunnið sér eftir reglum Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna.

2.2. Stofnfé í BÍ Líftryggingu g.t.

2.3. Skuldabréf eða aðrar eignir til að mæta skuldbindingum samkvæmt lið 2.1.

2.4. Skuldabréf eða aðrar eignir, sem nauðsynlegar eru til að viðhalda rekstri fyrirtækisins eftir stofnun hins nýja félags og til að mynda eðlilegt gjaldþol samkvæmt reglugerð vegna 1.1.

Rekstrarþættir, eignir og skuldir, sem hið nýja félag yfirtekur ekki frá ST eru eftirfarandi:

1. Rekstrarþættir:

1.1. Brunatryggingar fasteigna, sem nú eru reknar í ST á grundvelli samninga þess félags við sveitarstjórnir í landinu, verða reknar áfram á vegum ST með hliðstæðum hætti og hjá BÍ.

2. Eigna- og skuldaliðir:

2.2. Stofnsjóður Samvinnutrygginga g.t. og stofnfé.

2.3. Skuldabréf eða aðrar eignir, sem nauðsynlegar eru til að viðhalda rekstri fyrirtækisins eftir stofnun hins nýja félags og til að mynda eðlilegt gjaldþol samkvæmt reglugerð vegna 1.1

8. gr.

Mat á hreinni eign stofnenda, þ.e. eignum og skuldum samkvæmt 6. gr. að frádregnum eignum og skuldum samkvæmt 7. gr., skal fara þannig fram:

1. Byggingar og eignarlóðir skulu reiknast á fasteignamati í árslok 1988.
2. Leigulóðir skulu reiknast á fasteignamati í árslok 1988 að frádregnum afgangsskvaðaverðmæti.
3. Skrifstofuáhöld, -húsgögn og -tæki skulu metin af tveimur fulltrúum stofnenda og tilnefnir hvor aðili sinn fulltrúa í þessu skyni.
4. Bifreiðar skulu metnar á líklegu söluverði.
5. Eignarhlutir í öðrum félögum skulu metnir á líklegu söluverði.
6. Tryggingarsjóðir skulu metnir af starfsmönnum stofnenda sameiginlega og tryggingastærðfræðingi eða öðrum sérfræðingi, sem stofnendur tilnefna og skal hann vera oddamaður matsins.
7. Skuldbindingar, sem stofnendur kunna að vera í vegna eftirlauna eða annarra áfallinna réttinda starfsmanna, skulu metnar af tryggingastærðfræðingi, sem stofnendur tilnefna.
8. Aðrar eignir svo og skuldir og skuldbindingar skulu færðar og metnar eftir almennt viðurkennum reikningsskilaaðferðum og skal í því sambandi tekið hæfilegt tillit til niðurfærslu eigna vegna ótryggra krafna.
9. Viðskiptavild stofnenda verður ekki metin til verðs.
Þar sem ekki er kveðið sérstaklega á um mat eigna og skulda skal það ákveðið af fulltrúum félaganna sameiginlega, sbr. 9. og 18. gr.

Stofnendur hafa heimild til að láta fara fram endurmat á fasteignamati komi í ljós að núverandi fasteignamat teljist óeðlilegt eða rangt af einhverjum ástæðum.

9. gr.

Stefnt skal að því að ársreikningur félaganna fyrir árið 1988, miðað við 31. desember 1988, liggja fyrir eigi síðan en í apríllök 1989, en þeir skulu gerðir eftir viðurkenndum reikningsskilaaðferðum og með samræmdum hætti. Fulltrúar félaganna skulu síðan komast að sameiginlegri niðurstöðu um eiginfjárstöðu stofnenda eftir þeim matsreglum sem lýst er í samkomulagi þessu, sbr. 8. og 18. gr.

10. gr.

Sá mismunur sem kann að verða á niðurstöðum um mat á eiginfjárstöðu stofnenda samkvæmt 9. gr. skal jafnaður þannig að það félag, sem reiknast vera með herra eigið fé, skal halda eftir af sínum eignum því sem mismuninum nemur, til viðbótar því sem upp er talið í 7. gr., þannig að fullum jöfnuði verði náð. Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um þær eignir sem þannig verður haldið eftir, þannig að það skaði á engan hátt framtíðarrekstur hins nýja félags.

III Kafli

Rekstur á árinu 1989 og yfirtaka rekstrarins

11. gr.

Að því er stefnt að sameina rekstur stofnenda í hinu nýja félagi eins fljótt og kostur er á árinu 1989. Eftir staðfestingu þessa samkomulags verður unnið markvisst að skipulagsbreytingum, kerfishönnun, samkeyrslu ganga, samræmingu samninga og öðru því sem sameiningunni fylgir. Munu aðilar skipa starfshópa til að annast tiltekin verkefni í þessu sambandi.

Aðalstöðvar félagsins verða að Ármúla 3 í Reykjavík, en starfsemi stofnenda og umboðsmannakerfi þeirra á öðrum stöðum á landinu verður sameinað og endurskipulagt með það að markmiði að það þjóni sem best hagsmunum hins nýja félags, viðskiptamönnum þess og beggja stofnenda.

12. gr.

Stefnt skal að því að hið nýja félag yfirtaki alla váttryggingarsamninga stofnenda frá 1. mars 1989, sbr. þó 2. mgr., að fenginni heimild tryggingaráðherra, sbr. 20. gr. laga nr. 50/1978. Hið nýja félag mun þó frá því að það fær starfsleyfi sem váttryggingarfélag annast þjónustu fyrir stofnendur varðandi rekstur þessara trygginga. Félagið mun frá sama tíma taka við öllum nýjum tryggingum.

Vegna lagaákvæða og sérstakra samninga um fasteignatryggingar BÍ og ST verða þær tryggingar áfram reknar af félögunum og á ábyrgð þeirra.

IV kafli

Samningar við starfsmenn

13. gr.

Öllum starfsmönnum stofnenda skal sagt upp störfum fyrir febrúarlok 1989, jafnframt því sem þeim verði gerð grein fyrir þeim breytingum sem í vændum eru. Hið nýja félag skal yfirtaka starfssamninga við þá starfsmenn, sem vinna hjá stofnendum á yfirtökudegi, með samkomulagi við þá og svara skuldbindingum félaganna gagnvart þeim, sbr. þó 7. gr. Fallist starfsmaður ekki á að starfa hjá hinu nýja félagi, ber því að greiða laun hans ásamt launatengdum gjöldum í uppsagnarfresti náist ekki samkomulag um annað. Stefnt skal að því að láta starfsmenn vita um hugsanlega endurráðningu innan 15 daga frá uppsagnardegi.

14. gr.

Aðilar að samkomulagi þessu lýsa því yfir að þeir muni sameiginlega, svo fljótt sem auðið er, gera starfsmönnum og umboðsmönnum grein fyrir þeim breytingum, sem samningur þessi hefur í för með sér. Þeir munu einnig stuðla að því að ná sem bestu samkomulagi við starfsmenn um breytingarnar, jafnframt því sem unnið verður að því að útvega þeim starfsmönnum störf að nýju sem ekki verða endurráðnir.

V Kafli

Réttarstaða viðskiptamanna

15. gr.

Stofnendur munu gera viðskiptamönnum sínum, bæði innlendum og erlendum, grein fyrir samkomulagi þessu eins fljótt og kostur er. Munu þeir hafa samráð um þá kynningu með það að markmiði að sem minnst röskun verði á viðskiptasamböndum og stuðla að því að tryggja sem

best viðskiptahagsmuni hins nýja félags, jafnframt því sem góð þjónusta við viðskiptamenn verði tryggð.

16. gr.

Í því skyni að tryggja viðskiptahagræði og eignaraðild viðskiptamanna ákveða stofnendur að setja eftirfarandi ákvæði í stofnsamning hins nýja félags:

1. Hver tryggingartaki, sem flyst í hið nýja félag við stofnun þess og hver viðskiptamaður sem nýr tryggir hjá hinu nýja félagi, skal eiga rétt á og njóta afsláttar og arðs hjá hinu nýja félagi eins og hann væri í viðskiptum við stofnendur öldungis eftir sömu reglum og reglugerðum, sem gilda hjá stofnendum. Skal hinn tryggði og tryggingartaki einskis í missa í þessum efnunum.

2. Ef til slita kemur hjá öðrum eða báðum stofnendum og eignaraðild tryggingartaka verður virk gagnvart hreinu slitaverðmæti stofnenda, skal líta svo á að viðskipti við hið nýja félag jafngildi viðskiptum við stofnendur. Komi til þessa skulu viðskiptamenn sjálfir segja til um það hjá hvorum stofnanda þeir vilji teljast. Skal enginn tryggingartaki missa neina réttarstöðu í þessum efnunum.

VI Kaffli

Ýmis ákvæði

17. gr.

Aðilar eru sammála um það að stefna að stofnfundi hins nýja félags svo fljótt sem auðið er eftir staðfestingu þessa samkomulags og eigi síðar en fyrir lok þessa mánaðar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og hann ræður framkvæmdastjóra eins og ákveðið er í samkomulagi þessu, sbr. 4. gr. Í upphafi við stofnun félagsins, meða verið er að velja starfsfólk úr röðum starfsmanna BÍ og ST, skulu forstjóri og framkvæmdastjórar sameiginlega ráða hið nýja starfsfólk, umboðsmenn og aðkeypta sérfræðiþjónustu. Að öðru leyti ræður forstjóri starfsfólk félagsins, ber á því ábyrgð og segir því upp. Stjórnendur skulu svo fljótt sem auðið er gera áætlanir um rekstur hins nýja félags og koma á öðrum þeim breytingum, sem fylgja sameiningunni.

19. gr.

Aðilar skulu tilnefna sinn hvorn fulltrúann til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um mat á eiginfjárstöðu samkvæmt samningi þessum, sbr. 8. og 9. gr. og hafa þeir aðgang að bókhaldsgögnum félaganna og öðru því sem máli skiptir við matið. Nái þeir ekki samkomulagi um niðurstöður er samkomulag um að leita til stjórnar Félags löggiltra endurskoðenda um tilnefningu hlutlauss oddamanns.

20. gr.

Aðilar eru sammála um að hafa fullt samráð um frásögn af því sem samkomulag þetta felur í sér, gagnvart starfsmönnum, umboðsmönnum, viðskiptamönnum og fjölmiðlum.

21. gr.

Hið nýja félag skal bera allan kostnað sem fellur til vegna stofnunarinnar og sameiningar stofnenda.

Fylgiskjal IV – Samþykktir Eignarhaldsfélags Samvinnuþrygginga 1994

1. gr.

Nafn félagsins er „Eignarhaldsfélagið Samvinnuþryggingar“. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga er að eiga aðild að vátryggingarstarfsemi, hvers konar og skyldum atvinnurekstri, að stunda lánastarfsemi og rekstur fasteigna. Félagið er eignarhaldsfélag og vinnur að markmiðum sínum með eignaraðild að vátryggingarfélögum.

3. gr.

Eigendur félagsins eru:

- d. Tryggingartakar Samvinnuþrygginga g.t. starfsárin 1987 og 1988 (tvö síðustu starfsár félagsins áður en meginhluti starfseminnar var fluttur til VÍS) í öllum öðrum tryggingargreinum en lögboðnum brunatryggingum húsa.
- e. Tryggingartakar Samvinnuþrygginga g.t. árin 1992 og 1993 í lögboðnum brunatryggingum húsa og
- f. Samvinnuþryggingasjóðurinn sbr. III kafla samþykka félagsins.

Við útreikning á skiptingu metinnar eignar samkvæmt liðum a og b hér að framan skal framreikna iðgjaldamagn árána 1987 og 1988 með byggingarvísitölu til samræmingar iðgjaldamagni vegna brunatryggingar húsa 1992 og 1993.

Ábyrgð eigenda félagsins takmarkast við hin skilyrtu eignarréttindi þeirra í því.

Skipting eigin fjár milli ofangreindra eigenda Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga er þann 1. janúar 1994 sem hér segir:

3. Tryggingartakar Samvinnuþrygginga g.t. sbr. a og b lið hér að framan	Kr. 216.237.551
4. Samvinnuþryggingasjóðurinn sbr. III kafla samþykka þessara	Kr. 100.000
Samtals	Kr. 216.337.551

Eignarhluti eigenda skv. 1. og 2. tölulið hér að framan breytist samkvæmt ákvæðum 21. gr. samþykka þessara. Eigendahópar félagsins skulu vera jafnsettir við útreikning arðs og framreikning eigin fjár.

4. gr.

Í varasjóð skal leggja árlega 10% af hagnaði þar til varasjóðurinn hefur náð að verða 25% af eigin fé félagsins.

Stofnsjóður var stofnaður samkvæmt ákvörðun aðalfundar Samvinnuþrygginga g.t. árið 1953. Stofnsjóður Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga þann 1. janúar 1994 er séreign þeirra tryggingartaka sem áttu eignarréttindi í stofnsjóði Samvinnuþrygginga g.t. þann 31. desember 1993. Um stofnsjóð gildir reglugerð sem aðalfundur félagsins setur. Reglugerð um stofnsjóð Samvinnuþrygginga g.t. frá 25. maí 1973 skal vera í gildi fyrir stofnsjóð Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga frá 1. janúar 1994 þar til annað verður ákveðið af fulltrúaráði félagsins.

Verði halli af rekstri félagsins skal hann bættur úr varasjóði. Hrökkvi sá sjóður ekki til, skal hallinn bættur af eigin fé félagsins sem tilgreint er í 1. og síðan 2. tölulið 3. gr. samþykktanna. Hrökkvi það ekki til skal halli jafnaður af stofnsjóði.

Verði hagnaður af rekstri félagsins er stjórn þess heimilt að greiða eigendum eigin fjár félagsins arð. Skal leggja reiknaðan arð af eigin fé skv. 1. tölulið 3. greinar samþykktanna inn á viðkomandi eiginfjárreikning.

Eiginfjárreikningar skulu árlega framreiknaðir í samræmi við verðlagsbreytingar og góða reikningsskilavenju. Hækkun vegna framreiknings skal þó eigi nema hærri heildarfjárhæð en því sem er til ráðstöfunar á endurmatsreikningi á hverjum tíma.

5. gr.

Stofnaður er sjóður, er heitir Samvinnuþryggingarsjóðurinn

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu tryggingarstarfsemi hvers konar á Íslandi og er sjóðnum ætlað að ná þeim tilgangi sínum með beinni eða óbeinni eignaraðild að starfandi váttryggingarfélögum. Enn fremur er sjóðnum heimilt að annast fræðslu um váttryggingarstarfsemi og vinna að þjálfun og menntun á þessu sviði eða styrkja slíka starfsemi.

6. gr.

Til sjóðsins [Samvinnuþryggingarsjóðurinn] falla þau eignarréttindi tryggingartaka í Samvinnuþryggingum g.t., sem um getur í 3. grein, undir liðum a og b, samþykktu þessara eftir reglu 21. greinar samþykktanna. Er hér um að ræða þau metnu eignarréttindi tryggingartaka hjá Samvinnuþryggingum g.t., þegar félagið hætti meginhluta af tryggingarstarfsemi sinni (31. des. 1988) og þegar lögboðnar brunatryggingar húsa færast til Váttryggingafélags Íslands hf. (við árslok 1993), og sem verða óvirk tveimur árum eftir andlát tryggingartaka (einstaklinga) eða tveimur árum eftir að tryggingartaki, sem ekki er einstaklingur, hættir starfsemi eða hann hættir tryggingatöku hjá Samvinnuþryggingum (31. des. 1993) eða Váttryggingafélagi Íslands hf. (eftir 1. janúar 1994). Þá fellur til sjóðsins í upphafi, endurmetið stofnfé Samvinnuþrygginga g.t. sem tilkomið er við millifærslu af höfuðstól þess.

7. gr.

Samvinnuþryggingarsjóðurinn skal vera í vörslu Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga, en aðalfundur félagsins ákveður ráðstöfun úr sjóðnum.

8. gr.

Ákveði aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga að leysa félagið upp, og nýtt félag tekur ekki við hlutverki Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga, skal aðalfundur félagsins ákveða ráðstöfun Samvinnuþryggingasjóðsins í samræmi við tilgang hans.

9. gr.

Í fulltrúaráði félagsins skulu vera 12 menn og 6 til vara og skal að minnsta kosti helmingur þeirra vera tryggingatakar hjá VÍS hf. eða vera fyrrverandi tryggingatakar hjá Samvinnuþryggingum g.t. Fulltrúar skulu kosnir til tveggja ára í senn, fara 6 fulltrúar frá annað árið og 6 fulltrúar hitt árið. Hið sama skal gilda um varamenn, 3 fara frá annað árið og 3 hitt árið. Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga kýs fulltrúa í fulltrúaráðið og skal að minnsta kosti einn fulltrúi vera frá sérhverju kjördæmi landsins.

Verði fulltrúar í fulltrúaráð af einhverjum ástæðum ekki kosnir samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skal síðast kosið fulltrúaráð starfa áfram þar til nýir fulltrúar hafa verið kosnir. Stjórn félagsins og fulltrúaráð skal þó, innan þriggja ára frá því síðast fór fram kosning samkvæmt ákvæðum 1. mgr., beita sér fyrir breytingum á ákvæðum samþykktu þessara að því er kosningu fulltrúaráðs varðar.

Fulltrúaráðið heldur fund einu sinni á ári og er hann jafnframt aðalfundur félagsins. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess. Aukafundi heldur fulltrúaráðið, þegar stjórn félagsins telur þess þurfa eða meiri hluti fulltrúa æskir þess.

13. gr.

Við kosningu og afgreiðslu mála á fundum hefur hver fulltrúi eitt atkvæði. [...] Fulltrúaráðsfundur er því aðeins löglegur að meirihluti fulltrúaráðsmanna mæti.

14. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum kosnum á aðalfundi: Formanni sem skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn og fjögurra meðstjórnenda, sem einnig skulu kosnir til tveggja ára í senn. Skulu tveir meðstjórnenda ganga úr stjórninni hverju sinni. Stjórnin kýs sér varaformann úr hópi meðstjórnenda til eins árs í senn. Að minnsta kosti helmingur stjórnarmanna skal vera tryggingartakar hjá VÍS hf. eða vera fyrrverandi tryggingartakar hjá Samvinnuþryggingum g.t.

16. gr.

Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og að minnsta kosti tveimur meðstjórnendum.

20. gr.

Verði ákveðið að slíta félaginu, skal fyrst inna af hendi allar skuldbindingar þess, þ.á.m. stofnsjóð, eða setja tryggingar fyrir greiðslu þeirra. Þá skal greiða þeim tryggingartökum Samvinnuþrygginga g.t., sem eiga enn réttindi hjá félaginu á grundvelli metinna eignarréttinda sinna í Samvinnuþryggingum g.t. í árslok 1988 og í árslok 1993, sbr. 3. grein samþykktanna. Skal framreikna allt eigið fé með sama hætti, sbr. 4. grein.

Ákvæði 1. málsgreinar á ekki við, verði gerð breyting á rekstrar- eða félagiformi Eignarhaldsfélagsins Samvinnuþrygginga. Þá skal Samvinnuþryggingasjóðurinn flytjast til hins nýja félags með þeim reglum, sem um hann gilda í samþykktum þessum.

21. gr.

Í samræmi við ákvæði í eldri samþykktum Samvinnuþrygginga g.t. um eignarréttindi tryggingartaka, sem aðeins hefðu orðið virk við slit félagsins, skulu metin eignarréttindi þegar félagið lét af meginhluta tryggingastarfsemi í árslok 1988 og þegar félagið hætti lögboðnum brunatryggingum húsa í árslok 1993 og falla undir liði a og b í 3. grein samþykpta þessara, falla niður tveim árum eftir dauða einstaklings eða tveimur árum eftir að tryggingartaka, sem ekki er einstaklingur, hættir starfsemi eða hann hættir tryggingatöku hjá Samvinnuþryggingum g.t. og Vátryggingafélagi Íslands hf. og falla þá eignarréttindi þeirra til Samvinnuþryggingasjóðsins.

22. gr.

Breyta má ákvæðum samþykpta þessara á aðalfundum og öðrum lögmætum fundi fulltrúaráðsins. [...]. Til þess að breytingar á samþykktum þessum nái fram að ganga þarf minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða mættra fulltrúa á fundi.

23. gr.

Um þau atriði sem ekki eru ákvæði í samþykktum þessum fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, eftir því sem við á.

